28

Pólsk jól
POLSKIE BOŻE NARODZENIE



50 – 51

Erfitt að standa undir því að vera kallaður dýraníðingur

52–55

Veðja á Nígeríu



Bændablaðið

24. tölublað 2021 • Fimmtudagur 16. desember • Blað nr. 601 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Alifuglakjötið hefur verið mest selda kjötafurðin á Íslandi frá árinu 2007

– Kindakjötið enn í öðru sæti og með söluaukningu á 12 mánaða tímabili, en svínakjötið er þar skammt á eftir

Alifuglakjöt er greinilega búið að festa sig í sessi sem langvinsælasta kjötafurðin á Íslandi samkvæmt tölum mælaborðs landbúnaðarins. Af því voru seld rétt tæp 9.000 tonn á tólf mánaða tímabili.

Þegar litið er yfir sölutölur á kjöti frá afurðastöðvum er ljóst að alifuglakjöt er mest selda kjötafurðin á Íslandi með 8.993.119 kg (rétt tæpum 9 þúsund tonnum) á tólf mánaða tímabili frá októberlokum 2020 til októberloka 2021.

Alifuglakjötssalan 27,3% meiri en kindakjötssalan

Þrátt fyrir 1,3% samdrátt í sölu er alifuglakjötið með yfirburði yfir söluna á kindakjötinu sem nam á sama tíma 6.537.965 kg. Samt var 4,5% aukning í sölu á kindakjöti á milli ára. Var kindakjötssalan því rúmlega 2.455 tonnum minni en salan á alifuglakjötinu, eða sem nemur um 27,3%.

Afurðasala á Íslandi 2021* *- Sala frá afurðastöðvum í kílógrömmum (kg.)*

Röð	Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
1	Alifuglakjöt	751.933	2.318.203	8.993.119	-3,5%	-0,8%	-1,3%
2	Kindakjöt	1.151.062	2.325.808	6.537.965	18,4%	23,5%	4,5%
3	Svínakjöt	521.692	1.652.122	6.474.243	-15,8%	-4,7%	-4,0%
4	Nautgripakjöt	398.160	1.224.537	4.858.998	4,1%	4,6%	5,0%
5	Hrossakjöt	54.196	140.557	621.353	-34,6%	-20,7%	-15,5%
	Samtals	**2.876.980**	**7.661.228**	**27.485.678**	**1,5%**	**5,0%**	**0,0%**

**12 mánaða sala miðast við frá lokum október 2020 til októberloka 2021*

Alifuglakjötið sigldi fram úr kindakjötinu árið 2007

Það var reyndar árið 2007 sem alifuglakjötið fór fram úr kindakjötsneyslunni. Þá var neyslan á kindakjöti 22,3 kg að meðaltali á mann en alifuglakjötið með 24 kg. Síðan 2007 hefur alifuglakjötið alltaf verið með meiri neyslu og fór mest í 28,2 kg á mann árið 2017, þegar kindakjötið var með 20,6 kg.

Á 12 mánaða tímabili frá októberlokum 2020 til októberloka 2021 var meðalneyslan á alifuglakjöti 24,5 kg á mann, en kindakjötið er komið niður í 17,2 kg. Eftir 2015 verður þó að hafa fyrirvara um mögulega skekkju í tölum um neyslu á mann vegna ferðamanna. Neyslutölur geta því verið ögn hærri en raunin er.

Svínakjötið er fast á eftir kindakjötinu í sölu með 6.474.243 kg. Hefði ekki komið til 4% samdráttar í sölu á svínakjöti hefði salan á því farið vel fram úr kindakjötssölunni.

Salan á nautakjöti jókst um 5%

Í fjórða sæti í kjötsölunni er nautgripakjöt. Af því voru seld frá afurðastöðvum 4.858.998 kg á tólf mánaða tímabili. Þar hefur orðið marktæk aukning í sölu, eða sem nemur 5%. Aukningin í sölu nautakjöts helst nokkuð vel í hendur við aukningu í framleiðslunni sem var líka 5% á milli ára. Þannig voru framleidd 4.874.635 kg af nautgripakjöti á tólf mánaða tímabili. Meðalneysla á mann á þessu tímabili var 13,1 kg.

Athygli vekur að þegar tölur Hagstofu Íslands um neyslu á mann frá 1983 til 2015 og framreikningur Bændablaðsins á þeim tölum til októberloka 2021 eru skoðaðar, kemur í ljós að mjög litlar sveiflur hafa orðið í neyslu á nautakjötinu allt frá árinu 1985. Hefur hún legið á bilinu 10,5 til 114,1 kg. Árið 2011 fór nautakjötsneyslan í fyrsta sinn yfir 13 kg á mann og hefur haldist yfir þeirri tölu síðan nema á árinu 2020 þegar hún fór niður í 12,5 kg á mann.

Þótt hrossakjöt hafi greinilega aldrei verið mjög ofarlega á vinsældalista íslenskra neytenda, þá seldust samt 621.353 kg (621 tonn) á tólf mánaða tímabili fram til októberloka. Meðalneysla á mann var þá 1,8 kg. Það vekur samt athygli að þar hefur orðið verulegur samdráttur í sölu, eða sem nemur 15,5%. Á tímabilinu frá ágústbyrjun til októberloka var samdrátturinn hlutfallslega enn meiri, eða 20,7%. */HKr.*

– Sjá nánar bls. 8

FRÉTTIR

Nýsköpun í íslenskum landbúnaði hleypt af stokkunum í Skeiða- og Gnúpverjaheppi:

Hreppamjólk opnar heimavinnslu á mjólk í Gunnbjarnarholti

– Ófitusprengd mjólk, bökuð hrein Hreppajógúrt og ýmsir mjólkurdrykkir með bragðefnum verða líka á boðstólum

Ábúendur á kúabúinu í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjaheppi hafa opnað mjólkurvinnslu á bænum. Þar munu þeir selja ófitusprengda kúamjólk beint frá býli á sjálfsafgreiðslustöð við kúabúið og í sjálfsafgreiðslustöðvum í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig verða í boði ýmsar mjólkurvörur eins og bökuð Hreppajógúrt.

„Hugmyndin kviknaði hjá pabba, Arnari Bjarna Eiríkssyni, fyrir 8 árum, sem fær endalausar hugmyndir en kemur þeim sem betur fer ekki öllum í verk. Ég gerði svo lokaverkefnið mitt árið 2020 sem bar heitið „Viðskiptaáætlun fyrir Fjölskyldubúið ehf.“ í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Þar kannaði ég hvort það væri vænlegur kostur að hefja sölu á mjólk í sjálfsafgreiðslustöðvum.“

Bökuð Hreppajógúrt, Hreppamjólk og fleiri mjólkurdrykkir

„Viðskiptaáætlunin kom jákvæð út þó útfærslan hafi tekið breytingum eftir að vinnan hófst. Við ætlum sem sagt að gerilsneyða og selja ófitusprengda kúamjólk í lausu máli beint frá býli, á sjálfsafgreiðslustöð við kúabúið og í sjálfsafgreiðslustöðvum í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu.



Margrét Hrund, framkvæmdastjóri Hreppamjólkur (t.h.), og Anna Kristín Lárusdóttir matvælafræðingur, staddar í nýju mjólkurvinnslunni í Gunnbjarnarholti.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Við hlið sjálfsalans verður sjálfsali með fjölnota glerflöskum. Þetta er í samræmi við umhverfisvæna aðferð en meðhöndlun á hefðbundinni mjólk. Að auki munum við framleiða fleiri mjólkurvörur, en þær vörur sem við byrjum með verða Bökuð hrein Hreppajógúrt og mjólkurdrykkir með bragðefnum,“ segir Margrét Hrund Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Hreppamjólkur.



Um 200 mjólkurkýr eru í fjósinu í Gunnbjarnarholti en mjólkin úr kúnum verður notuð í nýja verkefnið.



Margrét Hrund við sjálfsala eins og er í Krónunni í Lindum en þar verður hægt að fá ískalda mjólk í fjölnota glerflöskum frá og með föstudeginum 17. desember, beint frá Gunnbjarnarholti.

Vilja auka neyslu drykkjarmjólkur

Margrét segir að tilgangur verkefnisins sé að bjóða fólki upp á kúamjólk og aðrar mjólkurvörur, sem eru sem næst uppruna sínum, og til að auka neyslu mjólkur landsmanna. Samkvæmt skýrslu SAM hefur heildarsala á drykkjarmjólk dregist saman um 29% frá árinu 2010 og um 43% síðan árið 2000.

„Já, okkar helsta áhersla er því að með tíð og tíma náum við að auka drykkjarmjólkurneyslu landsmanna aftur. Með þessu færir Fjölskyldubúið ehf., vörur til neytenda, sem eru upprunamerktar og rekjanlegar beint í Gunnbjarnarholt, tenging milli dreifbýlis og þéttbýlis er áþreifanlegri og ætti vonandi að mynda jákvæða upplifun viðskiptavinar.“

Seld í endurnýtanlegum glerflöskum eða beint í eigin umbúðir neytenda

„Þar sem mjólkin er seld í sjálfsölum gerum við ráð fyrir því að fólk noti fjölnota umbúðir, kaupi sér annaðhvort mjólkurflösku í sjálfsalanum eða komi með ílát að heiman. Markmið okkar er að fyrir lok árs 2022 muni verða seldir að minnsta kosti 5 lítrar mjólkur á móti einni 1 lítra glerflösku. Með þessu náum við að vera umhverfisvæn og minnka kolefnisspor okkar framleiðslu, en það er það sem við teljum að markaðurinn kalli á. Við hvetjum því alla neytendur til þess að endurnýta flöskurnar undir mjólkina með því að koma með þær aftur og fylla á þær og jafnvel að endingu að nýta þær sem blómavasa,“ segir Margrét.

Byrja í Krónunni í Lindum

Upphaflega stóð til að vera með nýju starfsemina í söluskúr í um kílómetra fjarlægð frá Gunnbjarnarholti, en Covid-19 hefur haft í för með sér miklar seinkanir á búnaði og húsnæði. Hefur því verið ákveðið að byrja að selja vörurnar í Krónunni í Lindum í Reykjavík núna í desember en öll vinnslan fer fram í Gunnbjarnarholti.

„Við stefnum svo á að opna söluskúrinn, eða réttara sagt sjálfsafgreiðslustöð, hjá okkur næsta sumar. Þar er ætlunin að fólk geti gert sér dagamun og keypt sér mjólk og kökusneið. Við munum líka vera með hoppubelgi fyrir yngri kynslóðina og um leið getur eldri kynslóðin lesið sér til um búskaparhætti í Gunnbjarnarholti, almennan fróðleik um landbúnað og horft yfir bæjarhlaðið. Einnig höfum við áform um að opna hraðhleðslu fyrir rafbíla á svæðinu, sem hugsanlega yrði drifin af metangasi,“ segir Margrét.

Vonast eftir góðum viðtökum

Margrét segir að fjölskyldan í Gunnbjarnarholti vonist að sjálfsögðu eftir góðum viðtökum við nýjunginni en þau renni þó algjörlega blint í sjóinn með það.

„Til að byrja með verðum við með einn matvælafræðing í framleiðslunni, en hún heitir Anna Kristín Lárusdóttir. Ég er svo framkvæmdastjóri Hreppamjólkur og mun því stýra verkefninu áfram, en svo mun fjölskyldan hlaupa inn í þetta eins og þarf. Við þurfum svo bara að meta það hverju sinni hvort það sé þörf á auknu vinnuafli strax, en stefnan er auðvitað sett á stækkun næstu árin og því fylgir aukinn mannskapur,“ segir Margrét og bætir við:

„Við höfum fundið fyrir miklum velvilja við þetta verkefni okkar úr öllum áttum og gaman að geta þess að við fengum nýverið styrk úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka, sem óneitanlega var okkur mikils virði og staðfesti að okkar mati að við værum á réttri vegferð. Ég hvet svo lesendur til þess að fylgjast með okkur á Facebook, Instagram og á hreppamjolk.is en þar munu allar nýjustu upplýsingar vera.“

/MHH/HKr.



YARA


Knowledge grows

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn





Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000 | yara@yara.is | www.yara.is

FRÉTTIR

Stefnt að því að áburðarverksmiðja verði reist á Reyðarfirði

– Um umhverfisvæna framleiðslu verður að ræða í tengslum við verkefnið Orkugarður Austurlands

Stefnt er að því að umhverfisvæn áburðarverkmiðja verði reist á Reyðarfirði. Ef áætlanir ganga eftir gæti slík verksmiðja orðið að veruleika eftir fimm til sex ár.

Unnið er að hagkvæmnisathugun á því að slík verksmiðja verði reist í tengslum við verkefnið Orkugarður Austurlands.



Magnús Bjarnason.

Rafeldsneyti og ammoníak

Hugmyndin er að með vetnisframleiðslu í orkugarðinum verði hægt að búa til rafeldsneyti með rafgreiningu, til dæmis ammoníak – sem hægt verði að nýta til áburðarframleiðslunnar.

Magnús Bjarnason hjá MAR Advisor leiðir vinnuna við þróun á verkefninu í samvinnu við Landsvirkjun, Copenhagen Infrastructure Partners (CIP), Landsvirkjun og Fjarðabyggð.

Hann segir að unnið sé að því að kanna hagkvæmni þess að þróa slíkan orkugarð – og samhliða slíka áburðarverksmiðju.

Orkuskipti og áburðarframleiðsla

„Í Orkugarði Austurlands er hugmyndin að þróa leiðir sem gagnast við orkuskipti á Íslandi, sem meðal annars felur í sér að framleiða vetni með rafgreiningu og þannig búa til rafeldsneyti, til dæmis ammoníak sem einnig getur nýst í áburðarframleiðslu.

Ef vel tekst til með verkefnið er von okkar að hægt verði að skipta út jarðefnaeldsneyti og nota rafeldsneyti í þunga- og skipaflutninga sem og sjávarútveg.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að nota hliðarafurðir sem verða til við vetnisframleiðslu í aðra starfsemi.

Þannig verður til súrefni sem getur nýst í landeldi og varmi sem getur nýst í upphitun húsa.

Eins og hefur komið fram opinberlega þá hefur verið samið um samstarf við íslensk fyrirtæki um þróun hugmynda í Orkugarði Austurlands, eins og Atmonia, Laxa og Síldarvinnsluna," segir Magnús.

/smh

Nýr sérfræðingur í nautgriparækt

Guðrún Björg Egilsdóttir er nýr sérfræðingur á sviði búgreinadeildar Bændasamtaka Íslands þar sem hún mun sinna nautgriparæktinni. Tekur hún við af Margréti Gísladóttur sem mun láta af störfum eftir fimm ár hjá Landssambandi kúabænda og síðar Bændasamtökum Íslands.

Guðrún Björg lauk nýverið meistaranámi í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands en áður bakkalárgráðu í líffræði við Háskóla Íslands. Hún er fædd og uppalin á Daufá í Skagafirði en þar er stundaður kúabúskapur, þekkir hún því búgreinina vel.

„Ég hlakka til að starfa fyrir bændur og takast á við ný og spennandi verkefni fyrir íslenska kúabændur og vona að ég reynist þeim vel," segir Guðrún Björg.

„Um leið og stjórn kúabændadeildar BÍ býður Guðrúnu Björgu velkomna til starfa þökkum við



Guðrún Björg Egilsdóttir.

Margréti Gísladóttur fyrir vel unnin störf fyrir greinina undanfarin fimm ár og óskum henni velfarnaðar á nýjum vígstöðvum," segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður kúabænda.

Bændablaðið

Verðbreytingar um áramót

Verðskrá auglýsinga hækkar um áramót miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs og spár um þróun næsta árs.

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR




Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Áburðarframleiðsla Atmonia

– Tvenns konar tækjabúnaður er í ferli til framleiðslu á ammoníaki og nítrati

Eins og fram kemur hér að ofan, er verið að athuga hagkvæmni þess að reisa áburðarverksmiðju á Reyðarfirði. Gert er ráð fyrir rafgreiningu vatns og framleiðslu á vetnisgasi til framleiðslu á ammoníaki, sem síðan verði umbreytt yfir í nítratáburð, með nýjum tækjabúnaði nýsköpunarfyrirtækisins Atmonia.

Fyrirtækið hefur sótt um einkaleyfi fyrir tækjabúnaðinn sem það hefur þróað á undanförnum árum.



Egill Skúlason, prófessor í efnaverkfræði við Háskóla Íslands og stjórnarformaður Atmonia. Mynd / smh

Tvö tæki til áburðarframleiðslu

Segja má að Egill Skúlason, sem er prófessor í efnaverkfræði við Háskóla Íslands, sé hugmyndafræðingur Atmonia. Hann er stjórnarformaður og einn af stofnendum fyrirtækisins. „Ég kynnist Haber Bosch-ferlinu, sem notað er í dag til framleiðslu ammoníaks, árið 2004 – þegar ég var í meistaranámi mínu. Um tímamótatækni var að ræða á sínum tíma sem veitt voru Nóbelsverðlaun fyrir. Hins vegar hafa lengi verið hugmyndir um að breyta aðferðinni og hún löguð að umhverfisvænni áherslu – og það má segja að það hafi orðið viðfangsefni mitt meira og minna í gegnum allan minn námsferil," segir Egill.

Hann segir að reyndar sé fyrirtækið með tvö tæki í þróun, hitt tækið hefur tekið lengri þróunartíma en er hugsað til ammoníaks-áburðarframleiðslu í litlum verksmiðjum, eða jafnvel heima á bæjum ef það hentar.

Fyrstu niðurstöður hafa verið birtar

„Það tæki hefur tekið nokkuð lengri tíma í þróun en við gerðum okkur vonir um – erum búin að vera að gera tilraunir í mörg ár – en um er að ræða alveg gríðarlega flóknar og vandasamar tilraunir," segir Egill. „En það er gaman að segja frá því að við vorum einmitt að birta fyrstu niðurstöður okkar í ritrýndum tímaritum um þær og nú gerum við okkur vonir um að þetta tæki verði tilbúið á næstu árum. Við vildum ekki lenda í sömu gryfju og mjög margir sem hafa birt niðurstöður um þessi efni, en ekki er hægt að sannreyna því þær eru ekki fullkláraðar. Það má segja að það hafi orðið sprenging í virkni á þessu sviði vísinda frá árinu 2017, en við vorum farin af stað þó nokkru fyrir hana."

Egill útskýrir muninn á tækjunum tveimur þannig, að það sem er komið styttra á veg gengur út á milliliðalausa framleiðslu á ammoníaki, án þess að vetnisgas verði til. Hitt ferlið tekur við ammóníaki sem hráefni og umbreytir því í nítrat. „Framleiðsluferli nítrats er vel þekkt og víða notað, en um gríðarlega mengandi ferli er að ræða sem við verðum laus við," segir Egill.

Vandasamt að finna rétta hvatann

Egill segir að þau séu langt komin í þróun á ammoníakstækninni, en kjarninn í því er hvatinn, sem sé vandasamasti hlutinn í þróunarferlinu. Hann umbreyti efniviðnum, andrúmslofti og vatni, yfir í ammoníak – með rafgreiningu. Sérstaðan í þessum verkefnum báðum felist einnig í því að orkan sem notuð er í framleiðsluferlinu sé einmitt íslensk umhverfisvæn raforka, þó annars staðar í heiminum sé vissulega hægt að tengja við rafmagn sem fengið er til dæmis með vind- eða sólarorku.



Jarðarber úr tilraunaræktun Atmonia í húsakynnum Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti, þar sem nítratáburður er notaður úr tækjabúnaðinum.

„Við prófuðum ýmsa efnahvata með skammtafræðilegum tölvureikningum fyrst, áður en við fórum með tilraunirnar inn á tilraunastofur – og mjög margar áhugaverðar niðurstöður hafa fengist að undanförnu. Við reiknum með að þessi tækjabúnaður verði á stærð við skipagám og meðfærilegur eftir því.Þannig gætu bændur sameinast um að nota hann eða að einingum væri safnað saman sem litlar verksmiðjur yrðu reistar úr. Við gerum ráð fyrir því að þetta verði ammoníaksáburður sem er uppleystur í vatni og þannig dreift á ræktarlöndin með úðunarkerfi," segir Egill.

Nokkrar mismunandi áburðartegundir

Hitt tækið er komið mun lengra í þróunarferlinu, að sögn Egils. Ætlunin er, sem fyrr segir, að það verði notað við uppsetningu á áburðarframleiðslu á Reyðarfirði í tengslum við samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Fjarðabyggðar og danska fyrirtækisins Copenhagen Infrastructure Partners (CIP) um grænan orkugarð. „Á Reyðarfirði verður þannig hægt að framleiða nokkrar mismunandi áburðartegundir; ammoníak, nítrat og ýmsar ammoníum-nítrat blöndur."

Við erum komin með afskaplega góð viðskiptasambönd núna úti um allan heim þannig að það eru mjög spennandi tímar fram undan hjá okkur," segir Egill, spurður um hvort ekki sé eftirvænting í Atmonia-hópnum að sjá fram á að geta gert þessa tækni að raunverulegri markaðsvöru.

Hann bætir við að tækið verði einnig notað í samstarfsverkefni sem Matís hefur haldið utan um og miðar að því að kortleggja allt lífrænt hráefni á Íslandi til sjálfbærrar áburðarframleiðslu. */smh*



NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjötið sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – **Sími smáauglýsinga: 563 0300** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621 – **Forsíðumynd:** Þorsteinn Davíðsson

SKOÐUN

Að tryggja afkomu

Nú er senn að baki annað árið í sérkennilegu ástandi vegna heimsfaraldurs af völdum Covid-19. Hugsanlega er langt í að jarðarbúar upplifi það sem kalla mætti „eðlilegt“ ástand að nýju og jafnvel að breyttur veruleiki vegna veirusjúkdóma sé hið nýja eðlilega ástand.

Þrátt fyrir allt þá hefur mannskepnan alltaf reynt að aðlagast breyttum aðstæðum og vel flestir Íslendingar í dag þurfa svo sem ekkert að vera að væla og hafa það bara ágætt. Alltaf eru samt einhverjir sem hafa ekki tök á að krafla sig upp í samfélaginu af eigin rammleik og lifa við sárafátækt, vegna ýmiss konar veikinda og fötlunar. Það er til hreinnar skammar hvernig komið er fram við það fólk af hálfu okkar sameiginlega ríkiskerfis. Þar er það engin kórónaveira sem hægt er að fela sig á bak við sem stýrir þeim gjörningum, heldur lifandi fólk, sem er okkar fulltrúar á Alþingi.

Ekki má heldur gleyma öldruðum, sem töldu sig vera að búa í haginn til efri áranna með stofnun lífeyrissjóða í lok sjöunda áratugar síðustu aldar. Þá var skýrt tekið fram að þeir áttu að vera uppbót á lágmarksgreiðslur almannatrygginga, en ekki að koma í stað þeirra.

Hvern hefði þá grunað að fulltrúar almennings á hinu háa Alþingi myndu smám saman reyna að koma því þannig fyrir að sjóðirnir yrðu fyrst og fremst nýttir í þágu ofurríkra fjármálamanna til að leika sér með og sem fastur hluti af lífeyrisgreiðslukerfi ríkisins? Það er því ekkert skrítið að margir lífeyrisgreiðendur upplifi þetta sem hreinan þjófnað á því lífeyristryggingafé sem þeir hafa lagt til hliðar með skylduaðild á langri starfsævi. Í ljósi botnlausra skerðinga í kerfinu er þetta ekki bara huglæg upplifun, heldur sorgleg staðreynd.

Af hverju í fjáranum ætti fólk svo að vera tilbúið að leggja um og yfir 15% af sínum launatekjum í slíka fjárglæfraspilamennsku?

Tilgangurinn með stofnun lífeyrissjóðanna kemur skýrt fram í söguágripi Alþýðusambands Íslands, en þar segir m.a.:

„Einn af mikilvægustu áföngunum í baráttu íslenskrar verkalýðshreyfingar er kjarasamningur ASÍ og VSÍ frá 1969 um stofnun almennra lífeyrissjóða fyrir alla launamenn. Samningurinn skyldar launagreiðanda til þess að taka þátt í að greiða í lífeyrissjóð fyrir starfsmenn sína og tryggja þeim þannig lífeyrisréttindi við starfslok vegna aldurs eða örorku og sömuleiðis eftirlifandi maka og börnum lífeyri við andlát.“

Lög um skylduaðild allra launamanna að lífeyrissjóðum voru síðan sett árið 1974, og tóku líka til þeirra sem voru utan verkalýðsfélaga. Síðan segir í ágripi ASÍ:

„Með kjarasamningi milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnurekenda frá 19. maí 1969 var gert samkomulag um að frá 1. janúar 1970 skyldu starfræktir söfnunarlífeyrissjóðir á félagslegum grunni samtryggingar **og var þeim ætlað að vera viðbót við almannatryggingarkerfið og standa undir verulega bættum kjörum lífeyrisþega sem mikil þörf var á**.

Til að tryggja öllum launamönnum lágmarksrétt var kveðið á um skylduaðild allra félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem að lífeyrissjóðnum standa og skyldu sjóðirnir veita öllum sjóðfélögum sama rétt fyrir sömu iðgjöld án tillits til aldurs við iðgjaldagreiðslu, kynferðis eða starfs.“

Við verðum þó að vona að hætt verði að ganga á rétt fólks hvað afkomutryggingar áhrærir. Með þá von í brjósti vil ég þakka öllum lesendum Bændablaðsins ánægjulega samfylgd á árinu sem er að líða.

Bestu óskir um gleðileg jól og megi gæfan vera með ykkur á nýju ári.

– Hörður Kristjánsson

Nýjar áskoranir á nýju ári

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is





Ágæti lesandi, nú líður að áramótum og er vert að fara yfir liðið ár og hvar við erum stödd á vegferð nýrra Bændasamtaka Íslands. Í byrjun þessa árs fór Sigurður Eyþórsson til nýrra starfa hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Þá hófst leit að nýjum framkvæmdastjóra fyrir samtökin en samið var við Oddnýju Steinu Valsdóttur um að sinna starfinu þar til nýr starfsmaður tæki til starfa. Eftir nokkur viðtöl við einstaklinga var niðurstaðan sú að ráða Vigdísi Häsler Stefánsdóttur til starfans og tók hún við stöðu framkvæmdastjóra í febrúar á þessu ári.

Fyrsta verkefni stjórnar var að formgera sameiningu búgreinafélaganna í Bændasamtökin þar sem fyrir lá að afgreiða þyrfti málið á Búnaðarþingi í mars. Það er skemmst frá því að segja að á því Búnaðarþingi var tillagan samþykkt að öll félögin myndu sameinast Bændasamtökunum með fyrirvara um samþykkt aðalfunda viðkomandi búgreina. Á aukabúnaðarþingi þann 10. júní var síðan endanlega staðfest sameiningin, að undanskildu Félagi hrossabænda sem frestaði til hausts og hafa staðfest aðkomu sína að Bí og svo Æðarræktarfélag Íslands en þeirra aðalfundi hefur verið frestað og ekki komið ný dagsetning þar sem Covid-19 hefur sett strik í reikninginn.

Ég vil þakka öllum þeim sem komu að þessu mikla og mikilvæga verkefni fyrir einhug og samstarf í að láta þetta raungerast og ekki síður bændum fyrir samstöðuna í þessu mikilvæga hagsmunamáli bænda til framtíðar. Verkefni næstu mánaða og missera er að fínpússa sameininguna þannig að sameinuð samtök vinni betur að hag allra bænda.

Heimsfaraldur hefur haft ýmis áhrif

Verulegur tími hefur farið í að fá skráningar bænda inn í Bændatorgið þannig að allir félagsmenn aðildarfélaganna skili sér inn í sameinuð samtök. Fundarherferð var farin í október þar sem við kynntum áherslur okkar til framtíðar en því miður urðum við að fresta hluta fundanna vegna veðurs og svo Covid. Það er von okkar að halda fundarherferð áfram á nýju ári þegar vonandi Covid linnir.

Unnið er að stefnumótun fyrir Bændasamtök Íslands sem lögð verður fyrir búgreinaþing sem fyrirhugað er að verði haldið 3. og 4. mars næstkomandi. Mikilvægt er fyrir stjórn að hafa stefnu Bændasamtakanna til framtíðar sem leiðarljós, en fyrirhugað er að halda Búnaðarþing þann 30. mars til 1. apríl 2022.

Stjórn hefur hist reglulega á þessu ári og eru stjórnarfundir orðnir 26 en við reynum að halda fundi á 14 daga fresti þar sem mjög mörg mál þurfa úrlausnar með skjótum hætti. Ég vil þakka stjórninni fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og ekki síður samstöðuna þar sem hingað til hefur ekki þurft að koma til atkvæðagreiðslu um mál heldur höfum við náð að tala einum rómi fyrir bændur á Íslandi í heild sinni.

Viðræður um sölu á Hótel Sögu

Ekki er hægt að rita létt yfirlit yfir starfsemina án þess að minnast á Hótel Sögu. Þegar þetta er ritað eru viðræður í gangi við fjármálaráðuneytið um hugsanleg kaup á húsinu fyrir Háskóla Íslands. Ýmis tæknileg atriði þarfnast úrlausnar áður en skrifað verður undir kaupsamning en viðræður eru í gangi og er það von mín að þeim ljúki fyrir jól. En verulegur tími hefur farið í viðræður við ýmsa áhugasama fjárfesta um kaup og leigu, þetta hefur tekið talsverðan tíma af öðrum störfum en við höfum haft til ráðgjafar Sigurð Kára Kristjánsson í þessu verkefni og færi ég honum bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf fyrir okkar hönd í þessu máli.

Ég vil að lokum þakka öllu starfsfólki Bændasamtakanna fyrir frábært samtarf á árinu sem er að líða og óska öllum, ekki síður lesendum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og hlakka til að takast á við nýjar áskoranir á nýju ári.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Horft af Steingrímsfjarðarheiði inn yfir Þorskafjarðarheiði í desembersól. Upp úr botni Þorskafjarðar liggur þjóðvegur um Þorskafjarðarheiði og lá niður í Langadal við Ísafjarðardjúp líklega um 25 km vegalengd. Var hann lagður á árunum 1940-1946 og þjónaði sem aðalleiðin á milli Reykjavíkur og Djúps fram til 1987, þegar vegur um Steingrímsfjarðarheiði var opnaður. Heiðin er allt að 490 metra há og talsvert ekin á sumrin, er nú með tengingu inn á Steingrímsheiði, en lokast strax og fer að snjóa. Vegna þessara erfiðu vetrarsamgangna var farið að huga að öðrum kostum. Tvær leiðir voru skoðaðar, önnur úr Ísafirði við Laugaból og yfir Kollafjarðarheiði og niður í Kollafjörð (þjóðvegur 66) sem er 21 km og liggur á stuttum kafla upp í 460 metra hæð. Hin leiðin var að fara yfir Steingrímsfjarðarheiði (mest í 439 metra hæð) og niður í Steingrímsfjörð skammt norðan við Hólmavík. Skiptar skoðanir voru um hvora leiðina ætti að fara, en tekin var um það pólitísk ákvörðun að ráðast í vegagerð yfir Steingrímsfjarðarheiði. Var sá vegur opnaður árið 1984. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Íbúar í Brúnahlíðarhverfinu í Eyjafjarðarsveit kampakátir með umhverfisverðlaunin. Myndir / Eyjafjarðarsveit

Umhverfisverðlaun Eyjafjarðarsveitar 2021:

Íbúar í Brúnahlíðarhverfi og á Sandhólum hrepptu hnossið

Íbúar í Brúnahlíðarhverfinu í Eyjafjarðarsveit og ábúendur á Sandhólum hlutu umhverfisverðlaun Eyjafjarðarsveitar fyrir árið 2021, en verðlaunin eru afhent annað hvert ár fyrir annars vegar íbúðarhús og nærumhverfi og fyrirtæki í rekstri. „Öll berum við ábyrgð á ásýnd sveitarinnar og góðar fyrirmyndir skipta máli," segir á vef Eyjafjarðarsveitar þar sem getið er um verðlaunin.

Brúnahlíðarhverfið samanstendur af 12 húsum við tvær götur. Það einkennist af fallegum og vel hirtum görðum með grjóthleðslum og fjölbreyttum gróðri. Almenn umgengni er frábær, heildarsvipur fallegur og fær hverfið verðlaun sem ein heild.

Sandhólar er kúabú rekið af Elísabetu Wendel og Jóhannesi Sigtryggssyni. Húsakosti á ýmsum aldri er vel við haldið. Gömul tæki eru gerð upp og höfð sýnileg segir í umsögn og að falleg ásýnd sé að bænum þar sem tækjum er snyrtilega raðað upp. */MÞÞ*



Elísabet Wendel og Jóhannes Sigtryggsson á Sandhólum fengu umhverfisverðlaun fyrir árið 2021 en þau reka kúabú og þykir ásýnd heim að bæ þeirra falleg.

Riða í sauðfé:

Enn leitað að verndandi arfgerðum

– Yfir 2.400 sýni úr lifandi kindum þegar í vinnslu

Fjölþjóðlegt riðurannsóknarverkefni stendur nú yfir á Íslandi síðan í vor, í samstarfi íslenskra bænda og fjölþjóðlegra vísindamanna – eins og greint hefur verið áður frá í blaðinu. Markmið þess er að reyna að finna tilteknar verndandi arfgerðir í sauðfé sem hægt væri að nota til að rækta upp ónæmt sauðfé gagnvart riðu.

Strax í upphafi verkefnisins fundust tvær kindur með svokallaðan breytileika T137 sem hefur reynst sterkt verndandi á Ítalíu – þetta gaf góð fyrirheit um framhaldið. Síðan hefur þessi breytileiki ekki fundist en ýmsar aðrar áhugaverðar niðurstöður hafa fengist í verkefninu, meðal annars 11 kindur með arfgerðina C151 sem vísbendingar eru um að hafi verndandi áhrif.

Karólína Elísabetardóttir, sauðfjárbóndi í Hvammshlíð í Skagabyggð, hefur haldið utan um verkefnið í samstarfi við vísindamenn úr fimm Evrópulöndum með aðkomu Stefaníu Þorgeirsdóttur, riðusérfræðings á Keldum, og Eyþórs Einarssonar, ráðunautar frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Hún segir að enn hafi ekki fundist fleiri sýni með þessum breytileika, en sýnatakan og raðgreiningin úr lifandi kindum um landið allt hafi gengið vonum framar. „Meira að segja hafa nokkrir



Ærnar Trú og Tryggð (arfgerð T137) frá Sveinsstöðum með Karólínu Elísabetardóttur. Mynd / Inga Sóley Jónsdóttir

bændur látið raðgreina kindur á eigin kostnað og samþykkt notkun niðurstaðna. Á þennan hátt hefur verið hægt að senda fleiri en 2.400 sýni í raðgreiningu til þessa og niðurstöður liggja þegar fyrir úr fleiri en 1.800 lifandi kindum."

Kindum með arfgerðina fækkaði með niðurskurði

Það sem kom mest á óvart, að sögn Karólínu, er að breytileikunum í príonpróteininu (sem segir til um næmi kinda fyrir smiti) er hægt að skipta í tvo flokka. Annars vegar eru til þeir sem finnast auðveldlega í venjulegum stikkprufum (á milli 10 og 30 úr hverri hjörð), og þeir sem eru með upprunalega ástand príonpróteinsins (arfgerðin ARQ án breytileika) sem er til staðar í 70 til 90 prósenta tilvika þessa flokks. Í hinum flokknum eru þeir breytileikar sem eru svo sjaldgæfir að mjög tilviljunarkennt er að finna þá, eins og T137, C151 og R231R+L237L, sem er tvöfaldur breytileiki sem hefur ekki verið rannsakaður til þessa.

„Einnig er ljóst að bæði hjarðir og svæði, ekki síst líflambasölusvæði, geta verið mjög ólík varðandi hlutföll breytileikanna. Á Ströndum til dæmis, þar sem næstum allt fé er kollótt, hafa fundist allir breytileikar nema T137, á meðan norðausturhornið – þar sem fé er svo til allt hyrnt – virðist eingöngu búa yfir algengustu breytileikunum. Einnig kom í ljós að með niðurskurði riðuhjarða hurfu greinilega hjarðir sem höfðu breytileikann T137. Í kringum 1999 fannst hann í 2,8 prósent kindanna á riðusvæðum, en meðal þessara 1.841 lífandi kinda sem er búið að raðgreina í ár eru bara tvær með T137," segir Karólína. */smh*

– Meira um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar á blaðsíðu 66.

MÆLT AF MUNNI FRAM 288

Ingólfur Ómar Ármannsson gaukaði þessari kuldalegu stöku að þættinum:

Fýkur snær um freðinn völl,
fönn er drjúg í giljum,
fljót og lónin eru öll
undir klakaþiljum.

Mun léttara er yfir ljóðabréfi sem þættinum barst frá **Davíð Hjálmari Haraldssyni.** Langt er síðan sá öðlingur átti hér afurð í þættinum. Fréttir genginna daga féllu í næstu fjórar línur:

Fyrrum bjó hér frumstæð þjóð,
full með tros og lýsi.
Núna mjatlar merablóð
mjúkhent fólk í grísi.

Það líður að jólum og **Davíð Hjálmar** er kominn í jólaskap:

Úti er rökkur, fönn og fár.
Fokið er lauf af reyni.
Stritar gegn vindi mógrár már.
Marfló dylst undir steini.

Kúra í húsum kýr og fé,
köttur og spikfeit gylta.
Jarpur vill ekkert jólatré
en jötu af höfrum fyllta.

Brasa menn steik og besta ost
og baka sinn rass við stóna,
framleiða öl og fínan kost
og fara í spariskóna.

Gangið til kirkju! Gólið Heims um ból
með gleði í hjarta- bráðum koma jól!

En víkjum nú að öðru og eldra efni. **Kristján frá Djúpalæk** orti erfiljóð um látinn þjóðkunnan blaðamann. Ljóðið birtist í Verkamanninum, blaði sem **Heiðrekur Guðmundsson** frá Sandi léði oft ljóð til birtingar. Að loknum lestri ljóðs **Kristjáns** vinar síns, orti **Heiðrekur**:

Lítið missti þessi þjóð,
það er fennt í gengna slóð.
Kristján orti erfiljóð,
ekki man ég, hvað þar stóð.

Á uppvaxtarárum sínum mætti **Heiðrekur** ýmsu mótlæti, en með aldri þroskaðist hann til þess að verða eitt virtasta skáld sinnar tíðar. Þessi vísa **Heiðreks** ber með sér nokkra beiskju:

Það er kalt í þessum heimi,
þar er valtur sess.
Lífið allt er öfugstreymi,
ungur galt ég þess.

Góðvinur hans, **Kristján frá Djúpalæk**, orti honum til baka:

Þó að andi Kári kalt,
krýni landið fönnum,
þér mun standa þúsundfalt
þyngri vandi af mönnum.

Heiðrekur rak lengi verslun á Akureyrarárum sínum. Um viðsjár í verslunarrekstri sínum orti hann:

Skuldir mínar aukast enn,
af því bölið stafar.
Fjöldi víxla, en fáir menn
fylgja mér til grafar.

Sigurður á Fitjum, síðar búandi á Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi, orti um önugar aðstæður sínar á Fitjum:

Hér á Fitjum margir mér
miðla þungum orðum.
Þá er hátíð þegar er
þögn og fýla á borðum.

Þó manna flestra missi sýn
meira en hálfan daginn,
hundurinn kemur helst til mín,
honum er tryggðin lagin.

Lesendum óska ég gleðiríkrar hátíðar með þökk fyrir árið sem er að líða.
Árni Geirhjörtur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Íslenskir bændur framleiða um 31 þúsund tonn af kjöti á ári:

Enn er kindakjötið í efsta sæti í kjötframleiðslu landsmanna

– Alifuglakjötið er samt söluhæst og saxar hægt og bítandi á framleiðsluforskotið og svínakjötið er í þriðja sæti

Samkvæmt tölum í mælaborði landbúnaðarins er kindakjöt enn í efsta sæti yfir kjötframleiðslu landsmanna og stendur nánast í stað á milli ára. Framleiðsla á alifuglakjöti er þó alveg að ná kindakjötsframleiðslunni og munar þar einungis 222,2 tonnum.

Heildar kjötframleiðsla íslenskra bænda nam 30.775.061 kg (nær 31 þúsund tonnum) á tólf mánaða tímabili frá októberlokum 2020 til októberloka 2021. Nær helmingurinn, eða 14.664.669 kg, var framleiddur á þriggja mánaða tímabili, eða frá ágústbyrjun til októberloka.

Þegar framleiðslutölur eru skoðaðar í samanburði við sölutölur frá afurðastöðvum og neyslutölum á íbúa allt frá árinu 1983, sést að um byltingu í neysluháttum á kjöti hefur verið að ræða á þessum tíma. Kindakjötið var afgerandi vinsælasta kjötvaran allt til ársins 2007 þegar alifuglakjötið náði yfirhöndinni.

Nær 9.400 tonn af kindakjöti og um 9.200 tonn af alifuglakjöti

Nú er sauðfjárslátrun lokið og nam framleiðslan á kindakjöti síðustu 12 mánuði, eða til októberloka, samtals 9.373.354 kg, sem er 0,6% samdráttur á milli ára. Framleiðslan á alifuglakjötinu hefur nánast staðið í stað á milli ára eins og kindakjötsframleiðslan og var 9.150.917 kg og er þar framleiðsluaukning upp á 0,1%. Þetta þýðir að alifuglakjötsframleiðslan er örlítið að saxa á forskot kindakjötsins, eða sem nemur 0,7% á milli ára.

Mjög ólíkir framleiðsluhættir

Í tölum mælaborðsins kemur glögglega fram hversu ólíkir framleiðsluhættir eru í þessum tveimur kjötgreinum, þ.e. kindakjöts- og alifuglakjötsframleiðslunni. Nær öll framleiðslan á kindakjöti var á þriggja mánaða tímabili, frá byrjun ágúst til októberloka, eða 9.151.297 kg. Það er nærri 98% af ársframleiðslunni. Framleiðsla á alifuglakjöti dreifist aftur á móti nokkuð jafnt yfir allt árið. Þannig voru framleidd frá byrjun ágúst til loka október 2.413.978 kg af alifuglakjöti. Það er rúmlega 26% af ársframleiðslunni.

Misræmi í slátrun og framleiðslutölum yfir árið ræðst auðvitað af mismunandi lífsklukku þessara dýrategunda. Hins vegar hafa oft verið uppi vangaveltur um hvort hægt sé að lengja sláturtímabilið í sauðfjárslátruninni. Þar spila margir þættir inn í dæmið fyrir utan augljósa lífeðlisfræðilega þætti, en þar má t.d. nefna hagkvæmnissjónarmið hjá afurðastöðvum. Hugsanlega kunna örsláturhús með heimaslátrun eitthvað að breyta þeirri mynd.

Um 3,4% samdráttur í svínakjötsframleiðslunni

Þegar litið er á aðrar kjötgreinar, þá var svínakjötið í þriðja sæti með 6.503.671 kg framleiðslu á 12 mánuðum til loka október. Það var 3,4% samdráttur á milli ára. Árið 2020 var metár í svínakjötsframleiðslunni, sem nam þá um 6.813 tonnum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

5% aukning í nautgripakjöti

Af nautgripakjöti voru framleidd 4.874.635 kg á 12 mánaða tímabili. Þar varð vel merkjanleg framleiðsluaukning, eða sem nemur 5%.

Mikill samdráttur í hrossakjöti

Alls voru framleidd 872.684 kg af hrossakjöti. Þar hefur framleiðslan verið að dragast saman og nam samdrátturinn 17,4% á milli ára. Megnið af hrossakjötinu hefur að jafnaði verið selt hér innanlands þó dæmi séu til um annað. - ***Sjá bls. 10*** /HKr.

Kjötframleiðsla á Íslandi 2021* - *Framleiðsla í kílógrömmum (kg.)*


Röð	Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
1	Kindakjöt	5.026.759	9.151,297	9.373.154	1,7%	-1,3%	-0,6%
2	Alifuglakjöt	744.438	2.413.978	9.150.917	-6,0%	1,8%	0,1%
3	Svínakjöt	521.629	1.652.122	6.503.671	-15,8%	-4,7%	-3,4%
4	Nautgripakjöt	408.576	1.235.000	4.874.635	4,0%	5,3%	5,0%
5	Hrossakjöt	91.999	212.272	872.684	-24,1%	-25,0%	-17,4%
	Samtals	**6.793.401**	**14.664.669**	**30.775.061**	**-1,1%**	**-1,1%**	**-0,7%**

**12 mánaða framleiðsla miðast við frá lokum október 2020 til októberloka 2021*

Árleg kjötneysla á íbúa frá 1983-2021*


Ár	Kindakjöt	Nautakjöt	Hrossakjöt	Svínakjöt	Alifuglakjöt
1983	45,3	8,8	3,2	4,9	4,3
1984	40,7	9,4	3,7	6,3	4,4
1985	41,5	10,7	3,3	6,6	6,3
1986	32,8	10,8	3,0	7,8	7,6
1987	36,2	13,9	2,8	8,1	8,0
1988	33,2	13,2	2,3	9,8	5,7
1989	32,8	11,5	2,3	10,6	4,1
1990	33,8	11,2	2,6	9,9	5,5
1991	30,8	12,1	2,6	10,0	6,1
1992	30,5	12,8	2,7	10,1	6,3
1993	30,7	11,8	2,5	10,8	5,8
1994	27,2	12,2	2,1	12,1	5,2
1995	26,7	11,8	2,5	12,2	6,4
1996	25,8	12,2	2,3	14,0	6,6
1997	24,4	12,7	2,0	14,5	7,7
1998	25,7	12,8	1,9	14,2	9,6
1999	24,9	13,2	2,0	16,9	10,6
2000	25,7	12,9	2,4	17,0	11,5
2001	23,8	12,9	1,9	18,5	13,0
2002	22,4	12,8	1,6	20,1	15,0
2003	21,9	12,5	1,7	20,6	18,8
2004	24,7	12,4	2,0	18,7	17,9
2005	24,7	12,0	1,8	17,9	20,3
2006	23,2	10,5	2,4	18,9	21,4
2007	22,3	11,5	2,1	19,6	24,0
2008	23,6	12,5	2,1	21,9	25,1
2009	19,7	12,3	2,1	20,5	23,5
2010	19,7	12,7	1,7	19,4	23,9
2011	18,8	13,4	1,6	19,5	24,2
2012	20,7	13,4	1,9	18,3	26,0
2013	20,5	13,4	2,0	19,2	26,0
2014	20,1	13,8	1,7	19,1	26,8
2015	19,5	14,1	1,6	21,0	27,0
2016	20,3	13,2	1,5	18,4	26,8
2017	20,6	13,6	1,9	18,5	28,2
2018	20,4	13,7	1,7	19,3	27,6
2019	19,9	13,5	2,0	18,3	27,4
2020	16,8	12,5	1,9	18,7	24,9
2021	17,2	13,1	1,8	17,8	24,5

**Útreikingur um kjötneyslu á mann miðast við íbúafjölda á Íslandi hvert ár. Hagstofa hætti slíkum útreikingi árið 2015 og tölur frá þeim tíma er útreikningur Bændablaðsins.*
Birt með fyrirvara um áhrif af kjötneyslu ferðamanna.




Kindakjöt langefst í kjötneyslu landsmanna og nautakjöt í öðru sæti.
Alifuglakjöt var aðeins með um 9,5% hlutfall af kindakjötsneyslunni á árinu 1983

Bændablaðið / HKr.



Alifuglakjötið í fyrsta sinn komið uppfyrir kindakjötið í neyslu á mann og stutt í að svínakjötið nái sömu neyslutölum og kindakjötið.

Bændablaðið / HKr.



Svínakjötið í fyrsta sinn komið upp fyrir kindakjöt í neyslu.
Alifugalkjötið með sterka stöðu í efsta sæti og kindakjötið komið í þriðja sæti.

Bændablaðið / HKr.



Formanns- og stjórnarkjör Bændasamtakanna

Samkvæmt 6. gr. samþykkta Bændasamtaka Íslands, skal skila inn framboðum til formanns samtakanna eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir Búnaðarþing. Allir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjald 2021 fyrir 31. desember nk. geta boðið sig fram til formanns. Frestur til að skila inn framboði er til miðnættis 30. janúar 2022 og skal framboðum skilað inn á netfangið kjorstjorn@bondi.is.

Í kjörstjórn til formannskjörs 2022 eru Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, formaður, Guðrún Birna Brynjarsdóttir og Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Formaður er kosinn á tveggja ára fresti með rafrænni kosningu meðal allra félagsmanna. Samkvæmt samþykktum samtakanna skal kosning formanns eiga sér stað á 5 daga tímabili sem skal lokið eigi síðar en 6 vikum fyrir Búnaðarþing, það er 15. febrúar 2022. Niðurstaða formannskosningar skal liggja fyrir a.m.k. mánuði fyrir Búnaðarþing. Nái enginn frambjóðenda til formanns kosningu með 50% atkvæða eða meira, er kosið aftur rafrænni kosningu meðal allra félagsmanna um þá tvo frambjóðendur sem flest atkvæði hlutu.

Kosning stjórnar

Í stjórn BÍ sitja sjö félagsmenn. Sex stjórnarmenn eru kosnir á Búnaðarþingi til tveggja ára í senn. Náist ekki niðurstaða um hverjir séu rétt kjörnir stjórnarmenn í einni umferð í kosningu, skal kosið aftur bundinni kosningu á milli þeirra sem jafnir eru. Ef jafnt verður að nýju skal hlutkesti varpað um hver eða hverjir eru rétt kjörnir stjórnarmenn. Að loknu kjöri aðalmanna skal kjósa sjö menn í varastjórn til eins árs í senn. Sá sem flest atkvæði hlýtur er fyrsti varamaður og svo koll af kolli. Stjórn skal kjósa sér varaformann.

Gleðilega hátíð



LANDSBANKINN.IS

FRÉTTIR

Hrossakjötsframleiðsla á Íslandi:

Allt að 68% selt á innanlandsmarkaði


Hrossakjötsframleiðsla er í einhvers konar mýflugumynd miðað við aðra kjötframleiðslu hér á landi. Það eru þá helst blóðmerabændur sem leggja til folöld til slíkrar framleiðslu. Þá fellur ávallt eitthvað til af hrossakjöti vegna grisjunar reiðhestastofnsins.

Samkvæmt heimildum Bændasamtaka Íslands, Matvælastofnunar og Landssambandi sláturleyfishafa, sem fáanlegar eru á vefsíðu Hagstofunnar, hefur hrossakjötsframleiðslan verið í kringum 1.000 tonn í tæp 40 ár með einhverjum undantekningum. Til að mynda var hún eingöngu 515 tonn árið 1988 og hefur farið mest í 1.503 tonn árið 2012, en þá varð mikil aukning á framleiðslu í þrjú ár. Meðalfallþungi síðustu tíu ára hefur verið um 124 kg.

Alla jafna er mest af kjötinu selt hér innanlands, um 60–68% á allra síðustu árum. Hlutfallið minnkaði þó á þeim þremur árum sem framleiðsla kjötsins var meiri og fór sala innanlands niður í 41% árið 2012. Tölurnar gefa til kynna að vel gangi að selja kjötið hvort sem það er hér innanlands eða erlendis því lítið hefur verið til af birgðum í lok hvers árs.

Framleiðsla og sala á hrossakjöti 2009 til 2020

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Fjöldi sláturdýra	8.050	6.679	7.040	11.279	9.758	9.262	7.739	7.889	8.977	7.614	9.287	9.306
Framleiðsla í tonnum	1.018	799	878	1.503	1.293	1.200	946	982	1.061	939	1.085	1.066
Selt innanlands í tonnum	**662**	**541**	**499**	**615**	**644**	**554**	**534**	**505**	**641**	**597**	**735**	**683**
Útflutt í tonnum	**343**	**292**	**312**	**875**	**753**	**631**	**422**	**478**	**414**	**330**	**337**	**288**
Birgðir í árslok í tonnum	176	136	201	222	113	117	106	73	64	29	64	157





Útflutningur á hrossakjöti 2021

Land	Útflutningsmagn (kg)	FOB verð (kr)	Kr. pr. kíló
Belgía	13.255	3.285.662	248
Holland	93.825	17.444.923	186
Ítalía	5.675	3.263.771	575
Japan	7.518	6.465.345	860
Rússland	39.000	6.828.632	175
Sviss	36.609	45.918.741	1.254
Þýskaland	125.238	25.036.795	200

Mest flutt til Evrópu

Þjóðverjar eru stærstu kaupendur hrossakjöts frá Íslandi, en um 40–45% af öllu útfluttu kjöti hefur farið þangað á síðustu 3 árum samkvæmt heimildum Hagstofunnar. Auk Þýskalands fer hrossakjöt reglulega til Sviss, Hollands, Rússlands og Japans, en einnig hefur eitthvert magn ratað til Ítalíu, Belgíu og Kína. Mikill meirihluti kjötsins fer til Evrópu, eða um 87%.

Mismunandi kílóverð

Hrossakjöt er alla jafna talin lúxusmatvara en verðlagning á því endurspeglar það tæplega. Ef rýnt er í útflutningstölur Hagstofunnar má sjá að FOB kílóverð af kjöti er afar misjafnt eftir löndum. Þannig hefur kjöt verið selt á 175 kr. á kíló til Rússlands meðan kílóaverðið til Sviss er 1.254 kr. Með FOB verði (free on board) er átt við verð vörunnar komið um borð í flutningsfar í útflutningslandi.

Þó er mikill fyrirvari á tölunum. Tollskrárnúmer hrossakjöts ná yfir bæði nýtt og fryst hrossakjöt og ekki er hægt að tiltaka hvaða hlutar skrokks fara hvert.

Vandi gæti skapast ef framleiðslan eykst

Sláturfélag Suðurlands er með um 40% hlutdeild í slátrun hrossa í landinu. Samkvæmt upplýsingum frá Steinþóri Skúlasyni, forstjóra fyrirtækisins, er innlendur markaður fyrir vörurnar takmarkaður.

„Það gengur vel að selja vöðva úr lærinu en erfiðara er að koma frampörtum í sölu. Ekki er mikill markaður fyrir saltað og reykt folaldakjöt og hann fer minnkandi. Folaldahakk selst vel á mjög lágu verði en hluti af folaldakjötinu er úrbeinaður og seldur með hrossaafskurði úr landi í gæludýrafóður. Það sem fellur til í dag selst, en vandi væri ef ætti að auka framleiðslu verulega.“

Búpeningur sem tryggir fæðuöryggi

Í skýrslunni Fæðuöryggi á Íslandi sem kom út fyrr á árinu er fjallað eilítið um hrossakjötsframleiðslu. Þar segir meðal annars:

„Hross eru þó að því leyti ágæt kjötframleiðsludýr miðað við íslenskar aðstæður að þau geta lifað á landsins gæðum ef svo má segja, það er á grasi; hvar af hóflegt hlutfall er vetrargjöf en stór hluti beit, a.m.k. í lágsveitum. Hrossastofninn í landinu getur haft hlutverk sem um munar í fæðuöryggi landsmanna. Stofninn hefur oft verið talinn óþarflega stór, svo nemur jafnvel tugum þúsunda gripa. Tíu þúsund hross með meðalfallþunga 200 kg eru 2.000 tonn af kjöti. Ef kemur til þess að skortur verði á mataraðföngum getur hrossastofninn í landinu skipt máli. Það væri þá ekki í fyrsta skipti.“ */ghp*



Verð til kúabænda hækkaði um 3,38%

– Heildsöluverð mjólkurvara um 3,81 prósent

Lágmarksverð fyrsta flokks mjólkur til bænda hækkaði 1. desember um 3,38 prósent, úr 101,53 krónum á lítrann í 104,96 krónur á lítrann.

Heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara, sem verðlagsnefnd búvara verðleggur, hækkar um 3,81 prósent – nema verð á undanrennu- og nýmjólkurdufti sem verður óbreytt.

Þetta kemur fram í nýrri verðákvörðun nefndarinnar. Í rökstuðningi nefndarinnar fyrir ákvörðuninni kemur fram að hækkanirnar séu komnar til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun 1. apríl 2021.

Kostnaðarhækkanir og hækkun launa

„Frá síðustu verðákvörðun til desembermánaðar 2021 hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 3,38%. Á sama tímabili hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður afurðastöðva hækkað um 2,34%.

Auk kostnaðarhækkana sem þegar hafa orðið byggir verðhækkun nú á umsaminni hækkun launa þann 1. janúar nk. og er þá hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar 4,32%. Með því að taka tillit til þessarar launahækkunar nú er talið að ekki verði þörf á nýrri verðlagningu í janúar 2022,“ segir í ákvörðun nefndarinnar.


Frá síðustu verðákvörðun til desembermánaðar 2021 hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 3,38%.

Verðlagsnefnd búvara starfar samkvæmt ákvæðum búvörulaga og ákveður afurðaverð til búvöruframeiðenda og verð búvara í heildsölu. Síðustu ár hafa verðákvarðanir nefndarinnar eingöngu varðað mjólkurframleiðsluna í landinu.

Forsendur verðlags

Forsendur fyrir verðlagsákvörðuninni hverju sinni eru annars vegar verðlagsgrundvöllur kúabús og hins vegar samantekt kostnaðar við vinnslu og dreifingu mjólkur. Hagstofa Íslands aflar gagna fyrir verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara, tekjur annarra stétta og verð og verðbreytingar á einstökum kostnaðarliðum verðlagsgrundvallar.

Verðlagsnefndin er skipuð sjö tilnefndum einstaklingum. Samkvæmt búvörulögum skulu tveir fulltrúar vera tilnefndir af samtökum launþega, tveir af Bændasamtökum Íslands, tveir af Samtökum afurðastöðva í mjólkurframleiðslu auk þess sem ráðherra landbúnaðarmála skipar formann nefndarinnar. */smh*

NÝR VÉLABÆKLINGUR!

Kemur inn um lúgur landsmanna yfir hátíðarnar!

Frábær áramótaverð til 10. janúar!



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

FRÉTTIR



Nýtt íbúðasvæði á Grenivík er 3,6 ha að stærð og er í brekku sunnan þjóðvegar beint suður af Gamla skóla. Gert er ráð fyrir að þar verði til framtíðar litið byggðar 28 íbúðir í sérbýlis-, rað- og parhúsum. Mynd / Vefsíða Grýtubakkahrepps.

Nýtt íbúðahverfi í kynningarferli:

Að lágmarki um 28 íbúðir á svæðinu

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur samþykkt að vísa skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir nýtt íbúðahverfi sunnan Grenivíkurvegar í kynningarferli.

Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja íbúðalóðir á svæðinu sem er í brekku sunnan þjóðvegar beint suður af Gamla skóla. Svæðið er um 3,6 ha að stærð. Miðað er við að þar verði að lágmarki um 28 íbúðir og er markmiðið að auka fjölbreytni í lóðaframboði á Grenivík.

Fram kemur í skýrslu um nýja íbúðasvæðið að fjöldi lóða á þessu nýja svæði sé í heild nokkuð umfram það sem líklegt er að þörf verði fyrir á næstu árum. Byggingarsvæðið muni væntanlega byggjast upp hægt og rólega þannig að lóðir verða gerðar byggingarhæfar eftir þörfum á löngum tíma. Miðað er við að íbúðir verði fyrst og fremst í sérbýlishúsum, raðhúsum og parhúsum.

Í upphafi þessa árs var 371 íbúi í Grýtubakkahreppi og af þeim bjó 291 á Grenivík, en frá árinu 2010 hefur íbúum á Grenivík fjölgað um 42. Gróflega er áætlað að íbúafjöldi í sveitarfélaginu verði á bilinu 365 til 420 árið 2031. Ef miðað er við efri mörk verður þörf fyrir um 20 nýjar íbúðir fram að þeim tíma. Flestar þeirra verða væntanlega á Grenivík.

Auk þessa nýja íbúðahverfis sem nú er í kynningarferli er gert ráð fyrir 23 nýjum íbúðalóðum við Lækjarvelli og þéttingu byggðar við Ægissíðu, þar sem komast fyrir þrjár nýjar íbúðir. Við Höfðagötu syðst í byggðinni er rými fyrir um 10 íbúðir, þar af eru 6 á óbyggðum einbýlishúsalóðum.

Á miðsvæði sunnan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir stækkun Grenilundar og þar má einnig gera ráð fyrir litlum fjölbýlishúsum.

/MÞÞ

Nýr gangnamannaskáli á Grímstunguheiði:

Kosið milli fimm nafna

Alls bárust 26 nöfn í nafnasamkeppni á nýjan gangnamannaskála sem tekin var í notkun á Grímstunguheiði í haust. Kosið verður um fimm þeirra: Bríkk, Gedduskáli, Heiðahöllin, Skjól og Vegamót.

Nýi gangnamannaskálinn á Grímstunguheiði var reistur í fyrrasumar og haust og kemur í stað tveggja skála, Öldumóðuskála og Álkuskála. Skálinn er um 500 fermetrar að stærð, samansettur úr tíu skálaeiningum með 29 gistiherbergjum, salernum, sturtum, matsal og eldhúsaðstöðu. Einnig var reist nýtt hesthús sem er um 120 fermetrar að stærð. Gistipláss í skálanum er fyrir 60 manns og hesthúsið er fyrir um 70 hross.

Í síðasta Bændablaði kom fram að skálinn hefði fengið nafnið Vegamót en það var einungis fjallskiladeildin sem hafði samþykkt það nafn. Sveitarstjórn frestaði ákvörðun um nafn og leggur til að kostið verði um nöfnin fimm. */MÞÞ*



Mynd / Bjarni Kristinsson.

Lely Center Ísland
Landbúnaðarleikföng

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Þingsályktunartillaga um eflingu kornræktar:

Mikil tækifæri á Íslandi til að bæta ræktunarmöguleika

Kári Gautason, sérfræðingur í úrvinnslu hagtalna hjá Bændasamtökum Íslands og varaþingmaður Vinstrihreyfingarinnar – grænns framboðs, tók sæti á Alþingi strax í byrjun þinghalds og hefur lagt fram sitt fyrsta þingmál; tillögu til þingsályktunar um eflingu kornræktar á Íslandi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipi starfshóp sem geri tillögur til þess að efla kornframleiðslu á Íslandi. Í starfshópnum eigi sæti tveir fulltrúar frá Landbúnaðarháskóla Íslands sem hafi sérfræðiþekkingu á jarð- og kornrækt, einn frá Bændasamtökum Íslands, einn frá Samtökum iðnaðarins og einn frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að tillögurnar liggi fyrir við upphaf endurskoðunar gildandi búvörusamninga, fyrir árslok 2022.

Kornræktin færist norðar

Kári segir markmið tillögunnar meðal annars að undirbúa Ísland undir þá þróun að kornrækt muni færast norðar á bóginn. „Það munu vera fyrirsjáanleg viðbrögð við hlýnandi heimi. Ég tel því einsýnt að kornrækt mun eflast næstu áratugi, en ég tel jafnframt að með skynsamlegum aðgerðum geti ríkið flýtt mikið fyrir þeirri þróun. Síðustu ár hefur verið að mínum dómi augljóst að það þurfi fleiri stoðir undir búsetu í sveitum heldur en eingöngu þessar



Kári Gautason.

hefðbundnu greinar sem byggjast á búfjárrækt. Ástæðan er viðvarandi framleiðniaukning í landbúnaði sem leiðir til þess að færri bændur þarf til að framleiða kjöt og mjólk," segir Kári.

Hann segir að það hafi komið sér ánægjulega á óvart hversu breiður hópur þingmanna úr fimm flokkum var tilbúinn að standa með honum að tillögunni. En auk stjórnarþingmanna eru þingmenn úr Flokki fólksins og Viðreisn skrifaðir fyrir tillögunni.

Aðstæður hagfelldari en ætla mætti

Í greinargerð með tillögunni segir meðal annars, að í skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi, sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra árið 2021, komi fram að fæðuöryggi er hvað minnst þegar kemur að kornvörum, hvort sem er til manneldis eða til fóðrunar búfjár. „Þó að hnattlega Íslands setji kornframleiðslu ákveðnar skorður eru aðstæður til landbúnaðar á Íslandi mun hagfelldari en ætla má af opinberri umræðu, vaxtartími er langur og framleiðni mikil vegna langrar ljóslotu. Íslenskur jarðvegur er afar frjósamur þótt hann sé einnig viðkvæmur og rofgjarn. Auk þess eru mikil tækifæri til að bæta ræktunarmöguleika með nútímalegum plöntukynbótum, með landbótum, t.d. skjólbeltarækt, og með bættum ræktunaraðferðum."

Vanmat verið á möguleikum kornræktar

Þegar Kári er spurður um skoðun hans á því hvers vegna ekki hafi tekist að gera kornrækt á Íslandi að alvöru landbúnaðargrein, segir hann ástæðuna vera vanmat á því hvað sé mögulegt og raunhæft hér. „Ísland er gott landbúnaðarland, en í opinberri umræðu má oft ætla að við búum ofan í frystikistu. Það þarf að aðlaga kornyrki að okkar aðstæðum og nota til þess aðferðir 21. aldarinnar. Ég tel að verkefni kúabænda um að innleiða erfðamengisúrval í nautgriparækt hafi sýnt fram á að okkur séu allir vegir færir ef unnið er af metnaði," segir hann.

Kári er bjartsýnn á að málið komist á dagskrá á fyrstu mánuðum næsta árs. „Þingmannamál stjórnarþingmanna eru ekki mjög ofarlega í forgangsröðun og það eru tugir mála sem bíða þess að vera mælt fyrir. Gæti þó náðst fyrir páska að ég tel."

/smh

Framúrskarandi ungur Íslendingur 2021

Þórunn Eva G. Pálsdóttir hlaut nýlega titilinn „Framúrskarandi ungur Íslendingur 2021". Það var hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem afhenti verðlaunin, ásamt Ríkeyju Jónu Eiríksdóttur, landsforseta JCI, en samtökin veita verðlaunin á hverju ári.

Þórunn var tilnefnd fyrir framlag sitt til barna, heimsfriðar og mannréttinda. Um 300 tilnefningar bárust til JCI vegna kjörsins. Verðlaunin eru bæði hvatning fyrir þessa framúrskarandi einstaklinga til áframhaldandi starfa og á sama tíma innblástur og hvatning til okkar allra að leggja okkar af mörkum til að byggja betra samfélag. Þórunn Eva skrifaði bókina „Mia fær lyfjabrunn", en hugmyndin að bókinni varð til þegar hún var að gera lokaverkefnið sitt í sjúkraliðanáminu vorið 2019. Lokaverkefnið fékk hæstu einkunn og hvatti kennari Þórunnar að láta verða af þessari bók.

„Það er mikil þörf fyrir bætta fræðslu í samfélaginu okkar almennt og er hún alls ekki minni innan veggja



Þórunn tekur hér á móti verðlaununum úr hendi forseta Íslands, einstöku listaverki eftir glerlistamanninn Jónas Braga Jónasson. Mynd / Aðsend

spítalans og fyrir litla fólkið okkar þar. Það eru alltaf nokkur börn á ári sem þurfa að fá lyfjabrunn og eru ástæðurnar misjafnar. Stór hluti þessara barna eru börn sem greinst hafa með krabbamein en það eru einnig börn með hjartasjúkdóma, Cystic Fibrosis, blóðsjúkdóma, meðfædda ónæmisgalla og meltingarsjúkdóma sem þurfa að fá lyfjabrunn svo dæmi séu tekin," segir m.a. í tilkynningu um verðlaunin. Þórunn Eva á barn sem er með lyfjabrunn og þekkir því ferlið vel.

/MHH

NORÐURÁL

Gleðilega hátíð!

Við höfum nú í hartnær aldarfjórðung nýtt umhverfisvæna raforku landsins til þess að búa til hreint og endurnýtanlegt ál. Álið er notað til þess að létta farartæki og umbúðir, aftur og aftur, um allan heim. Þannig nýtist íslensk orka til þess að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Við erum stolt af því að vera traustur hluti af íslensku atvinnulífi og hlökkum til nýrra tíma.

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.



Hreint ál úr íslenskri orku | nordural.is

FRÉTTIR



Jóna Bjarnadóttir og Garðar Finnsson, sem heldur á frumgerð heyrúllupoka, í fimmtungi þeirrar stærðar sem fyrirhuguð er með verkefninu. Mynd/Aðsend

Landsvirkjun:

Verkefnið „Hey!rúlla“ fær inni í Bjarnarflagi

Landsvirkjun og fyrirtækið PlastGarðar ehf. hafa undirritað samning um aðstöðu fyrir verkefnið „Hey!rúlla“ í skrifstofuhúsnæði Landsvirkjunar við Bjarnarflag í Mývatnssveit.

Þetta verkefni PlastGarðars snýst um að vinna að þróun og hönnun á margnota heyrúllupokum, með það að markmiði að skipta út einnota heyrúlluplasti í landbúnaði fyrir margnota lausn sem er bæði betri og umhverfisvænni. Þegar fyrstu pokarnir eru tilbúnir verða þeir prófaðir samhliða hefðbundnum geymsluaðferðum á heyi í heyrúllum.

Garðar Finnsson, eigandi PlastGarðars, stofnaði fyrirtækið fyrir skömmu. Hann tók nýlega þátt í verkefninu „Vaxtarrými“, sem var fyrsti viðskiptahraðallinn á Norðurlandi, átta vikna hraðall með áherslu á sjálfbærni, mat, vatn og orku. Einn þeirra aðila sem kom að Vaxtarrými var „Eimur“, samstarfsverkefni nokkurra aðila um bætta nýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi. Landsvirkjun er einmitt einn bakhjarla Eims.

„Hey!rúlla“ ætlar að skapa hringrásarhagkerfi landbúnaðarplasts innan Íslands. Markmið okkar er að margnota heyrúllupokar endist í allt að 15 ár og verði svo að fullu endurunnir í nýja poka. Það er mikilvægt fyrir þróun og vöxt fyrirtækisins að fá góða aðstöðu og ég er bjartsýnn á framhaldið,“ segir Garðar og Jóna Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis hjá Landsvirkjun, bætir við: „Já, við hjá Landsvirkjun fögnum því að fá tækifæri til að hlúa að enn einum vaxtarsprotanum, nú með því að hýsa PlastGarðar í Bjarnarflagi.

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Liður í því er að styðja við nýsköpun af ýmsum toga, um leið og við eflum samskipti við nærsamfélagið og styðjum við hringrásarhagkerfið.“ */MHH*

EYJALIND
Varahlutir í lyftara
- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

BH
Frístundahús /sumarhús
Einingahús
Einbýlishús
Fjölbýlishús
Raðhús
CLT byggingar
Útihús
Gripahús
Hlöður
Skemmur
Limtré
BESTINGHOUSE
Umhverfisvæn starfsemi og vottað efni þar sem þess er kostur.
Við mætum hugmyndum og óskum viðskiptavina okkar.
www.bestinghouse.com
www.bestinghouse.is
+354 780 1222



Berglind Ósk Alfreðsdóttir, verkefnisstjóri Loftslagsvæns landbúnaðar og ráðunautur hjá RML, með viðurkenninguna.
Mynd / Dúi J. Landmark

Loftslagsvænn landbúnaður fékk hvatningarverðlaun:

Bændur í verkefninu eru öflugar fyrirmyndir

Verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður fékk á dögunum hvatningarverðlaun ársins 2021 á loftslagsfundi Reykjavíkurborgar og Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

Í verkefninu, sem er nú á sínu öðru ári, þar sem 40 bændur taka þátt, er markmiðið að gera búreksturinn loftslagsvænan með annars vegar kolefnisbindingu og hins vegar samdrætti í losun á gróðurhúsalofttegundum.

Landsvirkjun hlaut hins vegar Loftslagsviðurkenningu Reykjavíkurborgar og Festu á fundinum. Yfirskrift fundarins var Framtíðarsýn og næstu skref. Þetta er í fimmta sinn sem viðurkenningin er veitt en markmiðið er að vekja athygli á því sem vel er gert í loftslagsmálum og vera hvatning til annarra.

Mikill heiður

Tvisvar hafa verið teknir inn í verkefnið hópar sauðfjárbænda og einu sinni hópur nautgripabænda. Um samstarfsverkefni er að ræða á milli Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Landgræðslunnar, Skógræktarinnar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Líf Magneudóttir, formaður dómnefndar, afhentu Berglindi Ósk Alfreðsdóttur, verkefnisstjóra Loftslagsvæns landbúnaðar og ráðunauts RML, viðurkenninguna.

Berglind segir að hvatningarverðlaunin séu verkefninu ómetanleg því um eftirsótta og virta viðurkenningu sé að ræða. „Það er mikill heiður að vera í góðum hópi fyrirtækja sem hafa hlotið þessar viðurkenningar seinustu ár, eins og Carbfix, Landspítalinn, Efla, Klappir og HB Grandi. Eining voru tilnefnd fyrirtæki sem eru að vinna gott starf í loftslagsmálum, eins og Byko, Vís, Strætó og Íslandsbanki,“ segir Berglind. „Þessi viðurkenning verður táknræn fyrir stefnu verkefnisins og mun nýtast við að móta framtíð þess,“ bætir hún við.

Í umsögn dómnefndar um verkefnið segir að í gegnum það séu bændur studdir með beinum hætti í þeirra eigin markmiðasetningum í loftslagsmálum, með fræðslu og ráðgjöf. „Búrekstrargögn eru sett inn í kolefnisreiknivél þar sem kolefnisígildi búsins eru reiknuð út. Lögð er áhersla á að samþætta rekstrarlegan ávinning og loftslagsávinning þátttakenda. Spennandi verður að fylgjast með hvernig verkefninu mun miða áfram, hver mælanlegu áhrifin verða og hvaða nýju lausnir og aðferðir verða til í framtíðinni út frá verkefninu.“

Öflugar fyrirmyndir

Í þakkarræðu Berglindar kom fram að styrkur verkefnisins felist í öflugu samstarfi þriggja fagaðila og tveggja ráðuneyta sem sé eitt af lykilatriðum þess að vel takist til við að finna lausnir á því hvernig bændur geti unnið að loftslagsmálum á jákvæðan hátt. Viðurkenningin hvetji þátttökubændur til dáða í sínum loftslagsverkefnum og geri þá að öflugum fyrirmyndum í loftslagsmálum landbúnaðarins.

Miðað við möguleika og aðstæður hvers og eins

Sem fyrr segir eru meginmarkmið verkefnisins að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu í landbúnaði. Að sögn Berglindar er við hverja og eina aðgerðaráætlun tekið mið af möguleikum og aðstæðum hvers bús. Þátttakendur vinni markvisst að settum markmiðum í daglegum bústörfum með markvissri fræðslu og ráðgjöf um hvernig hægt er að gera búskapinn loftslagsvænni með bættum búskaparháttum, skógrækt og landgræðslu.

Hún segir að þátttakendur séu hvattir til þess að koma með nýjar aðgerðir og markmið að umhverfis- og loftslagsaðgerðum en tækifærin þar séu mikil. Þátttakendur koma fram með loftslagsvænar aðgerðir sem eru fullar af nýsköpun, framsækni og spennandi möguleikum. Allir þátttakendur eru því líka að bæta í þekkingarbrunn um loftslagsvænar aðgerðir íslensks landbúnaðar. */smh*

Vík í Mýrdal:

Vegagerðin á móti efnistöku í fjörunni

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er mjög ósátt við þá ákvörðun Vegagerðarinnar að leyfa ekki efnistöku af sandi í fjörunni austan við Vík í Mýrdal.

Í bókun sveitarstjórnar segir m.a.:

„Vitað er að efnisflutningar með ströndinni nema milljónum rúmmetra á ári en áformuð efnistaka yrði ekki nema lítið brot af því. Fullyrðingar Vegagerðarinnar um að efnistaka, sem háð verður jafn ströngu eftirliti og lagt er til, muni án efa auka á rofhraða eru með öllu órökstuddar.

Mikið er í húfi fyrir samfélagið í Mýrdalshreppi að tilraunir til þess að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulíf sveitarfélagsins fái eðlilegan framgang. Slíkt þarf ekki að vera á kostnað umhverfisins og sveitarstjórn Mýrdalshrepps mun eftir sem áður standa jafnt vörð um hagsmuni náttúrunnar og samfélagsins.“

Í umsögn Vegagerðarinnar segir m.a.:

„Afstaða Vegagerðarinnar helst því óbreytt í málinu og er Vegagerðin mótfallin efnistöku úr fjörunni. Stöðugt landrof er á fjörunni og mun efnistaka án efa auka á rofhraða hennar. Mýrdalshreppur hefur sent umsókn til Vegagerðarinnar um að ríkið fjármagni þriðja sandfangarann, austan við þann sem byggður var síðast.

Umsóknin byggir á þeim staðreyndum að töluvert rof á sér stað á ströndinni og strandlínan ekki tryggð nema með gerð þessa þriðja sandfangara. Með því að leyfa efnistöku í fjörunni rétt austan við áhrifasvæði sandfangaranna er hreppurinn í þversögn við umsögn um byggingu á þriðja sandfangaranum.“ */MHH*

Gleðileg jól og farsælt komandi ár













Hafðu það notalegt um jólin

Árlegur jólastyrkur N1 rennur nú til Píeta samtakanna, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands. Við sendum skjólstæðingum þeirra, viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð.

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-NM-008212

STEKKUR
Stauravika

Síðasta vikan fyrir jól var kölluð stauravika vegna þess að þá notaði fólk vökustaura til að halda sér vakandi.

Staurarnir, eða augnteprurnar, voru gerðar úr smáspýtum, ámóta stórum og eldspýtur, en stundum var notað svokallað baulubein úr þorskhöfði eða eyruggabein úr fiski.

Skorið var inn í beinið til hálfs en það haft heilt hinum megin og á það lítil brotalöm og skinninu á augnlokinu smeygt inn í lömina. Stóðu þá endarnir í skinnið og mjög sárt að loka augunum.

Jólin eru sá árstími þegar alls konar kynjaverur fara á stjá, jólasveinarnir koma til byggða, álfar flytja búferlum og tröll halda veislur. Það er því ekki hættulaust að vera einn á ferli á þessum tíma ef mark er tekið á þjóðtrú sem tengist jólunum.

Fyrir flesta eru jól og áramót skemmtilegur tími þegar fjölskyldan kemur saman og gerir sér glaðan dag. Vinir og vandamenn gefa hver öðrum gjafir og gleyma gömlum deilumálum, að minnsta kosti um stundarsakir, og börnin bíða spennt eftir því að fá í skóinn.

Jólin eru magnaður tími og svo virðist sem öll náttúrulögmál snúist á hvolf.

Á aðfangadagskvöldi jóla er drengur, sem hafði ráðist til starfa á prestsjörð, úti í hesthúsi að kemba og hirða eldishesta prestsins. Hann veit ekki fyrr til en kona prestsins vindur þar inn og gefur hún sig á tal við dreng um ýmis málefni. Þegar minnst varði dregur hún beisli undan svuntu sinni og leggur við drenginn og fylgir því mikið töfraafl. Drengurinn leyfir prestskonunni að fara á bak sér og tekur hann svo á loft eins og fuglinn fljúgandi. Fer hann yfir fjöll og dali, kletta og klungur og hvað sem fyrir er með prestskonuna á bakinu.

Meðan á þessu stendur þykir drengnum eins og hann vaði reyk.

Þó að sögurnar hér að framan séu gamlar er ekki þar með sagt að nýjar jólasögur geti ekki verið áhugaverðar.

Fyrir nokkrum árum fór á kreik saga sem segir frá vilja Austurlandabúa til að gera túristum frá Vesturlöndum til hæfis um jólin. Íbúar þessara landa eru fæstir kristnir og þekking þeirra á jólunum oft takmörkuð.

Aðstandendur stórrar verslunarmiðstöðvar í Austurlöndum tóku sig til og létu smíða fyrir sig margra metra háan kross fyrir jólin. Í stað Krists þótti þeim viðeigandi að negla brosandi jólasvein á krossinn og hengja hann upp til að geðjast viðskiptavinum sínum.

Að sögn kunnugra ganga Japanar allra þjóða lengst í að markaðssetja jólin. Þar í landi er ekki óhugsandi í desember að sjá ungar og eggjandi konur í nunnubúningi syngja auglýsingar við vestræn jólalög og að fólk sendi jólakort sem sýna Maríu mey lyfta sér til flugs á kústi, umkringda jólaálfum sem hafa flösku af saki sér við munn.

Á Íslandi var víða til siðs að kveikja ljós um allan bæinn á jólanótt svo að hvergi bar á skugga. Þegar búið var að sópa húsið gekk húsfreyjan í kringum það og bauð álfunum heim með orðunum: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem vera vilja, fari þeir sem fara vilja, mér mínum að meinalausu.“

/VH

NYTJAR HAFSINS

Blekkingarleikur á blálöngumiðum



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Blálanga er af lönguættkvísl þorskfiskaættar. Mynd / Wikipedia

Frönskum togaraskipstjóra, sem fann gjöful blálöngumið við landhelgislínuna á Reykjaneshrygg árið 1991, tókst að halda því leyndu og sitja einn að gullkistunni í rúm tvö ár. Eftir að þetta uppgötvaðist leið ekki á löngu þar til frönsk og íslensk veiðiskip voru í sameiningu búin að þurrka þessar gjöfulu hrygningarstöðvar upp.

Veiðar á blálöngu við Ísland hafa verið æði sveiflukenndar síðustu áratugina. Ársaflinn hefur verið frá rúmlega 8 þúsund tonnum niður í nokkur hundruð tonn. Blálanga, rétt eins og langa og keila, var lengst af eingöngu veidd sem aukaafli á öðrum veiðiskap, einkum karfaveiðum. Áhugi á því að veiða hana sérstaklega vaknaði skyndilega árið 1979 þegar hrygningarstöðvar hennar suður af Vestmannaeyjum fundust. Í hönd fór mokveiði togara á blálöngu á þessum miðum. Afli Íslendinga jókst úr röskum 1.200 tonnum árið 1978 í kringum 8.000 tonn árin 1980 og 1981. Næstu tvö árin dalaði aflinn svo í 5.000-6.000 tonn og á árunum þar á eftir fór hann sjaldnast yfir 2.000 tonn.

Hrygningarstöð finnst fyrir tilviljun


Víkur nú sögunni suðvestur á Reykjaneshrygg um það bil 10 árum síðar eða árið 1991. Það sem hér fer á eftir er byggt á grein sem Sigurður Steinar Ketilsson, stýrimaður hjá Landhelgisgæslunni, ritaði í Gæslutíðindi árið 1994.

Eitt þeirra erlendu skipa sem Landhelgisgæslan var vör við á siglingu við 200 sjómílna fiskveiðilögsöguna á Reykjaneshrygg var franski togarinn Cote del la Vierge. Þau frönsku fiskiskip sem sáust á þessum slóðum voru yfirleitt á siglingu til og frá Dohrnbanka austur af Grænlandi, en þar höfðu Frakkar heimild til veiða á vegum Evrópusambandsins. Árið 1991 fann franski skipstjórinn, Bellamy Paul, fyrir hreina tilviljun fiskimið á hól við 200 mílna fiskveiðimörkin á Reykjaneshrygg, þar sem reyndist vera mikið af blálöngu á hrygningartíma. Skipstjórinn var ekki alveg klár á því hvar íslensku fiskveiðimörkin lágu en taldi eðlilegast að miða línuna 200 sjómílur frá Reykjanesi og samkvæmt því var hóllinn utan markanna. Þar skjátlaðist honum því línan er miðuð við Geirfugladrang sem er rúmar 17 mílur vestsuðvestur af Reykjanesi.

Sat einn að miðunum

Þetta árið sat Bellamy Paul einn að þessum nýfundnu fiskimiðum og fiskaði vel. Togarinn sást einu sinni úr flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, á siglingu á þessum slóðum og var ekki ástæða til að ætla annað en að hann væri á ferðalagi vegna veiða á Dohrnbanka. Árið eftir, 1992, sást þrisvar til ferða togarans úr landhelgisgæsluflugvélinni, tvisvar á siglingu og í þriðja sinn var þoka og þá var talið að hann væri á veiðum en erfitt að færa sönnur á það vegna lélegs skyggnis. Togarinn var þá tvær sjómílur utan við 200 mílna mörkin.

Landhelgisgæslan kom þessari vitneskju á framfæri við íslenska útgerðarmenn en þeir töldu líklegast að franski skipstjórinn væri á höttunum eftir búra á þessum slóðum og myndi lítið vera upp úr því að hafa. Síðan fréttist frá Frakklandi að franski togarinn hefði landað um 400 tonnum af blálönguflökum. Það



þótti mönnum hér heima hæpið í meira lagi og lögðu ekki trúnað á að togarinn hefði fengið um 1.000 tonn af blálöngu upp úr sjó. Þó var íslenskur togari sem var á leið á úthafskarfamiðin látinn reyna fyrir sér á þessum slóðum en það bar engan árangur og tapaði hann hluta af veiðarfærum sínum.

Feluleikur

Þegar íslenski togarinn kom á svæðið sást til franska togarans á siglingu, en sá franski hafði híft inn veiðarfærin og lónaði í nágrenninu til þess að aðrir kæmust ekki að því hvar hann hefði verið að fiska. Um svipað leyti kom annar franskur togari á svæðið en sá hafði heyrt fiskisöguna heima í Frakklandi. Hann fór einnig erindisleysu því Bellamy Paul hífði og sigldi burt þegar hann sá skip nálgast hólinn sinn. Frakkinn sat einn að hólnum þetta árið og mun hafa aflað vel, segir í grein Sigurðar Steinars í Gæslutíðindum.

Þann 8. mars 1993 sást franski togarinn enn á ný úr gæsluflugvélinni en í þetta sinn var hann að veiðum 2 sjómílur innan við íslensku fiskveiðimörkin og var að hífa inn 30-35 tonn af blálöngu. Nú var ekki lengur neinn vafi á því hvað væri að gerast. Þessum upplýsingum var komið á framfæri við íslenska útgerðarmenn. Voru tveir íslenskir togarar sendir á svæðið og reyndist mikinn afla að fá. Þá voru einnig komnir á hólinn þrír franskir togarar og fiskuðu þeir einnig vel.

Hóllinn að hluta innan íslenskrar lögsögu

Þegar nánar var að gáð kom í ljós að frönsku togararnir toguðu inn fyrir 200 mílna mörkin. Veiðisvæðið á hólnum var mjög takmarkað, eða um 1,8 sjómílur í þvermál og af því voru um 0,5 sjómílur fyrir innan íslensku lögsögumörkin, eða aðeins um fjórðungur. Þrír fjórðu hólsins voru sem sagt í alþjóðlegri lögsögu og öllum skipum opinn. Togarar þyrptust nú á þessi nýju fiskimið og þegar mest var voru tólf skip á svæðinu samtímis, 6 frönsk og 6 íslensk. Þetta samspil gekk ekki vandræðalaust fyrir sig, veiðiaðferðir þjóðanna voru ólíkar og togararnir flæktu saman veiðarfærum. Varðskip var sent á staðinn til að stilla til friðar og tókst því að koma samskiptunum í lag auk þess að verja lögsöguna. Talið er að þetta ár hafi veiðst um 5 þúsund tonn af blálöngu á hólnum.

Fljótlega fengu þessi nýju fiskimið nafnið Franshóll og var Sólmundur Einarsson fiskifræðingur sagður höfundur þeirrar nafngiftar.

Varnaðarorð fiskifræðings

Þessi mikla veiði á hrygningarslóð blálöngunnar á Franshól var fiskifræðingum verulegt áhyggjuefni. Vilhelmína Vilhelmsdóttir fiskifræðingur ritaði grein í Fiskifréttir í janúar 1994. Hún benti á að blálangan þjappaði sig saman á tiltölulega takmörkuðum svæðum til hrygningar. Hún vitnaði til þess að fyrsta slíka svæðið hefði fundist suður af Vestmannaeyjum árið 1979 og hefði verið góður afli þar í fjögur ár en síðan ekki söguna meir.

„Við höfum áhyggjur af framvindunni því líkur eru á að eins fari með Franshól og svæðið við Vestmannaeyjar. Það er því best að fiskimenn geri sér grein fyrir því strax hvert stefnir og við aðra er þá ekki að sakast ef illa fer,“ skrifaði Vilhelmína.

Það fór svo að veiðin á hólnum varð endaslepp og hafa blálöngusvæðin á Franshól og sunnan Vestmannaeyja verið friðuð á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl um áratugaskeið og eru enn.

Línuveiðar hefjast af krafti

Strax árið 1994, árið eftir atganginn á Franshól, var heildarblálönguaflinn á Íslandsmiðum kominn niður í 1.000 tonn og hélst hann innan við 2.000 tonn allt til ársins 2008. Fram að því hafði blálangan að mestu verið veidd í botnvörpu en nú bættust kröftugar línuveiðar við (sjá línurit). Hámarki náðu veiðarnar árið 2010 þegar yfir 6.000 tonn veiddust alls, þar af tveir þriðju aflans á línu. Þessi mikli áhugi á línuveiðunum stafaði ekki síst af því að grunur lék á að til stæði að setja blálönguna í kvóta og vildu margir skapa sér veiðireynslu áður en til þess kæmi. Eftir að blálangan var svo kvótasett fiskveiðiárið 2013/14 brá svo við að aðeins helmingur eða þriðjungur kvótans var nýttur árin á eftir og allt til þessa dags.

Línuútgerðin Vísir hf. gerði út á blálöngu á þessum árum. Að sögn Péturs Hafsteins Pálssonar framkvæmdastjóra fóru veiðarnar fram á erfiðu svæði á miklu dýpi vestur af Látrabjargi og var veiðarfæratjón mikið. Gott verð fékkst fyrir blálönguna þegar framboðið var lítið og þá fór fiskurinn aðallega á neytendamarkað hér innanlands, en þegar framboðið jókst var erfitt að selja blálönguna á viðunandi verði miðað við tilkostnað.

„Það hefur bara ekki borgað sig að sækja blálönguna, við reyndum það lengur en skynsamlegt var,“ segir Pétur.

Hrun í nýliðun

Samkvæmt upplýsingum Guðmundar Þórðarsonar, sviðsstjóra á Hafrannsóknastofnun, var blálöngustofninn sterkur frá síðustu aldamótum og allt til ársins 2016. Mjög góð nýliðun hélst allt til ársins 2007 en þá varð algjört hrun í nýliðuninni. Síðustu 3-4 árin vottar aðeins fyrir nýliðun en ekkert í líkingu við það sem áður var. Ekki er ljóst hvað veldur. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla endurspegla þessa þróun. Tillagan fyrir yfirstandandi fiskveiðiár hljóðaði upp á 334 tonn. Blálangan er því að mestu orðin meðafli á öðrum botnfiskveiðum á ný og bein sókn í hana að heita má úr sögunni í bili.

Íslenskur kalkúnn í veisluna



HESLIHNETU- OG SVEPPAFYLLING REYKJABÚSINS

HRÁEFNI

150 g smjör
350 g nýir sveppir, niðursneiddir
200 g laukur, smátt saxaður
1 stilkur sellerí, smátt saxaður
1/2 búnt fersk steinselja, smátt söxuð (eða **2 msk** þurrkuð)
2-3 msk kalkúnakrydd
300 g skinka, smátt söxuð
100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
2 stór egg
2 dl rjómi
1/2 tsk salt
1 tsk ferskmalaður pipar

Fleiri uppskriftir á kalkunn.is

AÐFERÐ

Bræðið smjörið í stórum potti og látið sveppina og grænmetið ásamt steinseljunni, kalkúnakryddinu og skinkunni krauma í því í 10 mín. eða þar til grænmetið er orðið mjúkt.

Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega.


Hrærið þá eggjunum og rjómanum saman við og kryddið með salti og pipar.

Verði ykkur að góðu,
Nonni og Stína
Reykjabúinu,
Mosfellsbæ



Holda KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

LANDSJÁ



Hagkvæmari mjólkurpottur með minna kolefnisspori

Ein stærsta áskorun innlends landbúnaðar næstu ár er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Stundum er því stillt upp þannig að árangur í loftslagsmálum þurfi eingöngu að þýða meiri kostnað fyrir bændur. En víða er það einmitt þveröfugt, bættur árangur fer saman við lægri framleiðslukostnað vara.


Kári Gautason.

Metangas myndast í vömb jórturdýra, sérstaklega við át á trénisríku gróffóðri. Rannsóknir hafa verið gerðar á ýmsum efnum til þess að bæta út í fóður til þess að hamla þessari nýmyndun. En pistill þessi fjallar ekki um slík efni. Heldur um bústjórn og innleiðingu á tækni sem nú þegar er til staðar og hefur verið sannreynd. Ég hef áður í þessum dálki fjallað um mikilvægi afurða eftir hvern grip til að lækka kolefnisfótsporið af hverjum mjólkurlítra. En hér ætla ég að fjalla um bústjórn og tækni.

Með því að gera framleiðsluna hagkvæmari má draga úr metanlosun á hvern framleiddan mjólkurlítra umtalsvert. Markmiðið er að fækka nautgripum í vexti á hverjum tíma eins mikið og hægt er. Það er ekki eingöngu aðgerð til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, heldur er þetta til þess að draga úr framleiðslukostnaði á mjólk. Ég tel að horfa þurfi til nokkurra lykilbreytna í því að ná árangri.

Fyrst þarf að einblína á burðaraldur kvígna, en hver mánuður umfram 24 mánuði er sóun á verðmætum og framkallar óþarfa losun á metani. Meðalburðaraldur í dag er um 27,5 mánuðir og hefur verið um árabil á þeim slóðum. Líkt og sýnt er á myndinni er engin sjáanleg þróun í rétta átt ef horft er til fjölda kvígna yfir 25 mánaða aldri. Ef að íslensk nautgriparækt gæti lækkað burðaraldur kvígna um einn mánuð myndi það þýða að um 1.200 færri kvígur væru í stofninum á hverjum tíma. Þá er það endurnýjun mjólkurkúa, en sem stendur er að jafnaði skipt út 37% af stofninum á hverju ári.

Ýmislegt bendir til þess að þetta endurnýjunarhlutfall sé óþarflega hátt og hagfelldara væri að hafa það á bilinu 33-35%. Vísa ég þar til útreikninga sem ég framkvæmdi í samstarfi við danska sérfræðinga hjá SimHerd við undirbúning af endurskoðun á hagrænu vægi eiginleika í kynbótamati. Ástæður þess að endurnýjunarhlutfallið er of hátt á Íslandi tel ég vera af þrennum toga. Fyrsta lagi er það að frjósemi kúa hefur smám saman dregist saman síðustu 20 árin. Í öðru lagi er kúm lógað vegna júgurgalla eða júgurbólgu sem annars hefðu getað enst eitt ár í viðbót. Í þriðja lagi er ekki virkur markaður með kvígur á Íslandi líkt og í sumum nágrannalöndum okkar svo það er engin leið fyrir bændur að losa sig við kvígur upp í kostnað og því þarf að finna gamla kú til að slátra þar sem allar kvígur eru vanalega settar á.

Sé dregið úr endurnýjunarhlutfalli þarf því færri kvígur inn í stofninn á hverju ári og þar með færri kvígur í uppeldi. Þá komum við að síðasta atriðinu til þess að ná verulegum árangri. En það er kyngreint sæði. Með því að nota kyngreint sæði er hægt að stýra framleiðslu á kvígum og framleiða holdanautablendinga fyrir rest.

Með þeim hætti mætti draga verulega úr þörfinni á því að hafa sérstakar holdakýr þar sem hægt væri að framleiða það nautakjöt sem til þarf út úr framleiðslukerfi mjólkurinnar. Slíkt er umhverfislega mjög eftirsóknarvert – þar sem að metanútblásturinn deilist því á mörg þúsund lítra af mjólk til viðbótar við kjötið. Sömuleiðis þarf að ná stjórn á kálfadauða, með ræktun og með bættu umhverfi gripa.

Ef að næðist árangur í þessum atriðum tel ég að nautgripastofninn gæti verið talsvert minni á hverjum tíma og framleiðslukostnaður mjólkur lægri en hann er í dag. Það er allrahagur, neytenda, bænda og mjólkuriðnaðarins. Fyrir utan það að loftslagsspor mjólkur og kjötframleiðslu væri þeim mun minna. En til að það geti gerst þarf markvissa vinnu. Nú þegar hafa kúabændur stigið risaskref í því að taka upp erfðamengisúrval og unnið er að því að bæta mat á frjósemi hjá RML. Bæta þarf uppeldi gripa og gróffóðuröflun þannig að lækka megi meðalaldurinn. Svo er það búnaðurinn til kyngreininga á sæði sem er dýr einskiptiskostnaður. Niðurstaðan verði hagfelldari mjólkurpottur fyrir neytendur og bændur ásamt minna loftslagsspor af neyslu Íslendinga á mjólkurvörum og nautakjöti.

Kári Gautason
Höfundur er sérfræðingur í úrvinnslu hagtalna hjá Bændasamtökum Íslands.

FRÉTTIR

Verðlaunaafhendingar hjá fjárræktarfélaginu Neista í Dalabyggð:

Besti veturgamli hrúturinn var Lási frá Breiðabólsstað

Sauðfjárræktarfélagið Neisti í Dalasýslu hefur undanfarin ár veitt verðlaun fyrir bestu lambafeður, alhliðahrúta og ána sem gefur mestar æviafurðir. Starfssvæði félagsins eru Hvammssveit og Fellsströnd en árið 2020 var upplýsingum skilað fyrir tæplega 4.300 ær hjá 16 félagsmönnum.

Jón Egill Jóhannsson, ritari fjárræktarfélagins Neista, sendi Bændablaðinu pistil um þessa verðlaunaafhendingu. Þar kemur fram að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hafi annast framkvæmd verðlaunaveitinganna fyrir félagið undanfarin ár og farið eftir þeim reglum sem fagráð í sauðfjárrækt hefur sett um verðlaunareglur.

Besti lambafaðirinn er alltaf valinn úr hópi veturgamalla hrúta og byggir valið á kynbótamati hrútanna að uppfylltum þeim skilyrðum að hrúturinn eigi að lágmarki 30 sláturlömb og hafi yfir 105 í fallþungaeinkunn.

Árið 2020 áttu 149 hrútar afkvæmi skv. uppgjörsskýrslum og uppfylltu 42 þeirra að hafa lágmörk á kynbótamati sér í hag. Aðeins 9 hrútar uppfylltu svo skilyrði um minnst 30 sláturlömb og yfir 105 í fallþungaeinkunn.

Lási fráBreiðabólstað var besti veturgamli lambhrúturinn

Besti veturgamli hrúturinn haustið 2020 á grunni þessara forsendna var Lási 19-747 frá Breiðabólsstað en hann er sonur Glæpons 17-809 frá Hesti og í framættum móðurmegin er Ás 09-877 frá Skriðu MFF.

Vilhjálmur B. Bragason á Breiðabólsstað tók við viðurkenningarskildi fyrir Lása til varðveislu næsta árið. Skjöldurinn var gerður var af Ríkharði Jónssyni myndhöggvara.

Þess má geta að besti lambafaðirinn óháð aldri var Lomber 17-526 frá Rauðbarðaholti en sá er sonur Lóma 15-867 sem nú er á sæðingastöð en var áður notaður í Rauðbarðaholti.

Gaukur var besti alhliða hrúturinn

Besti alhliðahrúturinn er svo sá sem hefur hæsta heildareinkunn kynbótamats en þurfti jafnframt að eiga 10 dætur eða fleiri í uppgjöri haustið 2020. Efsta sætið þar kom í hlut Gauks 15-707 frá Breiðabólsstað en hann var sonur Tjalds 11-922. Þess má geta að í öðru sæti var Lómi 15-867 sem var til heimilis í Rauðbarðaholti þar til í sumar er hann fór á sæðingastöð.


Vilhjálmur B. Bragason á Breiðabólsstað með viðurkenningu fyrir Lása 19-747 sem var metinn besti veturgamli hrúturinn haustið 2020. Myndir / Neisti



Guðbjörn Guðmundsson, Magnússkógum 2, með viðurkenningu fyrir Mjólku 15-286.

Gaf félaginu viðurkenningarskjöld

Rúnar Jónasson, fyrrverandi bóndi á Valþúfu á Fellsströnd, gaf félaginu viðurkenningarskjöld hannaðan af Gunnhildi Jónsdóttur frá Berjanesi sem veittur er þeirri kind sem skilar mestum æviafurðum.



Rúnar Jónasson með viðurkenningarskjöldinn sem hann gaf Sauðfjárræktarfélaginu Neista fyrir ána sem skilar mestum æviafurðum.

Til að reikna mestu æviafurðir eru þær reiknaðar fyrir einn árgang kinda og í þetta skiptið voru það ær fæddar 2015 sem átt höfðu lömb í fimm skipti. Við útreikning teljast lömbin alltaf til þeirrar kindar sem þau ganga undir. Fallþungi lambanna er reiknaður yfir í krónur m.v. verðskrár SKVH haustið 2020 án allra yfirborgana. Ásetningslömb eru reiknuð í fallþunga m.v. reglur skýrsluhaldsins og fá verðgildi m.v. flokkinn DU2.

Byggt á þessum grunni voru æviafurðir kinda sem fæddar voru árið 2015 á félagssvæðinu 53.028 krónur að jafnaði og reiknuðust 10 ær með meira en 90.000 krónur í æviafurðir.

Ærin Mjólk gaf best

Efst að þessu sinni var ærin Mjólka 15-286 frá Magnússkógum 2 en hún hafði tæpar 106.000 krónur í æviafurðir fyrir 11 lömb. Mjólka er afkomandi Grábotna 06-833 og Höfðingja 10-919. Tók Guðbjörn Guðmundsson á við viðurkenningunni fyrir Mjólku.





Gleðilega hátíð





FRÉTTASKÝRING

Leitin að hinu heilaga rafhlöðu-grali

– hvar sjálfrennireiðar framtíðar munu fá orku sína án þess að eiga á hættu að brenna í vítislogum



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Fyrir utan að gefa ekki frá sér mengandi útblástur er trúlega einn helsti kostur rafbílanna hversu miklu færri hreyfanlegir hlutir eru í bílunum. Það þýðir einfaldlega að það eru færri hreyfanlegir hlutir sem geta bilað. Þetta eru staðreyndir sem áhugafólk um gömlu bensínrokkana geta trauðlega mótmælt. Vert er þó að hafa í huga að rafbúnaður getur líka bilað og því flóknari sem hann er, því verra getur dæmið verið.

Rafmagnsbílar ganga fyrir rafmagni og ein leið til að geyma orku fyrir aksturinn er að útbúa þá með rafhlöðum. Enn sem komið er hefur mönnum ekki auðnast að koma á markað rafhlöðum sem eru bæði ódýrar í framleiðslu, hafa drægni sem jafnast á við hefðbundinn dísil-, bensín-, eða metanbíl og endast líftíma bílsins. Samt hefur leitin að þessu heilaga rafhlöðu-grali, sem leysa á öll heimsins vandamál í rafbílaheiminum, staðið yfir í áratugi.

Vetnisknúnir rafbílar að komast á skrið

Ein vænleg leið til að leysa þetta gæti verið að nota vetni sem orkumiðil og breyta því um borð í ökutækinu í rafmagn í gegnum efnarafal til að knýja bílinn. Um allan heim hafa menn nú veðjað á þessa lausn til að knýja öll stærri ökutæki og þegar er hafin innviðauppbygging víða um lönd til að mæta slíkri tækniinnleiðingu.

Einnig stefna flestir framleiðendur stórra ökutækja á að nota vetnisefnarafala í stað rafhlaða í sín ökutæki í framtíðinni til að taka við af dísiltrukkunum. Jafnframt tala sömu framleiðendur um að dísiltrukkarnir og metangasknúin ökutæki muni áfram leika veigamikið hlutverk í þungaflutningum í verktakageiranum og í landbúnaði í það minnsta næstu 20–30 árin.

Vetnisbrunavélar

Einnig hafa verið kynntir brunahreyflar sem ganga fyrir vetni og eru ekki ósvipaðir bensín- eða dísilvélunum gömlu. Þessi tæki eru kölluð „Hydrogen internal combustion engine vehicle (HICEV)“. Þetta eru ekki bara hugmyndir heldur vélar sem eru sagðar virka vel og eru sparneytnar að auki. Toyota kynnti m.a. slíka vél í júní á þessu ári. Subaru, Mazda, Kawasaki og Yamaha kynntu meira að segja samstarf við Toyota um hönnun og smíði slíkra véla, sem greint var frá í Green Car Reports þann 29. nóvember síðastliðinn. Vetnið mun koma frá nýrri verksmiðju í Fukuoka í Japan.


Evrópski bílaframleiðandinn BMW hefur líka gert tilraunir með slíkar vélar og prófaði í bíl sínum Hydrogen 7 sem búinn var V-12 vetnisvél.

Dráttarvélaframleiðandinn JCB í Bretlandi kynnti aðra slíka vél á þessu ári sem sagt var frá í Bændablaðinu hér fyrir skömmu og er sögð tilbúin í framleiðslu.


Ein leið enn er talin möguleg við að nota vetni á brunahreyfla, en það er að breyta því einfaldlega í fljótandi ammoníak líkt og gert er í áburðarframleiðslu.

Tækifæri fyrir Ísland

Þessa vetnislausn sjá menn m.a. sem mikið tækifæri fyrir hreinorkulandið Ísland. Meira að segja Þjóðverjar, Bretar og fleiri Evrópuþjóðir vilja nú ólmar slást í vinahópinn um vetnisframleiðslu á Íslandi. Þrátt fyrir ágæti vetnislausnarinnar vilja menn samt enn reyna að halda í rafhlöðulausnina fyrir fólksbíla og önnur minni ökutæki og vélar og leitin að töfralausninni heldur áfram.



Liþíum-jóna rafhlöður (Litium-Ion) í Nissan.



Einföld skýringarmynd á muninum á hefðbundnum rafhlöðum með fljótandi raflausn og rafhlöðum með föstum raflausnarkjarna.



Svona hugsar kínverski rafhlöðurisinn CATL sér rafbíl með þeirra útgáfu af fastkjarna-rafhlöðu.

Ekki á mjög marga vetur setjandi

Nær allir framleiðendur rafmagnsbíla í dag viðurkenna að Liþíum-jóna (Lithium Ion) rafhlöðurnar eru ekki framtíðarlausn til að geyma raforku til nota í ökutækjum. Það er samt eina raunhæfa lausnin sem menn hafa tiltæka í augnablikinu.

Það sem hefur haldið lífinu í þeirri þróun og greitt drjúgan hluta af kostnaðinum er að tekist hefur að virkja ríki um víða veröld til að niðurgreiða tæknina í skjóli ótta sem búið er að byggja upp við hlýnun jarðar. Hugtakið „Global Warming“ virðist þannig vera orðið notað sem víðtækt skjól fyrir ákvarðanatöku stjórnmálamanna um lítt ígrundaðar fjárveitingar og ótrúlegar upphæðir úr almannasjóðum.

Er gralið falið í fastkjarnarafhlöðunum – amma?

Þrátt fyrir gríðarlegar fjárfestingar byggingu liþíum-jóna rafhlöðuverksmiðja hafa bifreiðafyrirtækin sum hver einnig eytt milljörðum dollara í þróun á „fastkjarna-rafhlöðum“ (Solid State batteries – SSBs) sem eiga að hafa margfalda orkugetu á við núverandi rafhlöður og það án eld- eða sprengihættu.

Í að minnsta kosti 30 ára hafa vísindamenn verið að gera tilraunir með fastkjarnarafhlöður (SSBs) sem innihalda fastan rafleiðnimassa í stað seigfljótandi eldfims hlaups eins og er í liþíum-jóna rafhlöðunum og er í raun stórvarasamt.

Annað slagið hafa poppað upp fréttir af því að einhverjir hafi fundið hina einu sönnu lausn en þær virðast hafa gufað upp í reyk jafnharðan. Þar hafa menn m.a. verið að ræða um natríumjónarafhlöður, liþíum-brennisteins-rafhlöður, liþíum-loft rafhlöður og fleira.

Þetta staðfestir í raun að sú gagnrýni sem höfð hefur verið uppi um lithium-jóna rafhlöðurnar hefur ekki verið út í loftið þó bílaframleiðendur hafi ekki séð neinn annan betri kost í stöðunni til þessa. Nú tala vísindamenn um að liþíum-jóna rafhlöðurnar muni mögulega ekki verða ríkjandi á markaðnum nema kannski út þennan áratug.

Framleiðsla liþíum-jóna rafhlaðanna hefur aukist jafnt og þétt

Á árinu 2010 var framleiðsla liþíum-jóna rafhlaða í heiminum sem svaraði 20 gígawattstundum (GWst). Árið 2016 hafði framleiðsla á slíkum rafhlöðum aukist mikið og komin í 28 GWst., þar af 16,4 GWst. í Kína sem er langöflugasta framleiðsluland slíkra rafhlaða. Á árinu sem nú er að líða hefur áætluð framleiðsla liþíum-jóna rafhlaða í heiminum verið áætluð sem svarar 200 til 600 GWst. sem sýnir að mikið er byggt á spám og fullyrðingum framleiðenda sem munu ekki allar standast. Svipuð spá frá ólíkum aðilum fyrir árið 2023 hljóðar upp á framleiðslu á slíkum rafhlöðum sem svara 400 til 1.000 GWst.

Endingartíminn er líka sagður mjög breytilegur þrátt fyrir að ætla mætti annað af fullyrðingum á vefmiðlum. Flestir bílaframleiðendur segjast ábyrgjast endingu í 5 til 8 ár. Síðan hafa menn verið að spá því að rafhlöður bíla muni í framtíðinni endast í mögulegan líftíma bílsins eða í 10 til 20 ár og jafnvel lengur. Þá eru menn yfirleitt ekki að taka um liþíum-jóna rafhlöður heldur en fastkjarna-rafhlöður. Reyndar hafa liþíum-jóna rafhlöðurnar verið að koma betur út en margir þorðu að láta sig dreyma um.



Franski bílaframleiðandinn Renault tekur fullan þátt í rafbílavæðingunni og hefur þar notast við liþíum-jóna rafgeyma. Renault hikar þó ekki við að segja allan sannleikann um kosti og líka galla þessara rafhlaða, jafnvel þó margir ofsatrúaðir rafbílasinnar telji slíkt jaðra við guðlast.

Margir þættir geta haft slæm áhrif á orkugetu og endingu


Bílaframleiðandinn Renault gaf það þó út í bæklingi í mars á þessu ári 2021 að margir þættir geti haft áhrif á endingu rafhlaða. Þar er ekki verið að reyna að fegra hlutina nokkurn skapaðan hlut eins og mörgum er gjarnt að gera. Þar benda þeir á að það sé ekki gott fyrir rafhlöðurnar að skilja rafmagnsbíl eftir fullhlaðinn og láta hann standa óhreyfðan um langan tíma. Sérstaklega ekki í miklum hita.

Tíð hleðsla styttir líftímann

Tíð hleðsla á rafgeymum hefur líka slæm áhrif og síðan segir Renault:

Til lengri tíma litið hefur það skaðleg áhrif að reyna að halda hleðslu rafhlöðunnar uppi með því að tengja bílinn við hleðslustaðinn fyrir stuttar hleðslur í einu. Við hverja hleðslu á hraðhleðslustöð framleiðir rafhlaðan hita og við það versna eiginleikar hennar smátt og smátt.

Þá segir Renault að ekki sé æskilegt að hlaða rafhlöður bílanna 100% í hvert skipti, frekar nær 80%. Sem sagt, uppgefin orkugeta og drægni bílaframleiðenda þarf að taka mið af þessu.



Vetnisknúni rafbíllinn Toyota MIRAI hefur sett mörg met á meðal nýorkubíla. Nú á árinu 2021 var honum t.d. ekið 845 mílur, eða 1.359,9 kílómetra, á einni tankfyllingu.

Útihitastig skiptir miklu máli

Renault bendir líka á að útihitastig skipti miklu máli fyrir rafhlöður rafmagnsbíla. Hátt hitastig getur stytt líftíma rafhlaðanna og lágt hitastig þýðir að þær halda illa rafmagni og drægni bílanna verður minna. Kuldi styttir aftur á móti ekki líftíma rafhlaðanna.

Þá kemur Renault að enn einum veigamiklum þætti sem fólk ætti að huga að. Endurnýjun rafhlaða í bíla er flókið mál. Það þarf sérfræðikunnáttu til að skipta um slíkar rafhlöður þar sem þær eru hættulegar í meðförum. Þá eru þær þungar og vegna innihalds þeirra eru þær hættulegar í flutningum og er meira að segja bannað að flytja slíkar rafhlöður í flugvélum. Flutningar í skipum og lestum krefjast sérstakra ráðstafana.

Vissulega er tæknilega mögulegt að endurnýja einingar í liþíum-jóna rafhlöðum, en það er mjög dýrt. Síðan er líka talað um endingu á bílarafhlöðum í mögulegum fjölda á endurhleðslum. Þá er gjarnan talað um möguleika á 400 til 1.200 endurhleðslum sem er reyndar ótrúlega lítið ef rafhlöðurnar eiga að endast í 8–10 ár. Allavega má notkunin þá ekki vera sérlega mikil. Ef rafhlaða endist t.d. ekki nema til að taka 400 hleðslur á líftíma sínum, þá mætti ekki hlaða bílinn nema fjórum sinnum á ári miðað við 8 ára endingu.

Murata Manufacturing komið í gang

Árið 2019 voru kynnt áform japanska rafeindaíhlutaframleiðandans Murata Manufacturing um að hefja fjöldaframleiðslu á nýjum fastkjarna-rafhlöðum. Átti framleiðslan að hefjast 2020 og í sumar var sagt nú á haustdögum. Framleiðslan verður á vegum Yasu deildar fyrirtækisins í héraðinu Shiga. Til að byrja með er stefnan tekin á smáraftæki og framleiðslan í smáum stíl, en auka á framleiðsluna þegar kemur fram í mars 2022.

Meðal annarra fyrirtækja sem unnið hafa að hönnun fastakjarnarafhlaða má nefna Bright Volt, Samsung, Albemarle, Iconic material, ProLogium, QuantumScape, Sion Power, The Coretec group, Evonik, Solid Power, Hyundai, Ampcera og kínverska risafyrirtækið CATL. Mörg fleiri hafa þegar eytt ómældum milljörðum dollara í slíka þróun og sagst vera alveg að koma með slíkar rafhlöður á markað án þess að nokkuð hafi gerst. Þar má nefna bílaframleiðandann Fisker sem sagðist vera alveg að koma með á markað súper fastkjarnarafhlöðu á árinu 2020 sem átti að komast yfir 1.100 kílómetra á einni hleðslu. Síðan var framleiðslu sagt seinka til 2022, en nú er búið að henda öllum slíkum áformum út um gluggann. Þá keypti fyrirtækið Dyson Satki 3 árið 2015 og eyddi milljörðum dollara í verkefnið sem var svo lagt á hilluna árið 2017.

Kínverski risinn CATL með ofurrafhlöðu?

Kínverski rafhlöðuframleiðandinn CATL kynnti á ráðstefnu í janúar á þessu ári áform um hönnun og framleiðslu á fastkjarnarafhlöðum með orkugetu sem samsvarar 350 til 400 wattstundum á hvert kg í þunga (350 Wh/kg). Sögðu forsvarsmenn fyrirtækisins að enn ætti eftir að leysa nokkur tæknileg lykilatriði, en rannsóknir hafi staðið yfir í 10 ár. Svonefndar LFP liþíum-jóna rafhlöður fyrirtækisins, sem Tesla hefur m.a. stært sig af, hafa mest náð orkugetu upp á 160 Wh/kg, samkvæmt upplýsingum af vef InsideEVs.

Snýst um að hreppa risavinninginn í rafhlöðulottóinu

Þrátt fyrir endalaus vonbrigði í hönnun fastkjarnarafhlaða undanfarna áratugi er samt ljóst að fjöldi fyrirtækja og vísindamanna vinnur að því baki brotnu að finna réttu lausnina á að framleiða fastkjarnarafhlöður sem duga bæði í smáraftæki og bíla. Til mikils er að vinna, því talið er að sá sem dettur niður á bestu lausnina, hreppi um leið risavinninginn í þessu lottói og verði í kjörstöðu í orkuskiptum ökutækja í heiminum.

Ástæðan fyrir vantrú framleiðendanna sjálfra á liþíum-jóna er einfaldlega hversu óstöðugar slíkar rafhlöður eru með tilliti til sjálfsíkveikju og takmarkaðir orkuþéttnieiginleikar og hleðsluhraði á slíkum rafhlöðum. Þær eru auk þess mjög orkufrekar og mengandi í framleiðslu og stuðla að því að hratt gengur á jarðefnin sem í þær eru notuð.

Fullyrt um endurvinnslu á liþíum-jóna rafhlöðum án haldbærra gagna

Þá er viðurkennt að mjög erfitt er að endurvinna efnin sem notuð eru í slíkar rafhlöður. Nánast allt tal um endurvinnslu lýtur að því að lengja líftímann á notuðum rafhlöðum. Það er gert með því að endurnýta skástu hlutina úr notuðum rafhlöðum í einhvern tíma. Þetta er dýr og tímafrek aðgerð og afkastageta slíkra verksmiðja sem settar hafa verið á fót nemur aðeins nokkur þúsund rafhlöðum á ári.

Yfir 10 milljón bílarafhlöður á götunum

Seldir rafbílar í heiminum fóru yfir 10 milljóna markið á árinu 2020, þar af 4,5 milljónir í Kína. Evrópusambandið gerir ráð fyrir að í Evrópu einni verði komnir um 30 milljónir rafbíla í notkun árið 2030. Samkvæmt umfjöllun breska ríkisútvarpsins BBC fyrr á þessu ári er haft eftir endurvinnslusérfræðingnum dr. Paul Anderson við háskólann í Birmingham að erfitt væri að segja til um hversu mikið af liþíum-jóna rafhlöðum færi í endurvinnslu. Sumir segðu 5%, en víða um heim væri það hlutfall mun lægra.

Rafhlöður þessara bíla eru sagðar hafa allt að 8 til 10 ára endingartíma. Sumir bílarnir lenda í tjóni og enda því ferilinn mun fyrr. Þessum bílum verður ekki hent í pressu til endurvinnslu eins og gert er við bíla í dag, m.a. vegna mengunar- og sprengihættu.


Endurvinnsla meira í orði en á borði

Til að líta betur út í endurvinnslu-umræðunni hafa fyrirtæki á borð við Daimler (framleiðandi Mercede-Benz) sagst vera með áform um byggingu á risastórri 11,3 hektara endurvinnsluverksmiðju í Kuppenheim. Slegið hefur verið úr og í með þessa verksmiðju sem upphaflega átti að vera í Gaggenau og síðan fullyrt að verksmiðjan í Kuppenheim myndi skapa 1.000 störf á svæðinu. Nýverið var hins vegar frétt í blaðinu Badisches Tagblatt, sem hefur eftir forsvarsmönnum í innsta hring Daimler að til að byrja með verði störfin aðeins 50 og fari í 150 þegar vinnslan verði komin í gang.

Samt er almenningur hvattur til að kaupa bifreiðar með slíkum rafhlöðum á þeim forsendum að það sé einfaldlega besta þekkta lausnin sem í boði er.



Bruni á hreinu vetni eða öðru „rafeldsneyti“ eins og ammoníaki í hefðbundnum brunahreyflum hefur líka verið til skoðunar hjá bílaframleiðendum í stað bruna á jarðefnaeldsneyti.



Vetnisvél frá Toyota sem byggir á hefðbundnum brunahreyfli.



Tíðar og stuttar rafhleðslur og ekki síst með hraðhleðslu fer ekki vel með endingu rafgeyma samkvæmt upplýsingum Renault. Þá er heldur ekki æskilegt að fullhlaða geymana í 100% hleðslu.

Rafhlöðuvandi plagar framleiðendur

Í sumar bárust fréttir af vandræðum General Motors vegna rafbílsins Chevrolet Bolt sem var talinn skila stórsigri fyrirtækisins á Tesla í fjöldaframleiðslu rafbíla. Vermirinn var þó skammgóður því fljótlega fóru að berast fréttir af skammhlaupi og bruna í þessum bílum þegar verið var að hlaða þá, en rafhlöðurnar eru frá LG í Kóreu. Í síðasta mánuði var tilkynnt um innköllun á öllum 141.000 Chevrolet Bolt bílum sem búið var að selja víða um heim síðan 2017. Talið er meiri háttar mál að gera við bílana, enda vegur rafhlaðan í einum slíkum bíl 960 pund, eða um 435 kg. Ekki er talið á bætandi að slíkar rafhlöður hlaðist upp í vörugeymslum þar sem sáralítið af þeim er enn farið að setja í endurvinnslu. Sem dæmi þá eru einungis endurheimt um 2–3% af bílarafhlöðum á ári sem síðan eru send á óskilgreinda staði erlendis til endurvinnslu. Endurvinnsluhlutfallið í Evrópu og Bandaríkjunum er sagt vera innan við 5%.

Alþjóðaorkustofnunin IEA áætlar að 148 til 230 milljónir rafbíla með svipaðar rafhlöður verði komnir á göturnar í lok þessa áratugar. Talið er að 500.000 tonn af notuðum bílarafhlöðum muni liggja fyrir í Kína eingöngu fyrir árslok 2030. Þá verði komin á markað litþíum-jóna rafhlöður sem samsvarar 2 milljónum tonna um heim allan. Sumar tölur eru mun hærri.

Evrópusambandið hyggst setja reglugerð um 70% söfnun á notuðum bílarafhlöðum og 95% endurnýtingu á innihaldsefnunum kóbalti, kopar, blýi og nikkel og 70% endurnýtingu á liþíum úr bílarafhlöðum fyrir 2030. Það byggist á að endurvinnslan verði það ódýr að hægt verði að endurselja efnin á markaði. Þær reglur munu þó enn aðeins vera á hugmyndastigi samkvæmt frétt The Guardian.



EMBLUVERÐLAUNIN

Frambærilegir og flottir fulltrúar frá Íslandi

Sex norræn bændasamtök, þar á meðal Bændasamtök Íslands, standa að baki norrænu matvælaverðlaununum Emblunni, sem haldin er annað hvert ár og styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Markmiðið er að lyfta norrænni matarmenningu og skapa aukinn áhuga á henni utan svæðisins. Embluverðlaunin fara fram í mars á næsta ári í Osló og er nú ljóst hverjir hafa verið tilnefndir í flokkunum sjö fyrir Íslands hönd.



Hjónin Sigríður Sigurðardóttir og Pétur Pétursson eiga og reka fyrirtækið Jöklavin utan um framleiðslu á fyrsta íslenska rjómalíkjörnum Jöklu sem hefur fengið góðar viðtökur. Með þeim á myndinni er kýrin Jökla frá Hraunhálsi.
Mynd / Ásta Sigurðardóttir

Norrænn matarfrumkvöðull
Pétur Pétursson
– Jökla rjómalíkjör

Pétur Pétursson mjólkurfræðingur er aðdáandi íslenska kúakynsins og afurða þeirra. Hann ákvað fyrir 14 árum síðan að búa til íslenskan og sérstakan rjómalíkjör. Nóg er til af mjólk á Íslandi og bændur eru duglegir að framleiða úrvalsmjólk. Hugmyndin var framkvæmd í eldhúsinu heima í Mosfellsbæ. Nafnið Jökla kom um leið og rjóminn fór fram og til baka í prufuglasinu. Jökla er nafn á kröftugri og fallegri jökulá á Íslandi. Unnið er eins mikið úr mjólkinni og hægt er og hrein mjólkurefni eru notuð í stað utanaðkomandi þykkingarefna. Sú samsetning tókst eftir öll árin og fyrsta framleiðsla og sala var í maí 2021. Stofnað var fyrirtækið Jöklavin sem er í eigu Péturs og konu hans, Sigríðar Sigurðardóttur viðskiptafræðings. Jökla hefur fengið frábærar viðtökur neytenda bæði á Íslandi og erlendis vegna hins sérstæða ferska bragðs og eftirbragðs. Jökla fæst í öllum vínbúðum og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Stefnt er að því að koma Jöklu á markað á Norðurlöndunum innan skamms og eru framtíðarhorfur bjartar.



Norrænn matur fyrir börn og ungmenni
– Matartíminn

Matartíminn var stofnaður árið 2017 undir merkjum Sölufélags garðyrkjumanna og er því alfarið í eigu grænmetisbænda. Starfið er margþætt en í grunninn má skipta markmiðum Matartímans í tvennt. Annars vegar er unnið að því að draga úr matarsóun með fullnýtingu uppskerunnar frá íslenskum grænmetisbændum. Hins vegar hefur Matartíminn unnið að því að bæta aðgengi íslenskra skólabarna að ferskri og hollri næringu.

Verkefni starfsfólks Matartímans er ekki síst að vinna hug og hjörtu unga fólksins með því að koma því snemma á bragðið af fersku og safaríku, íslensku grænmeti. Í dag þjónar Matartíminn að jafnaði 4.500 börnum hvern dag í leikskólum og grunnskólum og leggja áherslu á að sinna þörfum allra af alúð. Matartíminn leggur sérstaka áherslu á að viðkvæmustu hóparnir, börn með ofnæmi og sérstakar þarfir, fái góða þjónustu. Hjá Matartímanum starfar matreiðslufólk með sérfræðiþekkingu.

Matartíminn spannar allt litróf ið í fjölbreyttu framboði á hollum og góðum mat. Vegan-máltíðir eru alltaf á matseðlinum, bæði í leikskólum og grunnskólum, ekki síst á unglingastigi þar sem eftirspurnin hefur aukist á seinni árum. Loks hefur Matartíminn bætt við girnilegum salatbar við þjónustuna í grunnskólum til að koma enn betur til móts við ólíkan smekk og þarfir barnanna. Mikil áhersla er lögð á að bjóða í sem ríkustum mæli upp á innlenda framleiðslu af öllu tagi. Hráefninu er pakkað í höfuðstöðvum SFG áður en dreifikerfi Matartímans tekur við og kemur til skólanna. Þar taka matráðar okkar við, elda matinn og framreiða með glæsibrag.



Norrænn mataráfangastaður
- Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjar hafa alltaf verið matarkista og stærsti iðnaður eyjanna í kringum fisk. Í sögunni voru lundaveiðar lengi vel annar stærsti iðnaðurinn og eru til ótal sögur um notkun þara og þá sérstaklega söl. Þar er mikið af jurtum sem notaðar voru til lækninga og til að mynda bjargaði skarfakál sem var tínt í úteyjum eyjafólki frá skyrbjúg. Þeir sveitabæir sem voru á Heimaey fóru flestir undir gos og því er sagan ekki rík á bændum á eynni þó það séu enn einhverjir í smábúskap. Notast var lengi vel við hitann sem eldfjallið gaf og oft voru rúgbrauð bökuð í öskunni í kringum eldfjallið Eldfell með því að grafa dós með brauðdeigi í hrauninu.

Með breyttum áherslum í sveitarfélaginu hefur annar iðnaður rutt sér til rúms á undanförnum árum og það er ferðamannaiðnaðurinn. Með bættum ferðamannastraumi þá hefur opnast tækifæri að opna enn betri veitingastaði en áður því fleiri eru viðskiptavinirnir sem kunna sérstaklega að meta staðbundna matreiðslu. Á síðustu árum hefur metnaðarfullt fólk úr matvælageiranum opnað veitingastaði í Vestmannaeyjum sem margir myndu flokka á heimsmælikvarða. Sérstaða flestra staða er aðgangurinn að hágæða hráefni sem er undirbúið með mikilli virðingu.

Umfjallanir um veitingastaðina hafa ratað í marga af stærstu fjölmiðlum heims á síðustu árum þar sem talað er um hversu magnað það sé að hægt er að reka staði af þessu tagi á eyju sem undir fimm þúsund manns búa. Einnig hafa verið gefnar út ótal bækur á mörgum tungumálum frá veitingastöðum í Vestmannaeyjum og síðasta dæmið er að bókaframleiðandinn Phaidon gaf út bók út um allan heim um veitingastað á eyjunni þar sem kafað er djúpt í matarsögu eyjanna og hráefnið sem hægt er að fá á eyjunni og í kringum hana.



Eirný Sigurðardóttir, Carlo Petrini, formaður Slow Food, Dominique Plédel Jónsson og Rinaldo Rava, frá Slow Food International.

Norrænn matur fyrir marga
– Dominique Plédel Jónsson

Dominique Plédel Jónsson er fædd í Frakklandi og flutti til Íslands árið 1970. Hún er landfræðingur að mennt og bjó í 10 ár í Danmörku og Noregi. Síðastliðin 18 ár hefur hún rekið eigin vínskóla fyrir fagfólk og leikmenn með alþjóðlega vottun, þar sem hún fylgir að mörgu leyti hugmyndafræði Slow Food um lífræn og náttúruleg vín. Frá árinu 2008 hefur Dominique verið formaður Slow Food Reykjavík og frá 2019 fyrir Slow Food á Norðurlöndunum. Hún hefur verið virkur meðlimur í Slow Food frá árinu 1996 og var stofnandi félagsins hér á landi. Dominique hefur alla tíð verið óþrjótandi að kynna og fræða um svæðisbundin hráefni og smáframleiðendur. Hún hefur ferðast um Ísland í mörg ár til að opna á samtalið við kokka, bændur, framleiðendur, skólastjórnendur um möguleikana og þá nauðsyn að þróa svæðisbundna rétti og til að sýna fram á hagkvæmni og ástæðunafyrir því að framleiða góðan, hreinan og sanngjarnan mat á Íslandi. Dominique var um tíma blaðamaður á Gestgjafanum þar sem hún lagði áherslu á framtíð íslenskra matvæla ásamt því að veita smáframleiðendum sérstaka athygli.

Árið 2009 skipulagði Dominique fyrsta Slow Food-viðburðinn hérlendis í Norræna húsinu sem vakti mikla athygli, þá sérstaklega „Diskósúpan“, sem hún eldaði fyrir 200 manns en matvælunum hafði verið fargað af verslunarkeðjum og vakti gríðarmikla athygli og umhugsun á matarsóun. Einnig hefur Dominique skipulagt þátttöku Íslendinga á alþjóðasýningu Slow Food í Salone del Gusto í Turin á Ítalíu og komið þannig Íslandi þar á kortið, en sýninguna sækja um 250 þúsund manns.

Dominique er einn af stofnendum Samtaka smáframleiðenda matvæla á Íslandi. Það má með sanni segja að Dominique hafi helgað 25 árum af lífi sínu til að berjast fyrir góðum, hreinum og sanngjörnum matvælum frá Íslandi og á Norðurlöndunum.



Wasabi-jurtin er ræktuð í hátæknigróðurhúsi á Egilsstöðum þar sem fullkomið tölvukerfi stjórnar rakastigi, hita, ljósi og vökvun.

Norrænn matvælaframleiðandi
– Nordic Wasabi

Nýsköpunarfyrirtækið Jurt, sem Johan Sindri Hansen og Ragnar Atli Tómasson, stofnuðu, setti sína fyrstu vöru á markað, Nordic wasabi, eða ferskt íslenskt wasabi, fyrir fjórum árum sem er hreint wasabi og ræktað á sjálfbæran hátt í hátæknigróðurhúsi á Egilsstöðum þar sem jarðhiti og rafmagn eru nýtt til framleiðslunnar. Í dag reka Ragnar og Óli Hall, sölu- og markaðsstjóri Jurtar, fyrirtækið. Jurt starfar samkvæmt Nordic Food Manifesto, þar sem áherslan er lögð á hreinleika, ferskleika og einfaldleika eða sjálfbæra framleiðslu frá upphafi til enda.

Ferskt wasabi er unnið úr stilk wasabi-plöntunnar og er 100% hrein afurð án allra aukaefna. Stilkur plöntunnar er rifinn niður á þar til gerðu rifjárni og þannig fæst wasabi-maukið. Fljótlega eftir að framleiðsla hófst fóru kokkar á Íslandi og í Evrópu að falast eftir hráefninu sem stendur fyrir gæði og hreinleika íslenskrar framleiðslu. Margir af þekktustu veitingastöðum Evrópu nota wasabi frá Íslandi sem er ræktað á sjálfbæran hátt.



Norrænn matvælamiðlari
– Gunnar Karl Gíslason – DILL

Gunnar Karl Gíslason, eigandi veitingastaðarins DILL, var alltaf í sveit sem krakki og dreymdi um að verða bóndi. Þegar hann kom inn í atvinnueldhús, 16 ára gamall og nýráðinn í uppvaskið, breyttist sá draumur fljótt, því andrúmsloftið í eldhúsinu heillaði hann frá fyrstu stundu. Eftir nám í matreiðsluiðn vann hann á nokkrum veitingastöðum í Evrópu, meðal annars á tveggja stjörnu Michelin-stöðunum Kommandanten og Ensembel í Kaupmannahöfn. Eftir að hann sneri aftur til Íslands starfaði hann með Sigga Hall en réð sig síðan til veitingastaðarins VOX árið 2005 þar sem hann horfði meira og meira til sérstöðu íslenskra hráefna.

Árið 2009 opnaði hann sinn eigin veitingastað, DILL í Norræna húsinu í Reykjavík. Draumur hans var að opna stað þar sem norræna eldhúsið myndi blómstra og var markmið hans að komast yfir allt það norræna hráefni sem hann gæti. Síðar togaði íslenskt hráefni sterkar og sterkar í hann. Svæðisbundin matvæli eru alltaf í forgrunni og er DILL einn af þekktustu veitingastöðum landsins, með eina Michelin-stjörnu og hefur fengið viðurkenninguna Besti veitingastaður á Íslandi af White Guide Nordic. Þar að auki hefur Gunnar gefið út sína eigin matreiðslubók, North: The New Northern Cuisine of Iceland, þar sem hann fer yfir íslenskt hráefni, framleiðendur, villtar plöntur og hefðir í íslenskri matargerð.



Hjónin á Brúnastöðum í Fljótum eru himinlifandi með þær viðtökur sem geitaostarnir þeirra hafa fengið og eru með alls kyns hugmyndir í kollinum um að útvíkka starfsemina á bænum.

Norrænn matvælalistamaður
– Brúnastaðir ostagerð

Hjónin og bændurnir Jóhannes H. Ríkharðsson og Stefanía Hjördís Leifsdóttir búa á Brúnastöðum í Fljótunum með fjórum börnum sínum. Þegar þau fluttu að Brúnastöðum árið 2000 urðu þau að finna tækifæri til að skapa sér störf í heimabyggð og úr varð að þau fóru að gera tilraunir með geitamjólk sem síðan vatt upp á sig. Þau fengu Guðna Hannes ostagerðarmann í lið með sér og árið 2020 komu fyrstu vörurnar á markað og selja þau nú nokkrar tegundir af geitaosti. Þar að auki gera þau einnig sauðaost en í mun minna magni.

Geiturnar ganga lausar í fjöllunum fyrir ofan bæinn á sumrin og éta jurtirnar sem þeim líkar best. Þetta skilar sér í bragði geitamjólkurinnar sem er rík af fitu og próteini. Þar að auki éta geiturnar notað hveiti og bygg sem fellur til í nálægu brugghúsi sem hefur einnig áhrif á gæði mjólkurinnar. Á þennan hátt má segja að hringrásarhagkerfið kristallist og leggja bændurnir sig í líma við að koma í veg fyrir matarsóun. Geitaostarnir frá Brúnastöðum hafa fengið mjög góðar viðtökur en bærinn er sá eini hérlendis sem hefur geitaostavinnslu heima á bænum. Hjónin hyggjast þróa vöruna enn frekar og hafa fengið aðstoð fagfólks til að hefja þróun á að framleiða í átt að Slow Food-hugmyndafræðinni með því að gera eigin bakteríur og ferla í samræmi við regluverk MAST. */ehg*

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Klippið út

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 2020

KUHN

Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum til 08. janúar 2022



Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi diska	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reimdrifi	8	3,10	711	56	1.740.000	2.157.600	**1.479.000**	1.833.960
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.325.000	2.883.000	**1.976.000**	2.450.240
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	2.750.000	3.410.000	**2.338.000**	2.899.120
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	2.856.000	3.541.440	**2.428.000**	3.010.720
GMD 310 F	Framsláttuvél	8	3,1	1010	43	2.665.000	3.304.600	**2.265.000**	2.808.600
GMD 3525 F	Framsláttuvél	8	3,5	1180	49	3.380.000	4.191.200	**2.873.000**	3.562.520
A-rammi	A rammi/hraðtengi f. framsláttuvélar					116.000	143.840	**99.000**	122.760
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	21	8,2-8,8	2648	122	7.055.000	8.748.200	**5.997.000**	7.436.280
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	9,1-9,5	3405	135	9.223.000	11.436.520	**7.840.000**	9.721.600
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	24	9,5-9,9	3530	141	9.630.000	11.941.200	**8.186.000**	10.150.640
FC 3515D	Með knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.058.000	5.031.920	**3.449.000**	4.276.760
FC 3125 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	3.520.000	4.364.800	**2.992.000**	3.650.000
FC 3525 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	3.855.000	4.780.200	**3.277.000**	4.063.480
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	11.332.000	14.051.680	**9.632.000**	11.943.680
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	12.677.000	15.719.480	**10.775.000**	13.361.000
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.014.000	6.217.360	**4.262.000**	5.284.880
FC3561TCD	Dragtengd með knosara,miðjutengd	8	3,5	2480	84	5.688.000	7.053.120	**4.835.000**	5.995.400
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu		2,5	710	54	1.405.000	1.742.200	**1.194.000**	1.480.560
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu		3,03	920	78	1.690.000	2.095.600	**1.437.000**	1.781.880
BPR 305PRO	Hagasláttuvél fram- og afturvél		3,03	1100	100	2.580.000	3.199.200	**2.193.000**	2.719.320

Ath. allar sláttuvélar eru með hraðskiptibúnaði á hnífum

Heytætlur

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.170.000	1.450.800	**995.000**	1.233.800
GF 5202	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	7	5,4	660	23	1.447.000	1.794.280	**1.230.000**	1.525.200
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	1.810.000	2.244.400	**1.539.000**	1.908.360
GF 6502	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	920	30	2.070.000	2.566.800	**1.760.000**	2.182.400
GF 7902	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	2.704.000	3.352.960	**2.298.000**	2.849.520
GF 7902T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	3.455.000	4.284.200	**2.937.000**	3.641.880
GF 8712	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1380	55	3.045.000	3.775.800	**2.588.000**	3.209.120
GF 8712 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1760	50	3.634.000	4.506.160	**3.089.000**	3.830.360
GF 10812	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1620	55	4.068.000	5.044.320	**3.458.000**	4.287.920
GF 10812T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1800	55	4.550.000	5.642.000	**3.868.000**	4.796.320
GF 13012	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2650	80	6.820.000	8.456.800	**5.797.000**	7.188.280





Múgavélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma á stj	Fjöldi tinda á arm	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GA300GM	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	3,2	286	751.000	931.240	**638.000**	791.120
GA3901GM	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	10	4	3,9	520	1.135.000	1.407.400	**965.000**	1.196.600
GA 4201GM	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	4,2	560	1.276.000	1.582.240	**1.085.000**	1.345.400
GA5031T	Einnar stjörnu **dragtengd** m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	1.998.000	2.477.520	**1.698.000**	2.105.520
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	3.692.000	4.578.080	**3.138.000**	3.891.120
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	4.527.000	5.613.480	**3.848.000**	4.771.520
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	5.495.000	6.813.800	**4.671.000**	5.792.040
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	5.738.000	7.115.120	**4.877.000**	6.047.480
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	10.275.000	12.741.000	**8.734.000**	10.830.160
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	2.820.000	3.496.800	**2.397.000**	2.972.280

Herfi,tætarar og sáðvélar

Tegund	Útbúnaður	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö. lágm.-hámark	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.184.000	2.708.160	**1.856.000**	2.301.440
HR 304D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.466.000	3.057.840	**2.096.000**	2.599.040
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	2.571.000	3.188.040	**2.185.000**	2.709.400
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	2.936.000	3.640.640	**2.496.000**	3.095.040
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.268.000	4.052.320	**2.778.000**	3.444.720
HR5004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	5,0	2625	130-250	5.875.000	7.285.000	**4.994.000**	6.192.560
HR6004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	6,0	3350	180-350	6.664.000	8.263.360	**5.664.000**	7.023.360
EL92/180	Jarðtætari	1,8	525	51-100	1.290.000	1.599.600	**1.097.000**	1.360.280
EL92/230	Jarðtætari	2,3	605	58-100	1.393.000	1.727.320	**1.184.000**	1.468.160
EL122/250	Jarðtætari, gaddakefli kr. 328.000 án vsk	2,5	955	65-125	1.798.000	2.229.520	**1.528.000**	1.894.720
EL122/300	Jarðtætari, gaddakefli kr. 390.000 án vsk	3,0	1105	75-125	1.950.000	2.418.000	**1.658.000**	2.055.920
EL162/300	Jarðtætari með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	2.585.000	3.205.400	**2.197.000**	2.724.280
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780 l fræbox, herfi		2.791.000	3.460.840	**2.372.000**	2.941.280
	Grasfræboxinnifalið	3,0						

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 5 % afslátt af öllum rúllu- og pökkunarvélum til 05. janúar 2022

Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar

Tegund	Útbúnaður	Sópvinda	Dekkjastærð	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hólfi,netb.búnaður, 14 hnífar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	10.690.000	13.255.600	**10.156.000**	12.593.440
i-BIO OC23	23 hnífar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	11.100.000	13.764.000	**10.545.000**	13.075.800
Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						**845.000**	1.047.800
FBP3135-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, netb.búnaður, tandem vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22,5	14.516.000	17.999.840	**13.790.000**	17.099.600
	Plast- og netbindibúnaður, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						
	3D (prívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%						

ATH. Þetta er aðeins lítið brot af vöruúrvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 150 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Ferðamaður deyr:

Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hafnarfjarðar hefur yfir tíðina vakið athygli og viðurkenningar fyrir uppsetningar sínar bæði innan lands og utan.

Í desember árið 1908 tilkynnist í dagblaðinu Fjallkonunni að Leikfélag Hafnarfjarðar „*… er nú tekið til að leika. Sýndi sig í fyrsta skifti í gærkveldi; lék þá Apaköttinn og Hættulegt umboð. Jungfrú Gunnþórunn Halldórsdóttir úr Reykjavík segir leikendunum til.*“ Átta árum síðar birtist auglýsing í Morgunblaðinu þess efnis að sýnd verði leiksýningin Skríllinn í Góðtemplarahúsinu (Goodtemplarahúsinu), sunnudag og mánudag, 3.–4. des. Miða sé meðal annars hægt að nálgast í brauðsölubúð Ásmundar Jónssonar.

Nú, Leikfélag Hafnarfjarðar var samkvæmt heimildum formlega stofnað um miðjan apríl árið 1936. Starfsemi þess þótti fremur skrykkjótt eins og kemur fram á vefsíðu leikfélagsins, en verkið Ráðskona Bakkabræðra sló þó heldur betur í gegn á stríðsárunum og hófu margir af þekktustu leikurum þjóðarinnar feril sinn á þessum tíma, t.a.m. Róbert Arnfinnsson og Herdís Þorvaldsdóttir.

Bæjarbíó var heimili leikfélagsins til 1965 en þá lagðist starfsemin af að mestu þar til 1983. Síðan þá hefur þó ýmislegt verið brallað og félagsmenn afar fjörugir á köflum auk þess að vera virkir í námskeiðahaldi bæði í leiklist og leikritasmíðum. Á síðari árum hefur leikfélagið haldið til m.a. í gamla Lækjarskóla, í Gaflaraleikhúsinu, í heimahúsum og gámum og nú síðustu tvö árin í kapellu St. Jósefsspítala.

Nú í haust hefur leikfélagið verið að æfa verkið Ferðamaður deyr sem er nýr farsi úr höfundasmiðju leikfélagsins. Fjallar það um ófyrirséðar afleiðingar af fjölgun ferðamanna og hið íslenska hugvit sem á sér engin takmörk. Verkið er í raun óður til íslenskrar ferðaþjónustu.

Hugmyndin var að sýningar hæfust nú fyrr á árinu en vegna óvænts húsnæðisleysis gekk það ekki eftir. Viðræður hafa þó staðið yfir við Hafnarfjarðarbæ síðan snemma í sumar en engin niðurstaða fengist í málið. Samkvæmt upplýsingum hefur leikfélagið óskað eftir endurnýjun samstarfssamnings og aðstoð bæjarins við að finna félaginu aðstöðu vegna núverandi húsnæðisvanda þess. Sem stendur hefur Leikfélag Hafnarfjarðar því fengið inni hjá Leikfélagi Kópavogs til æfinga og svo sýninga eftir áramótin.

Áætlað er að sýningar hefjist um miðjan janúar og þar sem fall er nú vanalega talið fararheill má nærri geta að þarna verði afburðasýning á ferð. Lesendur Bændablaðsins, fastagestir Leikfélags Hafnarfjarðar og aðrir þeir sem áhugasamir eru um leiklist hafi því augun hjá sér þegar sýningar verða auglýstar. */SP*



Gísli Björn Heimisson hér á ferð.



Viktor Ingi Jónsson smellir einum kröftugum á Bjarna Kjartansson.



Gunnhildur Gísladóttir, Ársæll Hjálmarsson og Lilja Guðmundsdóttir á sviðinu.



Viktor Ingi Jónsson, Lilja Guðmundsdóttir og Ingveldur Lára Þórðardóttir sýna sínar bestu hliðar ...

Stuttverkadagskráin Hrollleikur:

Leikfélagið Hugleikur bregður á leik

Leikfélagið Hugleikur var stofnað í Reykjavík á því herrans ári 1984 og því elsti starfandi áhugaleikhópur Reykjavíkur. Nafnið er fengið úr Heimskringlu þar sem konungi nokkrum að nafni Hugleikur er lýst þannig að hann hafi auðugur verið mjög og sínkur á fé, hafði í hirð sinni alls konar leikara, harpara og gígjara og fiðlara; hann hafði og með sér seiðmenn og alls konar fjölkunnugt fólk.

Leikhópurinn hefur þá sérstöðu meðal íslenskra leikfélaga að þau verk sem fara á svið eru nær öll samin af meðlimum félagsins og er umfjöllunarefnið oftar en ekki sprottið úr íslensku þjóðlífi. Vitnað er í sögu þjóðarinnar, þjóðsagnaarfinn og gullaldarbókmenntirnar auk þess sem nútímalegri verk stinga upp kollinum af og til. Tugir leikrita í fullri lengd og hundruð stuttverka standa eftir hópinn, en auk áherslu á íslensk, frumsamin verk hefur söngur og tónlist jafnan sett svip sinn á sýningarnar. Gaman er því að segja frá því að mörg leikrit félagsmanna hafa verið tekin til sýninga hjá öðrum áhugaleikfélögum um land allt.



Stuttverk Hrollleiks hrista svo sannarlega uppi í áhorfendum sem munu án efa skjálfa á kantinum.



Þær Hrafnhildur Þórólfsdóttir og María Björt Ármannsdóttir í essinu sínu.

Leikhópurinn hefur reynt að þróa sérstakan stíl innan sinna vébanda sem nefndur hefur verið hugleikskur leikmáti eða bara hugleikska – en þó hefur þótt erfiðleikum bundið að skilgreina þann ritstíl og leikmáta. Samkvæmt vefsíðu félagsins kemur fram að skilgreiningin felist í „*togstreitu milli hefðar og nýsköpunar eða skerspennum milli nútímalegra spunakenninga og húmaníska leiklausna.*“

Árið 2006 fékk leikfélagið Hugleikur viðurkenningu á degi íslenskrar tungu, auk þess sem leiksýningin Rokk var valin athyglisverðasta áhugaleiksýningin 2009–10 af Þjóðleikhúsinu. Fjórum árum síðar hlaut 30 ára afmælissýning félagsins, Stund milli stríða, sömu viðurkenningu, eða árið 2014.

Nú í desemberbyrjun frumsýndi Hugleikur stuttverkadagskrána Hrollleik, þar sem frumsýnd voru fimm stuttverk eftir meðlimi félagsins. Þema dagskrárinnar var hrollur og hryllingur í ýmsum myndum og reyndust verkin sem af þessu þema spruttu afskaplega fjölbreytt – en um leið mjög í anda Hugleiks. Vegna heimsfaraldursins var dagskráin aðeins sýnd einu sinni, en hægt var að fylgjast með henni í streymi og eru upptökur nú komnar á vimeo í tveimur hlutum sem finna má á vef bandalagsins. */SP*

Hvað er í gangi?!

√ Leikfélagið Hugleikur **býður upp á lifandi streymi stuttverkadagskrár Hrollleiks þar sem sýnd eru 5 hryllings-stuttverk. Þökk sé Covid 19 var ákveðið að einungis frumsýning yrði fyrir áhorfendur en hægt að horfa á upptökur á vimeo í tveimur hlutum. Finna má vefslóðina á vef bandalagsins, www.//leiklist.is/hugleikur-i-hryllilegum-leik/**

√ Leikfélag Mosfellsbæjar **sýnir nú fjölskyldusöngleikinn Stúart litla, en flestir ættu að kannast við söguna um músina sem heillar svo marga. Sýnt er alla sunnudaga í nóvember og desember kl. 16.00 í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Miðapantanir í síma 566 7788.**

√ Leikfélag Hafnarfjarðar **áætlar sýningar frá og með miðjum janúar og áhugasamir hvattir til að fylgjast með auglýsingum þess efnis.**

YAMAHA



5 ÁRA ÁBYRGÐ

LÁNSHLUTFALL ALLT AÐ 75% Í ALLT AÐ 60 MÁNUÐI

ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI

TRAUSTIR VINNUÞJARKAR OG LEIKFÉLAGAR

ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á **ALLRA FÆRI**

GRIZZLY 700 EPS SE

700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla

Verð: 2.560.000 kr.

38.877 kr.*

*afborgun á mánuði ***



GRIZZLY 700 EPS SE

700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla

Verð: 2.560.000 kr.

38.877 kr.*

*afborgun á mánuði ***



GRIZZLY 700 EPS

700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla

Verð: 2.410.000 kr.

36.626 kr.*

*afborgun á mánuði ****



KODIAK 700 EPS

700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla

Verð: 2.150.000 kr.

32.724 kr.*

*afborgun á mánuði *****

Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 6,2% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils **www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 8,19% - *** 8,22% - **** 8,29 - Öll verð innifela virðisaukaskatt.*

ARCTIC TRUCKS

YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

ORKA & TÆKNI

VETNIS og Prime Capital í samstarf um þróun „Vetniskeðju" fyrir græna þungaflutninga á Íslandi:

Ætlunin er að vetnisvæða þungaflutninga á Íslandi

Þjóðir heims keppast nú við að taka þátt í þeirri umbreytingu sem felst í að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og taka upp nýtingu á orkugjöfum sem skilja ekki eftir sig kolefnisútblástur. Vetnisvæðing mun spila stóran þátt í þessum markmiðum og þá skiptir uppbygging innviða höfuðmáli, líka á Íslandi. Þar hyggst íslenska þróunarfélagið VETNIS ekki láta sitt eftir liggja.

Á dögunum var gengið frá samkomulagi Íslenska þróunarfélagsins VETNIS og þýska sjóðstýringarfyrirtækisins Prime Capital um að vinna saman að þróun og uppbyggingu á því sem nefnt hefur verið „Vetniskeðjan".



Við undirskrift samstarfssamnings um „Vetniskeðjuna", talið frá vinstri: Mathias Bimberg, sjóðsstjóri hjá Prime Capital, Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri VETNIS, Stephan Klepsland, verkefnastjóri hjá Prime Capital.



Hafin er uppsetning á vetnisáfyllingarstöðvum í að minnsta kosti 33 löndum samkvæmt vefsíðu Petrol Plaza. Hraðast miðar uppsetningu slíkra stöðva í Kína, en Japanir eru þó komnir lengst, með um 150 áfyllingarstöðvar.

Mynd / Petrol Plaza

Í samstarfi við fjölmörg öflug fyrirtæki í vörudreifingu

Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri VETNIS, segir að án innviðauppbyggingar varðandi framleiðslu og dreifingu á vetni sé tómt mál að tala um vetnisvæðingu á Íslandi. Þá sé verkefnið það stórt að margir þurfi að koma að því.

„Við stefnum að því að minnka losun frá samgöngum á Íslandi með þessu eina verkefni um meira en eitt prósent. Við höfum verið í samstarfi um þetta við Samskip, Póstinn, Mjólkursamsöluna, Kynnisferðir, Mannvit, Byko, KPMG, Fóðurblönduna, BM Vallá, Reykjavík Excursions, Kvikna, Strætó, Iasavia, Íslandsbanka og nú síðast Prime Capital.

Þannig erum við í raun að ná saman fyrirtækjum sem öll hafa það að markmiði að minnka losun í þungaflutningum. Með því að búa til fyrirtæki sem leggur fram tæknilausnina er í raun verið að dreifa tækniáhættunni frá hverju einstöku fyrirtæki sem að þessu kemur."

Langferðabílar í flutningum verði vetnisknúnir

„Lausnin felst m.a. í því að bjóða upp á vetnisknúin farartæki sem komast um 600 kílómetra á einni tankfyllingu. Markmiðið er að kostnaðurinn verði sem næst rekstrarkostnaði á dísilknúnum bílum."

VETNIS telur að lausnin felist í því að framleiða „grænt" vetni þar sem best hentar að nýta raforkuna sem í boði er og í sem minnstri samkeppni við aðra orkunýtingu. Því gangi þeirra hugmynd ekki út á að vera með litlar staðbundnar stöðvar til vetnisframleiðslu þar sem slíkt yrði alltaf kostnaðarsamara þegar upp er staðið. Þess í stað sér fyrirtækið fyrir sér uppbyggingu á framleiðslu í stórum stíl, dreifingu og uppbyggingu á dælustöðvum vetnis sem henti mikilli notkun stórra fólks- og vöruflutningabíla.

Óhagkvæmt að veðja á rafgeyma í þungaflutningum

Auðun segir að Ísland hafi nokkra sérstöðu í þessum málum, ekki bara hvað varðar framleiðslu á raforku og vetni úr endurnýjanlegum orkulindum. Þungaflutningar með bílum séu hlutfallslega mjög miklir á Íslandi í samanburði við flest okkar viðmiðunarlönd. Í Evrópu eru kostirnir fleiri í þungaflutningum, til dæmis með járnbrautalestum og skipum.

Þungaflutningar um langan veg í köldu loftslagi eins og á Íslandi, þar sem auk þess þarf að fara um fjallvegi, gangi illa upp á rafknúnum bílum sem geyma alla sína orku í rafhlöðum. Því telji VETNIS lausnina felast í rafbílum þar sem raforka er framleidd um borð úr vetni með efnarafölum.

Stóra tengingu þarf til að hlaða rafhlöðu í flutningabíl

Til að rökstyðja mál sitt nefnir Auðun að til að keyra flutningabíl í 3 klukkutíma sem knúinn er af raforku frá rafhlöðu þurfi nálægt hálfri megavattstund (500 kwst) af rafmagni. Til að geta hlaðið slíkri orku á rafgeymi á einni klukkustund, þá þurfi aflið að nema hálfu megavatti. Auk þess séu rafhlöður þungar og stór hluti af orku flutningabíla færi í að flytja rafhlöðurnar á milli staða sem minnkar flutningsgetuna verulega. Þetta þekkir fólk m.a. í rafknúnum sendibílum í dag þar sem flutningsgetan er vart nema liðlega þriðjungur af flutningsgetu dísilknúins sendibíls. Dýrari bílar með minni flutningsgetu hljóta auk þess að kalla á hækkun flutningsgjalda.

Ef miðað er við algengar aðstæður í flutningageiranum á Íslandi, þá geta 10 trukkar eða fleiri þurft að hlaða á sama tíma. Það þýðir tengingu á hleðslustað upp á 5 megavött. Það er stærri tenging en Smáralindin í Reykjavík er með og líka stærri en Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki er með. Þá má einnig nefna til samanburðar að varaaflsstöð í Bolungarvík sem sinna á öllum norðanverðum Vestfjörðum er með sex 1,8 megavatta (MW) dísilaflvélar sem samtals geta framleitt 11 MW af raforku.

Í stað þessa að setja upp öflugt raforkudreifikerfi fyrir trukkasamgöngur, þá sér VETNIS fyrir sér að á stoppistöðvum þeirra verði komið fyrir vetnistönkum og áfyllingarbúnaði sem spari um leið mikinn tíma hjá flutningabílstjórum við áfyllingu á orku og auki flutningsgetu umtalsvert miðað við bíla búna rafhlöðum.

Samhæft hringrásarkerfi

Vetniskeðjan er því sagt samhæft hringrásarkerfi þar sem grænt vetni leikur lykilhlutverk. Kerfið samanstendur af innviðum til framleiðslu og dreifingar á grænu vetni, stórum farartækjum svo sem vöruflutningabifreiðum, rútum og strætisvögnum og upplýsingakerfum sem stýra framleiðslu á vetni í takt við þörf í rauntíma.

Í samstarf með öflugum og reyndum fjármögnunarsjóði

„Frá 2019 hefur VETNIS unnið að þróun Vetniskeðjunnar í samstarfi við leiðandi tæknifyrirtæki á heimsvísu og innlenda samstarfsaðila," segir Auðun Freyr.

„Við munum njóta dyggrar aðstoðar Prime Capital, sem mun fjármagna frekari þróun verkefnisins og framkvæmd þess allt til enda. Það er mikill fengur í samstarfinu við Prime Capital. Sérfræðingar fyrirtækisins búa yfir áralangri reynslu af uppbyggingu grænna innviðaverkefna á alþjóðavísu.

Við miðum að því að gera verkefnið fjárfestingarhæft á árinu 2022 og hefja rekstur Vetniskeðjunnar á árinu 2024. Uppsetning Vetniskeðjunnar mun minnka umtalsvert kolefnislosun frá samgöngum á Íslandi."

Prime Capital hefur frá 2012 fjárfest í tæplega þrjátíu verkefnum á sviði endurnýjanlegrar orku og mun í þessu tilfelli fjárfesta í gegnum Prime Green Energy Infrastructure Fund sem er sérhæfður sjóður um græna innviðauppbyggingu.


„Við munum ekki ná hlutleysi í kolefnislosun hagkerfa nema með nýrri tækni og frumlegum viðskiptalíkönum. Ísland, þar sem saman fer gnótt grænna orkuauðlinda og landfræðileg sérstaða, er tilvalinn vettvangur framtaks, framfara og uppbyggingar á þessu sviði," segir dr. Mathias Bimberg, sjóðsstjóri hjá Prime Capital. */HKr.*




BYKO







Vatnsdælur







Snjóblásarar





HONDA

er mætt í BYKO. Sjáðu allt úrvalið á *www.byko.is/honda*
eða sendu fyrirspurn á *honda@byko.is*

Rafstöðvar









BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

PÓLSK JÓL – POLSKIE BOŻE NARODZENIE

Þar sem beðið er eftir að jólastjarnan birtist:

Jólahald í litla þorpinu Kopaniec

Við rætur Jizera-fjallanna í suðvesturhluta Póllands liggur litla þorpið og listamannanýlendan Kopaniec. Þegar þetta er skrifað eru jólin skammt undan og forvitnilegt að kynna sér siði og venjur er eiga við á þessum friðsæla stað.

Viðmælandi minn, Marcela Rozanska, er uppalin í Kopaniec en hefur verið með annan fótinn hérlendis síðastliðin tíu ár. Hún hefur því upplifað íslensku jólahátíðina í öllu sínu oft yfirdrifna veldi og leyfir lesendum að gægjast inn í rólegri veröld hátíðarinnar í Kopaniec.

„Það sem kom mér fyrst á óvart segir Marcela, var hversu margar gjafir fólk gefur hérlendis og fær og líka þá venju að merkja frá hverjum gjöfin er. Þaðan sem ég kem er siður að allar gjafir komi frá jólasveininum og í minni fjölskyldu gefum við bara innbyrðis. Skiptumst ekki á gjöfum við vini og aðra ættingja heldur í raun bara nánustu fjölskyldu. Reyndar er mín fjölskylda kannski ekki staðalímynd pólskra fjölskyldna, en þetta er ég og fólkið næst mér alið upp við. Svo hefst almennt jólahald ekki fyrr en fyrsta stjarnan birtist á himninum – við systir mín sátum oft úti í gluggakistu og horfðum eftir fyrstu jólastjörnunni sem þýddi að nú mættum við líta á gjafirnar og senn hæfist borðhald.

Og það er nú annað sem er ólíkt öllu því sem ég hef kynnst á Íslandi. Við borðið eru sæti fyrir fjölskylduna en einnig er auður diskur og sæti fyrir óvæntan gest – ef einhver skyldi þurfa mat og húsaskjól yfir jólanóttina. Bornar eru fram tólf smámáltíðir, og þar er tenging við lærisveina Jesú.

Reyndar hef ég smám saman komist að því að hefðirnar okkar í Kopaniec og kannski öllu Póllandi eru sambland af fornum heiðnum siðum og trúarlegum og svo kannski staðbundnum hefðum eða þjóðmenningu. Þetta er svolítið sérkennileg blanda jólahalds kannski, en okkur þykir vænt um það.



Luna Rós Friðriksdóttir, dóttir Marcelu, situr í glugganum heima hjá afa sínum og ömmu í Póllandi og bíður eftir að jólastjarnan birtist. Mynd/ Leszek Różański

Ekkert má borða fyrr en allir fjölskyldumeðlimir hafa brotið og borðað oblátu saman og skipst á óskum um góða heilsu og velmegun. Meðan á máltíðinni stendur ættu allir að smakka dálítið af öllu – og jólamaturinn er annað sem er ólíkur íslenskum jólamat. Fyrst kemur rauðrófu- eða villisveppasúpa með dumplings (fylltum hveitibögglum) og svo aðalrétturinn sem er vatnakarfi. Svo grænmetisréttir og í lokin eftirréttir, eins og sætar kökur sem eru gerðar úr hnetum og birkifræjum, þurrkuðum ávöxtum og þess háttar.

Ég vorkenndi oft karfanum því margir nágrannar okkar keyptu hann nokkru fyrir aðfangadag og geymdu syndandi í baðkarinu svo hann héldist ferskur sem lengst. En við í minni fjölskyldu, fyrir utan ömmu kannski, höfum hallast meira og meira að neyslu grænmetis eftir því sem árin líða þannig að nú er helst ekki fiskur í jólamatinn.

Og já, borðið er fallega dúkað og uppsett en undir því verður að vera hey! Sem á að tákna heyið úr jötu Jesúbarnsins. Við gerum það svo heima hjá foreldrum mínum að lesa upp úr bókum – stundum var lesið einhvers konar jólaguðspjall en líka stundum eitthvað eins og kafli úr fallegri bók eða bók sem fær mann til að hugsa.

Eftir matinn voru gjafirnar opnaðar og þá allar frá jólasveininum þó mann grunaði nú kannski að mamma og pabbi hefðu staðið fyrir kaupunum. Svo er seinna leið á kvöldið var farið út og sungnir jólasöngvar með fólkinu í þorpinu, það er eitt af því sem ég sakna ... að ganga um og syngja saman í jólanóttinni. Síðan um miðnætti fara dýrin að tala... líkt og hjá ykkur á þrettándanum og Jónsmessunni.“ */SP*

Hey undir dúknum og tólf rétta Wigilia:

Töfrandi blandaðar jólahefðir



Michal er óneitanlega í einstöku hátíðarskapi þessi jólin því honum fæddist sonurinn Leó í byrjun mánaðarins. Mynd/ KHM

Michał Woźniak er nýbakaður faðir í Vesturbænum. Hann endurskapar eftirlætisjólaréttinn sinn frá Póllandi sem forrétt við borðhald á sínu nýja fjölskylduheimili á Íslandi.

Michal ólst upp í smábænum Oleco, nálægt landamærum Litáens og Hvíta-Rússlands. Aðalhátíðisdagur jólanna er þar, líkt og hér, aðfangadagur jóla. „Það sem mér þótti mikilvægast sem litlum dreng, fyrir utan jólasveininn og gjafirnar, var að leita að fyrstu stjörnunni á himninum þegar dimmdi. Þetta er skemmtileg hefð sem tengist sögunni um vitringana þrjá sem fylgdu Betlehemstjörnunni í átt að Jesúbarninu. Leitin var eflaust líka hentug leið við að halda eftirvæntingarfullum börnum uppteknum í smástund,“ segir Michal.

Á aðfangadag fastar fólk að sögn Michal en þegar dimmir tekur við borðhald, sem kallast Wigilia. „Máltíðin samanstendur af tólf réttum og reglan sú að allir þurfa að smakka á öllum réttunum. Venjuleg matarhefð Pólverja einkennist mikið af kjöti. En þennan dag er ekkert kjöt í boði, eingöngu fisk- og grænmetisréttir.“

Meðal rétta nefnir Michal sveppasúpu með villisveppum sem fjölskyldan tínir gjarnan saman, vatnakarfi og síld, súrkál og soðkökur (e. dumplings) með ýmiss konar fyllingu. Sætari réttir eru einnig á borðum svo sem frækökur, piparkökur og svokallað kutia, ævagamall eftirréttur sem inniheldur óunnið hveitikorn, ýmis fræ og hnetur, hunang og þurrkaða ávexti sem bleyttir eru upp með púrtvíni.

Eftirlætisréttur Michal er þó sérstök rauðrófusúpa, sem kallast barszcz á pólsku. Súpan byggir á súrum grunni, sem gerjaður er nokkrum dögum áður. Við hann er svo bættur laukur, villisveppir og grænmetissoð.

„Svo er drukkið kompot við borðhaldið, sem er drykkur gerður úr þurrkuðum ávöxtum og er aðeins í boði þetta eina kvöld á árinu.“

Annar siður snýr að því að skilja eftir autt sæti og leggja á borð fyrir óvæntan gest. „Ef einhver bankar upp á ber okkur skylda til að bjóða gestinum að sitja til borðs og borða með okkur.“Heyknippi er sett undir dúkinn fyrir máltíð. Michal segir að þar komi saman blanda af heiðnum og kristnum sið. „Heyið tengist því að Jesú á að hafa fæðst í heyjötu, en einnig er þetta tengt grósku jarðar og á að veita þér gjöfulla ár. Þá þekkist það einnig að nota heyið í eins konar spádóm um komandi tíma.“

Michal man jólin sem góða tíma, þar sem mikið var snætt og síðan voru sungin jólalög og opnaðar gjafir. Þeir kirkjuræknu fóru svo gjarnan í miðnæturmessur. Eftir þær settist fullorðna fólkið við kökuát og kneyfði vín með því. Hann segist að sjálfsögðu sakna þess að verja jólunum með fjölskyldu sinni í Póllandi og alls þess góðgætis sem hann fékk venjulega á aðfangadag. Hins vegar hefur Michal þegar gripið til sinna ráða við að færa pólskar jólahefðir inn í sitt heimilishald. „Ég fékk uppskriftina af barszcz frá ömmu og endurgerði súpuna og soðkökur með því alveg frá grunni í fyrra með dásamlegum árangri. Nú verður það fastur forréttur á okkar borðum á aðfangadag.“

Inntur eftir því hvað honum þykir athyglisvert við íslenskar jólahefðir segist Michal hálfskelkaður yfir öllum jólasveinunum og jólakettinum. „Þetta eru hrollvekjandi verur sem ég hafði aldrei heyrt af áður. Að það séu einhverjir gaurar stelandi pottum og kjöti, sleikjandi aska og pönnur, skellandi hurðum og sníkjandi kerti þykir mér furðulegt. Þar að auki þarf maður að óttast að köttur éti mann! Þetta hlýtur að hafa verið stuðandi fyrir börn,“ segir hann og hlær.

Michal heillast af því hvernig Íslendingar blanda saman álfatrú og kristnum hefðum á jólunum. „Mér þykir mjög áhugavert og töfrandi að sjá fólk dansa í kringum eldinn á þrettándanum, álfum og jörðinni til heilla.“

Í ár eru einstök jól í lífi Michals, því í byrjun mánaðarins fæddist honum og unnustu hans, Karinu Hanney Marrero, sonurinn Leó. „Ég er í öðruvísi hátíðarskapi út af komu sonar okkar.

Ég hlakka til að bjóða vinum og fjölskyldu heim og gleðjast. Þegar Leó verður eldri mun ég eflaust fá hann til að leita að fyrstu jólastjörnu kvöldsins meðan ég elda barszcz.“ */ghp*



Óskum landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu.

BRP

ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / 580-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

LÍF & STARF

Bændur á Vatnsenda í Flóahreppi:

Stíga inn í nútímann með stækkun á kjúklingaeldi



Hjónin Eydís Rós Eyglóardóttir og Ingvar Guðni Ingimundarson, bændur á Vatnsenda í Flóahreppi, hafa á þessu ári þrefaldað framleiðslugetu sína í kjúklingarækt eftir að þau tóku tvö ný hús í notkun sem rúma um 26 þúsund fugla til viðbótar við þær framleiðslueiningar sem fyrir voru. Myndir / ehg og úr einkasafni

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

Í sumar tóku hjónin Eydís Rós Eyglóardóttir og Ingvar Guðni Ingimundarson, bændur á Vatnsenda í Flóahreppi, sem eiga og reka Kjúklingabúið Vor, í notkun tvö ný 900 fermetra eldishús fyrir kjúklingarækt og hafa því á skömmum tíma stækkað framleiðslugetu sína þrefalt. Fljótlega eftir að þau tóku við búskapnum af foreldrum Ingvars, þeim Ingimundi Bergmann og Þórunni Kristjánsdóttur, árið 2015 fóru þau að huga að stækkun.

„Það skiptir máli að hafa trú á framtíðinni og þeir sem eru ekki að stækka eru í raun að minnka. Þetta er búið að vera í undirbúningi síðan 2014 en hér var ekki búið að stækka í 20 ár, þó ýmislegt hafi verið gert, s.s. borað eftir heitu vatni, svo eitthvað sé nefnt. Það hefur auðvitað verið samdráttur síðan heimsfaraldurinn skall á enda mun færri munnar að fæða í landinu. Við, ásamt samstarfsaðilum okkar, Reykjagarði, höfum mikla trú á framtíðinni og horfum björtum augum fram á veginn," útskýrir Ingvar.



Ungir sem aldnir hjálpuðust að á Vatnsenda þegar nýir fuglar komu í hús.

Fólk þarf alltaf að borða

Nú reka þau hjónin fimm einingar í kjúklingaeldinu og eru með rétt tæplega 40 þúsund fugla á húsum í hvert sinn.

„Það er svolítið skemmtilegt að hugsa til þess að þegar foreldrar mínir byrjuðu hér með kjúklingaeldið, árið 1978, þá notuðu þau litla kerru sem þau fluttu kjúklingana í slátrun á með gömlu Lödunni.

Núna koma fjórir stórir flutningabílar sem sækja fugla til slátrunar úr nýju húsunum og keyra með til Reykjagarðs á Hellu," segir Ingvar og Eydís bætir við:

„Við vorum tilbúin með viðskiptaáætlun árið 2019 og vorum því komin vel af stað fyrir Covid-19. Fólk þarf alltaf að borða mat og vegna þess vorum við aldrei beint hrædd við að stækka og auka framleiðsluna. Staðan á markaðinum er ágæt, neysla á kjúklingakjöti hefur síðustu ár alltaf verið að aukast og má reikna með að þannig verði það áfram. Vissulega dróst neyslan saman þegar heimsfaraldur skall á og ferðamaðurinn hætti að koma til landsins, en við erum að sjálfsögðu bjartsýn á að allir vegir liggi upp á við. Með aukinni áherslu á umhverfis- og loftslagsmál þá er kolefnisporið á bak við kjúklingaeldi á Íslandi gífurlega lágt miðað við annað kjöt, það skiptir líka máli, neytendur eru kröfuharðir. Íslendingar, held ég, vilja almennt versla íslenskt kjöt frekar en annað, þess vegna er mikilvægt að ganga á eftir því að vörur séu upprunamerktar."

Bylting með nýjum búnaði

Vaxtartími kjúklinganna er á bilinu 30–35 dagar sem ná rúmlega tveggja kílóa þyngd fyrir slátrun og því er sjaldan lognmolla á bænum. Ýmist er komið að sækja til slátrunar eða með nýja unga í hverri viku á bænum og búskapurinn krefst stöðugs eftirlits sem er þó mikil bylting fyrir bændurna í nýju húsunum með þann búnað sem settur var upp þar. „Allar innréttingar og tæknibúnaður kom frá Líflandi, sem er sérlega ábyggilegur samstarfsaðili en það er feikilega mikilvægt að allt gangi smurt og enginn búnaður stoppi nema í örstuttan tíma ef eitthvað bilar," segir Ingvar Guðni.

„Aðalvinnan í þessu myndi ég segja er þvotturinn þegar skipt er út í húsunum. Þá er mikilvægt að þrífa húsin vel, síðan þarf að bíða eftir að þau þorni alveg til þess að hægt sé að sótthreinsa á milli og síðan í kjölfarið undirbúa fyrir nýjan hóp inn í hús. Í nýju húsunum erum við með mjög flottan búnað frá Big Dutchman sem við kaupum í gegnum Líflandi og má segja að við séum virkilega að stíga inn í nútímann í nýju húsunum þar sem aðstaða og aðbúnaður er eins og best verður á kosið. Starfsfólk Líflands sem hefur þjónustað okkur hafa staðið sig afburða vel í öllu þessu ferli," útskýrir Ingvar og Eydís segir jafnframt:

„Við höfum mun betri yfirsýn með tölvukerfinu sem fylgir búnaðinum og getum unnið betur úr tölfræðinni varðandi eldið á fuglinum. Við höfum raunstöðu í húsunum fyrir framan okkur í tölvunni allan sólarhringinn. Í nýju húsunum tveimur eru samtals 90 rafmagnsmótorar svo þetta er heilmikið batterí í kringum þetta allt saman."

Stál, naut og býflugur

Eydís og Ingvar hafa þó í ýmsu öðru að snúast, en hún er í stjórn Félags kjúklingabænda og Félagi kvenna í atvinnulífinu og Ingvar á Vélsmiðju Ingvars Guðna sem hann hefur rekið í rúm 20 ár. Þar að auki eru þau með nokkur naut og Eydís tók sig til og lærði býflugnarækt fyrir nokkrum árum.

„Við höfum náttúrlega fundið fyrir svakalegum hækkunum á aðföngum eins og fóðri fyrir fuglinn, stáli og zinkhúðun, sem við notum í Vélsmiðjunni og það hefur verið miserfitt að fá stálið. En við vonumst til að geta þjónustað bændur betur núna með okkar framleiðslu í Vélsmiðjunni.

Þetta er mjög árstíðabundið sem við gerum þar en ég er að ganga í gegnum þriðju kreppuna síðan ég byrjaði með þetta árið 2000 svo ég held að við eigum eftir að komast í gegnum þennan tíma núna," segir Ingvar og Eydís bætir við:

„Þegar mest var voru hér um 100 nautgripir en núna erum við með um 20, aðallega til að nýta grasið. Við seljum nautakjötið að miklu leyti sjálf beint frá bónda. Síðan langar mann náttúrlega alltaf að læra meira í lífinu og hafa fjölbreytni svo ég fór á námskeið hjá Býræktarfélagi Íslands og er búin að vera með býflugur í tvö ár. Býflugnabændur á Íslandi fá býflugur frá Álandseyjum sem eru sjúkdómafríar og það gekk mjög vel hjá mér fyrsta árið en í sumar varð hallarbylting í búinu, sem fór úrskeiðis hjá þeim og þær drápust allar. Þetta getur verið mjög dramatískur búskapur, ef drottningin er ekki alveg að standa sig þá getur skapast hættuástand. En ég ætla að halda ótrauð áfram og fæ nýjar flugur næsta vor enda er þetta skemmtileg viðbót við búskapinn sem fyrir er."



Eydís Rós er með ýmis járn í eldinum og ákvað fyrir tveimur árum að hefja býflugnarækt á bænum eftir að hún fór á námskeið hjá Býræktarfélagi Íslands og segir það skemmtilega viðbót við búskapinn.



Einkasonurinn á bænum, Eyþór, 12 ára gamall, fékk sér tvær geitur á bæinn eftir heimsókn að Háafelli í Borgarfirði í sumar og segja foreldrarnir áhuga hans á búskapnum skemmtilegan og að þetta sé góð æfing í að axla ábyrgð.



Ingvar Guðni hefur rekið Vélsmiðju Ingvars Guðna, VIG, á bænum í 20 ár. Þar starfar Halldór Bjarnason, ungur maður úr sveitinni, og Hörður Ársæll, bróðir Eydísar, sem hóf störf í smiðjunni aftur í haust eftir um átta ára hlé. Hörður hefur mjög mikla reynslu og þekkingu á þjónustu við bændur. Ingvar Guðni segir að hann sjái fram á að geta nú þjónustað bændur mun betur.



Mjólkursamsalan óskar landsmönnum árs og friðar

Þökkum viðskiptin á árinu

LÍF & STARF

Mannlífið í byrjun tuttugustu aldar:

Möblur, sjókólaðe og jafnvel þegnskyld kartöfluræktun ...



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Á dögunum lagðist greinarhöfundur í lestur á hinu merka riti Gunnars Þórs Bjarnasonar, Þegar siðmenningin fór fjandans til – og svo hinni sískemmtilegu bók, Íslenskir þjóðhættir, þar sem ávallt má finna áhugaverðan fróðleik. Ekki var hægt annað en að miðla aðeins eftir lesninguna og krydda með aðstoð vefsíðunnar timarit.is. Þannig var að í kringum aldamótin 1900 breyttust neysluvenjur Íslendinga – m.a. vegna ört vaxandi utanlandsverslunar og innflutnings og verður sagan rakin að örlitlu leyti hér á eftir.

Áður höfðu takmarkanir sett svip sinn á íslensku þjóðina sem var vönust því að skammta sér naumt, en um þessar mundir tók bændaþjóðfélagið að víkja fyrir borgarsamfélagi. Verslunum fjölgaði og þótti hvað mest móðins að deildaskipta þeim með hið danska Magasin du Nord að fyrirmynd.

Sú verslun er bar hvað hæst var Thomsens Magasin, sem upphaflega var stofnað árið 1837 af Ditlev Thomsen eldri – er svo var kallaður – en á þessum tíma rak verslunina þriðji ættliður hans, Ditlev Thomsen yngri.

Gósentíð Thomsens Magasin

Samkvæmt texta frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur kemur fram að Thomsens Magasin var stærsta verslun landsins árið 1907. Á þessari gósentíð skiptist verslunin í margar deildir. Til að mynda basardeild þar sem selt var ýmiss konar fínerí, stássgripir, gull og silfurvörur, barnaleikföng og fleira, ferðamannadeild, húsgagnadeild, járn- og leirvörudeild, karlmannafatadeild, kvenfata- og vefnaðarvörudeild auk kvenhattadeildar. Þar var nú aldeilis mikið um að vera þegar kom að saumaskap, enda rúm tylft saumakvenna að störfum.

Svipaður fjöldi hins kynsins sat reyndar við sauma hjá karlmannafatadeildinni en hún auglýsti m.a. að þar gætu karlmenn *„breyst frá hvirfli til ilja og orðið nýir menn á svipstundu“*. Svo mátti finna kjallaradeild, matvörudeild, nýlendudeild, pakkhúsdeild, skófatnaðardeild, strandferðadeild, vindladeild og skrifstofudeild ... en á vegum Thomsens Magasin var einnig rekin kjólasaumastofa, gosdrykkjaverksmiðja, skraddaraverkstæði, trésmíðaverkstæði, sláturhús, svínabú, reykingarofn, niðursuða, veitinga- og biljarðstofa, vindlaverksmiðja, þar sem vindlakassar náðu upp undir loft, og loks brjóstsykursverksmiðja, sem var fræg fyrir gómsætan brjóstsykur. Umsvifin voru mikil og veltan stórkostleg.



Samkvæmt tölum Manneldisráðs áttum við Íslendingar Norðurlandamet í mjólkurneyslu um aldamótin 2000.
Mynd / Wikipedia.

Spegepylsur, kveiti og annað gómsæti

Áhugavert er að rýna í auglýsingar frá þessum tíma, en meðal annars auglýsir Thomsens Magasinið Roquefort osta, danska mysuosta og annað með eilítið framandi stafsetningu. *„Pilsburi kveitið góða“* er vinsælt, *„Picles“* og *„Lipton teið fræga“*, *„spegepylsur“* og jafnvel *„möblur“* sem staðsettar voru þá í húsgagnadeildinni. Thomsens Magasin fór mikinn í auglýsingaherferðum og má finna margar auglýsingar verslunarinnar í hverju dagblaði.

Aðrir kaupmenn, örlítið minni í umsvifum og hógværari, bjóða upp á *„marg-eftirspurðan kandís“*, *lyfjavötn, þvottavötn og hárvötn* auk þess sem sjókólaðe-tegundir voru afar vinsælar og auglýstar víða. Auglýsing ein sem birtist í Kvennablaðinu árið 1903 frá hinni *„Konunglegu Hirð-Verksmiðju“* vekur sérstaka athygli. Þar er því komið á framfæri að: *„Bræðurnir Cloetta mæla með sínum viðurkendu Sjókólaðe tegundum, sem eingöngu eru búnar til úr fínasta Kakaó, sykri og Vanille. Ennfremur kakaópúlver af beztu tegund.“* Niðurlag auglýsingarinnar er á þá leið að varan fái ágæta vitnisburði frá efnafræðirannsóknarstofum.

Áfengi og tóbak var þó nokkuð um, a.m.k. fram að árinu 1912 og kepptust kaupmenn um að selja slíkt á sem bestum prís. Ekki ber á öðru en í Reykjavík hafi þarna verið gnægtabrunnur góðæris og þó ekki væðu allir í velllystingum var íslenska þjóðin í heild sinni betur stödd en oft áður.

Viðskiptakreppa og vöruskortur

En svo hófst fyrri heimsstyrjöldin. Árin í kringum þann tíma kollvörpuðu því góðæri sem hafði verið við lýði. Vaxandi uggur var í fólki vegna stopulli siglinga til landsins og samkvæmt tölublaðinu Samvinnan, árgerð 1977, lagðist alþjóðleg viðskiptakreppa á árið 1907. Nokkrum árum síðar, árið 1915, leystist svo þriggja kynslóða Thomsen-veldið endanlega upp.

Var talið að vegna tengsla sinna við Þýskaland og í raun líka vegna þjóðernishyggju sem var á þessum árum nokkuð í tísku hjá Íslendingum, hafi Thomsen-ættin með sínar dönsku tengingar ekki átt upp á pallborðið hjá lánardrottnum en deildir Thomsens Magasin lokuðu hver á fætur annarri frá því að viðskiptakreppan hófst. Ditlev Thomsen fluttist í kjölfarið búferlum til Kaupmannahafnar ásamt fjölskyldu sinni og hélt þar áfram ferli sínum sem stórkaupmaður.

Þrengingar þjóðarinnar urðu til þess að líta varð sér nær. Samkvæmt grein í vikublaðinu Nirði á Ísafirði, í aprílmánuði árið 1917, er vöruskortur nokkur og vill greinarhöfundur meina að það sem kæmi til landsins færi mest allt til Reykvíkinga. Vestfirðingar sætu á hakanum og á meðan Reykvíkingar hefðu í sig af smjöri, sykri og mjólk kæmi lítið sem ekkert vestur. Greinarhöfundur kennir landstjórninni um og klykkir út með orðunum *„Al svo önn fyrir Reykjavík að eigi afrækir þú Ísafjörð.“*

Sandblandað rúgbrauð

En sykur og aðrar vörur voru þó ekki á hverju strái í henni Reykjavík. Seinna á árinu kemur tilkynning í Morgunblaðinu þar sem lýst er óförum rúgbrauðskaupanda. Viðkomandi hafði í tvígang fest kaup á slíku hnossgæti en í bæði skiptin reyndust brauðin óæt vegna þess að í þeim var sandur. Vill sá er tilkynninguna inn sendir vekja máls á þessu opinberlega, að nauðsyn sé á rannsókn, en sandurinn sé væntanlega í rúgmjölinu sem er innflutt frá Danmörku.

Í sama blaði er lítið um auglýsingar. Harðfiskur, tóbak og þvottasápa helst eitthvað sem gladdi augað enda næsta víst að lítið var um varning í matvöruverslunum. Vöruskömmtun hafði hafið innreið sína og skömmtunarseðlar litið dagsins ljós. Lá við slagsmálum þegar kom að úthlutunum þeirra því ekki voru allir svo heppnir að fá slíka seðla í sínar hendur.

Sykurhneykslið mikla þegar landsverslunin snarhækkaði kílóverð sykurs og ágreiningur og missætti vegna þyngdar brauðmetis auk kökugerðarbanns snerti almúgann illa þar sem dýrtíð og skortur var í brennidepli.

Kartöflurækt er allra hagur

En hvað var til bragðs að taka? – Jú, aftur, að líta sér nær. Hvað gátu þegnar landsins lagt sér til munns? Sátu þeir ef til vill á auðlind sem mátti klípa af? Greinahöfundar dagblaða á þessum tíma stinga ötullega upp á grænmetisræktun, tínslu fjallagrasa, fiskveiðum og þar fram eftir götunum, auk þess sem einhverjir hneykslast á því að innflutningur jarðepla tíðkist. Í Morgunblaðinu árið 1917 bentu þeir sem allra helst voru á móti innflutningnum, á, að nú þyrfti að taka duglega í taumana, ekkert hálfkák og jafnvel gera það að þegnskyldu að stunda kartöflurækt.

Í framhaldinu, í byrjun árs 1918, birtist grein í blaðinu Frey, (forvera Bændablaðsins) þess efnis að landstjórnin hafi ákveðið að koma á fót kartöflurækt í stórum stíl suður á Garðsskaga. Ráðinn hafi verið verkstjóri og landstjórn bæði samið um landleigu auk þess að fela Búnaðarfélagi Íslands alla stjórn og umsjón á þessu „kartöfluræktunarfyrirtæki“. Búnaðarfélagið tók málinu með mestu röggsemi og sendi á sveitarstjórnirnar bæklinga um matjurtarækt. Í höfuðborginni æstust menn enn frekar, bættu um betur og stofnuðu kartöfluræktunarfélagið Akur með myndarbrag.

Þó var það svo að uppskera kartöfluræktunar þetta ár varð afar léleg og þótti víst að hinum aðkeyptu útsæðiskartöflum væri um að kenna. Ekki var þetta nú á bætandi á fullveldisárið 1918 sem er eitt hið ótótlegasta í sögunni. Að auki við kartöflubágindin og slagsmálin um skömmtunarseðlana var mjólkurþurrð. Eða í raun ekki þurrð heldur þrúgandi verðlagning sem hafði verið hækkandi sl. ár og olli því að ekki gátu allir veitt sér þann munað sem mjólkursopinn er.

Hækkun mjólkurlítrans

Mikið hafði gengið á hjá almenningi skv. Morgunblaðinu í október 1916, enda lítil ánægja með ákvörðun Mjólkurfélagsins (samtök kúabænda) sem hækkaði lítrann í 36 aura, eða um rúma tíu frá því sem áður var. Verðlagsnefnd, sem átti að halda í taumana á slíku offorsi, úrskurðaði að hámarksverð á mjólk í Reykjavík yrði ekki hærra en 32 aurar – sem fékk þá kúabændur til að hóta því að hætta sölu mjólkur.

Að leikslokum stóðu málin þannig að verðlagsnefnd sagði af sér og mjólkurlítrinn falur á 35 aura. Mikill hiti var í málinu og einokun Mjólkurfélagsins víða nefnd. Ný verðlagsnefnd var sett á laggirnar árið 1917 en þó lækkaði mjólkurlítrinn alls ekkert heldur hækkaði bara aðeins vegna almenns vöruskorts í kjölfar fátíðra millilandasiglinga vegna heimsstyrjaldarinnar.

Í reykvíska blaðinu Höfuðstaðurinn, árið 1916, birtist grein á forsíðunni með titlinum „Mjólkurkveinið“. Þar fer greinarhöfundur mikinn og bendir á að *„… börn geti vel lifað af á hafraseyði með niðursoðinni mjólk, um tíma, meðan fram úr þessu er að rætast…“* *(framhald bls. 34).*



Fyrirtæki kepptust við að vera sem eftirsóknarverðast og þarna má sjá „Ágæta vitnisburði frá efnafræðirannsóknarstofum“.
Mynd / timarit.is



Getur þú hugsað þér jólin án rafmagns?

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti – *Gleðilega hátíð*.

RARIK ohf | www.rarik.is

RARIK

LÍF & STARF





Mikið úrval osta fékkst í Nýhafnardeild Thomsens Magasin auk þess sem „Vandaðar, smekklegar og ódýrar möbler..“ var meðal þess sem mátti sjá í gluggum Thomsens-verslana. Myndir / timarit.is

Þetta var nú allt verr og miður en burtséð frá hungurþorsta málleysingja í mjólk er spurning um hvernig mjólkurleysi hafði áhrif á lundarfar almennings.

Í sama blaði árið eftir birtist nefnilega fræðandi grein um áhrif fæðunnar, og þar taldir upp kostir mjólkurmetis. *„Neyti maður eingöngu eggja, mjólkur og kálfskjöts, hefir það sín áhrif bæði hið innra og ytra. Maður verður blíðlyndur og þolinmóður og hörundsliturinn verður bjartur og fagur, sem á ungri mey. Mjólk hefir, yfirleitt, góð áhrif á skapsmunina. Sauðamjólk, sem er fitumikil, gerir mann glaðan í skapi. Smjörið gerir mann rólyndan. Gamalostur hefir góð áhrif á starfsemi heilans, en sé hans neytt í óhófi, verður maður ömurlyndur.“*

Í sömu grein eru reyndar ókostir grænmetisfæðis taldir upp sé þeirra neytt að staðaldri – *„… gera mann þróttlausan, bæði andlega og líkamlega og leiðigjarnan.“*



Hugmyndir voru um hvort gera skyldi kartöflurækt að þegnskyldu snemma á 20. öldinni. Mynd / Wikipedia.

Áfram gakk

En nú er öldin önnur. Í dag erum við Íslendingar í ellefta sæti velmegunar á heimsvísu samkvæmt vefsíðunni www.prosperity.com/globe.

Grænmetisát og neysla jurtamjólkur aldrei meiri og ferðir til og frá landsins í algleymingi – ef litið er til þess að Covid-veiran sé á undanhaldi. Við getum þó verið stolt af elju okkar þjóðar þegar kemur að því að halda höfði í erfiðum aðstæðum og horft hnarreist fram á veginn.

En ef til vill er gott að líta næst á almennt mataræði hátíðanna og þrifnað á þessum tíma og fram úr, því þó ekki hafi upplitið verið alltaf sem best á landsmönnum gengur víst undartekningarlaust jólahátíðin í garð.

Jól

Aðalreglan var víst sú að borða lélegt fiskmeti á degi heilags Þorláks. Samkvæmt vísindavefnum kemur fram að eðlilega væri misjafnt hvað flokkaðist sem lélegt á landsvísu. Á Suðurlandi var sums staðar soðinn horaðasti harðfiskurinn, jafnvel svokallaða megringa – en þá var harðfisktutlan soðin í hangikjötssoði til að af því fengist bragð. Frá Vopnafirði er svo þessi vísa til marks um mataræði þess landshluta:

Á Þorláksdag í matinn minn
morkinn fékk ég hákarlinn
harðan fiskinn hálfbarinn
og hákarlsgrútarbræðinginn.

Um þetta leyti árs veiddist skata einkum á Vestfjarðamiðum. Hún þótti enginn herramannsmatur ótilhöfð og var því algengur Þorláksmessumatur á þeim slóðum. Í aldanna rás tókst Vestfirðingum á hinn bóginn að tilreiða úr skötunni mikið ljúfmeti eins og skötustöppuna, og mörgum þótti það óbrigðult merki þess að jólin væru í náND þegar lykt tók að berast af skötustöppu.

Nú fer sögunum af helsta meðlæti skötustöppunnar – sem ef til vill ekki allir vita – má vinna meðfram sápugerð. Hér á eftir er uppskrift að vestfirskum hnoðmör svo og uppskrift að sápu. En úrgangsfita hnoðmörs er tilvalin til sápugerðar.

Hnoðmörs- og sápugerð

Í ársritinu Hlín, sem Sambandsfjelag norðlenskra kvenna gaf fyrst út árið 1917 (og var ritstýrt í heil 44 ár af frú Halldóru Bjarnadóttur,1873–1981, kennara, skólastjóra og Kvennalistakonu) má finna ýmsar nytsamlegar uppskriftir til viðbótar við almennt fræðslu- og skemmtiefni. Til dæmis af dýrindis vestfirsku mörfloti.

Mörflot. (Vestfirskt). Mörinn, viku eða hálfsmánaðar gamall, er malaður í stórri kjötkvörn eða fleðaður í þunnar fleður, svo hnoðaður með höndunum þangað til komin er velgja í hann og hann er hættur að loða við trogið. Hann er barinn saman eins og skaka (tafla) og þess gætt, að ekki sjeu í henni holur. Töflurnar eru hafðar 5 pund á þyngd. Þegar líður á veturinn, áður en vorhitar byrja, er gott að láta töflurnar í saltpækil, þeim hættir annars við að þrána, þegar hitnar. Mjer hefur fundist venjuleg tólg svo fitulítil, að ekki væri vanþörf á viðbiti með henni. Alt öðru máli er að gegna með mörflotið, það er, að dómi okkar Vestfirðinga, feitt og gott viðbit. Með blautfiski er það brætt sem venjuleg feiti, en ætli maður að hafa það með harðfiski, er það brætt, en látið storkna aftur og er þá ágætt viðbit.

Ágætir menn nútímans vilja benda á að gæta þess vel að mörinn blotni ekki þegar hann er tekinn af vömbinni og gott sé að láta hann hanga miðað við hina vanalegu sláturtíð eða út október. Athuga skuli fiðrun (myglumyndun) en hún er talin æskilegur bragðauki – varast skuli hins vegar þráa. Fiðrun á sér stað þegar hitastigið er mátulegt svo einnig skuli hafa auga með því.

Jæja, í sama riti má einnig finna uppskrift að sápu sem þótti gefast ágætlega vel og þykja *„... sjerstaklega góð í suðuvatnið og þegar lagt er í bleyti...“*

Þar er þess sérstaklega getið að í sápuna má nota hvers kyns úrgangsfitu, svo sem innan úr gærum, utan af vömbum og í raun hvað sem til féll. Bent er á með réttu að kalk hreinsar óhreinindin úr og þau setjast á botninn.

Til sápugerðarinnar þarf 15 lítra vatns, 5 pund eða rúmlega 2 kg af fitu, 3 pund eða tæp 1,5 kg sóda, 1,5 pund eða u.þ.b. hálft kíló af leskjuðu kalki svo og 3 pela af salti. Næst skyldi láta helming vatnsins í pottinn ásamt sóda og kalki en fituna svo þegar vökvinn hitnaði. Þetta var soðið í 4 tíma við hægan eld og afgangi vatnsins (hitaður) smábætt út í á meðan.

Eftir þetta skyldi saltinu bætt við og áfram soðið í einn og hálfan klukkutíma.

Kleinur og önnur gleði

Þá ættu allir að geta orðið hreinir og fínir og belgt sig út af skötu með hinum besta hnoðmör sem völ er á. Til að gleðja sig enn fremur voru nokkrir sem lögðu stund á það að steikja jólakleinurnar upp úr hnoðmörnum, en ekki er víst að aðrir en dyggir aðdáendur þess bræðings legðu slíkt í vana sinn.

Þetta eru kleinur sem bragð er af og þykja bestar með rótsterku kaffi, þá til sérstakra hátíðabrigða með brennivínstári út í.


Brennivínið átti almúginn víst ekki alltaf í vasapelanum því 1. janúar árið 1912 gekk almennt áfengisbann í gildi á Íslandi og svo árið 1915 var tekið fyrir allar heimabrugganir samkvæmt nýsamþykktu bannlagafrumvarpi. Eitthvað losnaði í reipunum varðandi bannið nokkrum árum síðar, en árið 1922, vegna viðskiptahagsmuna, náðist fram innflutningur léttvíns frá Spánverjum og öðrum þjóðum sem í staðinn keyptu af Íslendingum saltfisk. Svo var það ekki fyrr en í febrúar árið 1935 að bannið var afnumið fyrir flestar tegundir áfengis í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu ... nema áfengur bjór ... en sú umræða er nú alveg kapítuli út af fyrir sig.

Segja má að Spánverjar hafi þarna átt hvað stærstan þátt í að knýja fram afléttingu varðandi áfengiskaupin, en í viðskiptum þeirra við Íslendinga hótuðu þeir að setja tolla á fiskinn ef ekki væri verslað af þeim léttvín í staðinn – og reið sú hótun baggamuninn.

En nóg um það. Kleinur, líkt og skatan, hefur alla tíð verið stór hluti af hátíðamat Íslendinga, svo og auðvitað jólagrauturinn sem flestir þekkja – að minnsta kosti síðan um aldamótin 1900. Misjafnt hefur verið hvað sett er út í grautinn – allt frá smjörklípu, slátri, saftsósu eða kanil – en alltaf hefur hann farið vel í munni.

Og nú er kannski rétt að fara að huga að honum, e.t.v. þörf á að æfa grautargerðina fyrir jólin. */SP*







Hjónin Hilmar Kári Þráinsson og Karen Ósk Halldórsdóttir eru bændur á Litlu-Reykjum í Reykjahverfi, en Hilmar er fimmti ættliðurinn sem stundar búskap á bænum. Hjónin eru hluthafar í Kjarnafæði Norðlenska hf. í gegnum Búsæld ehf., félag bænda.

Sjáumst í eldhúsinu

Fyrirtækin Kjarnafæði, Norðlenska og SAH afurðir hafa sameinast undir nafninu Kjarnafæði Norðlenska hf. Okkar markmið er að tryggja það að neytendur geti ávallt stólað á gæði þegar þeir velja vörur undir okkar vörumerkjum.

Við óskum viðskiptavinum okkar góðs gengis í eldhúsinu yfir hátíðarnar.

KJARNAFÆÐI | NORÐLENSKA


LÍF & STARF

Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, kom skagfirskum sveiflukóngi rækilega á óvart:

Vinir Geirmundar þökkuðu gleðigjafanum fyrir áratuga spilamennsku með hryssunni Sóleyju

Geirmundur Valtýsson hefur sungið fyrir þjóðina í 65 ár og þar af með hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í 50 ár, eða hálfa öld. Í tengslum við ritun bókar sinnar, *Guðni á ferð og flugi*, heimsótti Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Geirmund í sumar á Geirmundarstaði þar sem hann rekur bú. Þar áttu þeir hressilegt spjall líkt og lesa má í bók Guðna.

Í máli Geirmundar kom fram að hann vildi eignast hryssu undan stóðhestinum Glaumi sem áður var í hans eigu. Nú ætti hann enga meri undan Glaumi. Geirmundur taldi mikilvægt að Glaumsgenin kæmu aftur heim. Guðna þótti við hæfi að Skagfirðingar myndu heiðra söngvaskáldið sitt. Þegar hann hélt sæll og saddur frá Geirmundarstöðum hét hann því að fá héraðsmenn í lið með sér og gefa Geirmundi hryssu undan Glaumi.



Ferðalag Guðna Ágústssonar um sveitir landsins við að kynna nýja bók sína, kveikti hugmynd að merkilegri uppákomu í Kakalaskála. Þar var sveiflukónginum Geirmundi Valtýssyni þakkað fyrir alla þá gleði sem hann hefur veitt þjóðinni í gegnum áratugina með spilamennsku sinni, söng og samningu mikils fjölda stuðlaga sem notið hafa gríðarlegra vinsælda.

Kom sveiflukónginum rækilega á óvart

Guðni sætti lagi í útgáfuhófi sem hann hélt í Kakalaskála í Skagafirði vegna útgáfu nýju bókarinnar. Hann fékk sveiflukónginn til að taka nokkur lög á nikkuna, en kom honum síðan rækilega á óvart þegar þeir feðgar, Bjarni Maronsson og Kolbeinn sonur hans, leiddu hryssuna Sóleyju frá Búðardal inn á gólfið í Kakalaskála, en hryssan er undan áðurnefndum Glaumi. Með gjöfinni vildu vinir Geirmundar þakka sveiflukónginum fyrir að hafa haldið uppi fjöri hjá þjóðinni með spili og söng öll þessi ár.

Í ávarpi sínu þakkaði Guðni sérstaklega Mínervu Björnsdóttur, eiginkonu Geirmundar, fyrir að hafa gefið þjóðinni svo stóran hlut í Geirmundi enda væri hann flestar helgar af bæ þar sem hann þeyttist um og skemmti landanum. Nefndi Guðni einnig í ávarpinu að Geirmundur hefði með blíðum söng sínum leitt varir að vörum og vanga að vanga hjá hinum ástföngnu, og þúsundir hjónabanda hefðu orðið til undir seiðandi tónlist söngvaskáldsins.

Gleði og glaumur glumdu í Kakalaskálanum og vísur flugu óspart af vörum gesta. Ein varð þó til daginn áður er séra Hjálmar Jónsson lagði niður störf við að elta golfkúlu á Spáni. Hann orti þetta þakklætisljóð til Geirmundar sem Guðni flutti í Kakalaskála:

Hann þreytist ei böll á að bruna,
bestur með harmonikkuna,
og hefur með drift
síðpilsum svipt
lengur en elstu menn muna.



Guðni Ágústsson og Geirmundur Valtýsson í Kakalaskála með hryssuna Sóleyju frá Búðardal sem Guðni færði sveiflukónginum að gjöf frá vinum hans. Mynd / Árni Gunnarsson

Við hrífumst af hljómþýðum dyni
frá heiðruðum félaga og vini.
Hún er glæst, þessi höll.
Hér gleðjumst við öll
með Geirmundi Valtýssyni.

Það fer ekki á milli mála
að mæti hver einasta sála
því Guðni og Geiri
og gæðingar fleiri
nú skemmta í Kakalaskála.

Magnús Ólafsson frá Sveinsstöðum í Húnaþingi flutti svo Geirmundi svohljóðandi kveðju:

Ungur steigstu upp á svið.
Urðu dansar fleiri.
Ástir kvikna ólgum við,
enda rómó Geiri.

Ávallt fjörið er við völd,
atlot ná að beði.
Hartnær muntu í heila öld
halda uppi gleði.

Unaðsstundir þökkum þér,
því af Glaumsins kyni,
gæðahryssu gefum vér
Geira Valtýssyni.

Geirmundur var mjög glaður með gjöfina og aðspurður sagði hann nú á dögunum að Sóley yndi hag sínum vel á Geirmundarstöðum en þar reka þau hjónin bú og halda um hundrað ær og nokkur hross. Magnús Eiríksson tónlistarmaður sagði í frægu lagi sínu að sérhver vegur að heiman væri vegurinn heim. Ljóst er því að ættbogi Glaums er kominn aftur á Geirmundarstaði. /GRJ/HKR

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Óskum lesendum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs

Bændablaðið


Kemur næst út 13. janúar

LÍF & STARF

Þingmenn í fantasíuheimi almennings

Margir kannast eflaust við tölvuleikinn vinsæla Fantasy Football eða aðra sambærilega leiki tengda íþróttum. Nú hefur frumkvöðull nokkur, Þórður Vilmundarson forritari, tekið sig til og hannað sambærilegan leik, en tengdan stjórnmálamönnum. Því nefndan Fantasy Althingi.

Leikurinn gengur að mestu leyti út á hið sama og aðrir slíkir leikir, þeir sem hann spila stofna flokk sex þingmanna og stigafjöldinn safnast saman eftir hve vel þingmönnum gengur í þingsal. Enn sem komið er fá leikmenn einungis stig þegar þingmenn stíga í pontu, þá eitt stig fyrir hverja mínútu og svo aukast stigin til jafns við atkvæði í atkvæðagreiðslum. Mínusstig eiga við er þingmenn greiða ekki atkvæði.



Mynd / Samsett

Eins og er, er ekki hægt að veita mínusstig þó bjallan glymji við ræðuhöld þingmanna, en það er eitthvað sem Þórður sér fyrir sér að bæta við leikinn. Eins og staðan er núna er svo hægt að velja sér nýjan þingmann ef leikmenn eru ekki sáttir við frammistöðu viðkomandi, en þá kemur nývalinn þingmaður inn eftir viku.

Þess má geta að verðmætustu þingmenn leiksins að svo stöddu eru Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, þá Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir í Viðreisn á meðan Inga Sæland í Flokki fólksins trónaði á toppnum fyrstu vikuna.

Aðspurður segir Þórður að leikurinn, sem hægt er að finna á slóðinni Fantasyalthingi.is, sé enn í svokallaðri betaútgáfu og lokað sé fyrir skráningar í bili. Eins og er hafa í kringum þrjátíu leikmenn prófað leikinn en vonast er til að hægt verði að auka fjöldann er hinn raunverulegi þingheimur fer í jólafrí.

Svo verður bara gaman að sjá hvaða þingmaður taki sig til og verði fyrstur til að prófa leikinn!

/SP



Ása Hlín Gunnarsdóttir, sem hefur verið ráðin forstöðumaður markaðsmála hjá Biobú. Mynd / Aðsend

Biobú:
Nýr forstöðumaður ráðinn

Ása Hlín Gunnarsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður markaðsmála hjá Biobú. Hún starfaði áður hjá fyrirtækjasviði Landsbankans.

Matvælafyrirtækið Biobú sérhæfir sig í vinnslu á lífrænum mjólkur- og kjötafurðum en það var stofnað árið 2003.

Ása Hlín er með BSc-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands en hún útskrifaðist í júní 2021. Ása Hlín er Selfyssingur í húð og hár. „Biobú framleiðir lífræna mjólk, jógúrt og osta.

Mjólkin sem notuð er hjá okkur kemur frá fjórum búum, Búlandi í Austur-Landeyjum, Neðra-Hálsi í Kjós, Skaftholti í Gnúpverjahreppi og Eyði-Sandvík í Árborg, sem fékk einmitt nýverið vottun á sína lífrænu mjólk.


Biobú hóf fyrr á þessu ári framleiðslu á lífrænum kjötvörum; hakki, hakkabollum og gúllasi úr nautgripakjöti og auk þess nautalundum, nautafillet og rib eye. Fyrirtækið hefur gert samning við Sláturhús Vesturlands, sem fékk í lok síðasta árs lífræna vottun, um að þjónusta slátrun gripa frá bæjunum sem framleiða lífrænu mjólkina.

/MHH





LÍFIÐ & SAGA



Hótel Saga hefur verið glæsilegt kennileiti í Reykjavík frá því að húsið var byggt. Vatnslitamynd / L. Grund

Hótel Saga hefur hýst í gegnum tíðina margar af frægustu persónum í heimi:

Gestagangur á Sögu



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Hótel Saga er án efa ein af glæsilegustu byggingum á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Stórt og tignarlegt hús og eitt af helstu kennileitum Reykjavíkurborgar. Hótel Saga á sér áhugaverða sögu, ekki síst hvað varðar gestagang.

Upphaf Bændahallarinnar og Hótel Sögu má rekja allt aftur til 1939 þegar Sigurður Jónsson á Stafafelli lagði fram erindi á Búnaðarþingi um húsnæðismál Búnaðarfélags Íslands. Erindi Sigurðar var vísað til stjórnar Búnaðarfélagsins, sem lagði til að byggt yrði nýtt húsnæði og skyldi það verða höfuðsetur og heimili Búnaðarfélags Íslands auk þess sem þar gæti einnig verið aðsetur og samkomuhús bænda.


Fyrsta skóflustungan tekin 11. júlí 1956

Árið 1941 var ályktað á Búnaðarþingi um að byggja bændahús í Reykjavík. Sama ár skrifaði svo búnaðarmálastjóri búnaðarsamböndunum í landinu bréf þar sem hann leitaði eftir stuðningi við byggingu húsnæðis undir starfsemi félagsins. Húsið átti jafnframt að vera gistiheimili fyrir sveitafólk sem ætti erindi til Reykjavíkur. Árið 1947 var kosin byggingarnefnd sem skyldi hafa forgöngu um málið og ári seinna fékk félagið lóð undir bygginguna við Hagatorg.

Stéttarsamband bænda gekk til liðs við Búnaðarfélagið árið 1953 og gerðist aðili að byggingu hússins. Halldór H. Jónsson byggingarmeistari var fenginn til að teikna húsið og fyrsta skóflustungan tekin 11. júlí 1956. Til þess að afla fjár var ákveðið að leita eftir því við Alþingi að á árunum 1958 til 1961 yrði svokallað búnaðarmálasjóðsgjald, sem innheimt var af útborgunarverði til bænda, hækkað um ½ prósent og rynni það fé sem þannig innheimtist til byggingarinnar. Voru lög um þetta samþykkt á Alþingi í mars árið 1959.



Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, ásamt Steingrími Steinþórssyni búnaðarmálastjóra þegar hornsteininn var lagður að Hótel Sögu árið 1961. Mynd / Úr safni Hótel Sögu.



Loftmynd af Reykjavík þegar Hótel Saga er í byggingu árið 1961. Melavöllurinn í baksýn. Mynd / Úr safni Hótel Sögu

Kostnaðurinn við byggingu Bændahallarinnar varð meiri en ætlaður var í fyrstu og innheimta viðbótargjaldsins framlengd til 1970, þegar það var lagt af.

Fyrstu hæðir hússins voru teknar í notkun fyrir hótelrekstur árið 1962 og tveimur árum síðar skrifstofur búnaðarsamtakanna.

Byggingu fyrri áfanga Bændahallarinnar lauk 1965. Eldri byggingin er á sjö hæðum auk kjallara og Stjörnusalarins, sem er áttunda hæðin. Á fyrstu hæð var og er enn afgreiðsla og veitingaaðstaða. Súlnasalur og aðrir veitingasalir eru á annarri hæð. Skrifstofur Bændasamtakanna eru á þriðju hæð og fjórða hæðin var öll leigð til Flugfélags Íslands. Gistirými voru á fimmtu, sjöttu og sjöundu hæð.

Á áttunda áratugnum var ákveðið að byggja við Bændahöllina að norðanverðu sjö hæða byggingu.



Sænska konungsfjölskyldan, Silvia drottning (Silvia Renate Sommerlath) og Carl XVI Gustaf. Mynd / Úr safni Hótel Sögu

Dionne Warwick
sendi starfsfólkinu á Grillinu kveðju með þessari mynd og sagðist vonast til að koma þar aftur í næstu ferð til Íslands.

Mynd / Úr safni Hótel Sögu



Framkvæmdir við viðbygginguna hófust árið 1982 og lauk 1985.

Frægir gestir

Margir frægir gestir hafa gist á Hótel sögu, kóngar, stjórnmálamenn, leikarar, íþróttamenn, geimfarar, tónlistarmenn.

Hussein Jórdaníukonungur gisti tvisvar á Sögu þegar hann kom til landsins og mikið umstang og öryggisgæsla var í kringum komu hans. Á hótelinu hafa líka gist Ólafur Noregskonungur og Elísabet Englandsdrottning og var haldin mikil og glæsileg veisla þeim til heiðurs. Auk þess gistu Margrét Þórhildur Danadrottning og Hillary Clinton á forsetasvítunni á Sögu.

Joseph Luns, aðalritari NATO, var gestur og einnig tónlistarfólk eins og Dionnne Warwick, Rod Stewart, Ella Fitzgerald og Louis Armstrong, Leonard Cohen, Oscar Peterson, tenórinn Pavarotti, hljómsveitin Whitesnake og rithöfundar, eins og Doris Lessing og Fay Weldon. Boris Spassky gisti í svítunni á Sögu þegar hann atti einvígi við Bobby Fisher um heimsmeistaratitilinn í skák. Einnig gistu liðsmenn enska landsliðsins á Sögu fyrir ekki svo löngu. Skemmtikrafturinn Jerry Sienfeld gisti einnig á Sögu þegar hann kom til landsins til að skemmta og sama er að segja um söngvarann og hjartaknúsarann Michael Bolton.

Eins og gefur að skilja var oft mikið umstang í kringum þessar heimsóknir, eins og kóngafólksins, og að sjálfsögðu settur út rauður dregill í tilefni komu þeirra.

Söngvari og leigubílstjóri

Ekki má gleyma því að mikill fjöldi íslenskra skemmtikrafta hefur komið fram á Hótel Sögu í gegnum árin. Allt of langt mál yrði að telja þá alla upp en líklega er Ragnar Bjarnason sá sem stóð vaktina lengst í Súlnasalnum. Að dansleiknum loknum brá Raggi sér svo í hlutverk leigubílstjóra og keyrði gesti heim.

Allsber með hatt

Karen Þórsteinsdóttir, sem var á sínum tíma umsjónarmaður einstaklingsbókana á Sögu, hóf störf í gestamóttökunni og kann margar sögur af gestum.

„Á Sögu kom alls konar fólk, bæði skemmtilegt og kátt og stundum miður skemmtilegt og erfitt í samskiptum, en sem betur fer var það sjaldgæfara en þeir sem voru kurteisir og glaðir.

Einu sinni var von á erlendum þjóðhöfðingja hingað til að gista. Bíllinn var að renna í hlað og allir í startholunum þegar lyftan kom niður. Út úr lyftunni stígur einn af okkar yndislegustu gestum, fremur smávaxinn maður, og greinilegt að hann hafði fengið sér aðeins of mikið í tána, enda stóð hann þarna kviknakinn og með hatt á höfðinu. Sem betur fer tókst okkur að koma karlinum í stóran frakka af einum dyraverðinum og á bakvið í gestamóttökuna áður en þjóðhöfðinginn gekk í hús.“

„... and I am a princess“

„Hingað kom líka einu sinni hópur af ungum mönnum sem höfðu komið til landsins á einkaþotu. Einn þeirra kom í móttökuna og pantaði nokkrar svítur. Í mínum huga voru þetta bara einhverjir smástrákar og mér leist ekki betur á þá en svo að ég lét þá greiða allt fyrirfram. Um nóttina var svo eitthvert partístand á þeim. Daginn eftir kallaði ég þá niður, talaði yfir þeim og bannaði

– Framhald á næstu síðu.



LÍFIÐ & SAGA



Norodom Sihanouk, konungur Kambódíu og forseti útlagastjórnar landsins á meðan það var hernumið. Með honum er Ólafur Egilsson, þá starfandi ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins.
Mynd / Úr safni Hótel Sögu



Hussein Jórdaníukonungur á Hótel Sögu. Mynd / Úr safni Hótel Sögu



Hljómsveit Ragnars Bjarnasonar var fastur liður í skemmtanalífi landsmanna í fjölda ára með spilamennsku sinni í Súlnasal Hótel Sögu. Mynd / Úr safni Hótel Sögu

þeim að hafa svona mikinn hávaða. Einn þeirra gekk þá að mér ansi mannalegur og sagði, „but I am Prince“. Ég hafði ekki hugmynd um hver þetta var og svaraði „yes, and I am a princess“.

Eftir að strákarnir voru farnir kom í ljós að þetta voru tónlistarmaðurinn Prince og vinir hans að skemmta sér.“

Ýtti öryggisverði út úr lyftunni

„Ólafur Noregskonungur kom hingað oftar en einu sinni og hefð fyrir því að ég fylgdi honum upp á svítuna. Eitt sinn þegar Ólafur rennir í hlað stöndum við Ingibjörg Ólafsdóttir, fyrrverandi hótelstjóri, ægilega virðulegar hlið við hlið og bíðum hans.

Allt í einu snýr Ingibjörg sér að mér og spyr mig hvort hún sé með mjólkurskegg. Ég fæ náttúrlega hláturskast. Í ofanálag fór lyftan ekki af stað þegar við ætluðum upp þannig að ég þurfti að ýta einum öryggisverðinum út.

Við vorum of þung fyrir lyftuna. Ólafur hafði greinilega gaman af þessu og hló, enda afalegur og góður karl. Ég átti því mjög erfitt með að hemja mig í lyftunni upp með kónginum,“ segir Karen.

Hélt á öskubakka drottningarinnar

Hörður Sigurjónsson, fyrrverandi gæða- og sölustjóri veitingasviðs Hótel Sögu, hóf fyrst störf á Sögu sem nemi í framreiðslu árið 1966. „Árið 1973, þegar Danadrottning kom í opinbera heimsókn til Kristjáns Eldjárn og Halldóru, var haldin veisla fyrir drottninguna í Súlnasalnum. Eins og margir vita reykir Margrét Þórhildur mikið og ég hafði það eina hlutverk um kvöldið að standa, ekki allt of nærri henni, með öskubakka og passa að hún dræpi í sígarettunum í honum.“



Manlio Brosio, framkvæmdastjóri Atlandshafsbandalagsins, þakkar Ragnari Sigurðssyni fyrir að bjarga Natofánanum. Í frétt Morgunblaðsins 27. júní 1968 sagði að ungur kommúnisti hafi gert tilraun til að ræna og svívirða fána Atlantshafsbandalagsins þar sem hann blakti við Hótel Sögu. Fyrir snarræði hótelssveins varð ekki af fyrirætluninni. Hótelsveinninn Ragnar heldur hér á borðfána sem Brosio færði honum í viðurkenningarskyni. Mynd / Ól. K. M.



Beatrix Wilhelmina Armgard Hollandsdrottning og prins Claus.
Mynd / Úr safni Hótel Sögu



Kurt Waldheim, sem var aðalritari Sameinuðu þjóðanna á árunum 1972 til 1981, ritar nafn sitt í gestabók hótelsins undir vökulum augum Konráðs hótelstjóra. Mynd / Úr safni Hótel Sögu



Bandarísk geimfaraefni komu til Íslands í júní 1967 til æfinga í Öskjuhrauni vegna undirbúnings ferða til tunglsins. Að sjálfsögðu gistu þeir á Hótel Sögu, en í þessum hópi voru fyrstu jarðarbúarnir sem lentu síðar á tunglinu 20. júlí 1969 í leiðangri Appolo 11. Það voru þeir Neil Armstrong og Edwin Aldrin, en með þeim í tunglferðinni var Michael Collins, sem beið í geimfarinu á braut um tunglið á meðan félagar hans lentu á yfirborði þess.



Konráð Guðmundsson hótelstjóri og Ella Fitzgerald á Sögu í febrúar 1962, en hún hélt ferna tónleika í Háskólabíói.
Mynd / Úr safni Hótel Sögu

Johnson harður í prúttinu

Þegar Lyndon B. Johnson, þáverandi varaforseti Bandaríkjanna, gisti á Sögu voru uppi miklar varúðarráðstafanir. Haukur Gunnarsson í Rammagerðinni var fenginn til að koma með minjagripi á hótelið til þess að



Geimfarar í áhöfn Appolo 13 geimflaugarinnar gistu á Hótel Sögu þegar þeir heimsóttu Ísland ásamt eiginkonum sínum í október 1970. Þetta voru þeir James A. Lovell, John L. Swigert og Fred W. Haise. Appolo 13 var skotið á loft frá Kennedy geimferðastöðinni þann 11. apríl 1970. Ætlunin var að Lovell og Swigert lentu meðan félagi þeirra Fred W. Haise biði eftir þeim á braut um tunglið. Vegna bilunar var hætt við lendingu og þótti með ólíkindum að geimförunum tækist að handstýra biluðu farinu aftur til jarðar.



Hótel Saga og höggmyndin Íslandsmerki eftir Sigurjón Ólafsson. Mynd / HKr.

spara varaforsetanum og fylgdarliði hans það ómak að fara út að kaupa minjagripi. Johnson var harður við að prútta en Haukur kunni ekki við að þrátta við varaforsetann og hafði því lítið upp úr krafsinu.

Sagan segir að í veislu sem haldin var Johnson til heiðurs í Súlnasalnum hafi hann setið á milli Ásgeirs Ásgeirssonar forseta og Ólafs Thors. Johnson féll prýðilega við Ólaf, gleymdi þess vegna öllum mannasiðum og sneri bakhlutanum að Ásgeiri allan tímann.

Geimfarar gista

Áhöfn Apollo 13 geimflaugarinnar gisti á Hótel Sögu þegar geimfararnir heimsóttu Ísland ásamt eiginkonum sínum í október 1970. Þeir voru James A. Lovell, John L. Swigert og Fred W. Haise. Neil Armstrong, fyrsti maðurinn sem steig fæti á tunglið, gisti á Sögu í heimsókn sinni til landsins.

Í húsinu gistu einnig leikararnir Charlton Heston, Mia Farrow og André Previn pínóleikari.

Alec Guinness leikari gisti reglulega á Sögu í nokkur ár ásamt eiginkonu sinni, Merula Sylvia Salaman. Guinness og Salaman sátu alltaf við sama borðið þegar þau borðuðu morgunmat á Grillinu.

Viðamiklar endurbætur

Árið 2016 var lagt í viðamiklar endurbætur á húsnæði Hótel Sögu. Húsnæðinu var breytt og 27 ný herbergi tekin í notkun á þriðju hæð norðurbyggingarinnar, skipt út lyftum, lagnir lagaðar og loftræsting endurbætt en þar höfðu áður verið skrifstofur.

Þar á eftir var ráðist í endurbætur á Súlnasalnum og herbergin á fjórðu hæð gömlu byggingarinnar hafa verið endurnýjuð að öllu leyti en með hliðsjón af upprunalegu hönnuninni.

Strax í framhaldi af þeim breytingum loknum var farið í endurgerð á fyrstu hæð hússins og nánast allt rifið út. Glerhúsið sem var við hliðina á aðalinnganginum og hýsti Skrúð var rifið og gestamóttakan tekin í gegn. Í staðinn fyrir Skrúð var settur upp bar og nýr veitingastaður fyrir hundrað manns.

Síðan kom Covid

Rekstur Hótel Sögu varð illa úti í Covid-faraldrinum og þrátt fyrir að allt sem mögulegt var væri gert til að halda rekstrinum gangandi dugði það ekki til og var hótelinu lokað 1. nóvember 2020.

Frá þeim tíma hafa átt sér stað viðræður við ýmsa aðila um framtíð Bændahallarinnar og hugmyndir verið um að halda þar áfram hótelrekstri eða breyta húsinu í hjúkrunarheimili en flest bendir nú til að ríkið muni festa kaup á húsnæðinu undir starfsemi Háskóla Íslands.

Bændahöllin mun því væntanlega fá nýtt hlutverk fljótlega sem hluti af Háskóla Íslands og þeirri starfsemi sem þar fer fram.



UTAN ÚR HEIMI

Ráðstefna kjúklinga- og eggjabænda á Norðurlöndunum (NPC):

Mikilvægt og gott samstarf hjá kjúklinga- og eggjabændum

Dagana 9.–11. nóvember var haldin norræn ráðstefna kjúklinga- og eggjabænda á Norðurlöndunum, Nordic Poultry Conference (NPC), rétt fyrir utan Osló í Noregi. Ráðstefnan hefur aldrei verið fjölmennari en um 240 manns úr greinunum mættu til leiks. Frá Íslandi fylgdust fulltrúar frá Ísfugli, Líflandi, Bændasamtökunum, Kjúklingabúinu Vor og MAST með því sem fram fór.



Venju samkvæmt er haldin söngvakeppni milli Norðurlandanna á aðalkvöldi ráðstefnunnar og þó að íslenski hópurinn hafi talið brotabrot af þátttakendum hinna keppnislandanna bar hann glæsilegan sigur úr býtum með laginu Ég er kominn heim.



Þegar íslenski hópurinn steig á svið á aðalkvöldinu og söng Ég er kominn heim, tók salurinn vel undir og kveikti ljós á símunum sínum sem skapaði skemmtilega stemningu.



Undirbúningshópurinn fyrir Nordic Poultry Conference sem haldin var rétt fyrir utan Osló í nóvember en á næsta ári á svipuðum tíma verður ráðstefnan haldin í Álaborg í Danmörku. Myndir / NPC

Ráðstefnan er haldin á hverju ári en var frestað á síðasta ári og haldin á rafrænu formi vegna heimsfaraldursins. Það voru þó ekki eingöngu fulltrúar frá Norðurlöndunum sem mættu á ráðstefnuna því einnig komu aðilar sem tengjast geiranum frá fleiri Evrópuþjóðum. Á hverju ári er ákveðið þema á ráðstefnunni eins og dýravelferð, dýraheilsa, sjálfbærni, matvælaöryggi, matvælastefnur, sérstakar sjúkdómsáskoranir og fleira.

Bera saman bækur sínar

Farið var yfir marga þætti þessa tvo ráðstefnudaga, eins og til dæmis fuglaflensu, sem hefur víða numið lönd og valdið miklum skaða, nýja möguleika í fóðrun fugla, farið var yfir nýjar og umdeildar aðferðir við kyngreiningar ásamt sjúkdómsstöðu á Norðurlöndunum. Seinni daginn var ráðstefnunni skipt upp í sex stofur þar sem hægt var að velja til dæmis sérstofu fyrir kalkúnaframleiðslu, eggjaframleiðslu, kjúklingarækt, stofnahald, fóðrun og dýralækna svo dæmi séu tekin.

„Ísland er aðili að samtökum alifuglabænda á Norðurlöndunum. Þeirra aðalverkefni ár hvert er að halda ráðstefnu um alifuglarækt. Eins og alltaf er ráðstefnan afar áhugaverð. Þar eru margvíslegir fyrirlestrar um nýjar aðferðir í fuglarækt, hvað er efst á baugi hverju sinni, heilsufar fugla á Norðurlöndunum en þar trónir Ísland á toppnum með besta heilbrigðið og margt fleira. Dýravelferðarmál er atriði sem fær alltaf töluverða umfjöllun.

Ráðstefnuna sækja flestir sem hafa snertiflöt við alifuglarækt, ráðunautar, bændur, dýralæknar, rekstraraðilar fyrirtækja í alifuglarækt, tækjasalar og vísindafólk svo eitthvað sé nefnt. Gefst þarna kærkomið tækifæri til að bera sama bækur við kollega okkar á Norðurlöndunum.

Ráðstefnan er okkur alifuglaræktendum afar fróðleg og mikilvæg,“ segir Jón Magnús Jónsson á Reykjabúinu.

/ehg



Áttu orlofseign sem þú vilt leigja?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sína.

Leitað er eftir húsnæði víðs vegar um landið. Eignirnar þurfa að vera snyrtilegar, fullbúnar húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **hjukrun@hjukrun.is** eða hafi samband við skrifstofu í síma **540 6400**.

Bretlandseyjar:

Fuglaflensusmit aldrei verið fleiri

Staðfest tilfelli fuglaflensu í haust hafa aldrei verið fleiri á Bretlandseyjum. Yfir hálfri milljón alifugla hefur verið lógað á síðustu mánuðum og settar hafa verið reglur sem skylda að öllum alifuglum sé haldið innandyra.

George Eustice, umhverfisráðherra Breta, sagði í ræðu í breska þinginu fyrir skömmu að búið væri að staðfesta að fuglaflensa hefði komið upp á 36 alibúum á Bretlandseyjum í haust og að búist væri við að sú tala ætti eftir að hækka. Í kjölfarið er búið að farga 500 þúsund alifuglum.

Fjöldi smita síðastliðið haust var 26 og því greinilegt að illa gengur að hefta útbreiðslu flensunnar en helsta smitleið hennar er talin vera með farfuglum. Rannsóknir sýna að hlutfall smitaðra farfugla með fuglaflensu er hátt. Fyrir skömmu fannst örn (Haliaeetus albicilla), af fágætri tegund, dauður vegna smits á Skye við norðvesturströnd



Skotlands. Talið er að örninn hafa lagt sér fuglaflensudauðan farfugl til munns.

Bretlandseyjar er ekki eina landið þar sem tilfelli fuglaflensu eru á uppleið því svipaða sögu er að segja frá mörgum löndum innan Evrópusambandsins og víðar um heim.

Vegna smithættu hefur garðeigendum og öðrum sem hafa gaman af því að gefa villtum fuglum bent á að gæta fyllsta hreinlætis. */VH*

parka.is/camping PARKA fyrirtaeki.parka.is

NÚTÍMALEGRI TJALDSVÆÐI


- Einfalt bókunar- og greiðslukerfi sem hægt er að nota í vafra eða appi
- Gestir geta forbókað að heiman eða bókað sig sjálfir í kerfinu þegar þeir mæta á staðinn
- Kerfið getur sent sjálfkrafa skýrslur um gistinætur til Hagstofu
- Hægt að vera með bókunarhnapp á eigin vefsíðu
- Og margt fleira...

GJALDTAKA FYRIR BÍLASTÆÐI

- Einföld uppsetning - hægt að hefja gjaldtöku innan fárra daga
- Gestir skrá sig og greiða fyrir stæði í símanum eða í veðurþolnum greiðsluvélum
- Auðvelt að stýra aðgengi að sumarhúsalandi eða öðru landi í einkaeigu
- Möguleiki á sjálfvirku eftirliti með myndavélum
- Og margt fleira...



Hafðu samband // parka@parka.is //Sími: 7779002



Óskum landsmönnum gleðilegra jóla.

Megi nýtt ár færa ykkur jöfnuð og réttlæti.

ÖBÍ 1961 2021

Samfélag velsældar og tækifæra er þegar við öll njótum!

LÍF & STARF



Athafnamennirnir Brynjólfur og Valgarð vonast til að þessi nýja starfsemi laði að Íslendinga ekki síður en erlenda ferðamenn. Glæsilegt málverk eftir Hvergerðinginn Jakob Veigar prýðir samkomurými Gróðurhússins. Mynd /ghp

Nýr áfangastaður í Hveragerði:

Andi Edens svífur yfir vötnum í Gróðurhúsinu

Gróðurhúsið er nýr áfangastaður í Hveragerði sem var opnaður fyrr í mánuðinum. Þar má finna hótel, mathöll, verslanir, kaffihús, bar, ísbúð og bændamarkað.

Félagarnir Valgarð Sörensen og Brynjólfur J. Baldursson standa að baki fjögurra hæða nýbyggingu sem blasir nú við þegar keyrt er framhjá Hveragerði.


„Ég man eftir Eden, sem var túristastopp áður en að ferðamannaflaumurinn kom að einhverju viti. Um 300.000 ferðamenn stoppuðu í Eden á hverju ári, það er í raun ótrúlegt," segir Valgarð.

„Við bjuggum báðir lengi erlendis og flytjum svo heim kringum 2016 og sjáum þá hvernig umferðarflæðið hefur gjörbreyst á þessu svæði. Rútur stoppa gjarnan á bílastæðinu fyrir framan Verslunarmiðstöðina Sunnumörk. Við sáum þar tækifæri til að gera Hveragerði að meiri áfangastað, ekki einungis fyrir erlenda ferðamenn heldur líka Íslendinga, íbúa Suðurlands og sumarbústaðaeigendur sem eiga leið hér hjá. Svo er bara hálftíma keyrsla fyrir borgarbörnin að kíkja í ísbíltúr."


Húsið er samtals 2.600 fermetra stórt á fjórum hæðum og félagarnir segja þetta fjárfestingu upp á tæpan einn og hálfan milljarð króna.

Húsið er hannað af Kára Eiríkssyni arkitekt og innanhússhönnun var í höndum Hálfdans Pedersen. Á efri tveimur hæðunum eru hótelherbergi og í kjallara hússins mun opna 160 fm minjagripaverslun Nordic Store.

Á jarðhæð er móttaka hótelsins, miðjuborð með afgreiðslu og kaffihús. Verslanir á borð við Epal, Álafoss, Herrafataverzlun Kormáks&Skjaldar og bændamarkaðurinn Me&Mu hafa þar athvarf. Einnig má finna mathöll með veitingastöðunum Hipstur, Taco vagninum, Punk Fried Chicken, Yuzu burgers, Wok on og Nýlendubarnum ásamt ísbúðinni Bongó, sem Rut Káradóttir innanhússarkitekt stendur að ásamt eiginmanni sínum.



Gróðurhúsið er 2.600 fermetrar að stærð og starfsemi þess kallar á 50–60 ný störf í Hveragerði. Mynd /ghp



Mathöllin er öll hin huggulegasta. Mynd /Aðsend

Nafn ísbúðarinnar vísar einmitt til apans Bongó, eitt af aðdráttarafli Edens í den. „Þetta er í raun Eden nútímans," segir Valgarð, sem hefur nokkra reynslu af rekstri veitingastaða enda kom hann Búllunni hans Tomma á fót í London.

Húsið er í svokölluðu BREEAM umhverfisvottunarferli sem á að staðfesta að verkefnið standist kröfur um sjálfbærni og lágmörkun umhverfisáhrifa. „Við höfðum sjálfbærnisjónarmið í forgrunni og vottunarkerfið kallaði á að tekið væri á grænum atriðum alveg frá fyrstu skóflustungu að kaffibollanum sem við afhendum kúnnanum," segir Brynjólfur.

Á hótelinu eru 49 herbergi. „Við teljum sniðugra fyrir erlenda ferðamenn að staðsetja sig hér, umkringda fallegri náttúru, frekar en í Reykjavík. Flestir fara í ferðir á Suðurland og eins inn í Reykjadal og Bláa lónið og allir þessir staðir eru steinsnar frá Hveragerði. Það getur því sparað þeim tíma, peninga og kolefnisspor að vera hér. Til lengri tíma sjáum við fyrir okkur að geta boðið upp á rafmagnsbíla hérna líka, fyrir þá sem vilja fara stuttar ferðir á eigin vegum," segir Brynjólfur. */ghp*

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Sælkeraverslun og bændamarkaður

Í verslunarrými Gróðurhússins má finna sælkeraverslunina Me&Mu. Þær Anna Júlíusdóttir og Sveinbjörg Jónsdóttir standa að baki þessari nýju verslun, sem býður smærri framleiðendum og bændum vettvang til að bjóða vörur sínar. „Við seljum vörur frá smáframleiðendum um allt land auk þess að flytja inn hágæða sælkeravörur frá Ítalíu. Jafnframt erum við með umboðssölu fyrir finnskar lífsstílsvörur, t.d. búsáhöld, eldstæði og útiarna," segir Anna en verslun Me&Mu má einnig finna á Garðartorgi 1 í Garðabæ.

Í sumar hyggst Anna nýta útisvæði Gróðurhússins fyrir bændamarkað með ferskvörur og kynningar frá smáframleiðendum. „Við stílum líka inn á sumarbústaðaeigendur því hér verður hægt að grípa kjöt beint frá bónda og ýmsa hentuga matvöru á leið í bústaðinn."



Mynd /ghp

20% afsláttur

í tilefni af - Eldrauðum dögum - hjá Völundarhúsum

20% afsláttur af öllum garðhúsum og gestahúsum á meðan byrgðir endast

ELDRAUÐIR DAGAR hjá Völundarhúsum munu ríkja til 31. DESEMBER 2021



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - hagstæðar afborganir

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864-2400.

http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/
https://www.facebook.com/Volundarhus

GLEÐILEG JÓL



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/21-05

VALLARBRAUT.IS

SOLIS 26
Væntanleg Des 2021




SOLIS 50
Væntanleg Jan-feb 2022



SOLIS 90
Væntanleg Jan-feb 2022







Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

LÍF & STARF



Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands og blómabóndi á Espiflöt. Mynd / smh

Fæðuöryggi á að tryggja á kjörtímabili nýrrar ríkisstjórnar:

Lykilákvörðun hjá ríkisstjórninni fyrir ylræktina

– segir Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands

Í landbúnaðarkafla stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er afdráttarlaust kveðið á um að áhersla verði lögð á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi.

Tiltekið er að við endurskoðun á búvörusamningnum verði áhersla á að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu, með aukinni grænmetisframleiðslu í ylrækt og útiræktun. Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir stjórnvöld loksins farin að sjá það sem garðyrkjan hefur lengi barist fyrir.

Sérstaklega er kveðið á um að aukinni framleiðslu í ylrækt verði náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði. Ekki er útlistað í hverju stuðningurinn við útirækt muni felast. Endurskoðun á búvörusamningi er næst fyrirhuguð á árinu 2023.

Lykilákvörðun hjá ríkisstjórninni fyrir ylræktina

Axel gleðst fyrir hönd garðyrkjubænda yfir þessum ákvæðum stjórnarsáttmálans. „Stjórnvöld eru greinilega farin að sjá það sem garðyrkjan hefur barist fyrir í áraraðir. Baráttan fyrir sanngjörnu verði á dreifikostnaði raforku hefur verið okkur í ylræktinni hjartans mál í áratugi. Garðyrkjan er á sama dreifingartaxta og hvert annað íbúðarhús í landinu þrátt fyrir að vera stórnotendur á raforku. Núverandi búvörusamningur er á þann veg, að ríkið setur 375 milljónir í stuðning til greinarinnar, eða allt að 95 prósenta niðurgreiðslu. Þessum pening er svo deilt niður á garðyrkjubýli eftir því hvað þau nota mikla lýsingu. Hingað til hafa greiðslurnar dugað til 60–80 prósenta af kostnaði garðyrkjubýlanna við dreifingarkostnað. Staðan er því þannig að því fleiri gróðurhús sem þú byggir – og meira er lýst – því minna fá garðyrkjubændur á móti. Kerfið er því letjandi í grunninn

Að ríkisstjórnin ætli að festa niðurgreiðsluhlutfallið gefur greininni fyrirsjáanleika. Það verður mikill munur fyrir bændur að fara inn í veturinn og vita hver dreifingarkostnaðurinn verður. Slíkt fyrirkomulag gefur okkur kost á að setja fram skýrari framtíðarsýn og auðveldar nýjum aðilum að koma inn í greinina – sem og þeim sem fyrir eru að stækka og gera betur. Nýliðun er greininni afar nauðsynleg og þeir sem eru áhugasamir verða að sjá tækifæri í því að að stunda ræktun á Íslandi," segir Axel.

Margfalt lægra sótspor á Íslandi

Axel bendir á, að vegna þess að íslenskt ylræktað grænmeti sé með margfalt smærra kolefnisspor en innflutt þá sé eðlileg þróun á tímum loftslagsbreytinga að stuðningurinn við greinina aukist. „Hér höfum við allt til alls til að vera með hágæða vöru með mjög lágt kolefnisfótspor, græna raforku, gróðurhúsin hituð upp með hveravatni, plönturnar vökvaðar með hreinu vatni og starfsfólk fær sómasamlega borgað fyrir sitt vinnuframlag. Hér á landi er notkun varnarefna nánast engin, það getum við þakkað íslenskri náttúru þar sem lítill hluti skordýra sem herja á ræktun þrífst hér á landi. Þar af leiðandi er mjög auðvelt að notast við náttúrulegar varnir í gróðurhúsunum.

Íslenskt grænmeti er svo sannarlega orðið partur af umræðunni um fæðu- og matvælaöryggi landsins. Neytendur eru orðnir vanir því að fá íslenskt gæða grænmeti allt árið og ákvörðun ríkisstjórnarinnar mun hjálpa mjög til með að verðlag sé sanngjarnt og varan ávallt til."

Útiræktin þarf líflínu

Axel segir að staða íslenskra garðyrkjubænda í útiræktun grænmetis sé að ýmsu leyti skrýtin. „Útiræktendur hafa átt undir högg að sækja í mörg ár. Þeim hefur fækkað og nýliðun verið lítil. Íslenskt útiræktað grænmeti er þó orðið afar vinsælt hjá landsmönnum en alltaf spurning hvað er hægt að verðleggja vöruna hátt og því er mikilvægt að ríkisstjórnin stígi inn í þessa stöðu. Með veglegum stuðningi til að halda verðlaginu sanngjörnu og um leið að bændur sjái framtíð í starfi sínu og þannig væri komin hvatning til nýliðunar í greininni.

Mikil tækifæri felast í því að rækta meira og fleiri tegundir, við höfum frjósaman jarðveg og nóg af landi til ræktunar. Þó svo að ræktunartímabilið sé stutt þá hjálpar mjög hvað dagarnir eru langir á sumrin og plönturnar nýta sér það svo sannarlega til vaxtar. Sökum lágs meðalhita á Íslandi er vöxtur hægur og þéttur, sem verður til þess að næringarinnihald er mikið í grænmetinu. Svo er ástæða til að nefna það enn og aftur að skordýrin þrífast illa hér á landi og notkun varnarefna því mjög lítil miðað við meginland Evrópu."

Lífrænt ræktað grænmeti þarf meira pláss í umræðunni

Axel hefur einnig sérstakar áhyggjur af stöðu lífrænnar ræktunar á íslensku grænmeti og segir bændur ekki hafa náð að fylgja eftir neyslumynstri þjóðarinnar þegar kemur að lífrænt ræktuðum matvælum. „Í þeim geira erum við talsvert á eftir nágrannaþjóðum okkar. Það kom berlega í ljós í skýrslu sem unnin var af Erlu Hjördísi Gunnarsdóttur, samskiptastjóra Bændasamtakanna, fyrir Samband garðyrkjubænda um samanburð á milli Íslands og hinna Norðurlandanna," segir hann.

Axel nefnir þrjú atriði sem ástæður fyrir því hversu langt á eftir við erum þegar kemur að lífrænni ræktun. „Fyrst er það viljaleysi stjórnvalda, í öðru lagi áhugaleysi núverandi ræktenda og í þriðja lagi er það svo aðgangur að lífrænum áburði. Nú ætlar ríkisstjórnin að setja sér heildstæða, tímasetta aðgerðaráætlun til að auka lífrænan búskap í landinu. Það verður vonandi til þess að bændur sjái meiri tækifæri í lífrænum búskap. Hvort sem það verða núverandi bændur sem færi sig yfir í lífræna hlutann, lífrænir bændur stækki við eða það sem væri frábært; að nýliðun yrði í þessum hópi.

Síðustu ár hefur verið góð aðsókn á lífrænu brautina í Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Það bendir til að áhuginn sé að vakna og fólk farið að sjá tækifæri í að rækta lífrænt. Því er það afar jákvætt að stjórnvöld ætli sér að bæta stöðu bænda í lífrænum búskap."

Spennandi kjörtímabil fram undan

Axel telur það spennandi stöðu að fara inn í kjörtímabil nýrrar ríkisstjórnar núna þegar það liggur fyrir að styrkja eigi stöðu grænmetisframleiðslu í landinu. „Við í nýrri garðyrkjudeild Bændasamtaka Íslands munum vinna heilshugar að bættum hag garðyrkjubænda í landinu, með Svandísi Svavarsdóttur, nýjum landbúnaðarráðherra við stjórnvölinn.

Ég sé ekki betur en að garðyrkjan sé að tikka í öll box nýs ráðherra; hún er loftslagsvæn, með lágt kolefnisfótspor, hefur mikla möguleika á að stækka og bæta við sig mannafla, er partur af fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar – og hér höfum við mikla möguleika á því að verða mun sjálfbærari í okkar grænmetisneyslu." */smh*

LÍF & STARF

Ártangi með nýjar umhverfisvænar umbúðir





Garðyrkjustöðin Ártangi hefur tekið í notkun nýjar 100% niðurbrjótanlegar og umhverfisvænar pappírsumbúðir fyrir framleiðslu sína sem er aðallega ferskt krydd í pottum.

Gunnar Þorgeirsson, sem rekur garðyrkjustöðina Ártanga ásamt eiginkonu sinni, Sigurdísi Eddu Jóhannesdóttur, segir að leitin eftir umhverfisvænum umbúðum sem henta fyrir framleiðslu Ártanga hafi tekið nokkur ár.

Umbúðirnar lofa góðu og þar sem þær eru gerðar úr 100% pappír eru þær 100% niðurbrjótanlegar og umhverfisvænar.

„Við höfum farið á sýningar erlendis til að finna umbúðir sem passa fyrir okkar framleiðslu. Kryddjurtirnar er seldar í pottum og umbúðirnar því lokaðar að neðan og þola raka um tíma svo að þær skemmist ekki. Umbúðasalar sem við höfum verið í sambandi við hafa komið með alls konar hugmyndir að lausn en enga sem við höfum talið fullnægja okkar þörfum.

Í janúar 2020 hittum við á sýningu í Essen í Þýskalandi fulltrúa fyrirtækis sem bauð upp á mjög ásættanlega lausn. Vinna við að hefja notkun á umbúðunum hefur svo staðið yfir frá því í febrúar á þessu ári og þær loksins komnar á markað eftir langan og strangan undirbúning," segir Gunnar Þorgeirsson garðyrkjubóndi. */VH*



Túlípanar um jólin

Vöndur með rauðum og hvítum túlípönum, grenigreinum og jólaskrauti eru uppáhald jólasveinanna enda afskaplega falleg skreyting í vasa yfir jólahátíðina og fram á nýja árið.

Ráðlegt er fyrir jólasveina og aðra sem fá sér túlípana fyrir jól að sem stystur tími líði frá því að túlípanarnir eru keyptir og þar til þeim er komið í hreinan vasa með volgu vatni.

Ef kalt er í veðri eins og oft er í desember skal láta vefja blómunum inn í pappír til að verja þau fyrir mesta kuldanum á leiðinni á áfangastað.

Gott er að skáskera aðeins neðan af blómstilkunum með beittum hnífi áður en þeir eru settir í vasann og nota skal blómanæringu fylgi hún með í kaupunum. Einnig skal skipta um vatn annað slagið svo að það fúlni ekki.

Afskorin blóm standa best við lágt hitastig og því skal varast að láta þau standa nálægt miðstöðvarofni. Ekki er heldur ráðlegt að láta þau standa nálægt ávöxtum þar sem þeir gefa frá sér gufur sem flýta fyrir hnignun túlípananna. */VH*

AGRIMIN
CARING FOR YOUR ANIMALS
WORLD LEADERS IN BOLUS TECHNOLOGY
ALL-TRACE®
BOLUS TECHNOLOGY FOR CATTLE

Hraustari kindur sprækari lömb


6 mánaða ending í einum forðastaut
berðu saman kostnað og ávinning



Tækni Agrimin 24-7 forðastautana



Stautur í 2 hlutum með bréfi sem gefa frá sér joð, selen og kóbalt



Bréfið eyðist upp í keppnum og hlutar stautsins losna í sundur

Joð - Selen - Kóbalt

Af hverju er snefilefnum bætt við?

Það er nauðsynlegt að bæta **joði, seleni** og **kóbalti** við fæðuna meðan ær eru blæsma, við skimun og yfir vetrartímann.

- **Joð - eykur frjósemi og lífsþrótt lamba**
- **Selen - eykur frjósemi og fjölgun**
- **Kóbalt - eykur frjósemi og þrótt lamba við burð**

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt

Forðastautarnir eru hannaðir þannig að þeir liggja í keppnum. Bréfið utan um stautinn leysist upp og hann brotnar í tvennt. Þeir sverfast og leysast upp og sjá dýrunum þannig fyrir stöðugri og jafnri næringu.

Virk efni		Daglegur skammtur í 180 daga með 48 gr staut
Joð (kalsíum gegndreypa með joði)	15,375 mg/kg	4,0 mg
Selen (selenað natríum)	1,388 mg/kg	0,4 mg
Kóbalt (kóbalt karbónat)	2,973 mg/kg	0,8 mg

Mjög einfalt er að koma stautunum fyrir í ánum með þar til gerðri byssu sem skýtur stautnum niður í vömbina.

Af hverju nota forðastauta?

Agrimin 24-7 - Joð - Selen - Kóbalt sér dýrinu fyrir daglegri þörf nauðsynlegra snefilefna í 180 daga. Hvert dýr fær samfellda gjöf bætiefna. Ætlað ám sem eru yfir 40 kg að þyngd.

Nýtt

Nú einnig fyrir lömb





Agrimin 24 7 SMARTRACE

FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM OG BÚVÖRUVERSLUNUM UM LAND ALLT
Nánari upplýsingar á www.agrimin.co.uk

vistor
Umboðsaðili: Vistor hf
Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000
vistor@vistor.is - www.vistor.is

UTAN ÚR HEIMI

Nýi dýralæknaskólinn við Háskólann í Aberystwyth í Wales formlega opnaður:

Byggir á sögu háskóla sem þekktur er fyrir gæði í kennslu og ánægju nemenda

– Skólinn þar sem dr. Ólafur R. Dýrmundsson og Karl Bretaprins voru um tíma skólabræður

Nýi dýralæknaskólinn við Aberystwyth-háskóla í Wales (Aberystwyth University), var formlega opnaður þann 10. desember síðastliðinn af Karli prins af Wales. Reyndar hófst kennsla í skólanum nú í september.

Skólabyggingin þar sem nýi dýralæknaskólinn er til húsa er Íslendingum ekki að öllu ókunnug. Þar stundaði dr. Ólafur R. Dýrmundsson m.a. nám og var um tíma skólabróðir Karls Bretaprins. Ólafur sagði í samtali við Bændablaðið að svo skemmtilega vilji til að þegar Karl opnaði formlega dýralæknaskólann hafi hann ritað nafn sitt í sömu gestabók og hann skrifaði í á vormisserinu 1969 þegar hann nam velsku og velska sögu í Aberystwyth. Það var rétt áður en hann var krýndur af Elísabetu II Bretlandsdrottningu sem 21. prinsinn af Wales við athöfn í Caernarfon-kastala í Norður-Wales í byrjun júlí það ár.



Karl krýndur sem prinsinn af Wales í Caernafon-kastala í júlí árið 1969.



Kastalanafnið Caernarfon er velska, en á ensku var kastalinn og bærinn sem hann stendur í oft skrifaðir með vaffi (v) og nefndir Caernarvon, en því hefur að mestu verið hætt.

Karl prins gamall skólabróðir dr. Ólafs R. Dýrmundssonar

„Þarna, vorið 1969, var hann skólabróðir minn um skeið og bæði ég og Svana töluðum við hann í boði hjá British Council rétt eftir að hann kom í skólann. Skemmtilegt spjall. Síðar kom hann nokkrum sinnum í laxveiði í Vopnafjörð eins og segir í bókinni Guðni á ferð og flugi.

Karl er, og hefur lengi verið, með lífrænan búskap á einni af jörðum bresku krúnunnar í Englandi og hefur gott vit á landbúnaði. Sá hann t.d. og heyrði flytja prýðilegt erindi um framtíð landbúnaðar á Terra Madre hjá Slow Food í Tórínó á Ítalíu rétt upp úr aldamótunum," segir Ólafur.

Þá bendir Ólafur á að hluti sjónvarpsþáttanna Crown um bresku konungsfjölskylduna, þ.e. í þættinum um dvöl Karls í Aberystwyth, hafi var tekinn í gömlu háskólabyggingunni. Hann segir að þau hjón hafi þó ekki verið ánægð með aulaháttinn sem þekktur breskur leikari var látinn sýna í hlutverki Karls þarna í háskólanum. Þau hafi haft allt aðra mynd af Karli.

„Hann var öruggur í framkomu og átti auðvelt með að ræða við okkur, spurði m.a. um laxveiði á Íslandi sem hann átti síðar eftir að kynnast sjálfur," segir Ólafur.



Karl Bretaprins við formlega opnun dýralæknaskólans í Aberystwyh. Mynd / Aberystwyth University



Gamla skólabygging Aberystwyth-háskóla í Wales.

Tvö ár í Aberystwyth og þrjú í Hertfordshire

Ólafur hefur lengi verið tengiliður (Alumni Representative) Háskólans í Aberystwyth við Ísland. Hann segir að dýralæknanáminu sé þannig háttað að dýralæknanemarnir taka tvö fyrstu árin í nýja skólanum í Aberystwyth og síðan þrjú ár í dýralæknaskólanum í Hawkshead í Hertfordshire í Englandi.

Þar sem hér á landi sé skortur á dýralæknum, þá veltir Ólafur fyrir sér hvort ekki sé kjörið fyrir íslenska stúdenta sem hyggja á dýralækningar að skoða þessa nýju námsbraut við dýralæknaskólann í Wales. Hann segist þó ekki vita til að íslenskir dýralæknar hafi stundað nám í Wales. Hins vegar hafi nokkrir lokið sínu námi í Skotlandi og Englandi en flestir á Norðurlöndunum og í Þýskalandi.

Ólafur ritaði grein í Bændablaðið í apríl á síðasta ári um þá ákvörðun Aberystwyth-háskóla í Wales þann 28. febrúar 2020 að opna nýjan dýralæknaskóla. Þá var gert ráð fyrir að skólinn tæki við fyrstu nemendunum í september 2021 og gekk það eftir.

Segir Ólafur að í Aberystwyth hafi verið búvísindanám á háskólastigi síðan árið 1878 en háskóli var stofnaður þar árið 1872. Því eigi kennsla og rannsóknir í þágu landbúnaðar sér langa sögu í Aberystwyth, bæði á sviðum búfjárræktar og jarðræktar, enda Wales þekkt innan Bretlandseyja fyrir blómlegar sveitir og mikla matvælaframleiðslu af ýmsu tagi. Síðan segir í grein Ólafs:

Mikil reynsla að baki

„Reyndar er liðin rúmlega öld síðan rannsóknir á búfjársjúkdómum og kennsla um þá hófst í tengslum við búvísindanámið í Aberystwyth og dýralæknar hafa lengi verið á meðal kennaraliðsins. Naut höfundur góðs af á námsárunum í Aberystwyth 1966-1972. Ákveðið skref var stigið í september 2015 þegar stofnað var til sérstakrar þriggja ára B.Sc. námsbrautar í lífvísindum með áherslu á dýrasjúkdóma. Próf af henni hefur gefið góða starfsmöguleika og er sagt prýðilegur undirbúningur undir námið í nýja dýralæknaskólanum. Nú hefur skrefið verið stigið til fulls með stofnun fyrsta dýralæknaskólans í Wales en til þessa hafa þeir næstu verið í Liverpool og Bristol í Englandi."

„Þú getur kallað okkur Aber"

Að sögn Ólafs nýtur Aberystwyth mikil álits á Bretlandseyjum. Bæði árin 2018 og 2019 fékk hann sérstaka viðurkenningu vegna gæða kennslunnar og 2020 hlaut hann viðurkenningu sem besti háskólinn í Wales (The Sunday Times Good University Guide). Þá fékk hann árið 2019 næsthæstu einkunn allra breskra háskóla fyrir ánægju nemenda með námið og aðstöðu til þess (National Student Survey). Þar hefur skólinn reyndar verið í efstu sætum árin 2018, 2019 og 2020. Stjórnendur háskólans eru samt ekkert að láta hlutina stíga sér til höfuðs eða taka upphefðina of formlega, því á heimasíðu skólans segir:

„Við erum Aberystwyth-háskóli, en þú getur kallað okkur Aber." */HKr.*



Svanfríður S. Óskarsdóttir og Ólafur Dýrmundsson í Wales 1969. Í baksýn er Háskólinn í Aberystwyth. Bætt hefur verið við nýjum byggingum vegna nýja dýralæknaskólans en hann er allur á Penglais Hill þar sem Ólafur nam og stundaði sauðfjárrannsóknir forðum daga. Mynd / Úr einkasafni



UTAN ÚR HEIMI

Nýtt útlit á merki Massey Ferguson og nýtt slagorð á 175 ára afmælinu 2022

Massey Ferguson, sem er í eigu fjölþjóðasamsteypunnar AGCO, hefur kynnt nýtt útlit á táknrænu þríhyrningsmerki sínu og nýtt slagorð, „Born to Farm“ í tilefni af 175 ára afmæli Massey Ferguson á árinu 2022. Mögulega mætti útleggja nýja slagorðið á íslensku sem „Fæddur til landbúnaðarstarfa“.

Massey Ferguson hefur nú boðið bændum um allan heim einfaldar og áreiðanlegar vélar frá upphafi fyrir næstum 175 árum. Fá vörumerki hafa haft jafn mikil áhrif í landbúnaði á heimsvísu og Massey Ferguson. Þetta nafn var sannarlega „Born to Farm“, eins og Eric Hansotia, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri AGCO Corporation, sagði þegar nýja útlitið var kynnt.

Luis Felli, framkvæmdastjóri Massey Ferguson, bætti því við að Massey Ferguson væri nú að breytast frá því að vera hreinn landbúnaðarvélaframleiðandi í víðtækara þjónustufyrirtæki. Fyrirtæki sem miðli reynslu sem hjálpi bændum að tryggja bestu verðmæti í sinni framleiðslu og geri fyrirtæki þeirra arðbærari og sjálfbærari.

Einstök upplifun

„Þessi alþjóðlega samræmda nálgun gerir viðskiptavinum kleift að upplifa umbreytingu vörumerkisins á einstakan hátt um allan heim. Því var eðlilegt að setja á markað nýtt lógó á þessu fordæmalausa augnabliki í sögu okkar,“ sagði Luis Felli.

Árið 2022 verður ár hins nýja vörumerkis

„Árið 2022 verður ár hins nýja alþjóðlega vörumerkis Massey Ferguson,“ sagði Francesco Murro, varaformaður Global Marketing, Sales Enablement & Partnerships Massey Ferguson.



Nýtt vörumerki Massey Ferguson hefur verið kynnt í tilefni af 175 ára afmælis þessarar frægu dráttarvélategundar á árinu 2022.

„Við höfum verið að hugsa um nýtt lógó síðan við afhjúpuðum MF NEXT Concept á Agritechnica 2019. MF New Era byrjaði að vakna til lífsins með MF 8S kynningu í júlí 2020. Því hefur verið fylgt eftir með kynningu á heildarlínu af vörum síðustu 18 mánuði, þar á meðal í september 2021 með Born to Farm Digital viðburðinum.

Nóvember er eins konar hátíðarmánuður fyrir vörumerkið, sem er nú kynnt nákvæmlega 63 árum eftir að tilkynnt var um stofnun vörumerkisins. Þegar við fögnum 175 ára afmæli fyrsta landbúnaðarverkstæðis Daniel Massey árið 2022, fannst okkur það vera fullkominn tími til að endurnýja lógóið um leið og við kynnum nýtt slagorð,“ sagði Murro.

„Þríhyrningsformið er sterk táknmynd sem hefur einkennt Massey Ferguson síðan 1958. Nýja lógóið okkar er blanda á milli sterkrar arfleifðar okkar og ferskra vörumerkjagilda. Þríhyrningarnir þrír skarast til að tákna gagnkvæmt samband og traust milli bænda, söluaðila og vörumerkisins,“ bætti Mr. Murro við.

Nýja lógóið verður smám saman innleitt um allan heim. Það er þegar byrjað að birtast á vefsíðum fyrirtækisins og verður uppfært í öllu markaðsefni Massey Ferguson þegar fram líða stundir. */HKr.*



Stjórnarformanni JCB, Lord Bamford, var við hátíðlega athöfn í London fyrir skömmu veittur Dewar-verðlaunagripur Royal Automobile Club fyrir þróun fyrirtækisins á vetniseldsneytismótor. Þetta er í þriðja sinn sem nýjungar JCB eru heiðraðar með Dewar-bikarnum. Mynd / JCB

JCB fékk Dewar verðlaunin fyrir þróun vetnismótors

– Tilbúinn til framleiðslu með skömmum fyrirvara

Ofursparneytin vetnisvél JCB hefur unnið til einna elstu og virtustu verðlauna í breskri bílaverkfræði sem veitt eru til að heiðra tæknilegan árangur.

Við hátíðlega athöfn í London fyrir skömmu var stjórnarformanni JCB, Lord Bamford, veittur Dewar-verðlaunagripur Royal Automobile Club fyrir þróun fyrirtækisins á vetnismótor. Þetta er í þriðja sinn sem nýjungar JCB eru heiðraðar með Dewar-bikarnum.

Síðast hlaut JCB þessa viðurkenningu árið 2019 fyrir kynningu á 19C-1E rafmagns smágröfu. Þá hreppti JCB Dewar-bikarinn árið 2007 eftir að JCB Dieselmax liðið setti dísilknúið landhraðamet upp á 350,092 mílur á klukkustund (563,418 km) á Bonneville saltsléttunum í Bandaríkjunum.JCB hefur verið brautryðjandi hvað varðar þróun aflrásar síðan það byrjaði að smíða sínar eigin vélar árið 2004. Það síðferði hefur haldið áfram með nýjustu vetnisknúnu vélunum, sem eru hvetjandi sambland af núverandi sérfræðiþekkingu og næstu kynslóðartækni.

„Við erum afar stolt af því að Royal Automobile Club hefur valið að afhenda JCB Dewar-bikarinn í þriðja sinn. Nýju vetnisknúnu vélarnar okkar geta verið settar í framleiðslu tiltölulega fljótt og það er mikilvægt og brautryðjandi skref í átt að kolefnislausri framtíð og vitnar um ótrúlega hæfileika bresku verkfræðinganna okkar,“ sagði Anthony Bamford.

Sérhannaður núll CO_2 vetnismótor JCB var hannaður eftir að verkfræðingar fyrirtækisins fengu áskorun um það frá Anthony Bamford. Nýlega hannaði mótorinn sameinar núverandi sérfræðiþekkingu og innviði í aðfangakeðju JCB. Fyrirtækið fjárfesti um 100 milljónir punda í verkefninu og er með tvær frumgerðir vetniseldsneytisvéla í prófun. Þær eru í gröfu og Loadall skotbómulyftara. */HKr.*



FRÉTTASKÝRING

Starfshópur og frumvarp:

Heildarhagsmunir í húfi

Svandís Svavarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað starfshóp til að fjalla um blóðtöku úr fylfullum hryssum til framleiðslu henni tengdri.

Fulltrúi ráðuneytisins mun leiða vinnuna en ráðherra mun óska eftir tilnefningum í starfshópinn frá Matvælastofnun og frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Starfshópnum verður falið að skoða starfsemina, regluverkið í kringum hana og eftirlit, auk þess að skoða löggjöf og mögulega framkvæmd slíkrar starfsemi erlendis.

Samkvæmt tilkynningu verður fundað með hagaðilum auk þess sem almenningi mun gefast kostur á að tjá sig um störf og tillögur hópsins á Samráðsgátt stjórnvalda þegar þær liggja fyrir.



Svandís Svavarsdóttir.

Afhenda ekki óklippt efni

Skipun starfshópsins kemur í kjölfar gríðarmikillar umfjöllunar um starfsemi blóðmerarbúskapar og framleiðslu á hormónaefninu PMSG eftir að myndband, gefið út af dýraverndarsamtökunum AWF/TSB, sýnir vinnubrögð við blóðtöku sem virðast stangast á við starfsskilyrði Matvælastofnunar.

MAST hefur nú myndefnið til rannsóknar en dýraverndarsamtökin hafa gefið það út að þau munu ekki afhenda stofnuninni óklippt efni. Segjast aðstandendur samtakanna, í opnu bréfi, vera reiðubúin til samstarfs við ríkissaksóknara hefji hann rannsókn á starfseminni.

Félag hrossabænda fagnar starfshópi

Félag hrossabænda sendi Svandísi Svavarsdóttur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra áskorun um að skoða heildarhagsmuni hrossaræktar og hestatengdrar starfsemi í tengslum við vinnu starfshóps um blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Í ályktun FHB er því fagnað að ráðherra hafi skipað starfshóp til að fjalla um blóðmerarstarfsemina. Það bendir á umfangsmikla starfsemi íslenska hestsins um heim allan.

„Hrossarækt og hestamennska er umfangsmikil atvinnugrein hér á landi sem teygir anga sína víða og má þar nefna ræktun og sölu reiðhesta sem nýtast til almennra útreiða, kynbóta og keppni.

Útflutningur hefur aukist verulega á síðustu árum og á þessu ári stefnir í að met verði sett í fjölda útfluttra hrossa, eða yfir 3.000 hross. Umfangsmikið og markvisst markaðsstarf hefur verið unnið á undanförnum árum undir merkjum Horses of Iceland. Verkefnið er í höndum Íslandsstofu en helstu bakhjarlar þess eru íslenska ríkið, ýmis félagasamtök um íslenska hestinn, innanlands sem og erlendis, auk margra fyrirtækja sem hafa hagsmuni af þeirri margháttuðu starfsemi sem tengist íslenska hestinum.

Hestatengd ferðaþjónusta er jafnframt umfangsmikil atvinnugrein og víða nátengd annars konar ferðaþjónustu. Reiðmennska og hestamennska er kennd í tveimur háskólum og nokkrum framhaldsskólum landsins. Fjölda starfsgreina og afleiddra starfa má tengja tilvist íslenska hestsins og að mati fundarins ljóst að miklir og víðtækir hagsmunir eru í húfi," segir í ályktuninni.

Frumvarp um bann á borði Alþingis

Inga Sæland, þingmaður og formaður Flokks fólksins, mælti fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um velferð dýra sem felur í sér bann á blóðtökum úr fylfullum hryssum.

Átta þingmenn flytja frumvarpið sem fór í fyrstu umræðu þann 8. desember sl. og er til meðferðar hjá atvinnuveganefnd.

„Ísland eyðir á ári hverju miklum fjármunum í að draga fram jákvæða ímynd landsins á erlendri grund. Blóðmerahald stórskaðar þessa ímynd og hefur verið fordæmt um heim allan. Ef ekki verður gripið til aðgerða gegn blóðmerahaldi tafarlaust verður orðspor og ímynd Íslands fyrir óafturkræfu tjóni," segir m.a. í greinargerð með frumvarpinu. */ghp*

Umdeild starfsemi

„Eðli starfseminnar kallar á að samstarf allra aðila þurfi að vera sérstaklega gott, sem mér virðist það ekki hafa verið," segir Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda.

„Ísteka ber mjög mikla ábyrgð á þessu starfi, verandi eini kaupandi afurðarinnar og setjandi þau viðmið sem stuðst er við í umgjörðinni auk þess að vera stöðugt áhrifameira í framleiðslunni með sínu hrossahaldi."

Hann segir að í Félagi hrossabænda hafi ekki verið fjallað mikið um blóðhryssuhald á fundum félagsins þar til í seinni tíð. „Eftir að umfang blóðtökubúskapar hefur aukist jafn mikið og raunin er, úr tæplega 1.600 hryssum árið 2013 í tæp 5.400 hryssur í ár, hefur umræðan orðið mun neikvæðari, ekki síst gagnvart meðferð hér á landi og sölu tryppa úr þessum stóðum inn á lífhrossamarkað.

Í mínum huga er nokkuð ljóst að starfsemi sem gengur út á að taka blóð úr fylfullum hryssum verður alltaf umdeild. Ef starfið heldur áfram getur það aldrei orðið umfangsmikið. Ill meðferð á hrossum er aldrei réttlætanleg, sama hver á í hlut og í hvaða hlutverki hesturinn er."



Sveinn Steinarsson.



Greiðsluflokkar fyrir blóð til bænda eru þrír. Borgað er fyrir bestu heimtur. Úr stóðaréttum. Mynd tengist ekki blóðmerabúskap eða starfsemi Ísteka.
Mynd / ghp

Blóðmerahald í brennidepli:

Ísteka umfangsmesti hesteigandi landsins

– Samkeppniseftirlitið segir að gæta þurfi hegðunar sem raski ekki samkeppni

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Ríflega 600 lifandi hross eru í eigu líftæknifyrirtækisins Ísteka ehf. sem gerir það stærsta einstaka hesteiganda í landinu. Þar sem fyrirtækið nýtir hross við starfsemi blóðtöku auk þess að framleiða vöru úr blóðinu telst fyrirtækið lóðrétt samþætt og er að öllum líkindum með markaðsráðandi stöðu.

Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á markaði og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda, að því er fram kemur í 4. grein samkeppnislaga nr. 44 / 2005.

Þar sem Ísteka ehf. er eina fyrirtækið hér á landi sem kaupir merarblóð af bændum og vinnur úr því getur það falið í sér að fyrirtækið sé markaðsráðandi í skilningi fyrrgreindrar 4. greinar. Í 11. grein sömu laga er misnotkun markaðsráðandi stöðu bönnuð. Misnotkun getur meðal annars falist í því að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir.

Lóðrétt samþætting kallar á ríkari skyldur

Ísteka ehf. er stærsti einstaki hesteigandi á landinu en fyrirtækið á ríflega 600 lifandi hross. Rúmlega 5% af þeim hryssum sem notaðar voru til blóðtöku á þessu ári eru í eigu Ísteka – 283 talsins. Fyrirtækið er því ekki eingöngu kaupandi merarblóðs, heldur enn fremur framleiðandi þess.

Kallað var eftir skoðun Samkeppniseftirlitsins á þeirri staðreynd:

„Þar sem Ísteka á einnig merar sem væntanlega eru nýttar fyrir starfsemina er fyrirtækið jafnframt að því er virðist lóðrétt samþætt og kaupir eða nýtir sömu vöru af bændum og það framleiðir sjálft. Þessi staða leiðir til þess að Ísteka þarf að gæta þess að hegðun þess raski ekki samkeppni m.a. gagnvart viðskiptavinum sem í þessu tilviki eru bændur.

Hin lóðrétta samþætting getur einnig falið í sér ríkar skyldur um að raska ekki samkeppni þegar kemur að kaupum á eigin framleiðslu annars vegar og framleiðslu bænda hins vegar," segir í svörum frá Samkeppniseftirlitinu. Tekið er fram að svör þeirra eru sett fram án skoðunar þeirra á starfsemi Ísteka eða þeim mörkuðum sem um ræðir.

„Ef slíkt fyrirtæki er t.d. í senn viðsemjandi og keppinautur sömu fyrirtækja þarf að vanda mjög verðlagningu gagnvart þeim sem þurfa að eiga í viðskiptum við fyrirtækið en eru um leið að keppa við það."

Samkeppniseftirlitið bendir á að hafi bændur áhyggjur af verðlagningu fyrirtækisins eigi þeir þann möguleika að senda eftirlitinu ábendingu um það. Slíkar ábendingar eru metnar og í kjölfarið tekin ákvörðun um hvort formleg rannsókn fari fram.

Flokkaskiptar greiðslur fyrir afurðir

Miðað við að Ísteka sé eini kaupandi afurða blóðmerarbænda má fastlega gera ráð fyrir að samningsstaða blóðmerarbænda gagnvart Ísteka sé nokkuð snúin. Bændur geta ekki selt afurð sína annað og verða að treysta á sanngirni kaupandans.

„Við semjum um afurðaverð við fulltrúa bænda og eins og er alltaf í samningum fær hvorugur aðili allt sitt fram. Þetta samtal hefur þó leitt til raunhækkunar á blóðverði ár hvert eins langt og ég man. Samið er til margra ára í senn þannig að bændur vita að hverju þeir ganga fram í tímann," segir Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ísteka.

Samkvæmt Gæðahandbók sem Ísteka gefur út og er leiðbeiningarit sem blóðmerarbændur fá, er sagt frá þremur greiðsluflokkum fyrir blóð. Flokkarnir eru grunnflokkurinn F5 og árangurstengdir flokkar H og H2. Borgað er mest fyrir bestu heimtur, þ.e. góða fyljun og mikið blóðmagn. Til að lenda í hæsta gæðaflokki, og fá þá hæsta verðið fyrir blóðið, þarf hryssa að gefa af sér að meðaltali 5 lítra í hvert sinn. Minni heimtur og minni fyljun hryssa leiðir til þess að afurðin er metin í lægri gæðaflokki.

„Þetta hefur gengið mjög vel en þegar H flokkur, og svo síðar H2 flokkur, voru settir á þóttu inntökumörk í þá vera fremur há og var mikið kvartað yfir því að erfitt væri að komast í þá. Hvatningin hefur þó virkað og árið 2021 reiknaðist rétt ríflega helmingur bæja í hæsta flokkinn (H2) og hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli F5 og H. Þegar hin ýmsu „vör" sem boðið er upp á komu inn voru 2/3 bæja komnir í H2 greiðsluflokk og einungis 13% eftir í grunnflokknum F5," segir Arnþór og vísar þar í lista yfir frávik, t.a.m. ef foli fyljar illa eða þegar nýjar hryssur eru teknar til notkunar.

Ör vöxtur starfseminnar

Ísteka er eina fyrirtæki sem vinnur afurð úr blóði fylfullra hryssa hér á landi. Starfsemi og framleiðsla kringum blóðtökur og vinnslu á blóði hefur blásið verulega út á síðastliðnum árum, fjöldi búa í blóðtöku fóru úr 99 í 119 milli áranna 2020 og 2021.

Hryssum sem notaðar eru fyrir slíka starfsemi hefur einnig fjölgað mikið. Árið 2013 voru þær tæp 1.600 en í fyrra 5.383 talsins. Miðað við fjölda hryssa í fyrra má gróflega áætla að unnið hafi verið úr 150–200.000 lítrum af blóði og framleitt 5–7 kg af PMSG.

Afurð úr meðalhryssu færir bónda um 70.000 krónur á ári. Velta Ísteka ehf. í fyrra var 1,7 milljarðar króna.

Blóð verðmætara en kjöt

Blóðmerarbúskapur hefur vaxið ört hér á landi, en meðalársaukning hryssna sem notaðar eru fyrir slíkan búskap hefur verið um 16% á sl. 10 árum. Í ár voru 5.383 hryssur nýttar til blóðtöku á 119 bæjum víðs vegar um land.

Afkoma bænda af slíkum búskap byggist fyrst og fremst á afurðaverði fyrir blóðið sem Ísteka greiðir fyrir. Bóndinn fær 9.864-13.016 kr. án vsk. fyrir hverja blóðgjöf.

Blóðmerarbúskap fylgir einnig hliðarafurð, kjötframleiðsla.Tekjur af því eru þó töluvert lægri en á blóðinu, eða um 300 kr. fyrir hvert kíló af folaldakjöti samkvæmt upplýsingum frá Sláturfélagi Suðurlands. Afurðaverð folalda hefur haldist nokkuð svipað í krónutölum á síðustu 10 árum og lækkað ef eitthvað er. Til dæmis voru greiddar 390 krónur fyrir kílóið árið 2012.

Gróflega reiknað getur bóndi með 100 blóðmerarhryssur því verið að fá frá 5–9 milljónir króna á ársgrundvelli. Ef meðalfallþungi folalda er um 80 kg þá gæti bóndinn gróflega fengið um 2,4 milljónir króna í afurðaverð fyrir 100 folöld. Hér er ekki upptalinn sá rekstrarkostnaður sem búskapnum fylgir.

Gísli Sverrir Halldórsson dýralæknir stundar blóðtökur:

Erfitt að sitja undir því að vera kallaður dýraníðingur

– Fagnar því að farið sé ofan í saumana á blóðmerastarfseminni

„Mér þykir mjög erfitt að sitja undir því að vera kallaður dýraníðingur. Eins og ég þekki starfsemina þá er aðbúnaður alveg til fyrirmyndar. Ég kannast ekki við þær aðferðir sem koma fram í myndbandinu og það er augljóst að þar hefur orðið einhver misbrestur. Það er mér framandi að starfsemin fari fram með þessum hætti," segir Gísli Sverrir Halldórsson dýralæknir. Hann hefur stundað blóðtökur í sjö ár.

Gísli segist ekki kannast við þá aðila sem uppvísir eru að harkalegri meðför dýra í myndbandi dýraverndarsamtakanna AWF/TSB og segir þá ekki dýralækna. Sjálfur þjónustar hann fimm bæi með 20-65 merum á hverjum stað.

„Við kappkostum að allt sé gert í rólegheitum. Megnið af þeim hryssum sem ég tek blóð úr eru tamdar, mismikið auðvitað. Þær temjast líka við að fara í tökubás og eru vanar þeim út af öðrum aðgerðum, s.s. þegar verið er að snyrta hófa, tagl og fax, gefa ormalyf og fangskoða. Ég fer tólf sinnum á blóðtökutímabilinu á hvern bæ, bæði til að taka sýni og blóð og fylgist með hryssunum. Blóðtakan sjálf tekur að meðaltali 5 mínútur og flestar hryssur fara 5-6 sinnum í blóðtökur. Sumar fara kannski þrisvar og nokkrar átta sinnum. Samanlagt erum við að tala um að hryssa sé í tökubásnum í 30-40 mínútur á ári að meðaltali. Þess á milli eru þær úti í náttúrunni og í haganum með fölöldin sín."



„Samanlagt erum við að tala um að hryssa sé í tökubásnum í 30-40 mínútur á ári að meðaltali. Þess á milli eru þær úti í náttúrunni og í haganum með fölöldin sín," segir Gísli.

Annar raunveruleiki en myndbandið sýnir

Að sögn Gísla á búgreinin og starfsemin hér á landi ekkert skylt við suður-amerískar aðferðir.

„Í sumar fylgdust erlendir gestir sem voru að kynna sér starfsemina með blóðtökum hjá mér og þeir voru gáttaðir á hvað hryssurnar voru rólegar og yfirvegaðar. Mér þótti vænt um að heyra það enda er það þvert á þá ímynd sem myndbandið bregður upp af þessari atvinnugrein. Það yrði enginn vandi að klippa saman myndbönd sem endurspegla allt annan raunveruleika. Samkvæmt minni reynslu fer blóðtaka fram í rólegheitum, við erum ekki í neinu kapphlaupi við tímann. Ég nota 1-2 tökubása á hverjum stað og stend við hlið hryssunnar og held við nálina meðan blóðtakan fer fram. Hryssurnar eru auðvitað misjafnar eins og reiðhrossin. Sumar kæra sig ekkert um mann á meðan aðrar lygna augunum og bíða."

Eftirlitið telur hann gott en tekur því fagnandi verði það aukið. „Fyrir utan eftirlit okkar dýralækna með hryssunum og aðbúnaðinum á meðan við erum að störfum þá koma eftirlitsaðilar bæði frá MAST og Ísteka. Í mínu tilfelli hef ég fengið eftirlitsheimsóknir á alla bæina frá báðum aðilum á síðastliðnum tveimur árum. Það má vel auka það, til dæmis með myndatökum eða stikkprufum," segir Gísli.

Mögulegt bann ekki boðlegt

„Hesturinn er eina dýrategundin á Íslandi sem er bæði gæludýr og húsdýr. Aðeins hér á landi þekkist það að vera með hross í stóðum. Þú finnur ekki hjarðir á Norðurlöndum eða Evrópu. Þetta er sérfyrirbrigði á Íslandi, sér í lagi því við höfum landrými fyrir fjölda hrossa. Þess vegna er þessi starfsemi hér. Stóðbændur höfðu framan af tvo kosti til að afla tekna; annars vegar að selja til lífs og tamninga og hins vegar til manneldis. Svo bætist blóðmerarbúgreinin við fyrir rúmum 40 árum síðan og hefur hún vaxið síðan. Ég sé ekkert athugavert við hana en með þeim fyrirvara að rétt sé staðið að henni," segir Gísli.

Hann telur ekki vitrænt að stöðva búskapinn á grundvelli dýraníðs eins og lagt er til í frumvarpi sem nú er í meðförum Alþingis.

„Ég fagna því að það sé verið að fara ofan í saumana á starfseminni. Allir sem að henni koma mega líta í eigin barm, ekki síður dýralæknar en aðrir. En ég á erfitt með að sætta mig við ef þetta verður bannað á forsendum dýraníðs. Afleiðingin yrði slátrun á ríflega 5.000 hryssum sem yrði einfaldlega hent."



Gísli Sverrir Halldórsson.

Kemísk efni notuð hér á landi til að samstilla búfé

Gísli segir að verið sé að framleiða verðmæta afurð sem eftirspurn sé eftir.

„Úr blóðinu er unnið hormón sem notað er til að samstilla gangmál hjá búfénaði. Í öllum búrekstri, einnig hér á landi, eru efni notuð til að samstilla bæði kýr, kindur og hross. Það er gert hér á landi með kemískum efnum, unnið í efnaverksmiðjum. Afurðin sem fæst úr merarblóði er hins vegar lífræn og það er botnlaus eftirspurn eftir henni um allan heim."

Dýralæknar fá greitt fyrir vinnu sína miðað við fjölda hryssa í blóðgjöf. Gísli segir að samningur milli Ísteka og dýralækna hafi verið endurnýjaður í sumar.

„Hann er mjög ítarlegur og ábyrgð dýralæknisins er skýr, við berum ábyrgð á blóðtökunni. Það vantar heldur ekki viljann hjá Ísteka og bændum til að vel að verki sé staðið og allir eru að vanda til verka að mínu mati.

Því það bera allir sameiginlega ábyrgð á því að gæta að velferð dýranna. Enda er bændum og dýralæknum sérstaklega umhugað um hana."

/ghp

Mikilvægt hlutverk dýralækna

„Dýrlæknarnir gegna mikilvægu hlutverki og leggja í raun mat á hverja hryssu við hverja blóðtöku. Þeir hafa komið með mikilvægar ábendingar um hvað má betur fara og þannig komið að því að móta starfsskilyrði fyrir greinina.

Þrátt fyrir að alla jafna sé um reynslumikla dýralækna að ræða getur verið erfitt að hafa heildar yfirsýn eftir að blóðtaka hefst og því er þetta fyrirkomulag eitt af því sem er til skoðunar," segir Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir hrossa hjá Matvælastofnun.

Þótt dýralæknar vinni á akkorði sé enginn ávinningur fólginn í því fyrir þá að ýta undir stress og flýti. „Hross eru viðkvæm og það versta sem þú gerir, ef þú ætlar að auka skilvirkni, er að stressa þau upp og gera þau örvingluð. Það ber öllum saman um.



Sigríður Björnsdóttir.

Eina sem þú hefur upp úr því er að allt gengur verr. Sem betur fer er langalgengast að allir sem að blóðtökunni koma gangi fumlaust til sinna verka."





Mjaltaaðstaðan á núverandi slóðum Snorra Sigurðssonar í Nígeríu í Afríku. Mikilvægt var að bæta úr þeirri aðstöðu sem bændurnir í Kaduna höfðu aðgengi að fyrir skepnur sínar og því réðst Arla Foods í það að byggja upp mjaltaaðstöðu á fjórum mismunandi stöðum svo bændurnir gætu haft möguleika á því að mjólka kýrnar með mjaltavélum. Myndir / SS

Veðja á Nígeríu



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Snorri Sigurðsson er lesendum Bændablaðsins líklega vel kunnur enda skrifar hann reglulega í blaðið um ýmiss konar fagleg málefni og aðallega varðandi eitthvað sem snýr að kúabúskap, enda sérfræðingur á því sviði.

Hann starfaði áður hér á landi hjá bæði Landssambandi kúabænda og Landbúnaðarháskólanum, en hefur frá árinu 2010 starfað utan landsteinanna bæði við kennslu og ráðgjöf í nautgriparækt. Undanfarin ár hefur hann unnið hjá danska afurðafélaginu Arla Foods við þróunaraðstoð félagsins í ýmsum löndum.

Frá Kína til Nígeríu

Síðustu þrjú árin var Snorri í Kína þar sem hann sá um kínverskt-danskt þróunarsetur nautgriparæktar í eigu Arla Foods og kínverska afurðafyrirtækisins Mengniu. Megin verkefnið í Kína var að aðlaga þarlenda mjólkurframleiðslu að nútíma búskaparháttum en þrátt fyrir að kúabúin í Kína séu mörg hver gríðarlega stór, með þúsundir kúa hvert þeirra, þá var framleiðni þeirra lág m.a. sökum skorts á ráðgjöf og almennri þekkingu á mjólkurframleiðslu.

Um síðustu áramót flutti Snorri svo ásamt eiginkonu sinni, Kolbrúnu Önnu Örlygsdóttur, til Nígeríu þar sem mjólkurframleiðslan er í dag afar frumstæð og innanlandsframleiðslan nær ekki einu sinni að sinna 10% af mjólkurneysluþörf landsmanna. Þar hefur Snorri það að aðalstarfi að sjá um hrávöruframleiðslu og -vinnslu Arla Foods, þ.e. frá grasi í glas eins og það er kallað.

Afurðafélag í þróunaraðstoð?

Það kann að virka hálf undarlegt að afurðafélag sé að sinna þróunaraðstoð en fyrir því eru ákveðnar skýringar að sögn Snorra.



Snorri Sigurðsson í hópi innfæddra þátttakenda á námskeiði. Hlutverk Snorra er að uppfræða heimamenn um allt sem tengist mjólkurframleiðslu.



Litlu mjaltavélarnar duga vel, en ný kúabú sem Arla Foods mun reisa í Nígeríu verða með allt öðrum hætti og öllu stærri í sniðum.

„Arla Foods er mjög stórt fyrirtæki á sviði útflutnings mjólkurafurða frá framleiðslulöndum sínum í norðurhluta Evrópu og þegar mjólkurafurðir eru fluttar inn til landa sem flokkast sem þróunarlönd eru oft gerðar ríkar kröfur til innflutningsaðilans. Þessar kröfur eru langoftast samfélagskröfur, þ.e. að fyrirtækið sem er að flytja inn vörur taki þátt í að byggja upp þekkingu og kunnáttu í því landi sem verið er að flytja vörur til.

Stundum er einnig gerð krafa um fjárfestingar innflutningsfyrirtækisins í innviðum eða framleiðslu í viðkomandi landi. Þetta átti m.a. við um viðskipti okkar í Kína til margra ára og það var ástæðan fyrir því að ég var staðsettur þar síðustu 3 ár við ráðgjöf til þarlendra kúabænda, en Arla Foods er stórtækt á kínverska markaðinum og t.d. stærsti innflutningsaðili landsins á G-mjólk.“

Mjólkuriðnaðurinn í Kína hefur tekið miklum stakkaskiptum á aðeins örfáum árum og áratugum og eins og áður segir þá eru þar fjölmörg kúabú með þúsundir og upp í tugþúsundir kúa. Þrátt fyrir mikla stærð búanna var þekkingu verulega ábótavant og því fjárfesti Arla Foods í þekkingarmiðlun, ráðgjöf og námskeiðahaldi fyrir kínverska kúabændur.

Árið 2020 urðu hins vegar ákveðin vatnaskil í Kína þegar meðalkúabú landsins náðu í raun þeim árangri að standa jafnfætis eða jafnvel framar kúabúum í Evrópu hvað varðar afurðasemi kúa.

„Þegar litið er til helstu lykiltalna frá rekstri má einnig sjá að staðan í mjólkurframleiðslu Kína er í raun afar góð í dag og vegna þessara breyttu aðstæðna í Kína, og þeirrar staðreyndar að við höfðum í raun náð hreint ótrúlega góðum árangri með kínversku kúabúin sem við unnum með, lagði ég til að við myndum draga úr starfseminni þar. Ég mat það einfaldlega svo að það væri ekki lengur þörf fyrir okkur á þessum markaði og okkar tengiliðir hjá stjórnvöldum í Kína voru sammála þessu mati.“

Forsvarsmenn Arla Foods ákváðu því að færa meginþunga þróunarvinnu fyrirtækisins annað og efla starfsemina í Nígeríu, en auk þess vinnur félagið að þróunarverkefnum í öðrum löndum t.d. Eþíópíu, Indónesíu og Bangladesh.

Afríka í heild sinni í miklum vexti

Aðspurður sagði Snorri að það þyrfti eiginlega að útskýra fyrst ákveðin grunnatriði varðandi Afríku og Nígeríu áður en hægt væri að fjalla um uppbyggingu Arla Foods í Nígeríu. Þannig hafi verið mikill uppgangur í Afríku undanfarin ár, en þó misjafnt eftir löndum enda heimsálfan gríðarlega stór, þrisvar sinnum stærri en Evrópa. Það sem er þó sérstakt við þessa heimsálfu er hve mikið af matvælum er flutt inn, en um 85% allra matvæla eru innflutt og gera áætlanir ráð fyrir því að þetta hlutfall muni haldast nokkuð óbreytt á komandi árum.

Heimsálfan í heild sinni er því áhugaverð fyrir alþjóðleg fyrirtæki í matvælaframleiðslu, en vandinn við sölu til Afríku er þó lítil kaupgeta þorra íbúa heimsálfunnar og m.a. vegna þess er vannæring mikil en talið er að um fimmtungur allra íbúa Afríku, um 250 milljónir, hafi búið við vannæringu árið 2019.

Nígería er svo það land Afríku sem er í hvað örustum vexti, en fjöldi íbúa þar er nú um 220 milljónir og er talið að íbúafjöldinn muni tvöfaldast á næstu tveimur til þremur áratugum. Þennan mikla fólksfjölda þarf eðlilega að metta, en vandamálið á sama tíma er að meðaltekjurnar á hvern íbúa eru ekki nema um 250-300.000 krónur á ári og fjölmargir með mun minni árslaun og því er það hreint ekki einfalt mál að eiga í sig og á þar í landi. Á sama tíma er verðbólgan í Nígeríu mjög mikil og til þess að draga úr útstreymi gjaldeyris og takmarka innflutning hefur nígeríska ríkisstjórnin bæði lagt á tolla og gjöld á innflutning og stjórnar því jafnframt hverjir geti fengið gjaldeyri til þess að kaupa vörur og flytja til landsins.



Við störf sín fyrir Arla Foods í Kína og Nígeríu hefur Snorri oft þurft að vera langdvölum fjarri fjölskyldu og vinum. Hér er fjölskyldan þó saman komin á góðri stundu. Talið frá vinstri: Rikke Jakobsen, Arnar Hrafn og Hafþór Freyr Snorrasynir. Þá Snorri Sigurðsson, Kolbrún Anna Örlygsdóttir og Tinna Rós Snorradóttir sem heldur á Lilju Arnarsdóttur-Jakobsen.







„Við flytjum inn tugi af gámum á viku og megnið af þeim innflutningi er mjólkurduft í sekkjum, sem er svo unnið áfram hér í verksmiðju Arla Foods í Nígeríu. Þar pökkum við duftinu í neytendaumbúðir af mismunandi stærðum, en umfangsmest er pökkunin á litlum einingum sem innihalda hæfilegt magn mjólkurdufts fyrir eitt glas af mjólk.“

Næringarlega hagkvæm matvæli

Til þess að geta brauðfætt íbúa landsins hefur ríkisstjórnin lagt gríðarlega þunga áherslu á að þau matvæli sem flutt eru til landsins séu svokölluð næringarlega hagkvæm matvæli, þ.e. mjög næringarrík matvæli en á sama tíma ódýr.

„Hér koma mjólkurvörur eðlilega sterkar inn og sér í lagi mjólkurduftið okkar en vegna stærðar Arla Foods og mikillar hagkvæmni í vinnslu höfum við getað boðið upp á einkar hagkvæman innflutning mjólkurdufts til Nígeríu.

Við flytjum inn tugi af gámum á viku og megnið af þeim innflutningi er mjólkurduft í sekkjum, sem er svo unnið áfram hér í verksmiðju Arla Foods í Nígeríu. Þar pökkum við duftinu í neytendaumbúðir af mismunandi stærðum, en umfangsmest er pökkunin á litlum einingum sem innihalda hæfilegt magn mjólkurdufts fyrir eitt glas af mjólk. Pakkningin er einfaldlega tæmd í glas og svo bætt við vatni og hrært upp, rétt eins og þegar mjólk fyrir ungbörn er hrærð upp og margir kannast við.“

Skylda sett á innflutningsfyrirtækin

Vöxtur Arla Foods í Nígeríu er mikill, en innflutningur þess til þessa eina lands svarar til mörg hundruð milljóna lítra mjólkur. Það hefur svo leitt til þess að fyrirtækið er einnig að byggja upp viðamikla aðra starfsemi í landinu. Þetta er m.a. vegna fyrrgreindrar skyldu sem sett er á innflutningsfyrirtæki, um uppbyggingu landbúnaðarins í landinu. Einnig vegna þess að Arla Foods leggur mikla áherslu á sjálfbærni og eigi að sinna markaðinum í Nígeríu til frambúðar þarf að efla nígeríska mjólkurframleiðslu. Arla Foods hefur því hafið stórfellda uppbyggingu á mjólkurframleiðslu og -vinnslu í landinu.

Fjórþætt verkefni

Að sögn Snorra er verkefnið í raun fjórþætt.

„Verkefnið byggir á því að við höfum í fyrsta lagi tekið að okkur að aðstoða fylkið Kaduna, sem er í norðurhluta Nígeríu, við að byggja upp mjólkurframleiðslu þess og það ætlum við að gera með því að hlúa að núverandi framleiðslu og framleiðsluháttum sem byggja á mörg hundruð ára hefðum heimamanna.





Uppbygging Arla Foods í Nígeríu hófst með því að yfirtaka rekstur samvinnufélagsins Milcopal í Kaduna. Hér má sjá einn af sölustöðum fyrirtækisins og á myndinni til hliðar er vel merktur sendibíll.

Í öðru lagi þá ætlum við að byggja okkar eigið fjós með eigin framleiðslu.

Í þriðja lagi þá munum við byggja upp afurðavinnslu á svæðinu og síðast en ekki síst þá komum við að uppbyggingu á eitt þúsund kúabúum heimamanna.“

Fornir búskaparhættir

„Við byrjuðum á því að taka yfir afurðastöðvarekstur samvinnufélagsins Milcopal, sem var þegar með starfsemi í Kaduna. Það var okkar mat að þetta félag, og sá rekstur sem félagið var með, myndi henta okkar rekstri einkar vel og náðist samkomulag um að við myndum taka að okkur rekstur þess. Með því fengum við afurðastöð sem er í framleiðslu á fersku jógúrti, auk mjólkursöfnunar í nærumhverfi borgarinnar þar sem ókæld mjólk er sótt daglega til bænda.

Þetta kerfi sem við erum með er svolítið eins og þekktist á Íslandi fyrir nokkrum áratugum, þegar bændur stilltu mjólkurbrúsum upp á brúsapall við heimreiðina. Við sendum söfnunarbílana af stað á morgnana og þeir keyra sínar föstu og fyrirfram skipulögðu leiðir og þeir bændur sem vilja selja okkur mjólk þann daginn mæta á fyrirfram ákveðna stoppustaði og afhenda bílstjórunum mjólkina og er magnið frá 1-2 lítrum og upp í nokkra tugi lítra hjá hverjum bónda.“

Kúabændur landsins eru hirðingjar

Mjólkurframleiðslan í Nígeríu er borin uppi af hirðingjum sem flakka um landið með hjarðir sínar og elta gróðurþekjuna eftir því sem hún þróast og breytist í takti við breytingar á veðurfarinu. Veðurfarsskilyrðin í Nígeríu eru raunar einstök og henta landbúnaðarframleiðslu vel enda landið nærri miðbaug og hitafar því einkar stöðugt. Vandamálið er þó úrkoman í landinu en árstíðunum er skipt upp í rigningartímabil og svo þurrkatímabil.

Þegar rigningartímabilið stendur, þá er hægt að rækta og framleiða nánast allt sem hugurinn girnist en þegar þurrkatímabilið tekur við, en það stendur í 7-8 mánuði, hættir nánast öll framleiðsla. Landið er þó ríkt af vatni sem nota mætti til vökvunar, en skortur á innviðauppbyggingu og almenn fátækt gerir það að verkum að þessir kostir landsins eru gríðarlega vannýttir í dag.

Handmjaltir algengastar

Mjólkurframleiðslan sjálf fer að langstærstum hluta fram með hvíta Fulani kúakyninu, en það er smágert kúakyn og t.d. töluvert minna en það íslenska. Fulani nautgripir eru gríðarlega harðgerðir og geta lifað af mjög lítilli beit en afurðasemi þeirra er að sama skapi lítil og er algengt að meðalafurðir kúnna sé um 2-4 lítrar á dag. Kýrnar ganga flestar með kálfa í marga mánuði og er kálfunum haldið frá þeim frá kvöldi til morguns og þá eru þær handmjólkaðar. Síðan er farið með mjólkina, ferska og ókælda, í veg fyrir mjólkursöfnunarbílinn og hún afhent.

Aðstöðuuppbygging

Að sögn Snorra var mikilvægt að bæta úr þeirri aðstöðu sem bændurnir í Kaduna höfðu aðgengi að fyrir skepnur sínar og því réðst Arla Foods í það að byggja upp mjaltaaðstöðu á fjórum mismunandi stöðum svo bændurnir gætu haft möguleika á því að mjólka kýrnar með mjaltavélum. Á hverri stöð er svo mjólkurtankur þar sem mjólkinni er safnað í og hún kæld. Fyrir vikið getur félagið sótt mjólk á öðrum tímum en morgnana, en það breytir miklu upp á hagkvæmni við mjólkursöfnunina. Þá eru við þessar fjórar byggingar einnig borholur þar sem vatni er dælt upp í ker og því hægt að brynna skepnum þar. Það var talið nauðsynlegt til að geta aukið mjólkurframleiðslu svæðisins enda vatn mikilvægasti hluti mjólkurframleiðslunnar. Á beitarsvæðunum er oft afar langt á milli lækja eða vatna og því breytti það miklu fyrir bændurna að fá aðgengi að góðri brynningaraðstöðu.

Námskeið og endurmenntun nauðsynleg

Hirðingjasamfélögin í Nígeríu eru ótal mörg og skipta þúsundum og þrátt fyrir að bændurnir hafi sjáanlegan ávinning af því að vinna saman þá hefur það lítið gengið og raunar oft sem þeim lendir saman vegna þess að beitarlandi fer fækkandi ár frá ári. Arla Foods hefur því lagt áherslu á endurmenntun og námskeiðahald til að bæði auka þekkingu bændanna á mjólkurframleiðslu en ekki síður til þess að fá þá til að vinna saman.

Þar sem flestir bændanna eru bæði ólæsir og ekki ritfærir hefur það ekki beint gert þennan þátt auðveldan að Snorra sögn.

– Framhald á næstu síðu.

LÍF & STARF ÍSLENDINGA Í ÖÐRUM HEIMSÁLFUM



Hirðingjar með bústofn sinn í Nígeríu. Mjólkurframleiðslan sjálf fer að langstærstum hluta fram með hvíta Fulani kúakyninu, en það er smágert kúakyn og t.d. töluvert minna en það íslenska. Þar sem kúakynið í Nígeríu er mjög afkastalítið og hentar ekki fyrir nútíma kúabúskap sagði Snorri að Arla Foods muni kaupa kvígur af kúabændum sem eru í eigendahópi félagsins og fljúga þeim til Nígeríu. Keyptar verða kvígur af Holstein Friesian kyni og ættu þær að una sér vel á nýja kúabúi Arla Foods.



Ræktunarstarf á vegum Arla Foods í Damau svæðinu í Kadunafylki í Nígeríu. Hér má sjá hvernig landið var áður en ræktun hófst og síðan eftir að ræktun er farin að skila árangri. Damau svæðið er alls um 9 þúsund hektarar og hefur Arla Foods þar umráðarétt yfir um 400 hekturum en hinn hluti landsins verður nýttur fyrir uppbyggingu á 1.000 nýbýlum. Þorri þess lands sem Arla Foods fékk hefur aldrei verið notað til landbúnaðar og því óhemju vinna í því að gera það tækt til slíkra nota.

„Við höfum haldið mörg námskeið fyrir bændurna og þrátt fyrir að ég hafi nú áratuga reynslu af námskeiðahaldi fyrir bændur hefur þetta reynt vel á. Allt efni þarf að aðlaga að þeirri staðreynd að bændurnir eru ólæsir og því hef ég mest stuðst við myndir. Þá hjálpar ekki að bændurnir á svæðinu sem við störfum á tala fæstir ensku og því þarf að þýða allt sem er líka ákveðin áskorun í raun.

Vegna menningarinnar meðal hirðingjanna eru námskeiðin kynjaskipt og í öllu falli er salnum skipt upp eftir kyni og fyrir okkur skiptir allra mestu máli að ná til kvennanna. Hér er það nefnilega þannig að kýrnar eru í eigu karlanna en mjólkin er kvennanna. Því gerum við mikið í því að fá þær til að auka þekkingu sína á mjólkurframleiðslunni og skilning þeirra á mikilvægi þess að bændurnir standi saman s.s. varðandi ræktun í stað þess að elta gróðurþekju. Þetta átak okkar hefur þegar skilað árangri og samvinna bændanna hefur aukist nánast dag frá degi, nokkuð sem var næsta óhugsandi fyrir einungis örfáum árum.

Fyrsta kúabúið í eigu Arla Foods

Eitt stærsta verkefni Arla Foods í Nígeríu núna er að byggja upp og stórauka mjólkurframleiðsluna og er það gert með tvennum hætti. Annars vegar með því að byggja upp eigið kúabú en það er í fyrsta skipti í sögu félagsins, sem nær aftur til ársins 1889, að félagið verður með eigin mjólkurframleiðslu. Kúabúinu var fundinn staður í norðausturhluta Kaduna fylkis, á svæði sem heitir Damau en það hafði áður verið tekið frá fyrir tilraunaverkefni í skógrækt sem rann út í sandinn. Damau svæðið er alls um 9 þúsund hektarar og hefur Arla Foods þar umráðarétt yfir um 400 hekturum en hinn hluti landsins verður nýttur fyrir uppbyggingu á 1.000 nýbýlum.

Kúabú með 450 kúm líklega stækkað í 1.000 kúa bú

„Við erum núna að byggja upp kúabú með 450 kúm en ég geri frekar ráð fyrir því að við stækkum það í um 1.000 kýr þegar frá líður enda mun landið sem við höfum geta staðið undir mun fleiri en þessum 450 kúm. Þetta er gríðarlega umfangsmikið verkefni enda erum við að byggja upp á svæði þar sem hvorki voru vegir, brýr né nokkur aðstaða. Við þurfum því bæði að byggja fjós, alla aðstöðu starfsfólks, mötuneyti, girðingar og þess háttar. Þá hefur þorri þess lands sem við fengum aldrei verið notað til landbúnaðar og því óhemju vinna í því að gera það tækt til landbúnaðar. Um helmingur þess lands sem við erum með var alsett runnagróðri sem hefur verið mikil vinna í að hreinsa upp.

Í dag er þó góður gangur í þessu og við erum núna með um 160 hektara tilbúna þar sem við ræktum bæði gras, maís og hrísgrjón. Hrísgrjónin eru til manneldis enda á landi sem flæðir yfir þegar rigningartímabilið er en annað land er allt fyrir gróffóðuröflun kúnna.“

Kúnum flogið til landsins

Þar sem kúakynið í Nígeríu er mjög afkastalítið og hentar ekki fyrir nútíma kúabúskap sagði Snorri að Arla Foods muni kaupa kvígur af kúabændum sem eru í eigendahópi félagsins og fljúga þeim til Nígeríu. Keyptar verða kvígur af Holstein Friesian kyni og ættu þær að una sér vel á nýja kúabúi Arla Foods. Enda verður aðstaðan öll til fyrirmyndar og þannig verður t.d. fullkominn kælingarbúnaður í fjósbyggingunum svo útihitastigið ætti ekki að hafa teljandi neikvæð áhrif á framleiðsluna.



Snorri með námskeið fyrir innfædda þar sem salnum var skipt upp eftir kyni. Vegna menningarinnar meðal hirðingjanna eru námskeiðin kynjaskipt og skipti þá mestu fyrir Snorra og hans fólk hjá afurðafyrirtækinu Arla Foods að ná til kvennanna. Ástæðan er að kýrnar eru í eigu karlanna en mjólkin er kvennanna.

1.000 ný kúabú

Eins og áður segir er verið að koma upp nýbýlum á Damau svæðinu og verða þar alls 1.000 kúabú. „Þetta er verkefni sem við erum að veðja svolítið á en það er fylkisstjórn Kaduna sem sér um þessa uppbyggingu. Hugmyndin er að koma upp kúabúum með 5 hektara landi og aðstöðu fyrir allt að 8 kýr auk íbúðarhúss. Svo verður kúabændum, sem eru hirðingjar í dag, boðið upp á að setjast þarna að. Hið forna líf hirðingja er brátt á enda þar sem það þrengir að öllu landi sem ekki er í notkun.

Þá má rekja töluvert af glæpum og óöryggi í landinu til hirðingja og árekstra á milli þeirra og landeigenda svo ríkisstjórnin hefur boðað öllum fylkjum að stöðva þetta form landbúnaðar innan fárra ára. Við lögðum því til að reyna þessa aðferð, koma upp góðri aðstöðu og bjóða bændum að setjast þar að. Þeir fá þó ekki neitt ókeypis og munu þurfa að kaupa aðstöðuna hægt og rólega af fylkisstjórninni.

Við munum svo sjá um að safna mjólkinni og vinna úr henni. Til þess að geta safnað mjólk frá 1.000 bændum af litlu svæði reikna ég með að við komum upp miðlægum stöðvum þar sem bændurnir geta komið daglega með mjólk til okkar. Þar myndum við gæðameta innleggið, kæla niður mjólkina og svo keyra hana í afurðastöðina okkar. Þetta er reyndar enn í mótun en mér finnst líklegt að þetta verði niðurstaðan enda stutt í að við verðum að hefja framkvæmdir, en reiknað er með að fyrstu bændur setjist að í Damau næsta haust.“

Mikill munur á Kína og Nígeríu


– En hver er nú helsti munurinn á því að búa annars vegar í Kína og hins vegar í Nígeríu?

„Það er mikill munur á þessum tveimur löndum. Í fyrsta lagi er veðurfarið sérstakt hér en þar sem við búum við Atlantshafið er hitastigið allan ársins hring mjög stöðugt og þetta frá 27-28 gráðum og upp í 32-33 gráður. Frekar sérstakt að vera alltaf í sama hita! Þá er þjóðfélagsástandið auðvitað gríðarlega erfitt og samhliða mikilli fátækt og skorti á allri innviðauppbyggingu þá er óáverðbólga mikið vandamál. Hér hefur t.d. gengið gjörbreyst á nokkrum vikum og matvörur hækkað um tugi prósenta síðan í vor. Þá eru öryggismálin klárlega mikið vandamál líka og þó svo að það sé passað vel upp á okkur og fólki óhætt hér í þéttbýlinu í Lagos, þar sem við búum, þá hefur fátæktin og þjóðfélagsástandið leitt til þess að glæpir eru mjög algengir og sérstaklega utan þéttbýlisins.

Fréttir af mannránum og þess háttar hörmungum berast því miður öðru hverju og við þurfum því að fara varlega. Þannig er það að þegar ég ferðast í norðurhluta landsins þá er það alltaf í fylgd þungvopnaðra lífvarða og öryggisbíla. Það er því miður nauðsynlegur hluti þess að geta sinnt þessu starfi. Ég hef þó aldrei upplifað nokkuð sem gæti minnt á hættu en Arla Foods tekur ekki nokkra áhættu svo þetta þarf einfaldlega að vera svona.“

Verkefnið tekur mörg ár

Aðspurður um tímalengd verkefnisins sagði Snorri að það muni taka mörg



Tölvuteikningar af nýja kúabúinu sem Arla Foods er að reisa í Nígeríu.



Daglegt líf í Nígeríu er ekki eins frjálslegt og á Íslandi, því þar fer Snorri ekki spönn frá rassi nema í fylgd vopnaðra lífvarða.

ár að ná þeim markmiðum sem Arla Foods hafi sett sér í Nígeríu.

„Við miðum við að ná þetta 60-70 milljón lítra framleiðslu á ári frá Damau svæðinu en það verður þó ekki fyrr en eftir 7-8 ár. Við erum líka að fara yfir og skipuleggja afurðavinnsluna og ég reikna með að við byrjum að byggja nýja afurðastöð hér strax á næsta ári. Sú stöð verður væntanlega með afkastagetu upp á um 100 milljónir lítra árlega og ætti því að duga okkur í a.m.k. 10 ár. Þá þarf að skipuleggja og koma upp slátrunaraðstöðu sem samræmist velferðarkröfum Arla Foods svo það eru ýmis áhugaverð verkefni fram undan hjá okkur næstu mánuðina og árin. Mitt verkefni er að koma þessu af stað og að þjálfa upp heimamenn sem geta svo tekið við og séð um þetta í framtíðinni. Þegar þetta verður komið í góðan farveg er svo hugmyndin að ég haldi annað, en haldi þó áfram að sinna þróunarvinnu fyrir Arla Foods.

Hvar það verður kemur svo bara í ljós enda er aðalfókusinn núna á Nígeríu hjá okkur. Við ætlum okkur að ná árangri hér og gera allt sem við getum til að byggja upp sterka mjólkurframleiðslu í Nígeríu. Það mun taka bæði tíma og orku en ég hef fulla trú á verkefninu," sagði Snorri að lokum í viðtali við Bændablaðið.









LÍF & STARF

Jólagarðurinn hefur verið starfandi í Eyjafjarðarsveit í aldarfjórðung:

Dýrmætt að hafa traustan heimamarkað

„Það er hefð hjá mörgum hér í kringum okkur að koma í heimsókn á aðventu og fólki finnst það tilheyra þegar verið er að koma sér í jólagírinn. Fólk er yfirleitt mjög vanafast þegar kemur að jólahefðum og það að heimsækja Jólagarðinn og upplifa stemninguna með börnunum er hluti af hefðunum hjá stórum hluta íbúa hér á svæðinu," segir Benedikt Ingi Blomsterberg Grétarsson.



Benedikt Ingi ásamt félögum smíðaði sjálfur fyrir rúmum aldarfjórðungi. Kjallara var síðar bætt við undir húsið og 6 metra háum turni aftan við það. Myndir/MÞÞ



Benedikt Ingi ásamt Ragnheiði Hreiðarsdóttur, konu sinni, og Margrét Veru, dóttur þeirra, reka Jólagarðinn með öllu því sem honum tilheyrir.

Þau hafa staðið vaktina í aldarfjórðung, Jólagarðurinn var opnaður í lok maí árið 1996 og upp frá því staðið fyrir samfelldu jólahaldi allan ársins hring í 25 ár. Næst á eftir sumrinu er aðsókn í Jólagarðinn eðlilega mest á aðventunni, fólk fer að flykkjast í heimsókn í lok nóvember og er mikið að gera alla daga fram að jólum. Benedikt segir mikið lagt upp úr að hafa andrúmsloftið gott og afslappað þannig að fólk njóti þess virkilega að ganga um garðinn og húsakynni, grilla sykurpúða með börnunum, narta í sykurhúðaðar möndlur og annað jólalegt góðgæti og anda að sér jólastemningunni.

Jól alla daga

„Það er þannig hjá mér að það eru jól alla daga," segir Benedikt og vísar þá til starfsins, en hann mætir í Jólagarðinn á hverjum degi og sinnir gestum og gangandi. „Mín eigin jól aftur á móti geymi ég uppi á hálofti heima hjá okkur og þau eru með allt öðrum hætti en þau sem ég er að vasast í alla daga. Mín jól snúast um annað, mest um dýrmætar minningar sem lengi hafa fylgt mér frá fyrri tíð."

Benedikt er húsasmiður að mennt og einnig matreiðslumaður. Þau Ragnheiður störfuðu á árum áður að hluta til saman, m.a. á Kristnesi, í veiðihúsi Víðidalsár og þá ráku þau í félagi við bróður hennar og mágkonu sumarhótel á Hrafnagili um skeið. „Við Ragnheiður erum góð saman í verki," segir Benedikt en hugmynd að því að setja á stofn Jólagarð varð til fyrir aðeins meira en 25 árum síðan þegar þau hjón voru að rabba saman, seint um kvöld, þreytt eftir amstur dagsins. „Þessi hugmynd kviknaði í þessu spjalli og á þeim tíma virtist þetta tilvalin hugmynd. Við sáum fyrir okkur að öll fjölskyldan gæti haft næg verkefni fyrir stafni í þessu litla fyrirtæki um ókomna tíð," bætir hann við. Og verður eitt bros, því víst er að börnin hafa lagt hönd á plóg um árin, bæði börn og nú barnabörn eiga ófá spor í kringum uppátæki þeirra hjóna.

Vaxandi aðsókn með árunum

Benedikt segir að þegar hugmyndin flaug í koll þeirra hafi staðan verið sú að langt í frá var auðvelt að fá lán í banka fyrir framkvæmdum af þessu tagi. „Það hefði verið mun auðveldara fyrir okkur að fá lán fyrir nýjum bíl," segir hann. Þá urðu þau vör við að ekki bara fjármálastofnanir vildu stíga varlega til jarðar, mörgum í kringum þau þótti hugmyndin arfavitlaus og í góðvild sinni reyndi það að telja þau ofan af því að ana út í þessa vitleysu. Enda viðurkennir Benedikt að þau hefðu verið með tvær hendur tómar í upphafi. „En einhvern veginn fóru leikar þannig að við fengum lán og ég hófst handa með félögum mínum og við smíðuðum lítið hús, 35 fermetra að stærð, og komum jólahúsinu þar fyrir," segir Benedikt. „Satt best að segja fór þetta ansi hægt af stað hjá okkur í fyrstu. Fólk þurfti aðeins að melta það að hægt væri að ganga inn í jólaland á miðju sumri. Smám saman rjátlaðist það af fólki sem nú telur ekki tiltökumál að skoða jólaskraut hvenær ársins sem er.



Í Jólagarðinum kennir ýmissa grasa og gaman að skoða allt það sem fyrir augu ber.



Benedikt gefur afastrákunum, Snjóka og Benedikt Tuma, bita af húskarlahangikjötinu sem alltaf er í boði við afgreiðsluborð Jólagarðsins og hefur verið frá upphafi.

Að hrökkva eða stökkva

Benedikt segir að þegar starfsemin hafi verið í gangi um nokkurra ára skeið, eða í 6 ár, hafi verið komið að ákveðnum vendipunkti. „Við eiginlega stóðum frammi fyrir því að hrökkva eða stökkva, loka og hætta starfseminni eða stækka við okkur. Þrengslin inni í húsinu voru farin að bíta í rassinn á okkur, gestafjöldi jókst ár frá ári og það var oft ansi mikil þröng á þingi innan dyra," segir hann. Eftir að hafa velt möguleikum í stöðunni fyrir sér tóku þau ákvörðun um að halda áfram og stækka við sig. Grafið var út fyrir kjallara sunnan við húsið og þar bættust við rúmir 100 fermetrar sem reynst hefur góð viðbót. Á sama tíma var einnig reistur 6 metra hár turn við húsið þar sem er að finna jóladagatal og er þemað ýmsar persónur úr sígildum ævintýrum. Börnunum þykir mikið varið í að klifra upp í turninn og virða útsýnið fyrir sér um leið og dagatalið er skoðað.

Verslun í Sveinsbæ á norrænum nótum

Í áranna rás hefur eitt og annað bæst við og segir Benedikt að yfirleitt sé ekki verið að tilkynna um slíkar framkvæmdir. „Við förum bara í þær," segir hann. Upp úr aldamótum var hús reist á svæðinu sem nefnist Sveinsbær, reisulegt hús þar sem rekin er verslun á norrænum nótum. Þar fást vörur af ýmsu tagi, matvæli, m.a. sultur og kökur sem Benedikt bakar að mestu sjálfur. Í bílskúr við heimili þeirra skammt frá er vottað iðnaðareldhús sem nýtist vel til margs konar framleiðslu. Þau hjón hafa lengi ræktað rabarbara í nágrenninu og unnið úr honum sultur, saft og sýróp. Einnig er þar í boði vefnaðarvara og leirtau ásamt gjafavöru og ýmsu öðru. Sveinsbær dregur nafn sitt annars vegar af húsi Sveins Auðunssonar, langafa Ragnheiðar í Hafnarfirði, og einnig er með nafngiftinni vísað til jólasveinanna. Verslunin sjálf, sem er innan dyra, ber nafnið Bakgaður „tante Grete" eftir danskri eiginkonu frænda Benedikts sem hann hafði miklar mætur á.

Á svæðinu er einnig lítill braggi, en synir Benedikts og Ragnheiðar byggðu hann og eru hann í þeirra eigu. Þar er hægt að fá kaffi og kökusneiðar og ýmsar árstíðarbundnar vörur eru þar á boðstólum, brakandi ferskt grænmeti yfir sumarmánuði en nú fyrir jól eru sykurpúðar, sleikipinnar og ristaðar möndlur í öndvegi ásamt fleiru. Óskabrunnur ófæddra barna er við Jólagarðinn og ofan við hann er Bræðrabrekka þar sem hægt er að leika millu, en það er einnig í boði hér og hvar um garðinn.

Vogur voffi og kaldur hvolpur

Benedikt segir að fyrstu árin hafi ekki verið lagt upp með veitingasölu, Blómaskálinn Vín var skammt undan og þar voru veitingar í boði. Eftir að honum var lokað var farið að huga að sölu veitinga í Jólagarðinum enda höfðu gestir látið í ljós óskir um slíkt. „Fólk vill gjarnan fá eitthvað í gogginn á meðan það stoppar og nýtur lífsins," segir hann. Því var ráðist í að koma Eplakofanum á fót, en þar er hægt að kaupa drykki, sykurhúðuð epli, súkkulaðihúðaðar vöfflur með rjóma og ískökur, en það síðarnefnda gengur undir nöfnunum volgur voffi og kaldur hvolpur. Benedikt segir að þessar veitingar séu af öðru tagi en það sem bjóðist á öðrum kaffihúsum eða veitingastöðum í sveitarfélaginu, hvert og eitt hafi sína sérstöðu.

Vinsæll áfangastaður fyrir fjölskyldur

Aðsókn í Jólagarðinn er langmest yfir sumarið og mest fjölmennið jafnan í vikunum í kringum verslunarmannahelgi. Toppurinn fram til þessa hefur verið þá daga sem handverkshátíð er haldin. Kórónuveiran hefur slegið þá hátíð út af borðinu undanfarin tvö ár.

Íslendingar eru helstu gestir Jólagarðsins og segir Benedikt að áhersla sé lögð á þá, dýrt sé að fara í markaðsátak til að fá erlenda ferðamenn í heimsókn. „Jólagarðurinn er vinsæll áfangastaður hjá fjölskyldufólki og undanfarin sumur gefur fólk sér góðan tíma, staldrar lengur við og er ekkert að flýta sér. Það er virkilega gaman að því, fólk nýtur lífsins og þess sem við höfum upp á að bjóða, sem finnst hvergi annars staðar hérlendis."

Ánægð með að hafa byggt svæðið upp

Benedikt segir að heimamarkaðurinn sé mikilvægasti markaður Jólagarðsins. Akureyringar tóku garðinn í sátt eftir nokkurn tíma og hafa upp frá því verið duglegir að koma í heimsókn. „Það er okkur dýrmætt að hafa traustan heimamarkað og fyrir hann erum við þakklát," segir hann. Vissulega segir hann að af og til finni hann fyrir þreytu eftir 25 ára jólavafstur.

„En það hefur ekki neitt með jólin sjálf að gera, það finna allir stundum fyrir þreytu í hvaða starfsgrein sem þeir eru í. Þessi ár hafa verið góð og við erum ánægð með uppbyggingu svæðisins. Greinilega gefur það fólki mikið að heimsækja Jólagarðinn og yfir því gleðjumst við." */MÞÞ*

Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Olíudreifing

Framtíðarstarf á Patreksfirði

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum.

Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is.

Olíudreifing óskar eftir að ráða traustan meiraprófsbílstjóra sem sinnir einnig starfi umsjónarmanns birgðastöðvar. Leitað er að starfskrafti sem hefur ríkar þjónustulund og getur unnið sjálfstætt. Starfsstöð er á Patreksfirði.

Starfssvið:

- Olíudreifing beint á tanka, skip og vinna í birgðastöð.
- Ábyrgð á daglegum rekstri birgðastöðvar.
- Skráning og frágangur afgreiðsluseðla við afgreiðslu eldsneytis.
- Framkvæmd og skráning eftirlits í birgðastöð.
- Öryggismál og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf.
- Sjálfstæð, örugg og vönduð vinnubrögð.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem hafa ekki ADR réttindi. Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hefur Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



UTAN ÚR HEIMI

Kínverskir vísindamenn:

Umhverfisvænt plast úr sæði laxa

Kínverskir vísindamenn hófu á dögunum framleiðslu niðurbrjótanlegs plastefnis gerðu úr sæði laxa og sjá fyrir sér áframhaldandi vinnslu þess er gæti leyst óþarfa plastúrgang af hólmi.



Bolli gerður úr erfðaefnisplastinu.

Með því að blanda saman vatni, jurtaolíu og hluta erfðaefnis laxins tókst þeim að mynda gel-líkt plast (hydrogel) sem notar 97% minni kolefnislosun við framleiðslu en plast sem unnið er úr jarðolíu. Plastið er hægt að móta á ýmsa vegu áður en það er frostþurrkað í endanlegt form sitt. Plastið býður þó eins og er upp á frekar takmarkaða notkun, má hvorki blotna né er hægt að húða það vatnsheldu efni því það gerir endurvinnslu erfitt fyrir. Þeir sem að rannsókninni standa sjá fyrir sér að hægt væri að nýta plastið í smáhluti rafeindatækja þar sem þau þurfa að haldast þurr fremur en annað. Einnig gæti það mögulega verið notað sem umbúðaefni.

Rannsóknin sýnir að þarna er notast við efni endurnýjanlegra auðlinda sem framleitt er á umhverfisvænan hátt, hefur langan líftíma ef rétt er með farið og auðvelt í endurvinnslu, sögðu vísindamennirnir í samtali við Journal of American Chemical Society. Reyndar tóku þeir fram að þó þarna væri um að ræða jákvæða vinnslu efnis væri fjöldaframleiðsla DNA í þeim mælikvarða sem þyrfti til að DNA plast yrði raunhæfur valkostur afar krefjandi – en þó ekki ómögulegt. Það sem meira er, plastið þarf ekki að vera eingöngu úr laxasæði. Önnur náttúruleg efni eins og ávextir og þörungar myndu virka alveg eins vel.

Eins og er framleiðir mannkynið um 400 milljónir tonna af plasti árlega þar sem aðeins um 9% af plastúrganginum fara í endurvinnslu. Hluti plastsins er óniðurbrjótanlegur og síast inn í bæði drykkjarvatn og mat auk þess að menga náttúruna þar sem það er ábyrgt fyrir dauða einni milljón fugla og 100.000 sjávarspendýra árlega.

Vísindamennirnir eru því vongóðir um að vinnsla umhverfisvæns plasts geti hugsanlega leyst okkar alþjóðlega vandamál. Þangað til mun plastneysla um allan heim halda áfram að skaða umhverfið, drepa dýr og leka út í matvæli og vatn. /SP

Rýtingur úr loftsteinsmálmi

Fyrir allmörgum árum, nánast heilli öld, fannst gröf Tutankhamens konungs (Tuts) sem var uppi í kringum 1340 f. Krist. Gröfin var mörgum fræðingnum áhugaefni og við frekari rannsókn þremur árum síðar, eða árið 1925, fundust meðal annars tveir rýtingar á vel varðveittu líkinu.

Breska fornleifafræðingnum Howard Carter, sem uppgötvaði bæði gröfina og svo rýtingana, þótti heldur mikið til þeirra koma en annar var úr gulli og hinn úr því sem Carter taldi járn. Þó að vanalega þætti gullið verðmætara var járnrýtingurinn það sem raunverulega vakti athygli Carters og annarra fornleifafræðinga.

Á þeim tíma sem konungurinn var uppi, var járn nefnilega talið verðmætara en gull, þar sem það var afar sjaldgæft og tilvísanir í það ekki vanalegar í sögunni fyrr en á fyrsta árþúsundi f.Kr.

Vegna þess voru flestir fornleifafræðingar sammála um að málmurinn sem var notaður til að búa til rýtinginn væri líklegast loftsteinsmálmur, efni sem Egyptar á tímum konungsins Tuts, kölluðu „járn af himni“.

Járnið vakti eðlilega mikla athygli vísindamanna og gegnum tíðina hafa verið getgátur um hvar það hafi myndast eða hvaðan það hafi komið. Vísindamenn 8.–9. áratugarins léku sér áfram með þá hugmynd að blað rýtingsins hafi verið gert úr loftsteini en niðurstöður þeirra rannsókna þóttu ekki gefa fullnægjandi svar.

Á síðasta ári hins vegar notaði hópur ítalskra og egypskra vísindamanna nýja tækni sem kallast röntgenflúrljómun til að skoða rýtinginn aftur. Þær niðurstöður ýttu heldur betur undir hugmyndir vísindamannanna forvera þeirra, en efnainnihald í blaði hans benti eindregið til uppruna ... utan jarðar. Innihaldið, járn, nikkel og kóbalt, finnst m.a. í loftsteinum, sem ýtir undir verðleika niðurstaðnanna.

Rannsakendur vona að uppgötvunin muni hjálpa til við að greina aðra hluti sem fundust í gröfinni, sem áður voru taldir vera járn. Þeir vonast einnig til að það muni gefa innsýn í aðra notkun loftsteinsmálma á þeim tíma.

Þó að það kunni að virðast heldur langsótt að grafhýsi Tútankhamens konungs geymi enn óuppgötvuð leyndarmál, þá er staðreyndin sú að vegna þess hve lengi hún stóð ósnortin gæti það dugað til að halda vísindamönnum og fornleifafræðingum uppteknum í mjög langan tíma og jafnvel er þar að finna fleiri málma sem ekki hafa greinileg kennsl verið borin á. / SP



Breski fornleifafræðingurinn Howard Carter við fund sinn, gröf Tutankhamens konungs. Mynd / Wikicommons



Rýtingur úr „himnajárni“. Mynd/ Getty





Hofin tvö séð ofan frá. Myndir / Wikicommons

Á göngu ofar skýjum:

Frá nútíð til framtíðar

Í jarðumbrotum fyrir hundrað milljónum ára reis fjallið Fanjin frá hafsbotninum. Nú stendur það í öllu sínu veldi í Wuling-fjallgarðinum í suðvesturhluta Kína, en hæð þess er rúmir 2,5 km yfir sjávarmáli.

Áhugasamir göngugarpar geta þar trítlað upp 8.000 þrep, ef rétt er talið, og notið þess að upplifa sérkennilega klettamyndun í bland við útsýni skýjum ofar, en m.a. vegna þeirra var Fanjing-fjallið skráð á heimsnáttúru- og menningarminjaskrá UNESCO árið 2018.

Á toppi þess, sem ber nafnið Red Clouds Golden Summit, má finna hof sem kallað er Fanjingshan-hofið þó það sé í raun tvö musteri, Temple of the Buddha og Maitreya-hofið. Annað þeirra er ætlað til tilbeiðslu guðsins Sakiymuni, sem táknar nútíðina, og og hitt fyrir guðinn Maitreya, sem táknar framtíðina.

Hofin tvö voru upphaflega byggð á Yongle-tímabili Ming-ættarinnar, fyrir um það bil 500 árum, og hafa núverandi musteri verið endurbyggð í samræmi við upprunalegt útlit þeirra og styrkt með járnabindingum til að verjast sem best sterkum fjallavindum. Musterin eru sjálf um fimm og hálfur metri bæði á breidd og dýpt en þau tengjast hvort öðru með brú – enda toppur fjallsins klofinn í tvennt. Fólk getur því gengið frá nútíð til framtíðar búddískrar kenningar sér til skemmtunar eftir að upp er komið.



Hér má ganga yfir til framtíðar.

Þar sem fjalltindurinn er oft umkringdur þoku og skýjahafi, er mikil upplifun að standa á pallinum fyrir utan Fanjingshan-hofin og dást að ótrúlegu útsýninu. Þessi heilagi staður búddisma er ekki síður fagur á að líta ofan frá, og mætti telja hann einn af undrum jarðar. /SP

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna

Allt frá fræjum til umbúða



SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

http://www.samhentir.is/is/thjonusta/gardyrkjudeild

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ, sími 575 8000, www.samhentir.is, sala@samhentir.is



Komdu í fjarnám!

Hjá Endurmenntun er fjölbreytt nám í boði í fjarkennslu sem hentar sérlega vel samhliða starfi.

Fjármál og rekstur
Hagnýt námslína fyrir þá sem eru á leiðinni í eigin rekstur eða eru að takast á við ný verkefni og aukna ábyrgð í starfi.

Bókaranám – frá grunni til aðalbókara
Þrjú þrep
Bókaranám þar sem áhersla er lögð á að nemendur læri að færa bókhald og öðlist þekkingu á grunnatriðum laga sem og meginatriðum bókhaldskerfa.

Leiðsögunám
Taktu Leiðsögunám Endurmenntunar á eigin hraða! Hægt er að taka stök námskeið sem eru hluti af Leiðsögunáminu og fá þau metin til eininga.

Opið fyrir umsóknir — Kynntu þér málið á **endurmenntun.is**

LÍF & STARF



Atli að leggja af stað í fyrstu gróðursetningu vorsins 2021. Svæðið sem hann er að vinna með er um 80 hektarar.
Myndir / Aðsendar



Bakkaplanta komin í jörð. Grjót til varnar frostlyftingu.



Gulvíðigræðlingur í ágúst, sem stungið var niður í rofdíl í maí.



Spírandi uppgræðslufræ á mel. Síðar mun Atli dreifa birkifræjum á svæðinu.

Atli Jósefsson, náttúrufræðingur og líffræðikennari í Reykjavík:

„Mér hefur oft blöskrað ástandið á landinu í nágrenni höfuðborgarinnar“

– Tók að sér 80 hektara svæði á Mosfellsheiði til uppgræðslu

„Ég starfa nú sem líffræðikennari við Menntaskólann við Hamrahlíð en hef lengst af verið viðloðandi háskólakennslu. Áhugi minn á náttúru Íslands nær langt aftur og hefur samtvinnast við útivistaráhuga.

Mér hefur oft blöskrað ástandið á landinu í nágrenni höfuðborgarinnar sem víða er tötrum klætt eftir ósjálfbæra landnýtingu fyrri alda,“ segir Atli Jósefsson náttúrufræðingur.

„Flestir borgarbúar telja víst að flagmóar og melaskotnar mosaþembur á Mosfellsheiði séu náttúrulegt ástand gróðurs. Líklega hefur þetta svæði verið klætt birkiskógi við landnám og ég tel að við skuldum sjálfum okkur það að reyna að endurheimta hluta af fyrri landgæðum. Þar sem opinberir aðilar hafa ekki aðhafst mikið ákvað ég að fara af stað með mitt eigið verkefni með von um að það verði öðrum hvatning þó ekki sé það stórt í sniðum,“ segir Atli. Verkefni hans hefur vakið athygli enda ekki mikið um að einstaklingar taki að sér svona stórt svæði til uppgræðslu í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið.

Fjármagnar verkefnið sjálfur

Verkefni Atla miðar að því að endurheimta birkiskóga á Elliðakotsheiði (suðvesturhluta grágrýtisdyngjunnar, sem almennt er kölluð Mosfellsheiði). Í dag einkennist landið af gamburmosabreiðum, melum og mólendi en heimildir eru um að þar hafi vaxið birkiskógur á öldum áður og leifar hans til staðar allt fram yfir aldamótin 1800. Land þetta er innan fjárgirðingar höfuðborgarsvæðisins og hefur Atli fengið góðfúslegt leyfi landeigenda til landbóta á svæðinu. Stefnan er að notast eingöngu við íslenskar lykiltegundir, birki, gul- og loðvíði, auk uppgræðslufræja fyrir melana.

„Nú þegar hef ég sáð um tíu skókössum af birkifræi, stungið niður um 1.000 víðigræðlingum og gróðursett rúmlega 500 birkiplöntur. Stefnan er að gróðursetja 1.000 birkitré á næsta ári en minna verður um fræ þar sem árið í ár var ekki gott fræmyndunarár hjá birki.

Ef allt gengur vel munu þessi tré vera farin að mynda fræ sjálf áður en áratugurinn er úti og taka þannig við verkinu af mér. Verkefnið er alfarið fjármagnað af mér með stuðningi góðra vina,“ segir Atli stoltur.

/MHH



Vinsælustu hestanöfnin eru Perla og Blesi

Samkvæmt nýjum lista yfir mest notuðu nöfnin í upprunaættbók íslenska hestsins á Worldfengur.com er algengasta nafnið hjá hryssum Perla og Blesi er það algengasta hjá hestum. Hér má sjá í tveimur listum 10 algengustu nöfnin hvort hjá sínu kyninu og hve mörg hross bera viðkomandi nöfn.

Algengustu nöfnin á hryssum:	
Nafn	*Fjöldi*
Perla	3179
Stjarna	3042
Jörp	2932
Freyja	2732
Brúnka	2487
Fluga	2402
Rauðka	2356
Blesa	2207
Skjóna	1990
Elding	1860

Algengustu nöfnin á hestum:	
Nafn	*Fjöldi*
Blesi	1584
Jarpur	1496
Stjarni	148
Rauður	1382
Blakkur	1320
Vinur	1098
Fengur	1081
Máni	1069
Brúnn	1063
Baldur	1055

/MHH

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Íslenskt timbur, já takk!

Íslenskt timbur er gott timbur. Það er sjálfbært, vistvænt og vel vaxið. Í þjóðskógum Skógræktarinnar og í skógum skógræktarfélaga víða um land vex digurt úrvals timbur.

Mörgum kemur á óvart að svo sé, en þegar horft er á málin með raunsæi nútímans en ekki örvæntingarstuðli frumkvöðlanna má glöggt sjá að inni í víðfeðmum skógum landsins vaxa úrvals trjábolir á pari við viðarvöxt hjá samanburðarlöndunum víðfrægu; Skandinavíu, Rússlandi og Norður-Ameríku. Síðustu þrjá áratugi hafa bændur á bújörðum einnig tekið sig til við að rækta skóg og hefur flatarmál nytjaskóga aukist með hverri gróðursettri plöntu. Þekking og reynsla hefur vaxið einnig. Skilningur ræktenda á mikilvægi skógarumhirðu, svo sem tvítoppaklippingu, uppkvistun og millibilsjöfnun, mun skila sér í enn betri viði en hingað til og þá er nú mikið sagt. Gjöfula skóga má rækta víða um land og þannig leggjum við upp með timburöryggi þjóðar inn í framtíðina.

Bændasamtökin, ásamt fyrrnefndum hagsmunaaðilum og fleiri velunnurum nytjaskógræktar, eru um þessar mundir að hefja samstarf um að koma timbrinu okkar betur til neytenda, enda tími til kominn. Þegar innflutningstölur á timbri eru skoðaðar má sjá að Íslendingar eru stórneytendur timburs af öllum gerðum. Það styttist í að hægt verði að bjóða heimaræktað timbur sem er samþykkt og samkeppnishæft við það innflutta. Það mun skila tekjum til bænda og annarra skógræktenda. Ætlunin er að bjóða íslenskt loftslagsvænt timbur á markað jafnt og þétt og koma þannig til móts við kröfur þeirra sem óska Jörðinni farsældar um ókomna tíð. Bændasamtökin sjá tækifærin í skógrækt, sérð þú skóginn fyrir trjánum?

Hlynur Gauti Sigurðsson
búgreinadeild skógarbænda,
Bændasamtök Íslands.



Framúrskarandi fyrirtæki

Tökum fagnandi á móti 2021 og hvetjum til samstöðu

Gleðilegt nýtt ár

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN Schäffer FENDT CLAAS Kverneland JCB

Óseyri 2 • 600 Akureyri • Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

RANDEX

RANDEX - VAGNAR
AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

- Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
- **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
- **Hagstætt verð**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

Vertu memm!



Kynnið ykkur kosti aðildar að BÍ. BONDI.IS > Bændatorg

ÞAÐ TEKUR AÐEINS UM 30 SEK. AÐ SKIPTA UM POKA

SJÁLFBÆR **FLOKKUN** SORPS ER KRAFA

Paxxo Longopac flokkunarkerfið er byltingarkennd lausn í sjálfbærri flokkun. Paxxo er sænskur framleiðandi í fremstu röð á sínu sviði í heiminum.

Nánari upplýsingar á **www.paxxo.is**



OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

PAXXO

Rekstrarland | **Vatnagörðum 10** | 104 Reykjavík | 515 1100 | **Austurvegi 69** | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND

LÍF & STARF

Samkeppni um hönnun útsýnisstaðar í Bjólfi á Seyðisfirði:

Útsýnispallurinn Baugs-Bjólfur sigraði

Baugs-Bjólfur er heiti á vinningstillögu í samkeppni um útsýnisstað við snjóflóðagarðana í Bjólfi á Seyðisfirði. Um er að ræða hringlaga útsýnispall sem situr á Bæjarbrún með stórfenglegu útsýni yfir Seyðisfjörð.

Dómnefnd sem fór yfir innkomnar tillögur segir að þessi hafi að flestu leyti borið af með mjög áhugaverða nálgun á viðfangsefnið auk þess að sýna ýmsar áhugaverðar skírskotanir í menningu, sögu og náttúru staðarins, nokkuð sem reyndar flestar hinar tillögurnar gerðu einnig.

Dómnefnd mat tillöguna á þann hátt að um væri að ræða áhugavert kennileiti sem kallaðist á við landslagið á einfaldan en áhrifamikinn hátt þar sem ferðafólk er leitt áfram í lokaðri umgjörð án hnökra. Hreyfihamlaðir þurfa ekki að yfirstíga neinar hæðahindranir og tillagan tryggir gott flæði ferðafólks um svæðið. „Einföld, sérstæð og sterk byggingarlist hér á ferð sem dómnefnd telur að geti haft mjög mikið aðdráttarafl og hefur alla burði til þess að bjóða upp á einstaka upplifun“, eins og segir í niðurstöðu dómnefndar.



Hringlaga útsýnispallurinn, Baugs-Bjólfur, hlaut vinninginn í samkeppni útsýnisstaðar við snjóflóðagarðana á Seyðisfirði.

Markmið samkeppninnar var að bæta aðstæður og skapa aðdráttarafl á svæði sem hefur mikil tækifæri til þess að vera einn af fjölsóttustu útsýnisstöðum Austurlands, auk þess að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna og stuðla að verndun lítt snortinnar náttúru á tímum vaxandi fjölda ferðafólks

Múlaþing efndi til samkeppninnar og fékk til þess styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Sveitarfélagið stefnir að því að semja um áframhaldandi hönnun í samvinnu við vinningshafa og að sótt verði um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í áframhald verkefnisins.

Vinningstillagan var unnin í þverfaglegu samstarfi og eru aðalhöfundar þær Ástríður Birna Árnadóttir og Stefanía Helga Pálmarsdóttir frá Arkibygg Arkitektum í samvinnu við Önnu Kristínu Guðmundsdóttur og Kjartan Mogensen landslagsarkitekta, Auði Hreiðarsdóttur frá ESJA ARCHITECTURE og Arnar Björn Björnsson frá EXA NORDIC, sem sá um burðarvirkjahönnun.

/MÞÞ

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Framkvæmdastjóri óskast

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um starfsemi sambandsins frá 1. mars næstkomandi. Helstu verkefni eru umsjón með daglegum rekstri, nautgripa- og sauðfjársæðingum, jarðabótaúttektum og öðrum þeim verkefnum sem stjórn ákveður.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf í búvísindum eða hafi lokið sambærilegu námi sem nýtist í starfi. Mikilvægt er að umsækjendur hafi þekkingu á félagskerfi bænda, geti unnið sjálfstætt og séu færir í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða hlutastarf en nánari útfærsla á starfinu getur verið samkomulagsatriði. Nánari upplýsingar veitir formaður BHS, Ingvar Björnsson í síma 893 0120 eða á tölvupósti holabaksbuid@gmail.com.

Umsóknarfrestur er til 1. janúar 2022. Umsókn um starfið skal fylgja kynning á umsækjanda ásamt starfsferilsskrá

Forvarnarsjóður búgreina
auglýsir eftir umsóknum um styrki til forvarnar-, ræktunar og þróunar.

Umsækjendur geta verið félagsmenn í Bændasamtökum Íslands sem ekki skulda gjaldfallin félagsgjöld eða búgreinadeildir. Reglur um styrkina er að finna á vefsvæðinu sem ofan greinir. Styrkhæf verkefni eru þau verkefni sem falla undir reglur sjóðsins.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á netfangið forvarnir@bondi.is fyrir þann 31. desember næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Kári Gautason, starfsmaður Bændasamtaka Íslands; kari@bondi.is


Sjá nánar á bondi.is undir Félagsmál/Forvarnar-, ræktunar-, og þróunarsjóður.

Bændahöllin Hagatorgi 1, 107 Reykjavík


Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300




Jónas Þórólfsson fer yfir helstu atriðin við sundurhlutun og vinnslu á lambaskrokki.



Rúnar Ingi Guðjónsson, annar af tveimur kennurum á námskeiðinu.





Að námskeiði loknu eigi þátttakendur að hafa fengið góða innsýn í hvernig best fer á að vinna með og nýta skrokk auk þess að ganga sem best frá kjöti til geymslu.

Námskeið í úrbeiningu:

Mikill áhugi og uppselt á tvö námskeið

„Það er mikill áhugi fyrir þessu námskeiði,“ segir Hilmar Valur Gunnarsson, verkefnastjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga, en auglýst námskeið í úrbeiningu sem haldið var í Matsmiðjunni á Laugum á dögunum bókaðist hratt.

Því var brugðið á það ráð að bæta við öðru sem einnig seldist upp á skömmum tíma. Þátttakendur koma af öllu starfssvæði Þekkingarnetsins, þeir sem eru lengst að komnir aka úr Þistilfirði til að sækja námskeiðið.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru þeir Jónas Þórólfsson, kjötiðnaðarmaður, slátrari og bóndi á Syðri-Leikskálaá og Rúnar Ingi Guðjónsson, kjötiðnaðarmeistari, gæðastjóri hjá Kjarnafæði/Norðlenska.

Báðir hafa þeir starfað um árabil í kjötiðnaði og þekkja hann út og inn. Þeir reka saman hlutafélagið Frávik sem stendur fyrir margs konar námskeiðum á því sviði.

Hentar þeim sem vilja auka þekkingu sína

Á námskeiðinu var farið yfir helstu atriðin við sundurhlutun og vinnslu á lambaskrokki, farið yfir nýtingu, hreinlæti og pökkun og að því loknu eigi þátttakendur að hafa fengið góða innsýn í hvernig best fer á að vinna með og nýta skrokk, auk þess að ganga sem best frá kjöti til geymslu.

Námskeiðið hentar þeim sem vilja afla sér þekkingar á vinnslu og frágangi afurða, m.a. þeim sem stefna á heimavinnslu afurða.

Þeir Jónas og Rúnar segja námskeiðshelgina hafa gengið vonum framar og þeir viti ekki betur en þátttakendur hafi farið virkilega glaðir heim. Vegna mikils áhuga stendur til að Þekkingarnet Þingeyinga efni til fleiri námskeiða síðar.

/MÞÞ

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Íslenskt jólaborð.

Notalegu jólahefðirnar

Sjálft jólahaldið og undirbúningur þess er nú að ná hápunkti sínum.

Sjaldan fá hefðir og sérviska okkar sumra að birtast betur á heimilum landsmanna en einmitt um jólin, og íhaldssemin víðast í hávegum höfð. Það á ekki síst við um hvað er á veisluborðum okkar um hátíðarnar, sitt sýnist hverjum hvað þarf þangað að rata, til að gleðileg jólin geti gengið í garð.

Eitt eigum við þó flest sameiginlegt, það að íslensk hráefni eru lykillinn að því að allt sé eins og það á að vera, og um leið notalegt og öruggt eins og við erum vön. Hér standa íslenskir bændur sannarlega vaktina og tryggja íslenskum neytendum gæðavörur sem þeir treysta. Hefðirnar eru okkar að nýta, viðhalda notkun á hráefnunum og þróa í rólegum takti.

Kjötvörur af ýmsu tagi eru sem fyrr aðalhráefnin á jóla- og áramótaborðið auk fjölbreytts ómissandi meðlætis. Í kjötvörum er margt í boði frá íslenskum bændum, og þeir vanda til verka og stytta sér ekki leið í óhóflegri notkun lyfja.

Sem dæmi sýnir ný evrópsk samantekt um notkun sýklalyfja í landbúnaði að hún er hvergi minni en hérlendis, sem fyrr. En þeir sem mest nota af sýklalyfjum í evrópskum landbúnaði nota hundraðfalt magn sýklalyfja á hvert kg kjöts.



Hátíðarsteikin skorin.

Veljum íslensk hráefni þegar það er mögulegt, framleidd eftir ströngum kröfum. Kaupum ekki köttinn í sekknum vegna óskýrra eða villandi merkinga.

En kvartanir um að þær mættu vera mun betri hérlendis eru afar algengar. Það er líka gott að kunna sér hóf og taka gæði fram yfir magn. Fjölbreytni í framboði háenda matvæla með íslenskan uppruna eykst ár frá ári með sönnuð gæði og sérstöðu sem lykilatriði.

Eigið notaleg jól með íslenskar matvörur á ykkar borðum.

Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri á markaðssviði BÍ



Mýranaut óskar viðskiptavinum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir viðskiptin á því liðna.



LOPI

Ístex 30 ára
Glæsileg ný prjónabók
eftir Védísi Jónsdóttur

Íslensk ull
Gæðamerki



SnowEx®
VETRARBÚNAÐUR

Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðatæki sem endast.

MHG VERSLUN

Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Endurvinnsla í landbúnaði:

Umvendingar á plastmarkaði skapa tækifæri

– Mikil verðmæti fólgin í endurunnu heyrúlluplasti



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Bændur hér á landi nota um 1.600–1.800 tonn af heyrúlluplasti á ári en gróflega reiknað þarf um 1 kg af plasti í hverja rúllu af heyi. Mynd / H.Kr.

Allflestir bændur losa sig við notað heyrúlluplast gegnum þjónustuaðila sem sækja plastið og koma því í endurvinnslu, hérlendis eða erlendis. Tilkoma nýrrar Evrópureglugerðar er að gjörbreyta endursölumarkaði á endurunnu plasti. Endurgjald hefur hækkað og endurunnið plast orðið eftirsóttara og þar með verðmætari vara.

Búfjárbændur þurfa að treysta á heyfeng yfir veturinn. Traustið byggir á því að pökkun heysins tryggi gæði þess og geymsluþol. Þar kemur heyrúlluplast til sögunnar. Bændur hér á landi nota um 1.600–1.800 tonn af heyrúlluplasti á ári en gróflega reiknað þarf um 1 kg af plasti í hverja rúllu af heyi. Talið er að um 3.000 bú hér á landi stundi heysöfnun.

Það skiptir bændur mjög miklu máli að heyrúlluplast fari í endurvinnslu. Í könnun meðal bænda sem Úrvinnslusjóður lét Maskínu framkvæma í ársbyrjun 2017 undirstrikar það; 97,8% bænda sögðu þar að það skipti mjög eða fremur miklu máli að heyrúlluplastið þeirra fari til endurvinnslu. Þar kom einnig fram að 85,4% bænda flokka sitt heyrúlluplast. Í 81,2% tilvika losuðu þjónustuaðilar bændur við plastið en 10,5% fóru sjálfir með það á söfnunarstöð.

Hækkandi endursöluverð á endurunnu plasti

Plastið sem notað er í heyrúllur er að allverulegu leyti unnið úr frumframleiddum plastperlum, fjöletýleni, sem byggt er upp sem teygjanlegar og límkenndar firnasterkar umbúðir með UV vörn sem þolir bæði mikinn hita og kulda.

Markaðsverð á frumframleiddum plastperlum hefur ávallt ákvarðað verð á endurunnu plasti – notað metið ódýrara en nýtt. En að undanförnu hefur þessi fylgni kollvarpast og í raun hefur orðið til virkur markaður á endurunnu plasti.

Ástæðan er ný Evrópusambandstilskipun um endurunnið plast sem mun taka gildi árið 2025. Samkvæmt henni verður framleiðendum plastumbúða gert að hafa að minnsta kosti 25% af umbúðunum úr endurunnu plasti. Stórir notendur umbúða og umbúðaframleiðendur eru þegar farnir að aðlaga framleiðslu sína að kröfum nýju Evrópureglugerðarinnar og við það hefur skapast eftirspurn eftir endurunnu plasti.

Það sýnir sig ekki síst í hækkun á endursöluverði. Eitt kíló af endurunnum plastperlum kostaði 0,93–1,04 evrur í október árið 2020 en kostaði 1,8–1,95 evrur í október síðastliðnum samkvæmt upplýsingum frá Guðlaugi Sverrissyni, rekstrarstjóra hjá Úrvinnslusjóði.



Eitt kíló af endurunnum plastperlum kostaði 0,93–1,04 evrur í október árið 2020 en kostaði 1,8–1,95 evrur í október síðastliðnum. Mynd / H.Kr.



Endurvinnslufyrirtækið Pure North Recycling í Hveragerði tekur við heyrúlluplasti og umbreytir því í plastpallettur sem seldar eru til framleiðslu á nýjum plastvörum. Mynd / H.Kr.



Endurunnið heyrúlluplast þegar komið á markað

Framleiðendur heyrúlluplasts hafa, eins og aðrir stórir umbúðaeigendur, lagt í mikla þróunarvinnu á vörum sínum og framleiðslu í átt að umhverfisvænni afurð.

Framkvæmd hefur verið lífsferilsgreining á ferlum í átt að sjálfbærari framleiðslu. Hefur það leitt til þess að vörur skapi minna kolefnisfótspor. Síðan hafa komið fram nýjar afurðir, meðal annars enn teygjanlegra plast, þannig að hver rúlla þurfi minna af plasti en ella. Þá kom nýlega á markað heyrúlluplast þar sem 30% af efninu er endurunnið úr notuðu heyrúlluplasti. Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri innflutningsfyrirtækisins Plastco, telur engan gæðamun á nýju plasti og því endurunna.


Hann segir hins vegar aðra liti en hvítt og ljósgrænt vera á algjöru undanhaldi. „Okkar framleiðendur telja hvítt koma best út er varðar geymsluþol og gæði heyfengs. Enn fremur skilar hvítt mestu í endurvinnslu.“

Bændur kjósa hvítt

„Bændur vilja gott plast og spá mikið í gæði, því það liggur mikið undir fyrir þá,“ segir Hanna Dögg Maronsdóttir, markaðsstjóri Bústólpa, sem er einn af söluaðilum heyrúlluplasts á landinu.

Plastið er fáanlegt í mörgum stærðum, gerðum og litum. „Tækjabúnaður ræður helst hvaða stærð af plasti er keypt. En svo spilar reynsla manna inn í valið. Sumir vilja fá forstrekkt á meðan aðrir vilja það alls ekki. Á tímabili var mikil litagleði í gangi, en hún hefur farið minnkandi,“ segir hún. Þannig hafi Krabbameinfélagið verið styrkt með sölu á bleiku og bláu heyrúlluplasti og svart plast sé eilítið ódýrara sem gæti haft áhrif á eftirspurn eftir því.

Bændur séu þó orðnir meðvitaðir um að hvítt plast gefi best í endurvinnslu og því sé alltaf keypt mest af því. „Margir vilja aðskilja fyrri og seinni slátt með litum og velja þá helst ljósgrænt. Miðað við eftirspurnina núna munum við einungis bjóða upp á hvítt, grænt og svart plast fyrir næsta ár,“ segir Hanna Dögg. Þá eigi hún von á að geta boðið upp á rúlluplast sem er að hluta til unnið úr endurunnu efni.



Hanna Dögg Maronsdóttir.

Aðfangaverð hefur hækkað gríðarlega á síðastliðnu ári, bæði vegna hækkandi olíuverðs og heimsfaraldurs. Innkaupaverð á heyrúlluplasti hækkaði um 40% á árinu. Hanna segist hafa vonast til að þessar hækkanir gengu til baka að einhverju leyti en þó sé mjög erfitt að spá fyrir um það.



Afleiðingar nýju Evróputilskipunarinnar skapa mikil tækifæri fyrir þá sem fást við endurvinnslu á plasti.



Guðlaugur Sverrisson, rekstrarstjóri hjá Úrvinnslusjóði.

Hvað gerir Úrvinnslusjóður?

Úrvinnslusjóður fer með umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds og beitir hagrænum hvötum til að fá heyrúlluplast úr sveitum landsins flutt flokkað til endurvinnslu.

Úrvinnslugjald er lagt á hvert kíló af plasti sem notað er til þess að pakka heyrúllu. Úrvinnslugjaldið er notað til að greiða fyrir meðhöndlun heyrúlluplasts og endurnýtingu eftir að það hefur þjónað upphaflega tilgangi sínum. Það er gert til að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun.

Úrvinnslugjaldið á að standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutningi hans frá söfnunarstöð til móttökustöðva eða endurnýtingarstöðva.

Þá á gjaldið að standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á.

Úrvinnslusjóður heldur utan um umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds og samningum við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga.

Hvert fer plastið?

Sveitarfélög bera ábyrgð á úrgangi og eru því í allflestum tilfellum þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs. Þau stýra útboði þar sem kveðið er á um hvernig þjónustunni til bænda skuli vera háttað.

Guðlaugur segir misjafnt hversu mikla þjónustu sveitarfélög bjóði upp á. Þannig sé úrgangur sóttur á bú í Skagafirði einu sinni í mánuði ásamt hirðu á heyrúlluplasti, meðan heyrúlluplast er sótt tvisvar til þrisvar á ári í Borgarfirði. Heyrúlluplastið er svo flutt á skilgreindan núllpunkt. Í dag eru núllpunktar útflutningshafnirnar í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði.

Þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs er í sjálfsvald sett hvert þau fara með plastið svo lengi sem þau afhenda það viðurkenndum ráðstöfunaraðilum. Þannig fari allt útflutt heyrúlluplast til viðurkenndra endurvinnslufyrirtækja innan EES og er mest sent til fyrirtækjanna Daly Plastics og Peute í Hollandi og Somex í Póllandi.

Af þeim 1.100–1.400 tonnum af heyrúlluplasti sem hefur fallið til ár hvert á sl. fjórum árum hefur gróflega 95% verið endurunnið. Um 65–70% þess er flutt út þar sem erlendir kaupendur endurvinna plastið til áframhaldandi notkunar. Um 30–35% fara svo til endurvinnslufyrirtækisins Pure North Recycling í Hveragerði sem meðhöndlar plastið og umbreytir því í plastpallettur sem seldar eru til framleiðslu á nýjum plastvörum.

Hvatagreiðslur til Hveragerðis

Sigurður Halldórsson hjá Pure North Recycling kallaði eftir meira hráefni til endurvinnslu í viðtali í Bændablaðinu í febrúar síðastliðnum. Þar sagði hann að fyrirtækið gæti tekið á móti 150–200 tonnum af rúlluplasti til vinnslu á mánuði sem er töluvert meira en þeir fá til meðhöndlunar í dag.

Ástæðan ku vera bitbein um hver eigi að borga fyrir flutning á plastinu til Hveragerðis, þar sem úrvinnslugjaldslögin kveða á um að þjónustuaðili fái greitt miðað við að hann skili úrgangi á þann núllpunkt sem næstur er. Sem dæmi er núllpunktur fyrir þjónustuaðila í Skagafirði á útskipunarhöfninni á Akureyri.

Þannig hafa þjónustuaðilar ekki val um að flytja plastið til endurvinnslu í Hveragerði nema aðrir en hið opinbera standi undir kostnaði við þá auka flutningskílómetra sem af því hlýst.

Til þess að mæta þessu ákalli hækkaði Úrvinnslusjóður endurvinnslugjaldið til Pure North í Hveragerði 1. júlí síðastliðinn. Þannig getur innlenda endurvinnslufyrirtækið borgað þjónustuaðilum hærra gjald fyrir flutning til Hveragerðis frá tilteknum núllpunktum.

Úrvinnslusjóður greiðir þjónustuaðilum 38 kr. fyrir hvert kíló sem fer í útflutning auk flutningsjöfnunar, en Pure North Recycling fær um 60 kr. fyrir hvert kíló sem það tekur við frá sjóðnum.

Mikil tækifæri í endurvinnslu

Eins og fram hefur komið er söfnun, flokkun og meðhöndlun heyrúlluplasts ekki einföld.

Mikilvægi endurvinnslu er hins vegar orðið skýrt, einstaklingar vilja vera umhverfisvænni og velja eftir því, fyrirtækjum er það ljóst og eru farin að taka afstöðu í verki og það sama á sér stað í iðnaði. Allt þetta hefur velt af stað jákvæðri hreyfingu.

Afleiðingar nýju Evróputilskipunarinnar skapa mikil tækifæri fyrir þá sem fást við endurvinnslu á plasti. Flækjustigið er hátt og enn sem komið er fer allt of mikið af plasti í almenna urðun og í brennslu til orkunýtingar að mati Guðlaugs.

Heyrúlluplast fæst í mörgum litum og veldur það nokkurri óhagkvæmni við endurvinnslu á því.


„Ef endurvinnsluaðilar fengju að ráða þá myndu þeir velja hvítan lit á heyrúlluplastið," segir Guðlaugur. „Sterkir litir, m.a. svartur, skapa vandkvæði við endurvinnslu og lækka endursöluverð á perlunum sem búnar eru til úr heyrúlluplastinu."

Því þurfa endurvinnsluaðilar að sundurgreina heyrúlluplastið eftir litum áður en það fer til meðhöndlunar og svo endurvinnslu.

„Evrópureglugerðin og hækkun endursöluverðs skapar hvata og gerir heyrúlluplastið að eftirsóknarverðri vöru. Innsöfnunarkerfið hér á landi er þrautreynt og bændur hafa verið í fremstu röð í að bæta umgengni og endurvinnslu," segir Guðlaugur.

Hann nefnir að á undanförnum árum hafi bændur stórbætt umgengni við heyrúlluplast eftir notkun og kemur það í dag mun hreinna til meðhöndlunar og endurvinnslu en áður var.

„Þar hefur skipt mestu að almenn vakning er hjá bændum um að gæta að sjálfbærni á öllum sviðum," segir Guðlaugur.



Auðæfi Jims Ratcliffe voru metin á bilinu 24–30 milljónir bandaríska dala framan af ári, en hrundu í lok maí og aftur í lok ágúst. Eignir hans eru nú metnar á 12 milljónir dala. Mynd/Bloomberg

Ratcliffe og plastperlurnar

Einn stærsti framleiðandi af fjöletýleni (polyethylene), hreinum plastperlum, er efnaframleiðandinn Ineos. Stofnandi og stærsti eigandi fyrirtækisins er Jim Ratcliffe, sem er orðinn Íslendingum kunnur fyrir stórtæk uppkaup á jörðum hér á landi. Fyrirtækið Ineos sérhæfir sig í framleiðslu á plasti og efnavinnsluvörum úr jarðefnaeldsneyti en starfsemin gerði Ratcliffe m.a. að ríkasta manni Bretlands og meðal ríkustu manna veraldar.

Auðæfi Ratcliffes hafa þó hrunið á árinu ef marka má viðskiptamiðilinn Bloomberg. Þau voru metin á tæpa 30 milljarða dollara í maí sl. en eru í dag 12 milljarðar dala.







Áramótatilboð KUBOTA



Verðlistinn yfir heyvinnutækin frá KUBOTA er eingöngu rafrænn í ár.
Honum er hægt að hlaða niður á slóðinni
www.thor.is/KUBOTA2022
eða á FaceBook síðu okkar, Þór hf. - Landbúnaður

Eins er hægt að nálgast hann með því að taka mynd af QR kóðanum hér að ofan.

Viljir þú fá útprentað eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KUBOTA verðlistann 2022 um hæl.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Leiðin að nýjum lausnum – greinaröð um riðuveiki:

Íslenskir bændur og alþjóðlegir vísindamenn vinna saman

„Riðurannsóknin mikla“ – hér eru íslenskir sauðfjárbændur og riðusérfræðingar frá Þýskalandi, Englandi, Ítalíu, Frakklandi, Spáni og Íslandi að vinna saman. Vísindamennirnir eru vanir að þurfa að sannfæra bændur um að taka þátt í rannsóknum og þeir eru mjög ánægðir að í þessu tilfelli var það öfugt – bændurnir áttu frumkvæði að verkefninu, höfðu samband við sérfræðinga og svo vatt þetta heldur betur upp á sig.

Ísland býður upp á sérstakar kringumstæður út frá sjónarhorni vísindamanns. Sauðfjárstofninn hefur verið einangraður í langan tíma og er þrátt fyrir innflutningstilraunir að langmestu leyti laus við áhrif annarra sauðfjárkynja. Á sama tíma datt Íslendingum aldrei í hug að banna ákveðna liti eða hornfjölda eða útlit eins og langflestar þjóðir Evrópu gerðu til að búa til „kyn“, það eru engar „skúffur“ = sauðfjárkyn til innan Íslands. Þess vegna er erfðafjölbreytileikinn óvenju mikill þótt stofninn hafi tekið miklum sveiflum í gegnum aldir, t.d. út af harðindum eða fjárpestum.

En þrátt fyrir allan fjölbreytileika koma einungis fáar stökkbreytingar („breytileikar“) í príonpróteininu fyrir – ólíkt langflestum kynjum er fræga riðuþolna arfgerðin „ARR“ ekki til, sem varð lausnin við riðuvandamálinu víða um heim. Auk þess kom sjúkdómurinn líklega með einum ákveðnum hrút til landsins – tími og upphafsstaður eru þekktir og einnig útbreiðslusagan. Það er einstakt. Ekki síst er riða á meðal sauðfjárbænda á „áhættusvæðum“ mikilvægt umræðuefni, margir bændur hafa lengi pælt í þessum efnum; þetta er mikilvæg uppspretta dýrmætra upplýsinga sem nýtast mjög vel í rannsóknum.

Í stuttu máli: Við erum svo heppin að íslenska riðuvandamálið hefur mikið aðdráttarafl fyrir alla sannkallaða riðusérfræðinga og uppgötvanir á þessu sviði geta nýst kindum og þar með sauðfjárbændum víða um heim.

Sýnataka um landið allt – og Grænland

Eins og fram kom í fyrri grein í þarsíðasta tölublaði eru kindur með verndandi arfgerðir eina langvarandi lausnin á svæðum þar sem riða hefur verið landlæg lengi. Þess vegna er fyrsta skrefið að kortleggja ólíku breytileikana sem er að finna í príonpróteininu hér á landi – og í grænlensku fé sem er af íslenskum stofni. Hvaða breytileikar finnast yfir höfuð og hvernig dreifast þeir? Til þess þarf að taka sýni um allt land á ólíkum sauðfjárbúum – bæði þeim sem eru sérstök að ýmsu leyti og þeim sem eru „dæmigerð“ sauðfjárbú. Til „sérstakra“ hjarða teljast til dæmis þessar:

- riða hefur komið upp allt í kring en aldrei á viðkomandi bæ – eða
- riða kom upp í gamla daga en hvarf seinna – og/eða
- sérstaklega gamall og einangraður stofn (lítil eða engin áhrif frá sæðingum eða kaupafé), bæði á riðusvæðum og riðulausum svæðum

Auk þess fengum við aðgang að sýnum úr riðuhjörðum sem eru varðveitt á Keldum, í kringum 1.300 sýni samtals. Meðal þeirra eru sýni úr rúmlega 200 riðujákvæðum kindum sem greindar voru upp úr 1999. Það verður sérstaklega dýrmætt að sjá í hve miklum mæli mismunandi arfgerðir koma fyrir.

Sýnatakan er í fullum gangi og fyrir áramót verða komin yfir 2400 sýni í raðgreiningu úr fleiri en 120 hjörðum. Áherslan var fyrst lögð á upphafssvæði riðuveikinnar – Norðurland vestra –, ásamt líflambasölusvæðunum á Ströndum og á Norðausturlandi. Hluti af Suðurlandinu, Suðurþingi og svo Austurlandið er rétt að bætast við, einnig voru Vestmannaeyjar skoðaðar og einstakar hjarðir við Ísafjarðardjúpið. Hin svæðin munu fylgja í vetur og vor.

Fyrstu niðurstöður og vangaveltur

Samhliða sýnatöku og raðgreiningum erum við sífellt að skoða niðurstöðurnar, bera saman hjarðir og svæði, rekja sjaldgæfa breytileika og pæla í mögulegum ástæðum – alltaf í samráði við sérfræðingana. Þótt það sé enn of snemmt að draga ályktanir í víðara samhengi er samt hægt að nefna nokkur atriði sem virðast áberandi.

Fyrir einstaklinginn skipta alltaf báðir „helmingarnir“ máli þar sem báðir hafa áhrif. Ef kind er til dæmis með arfgerðirnar AHQ/VRQ, þá minnkar AHQ næmi fyrir riðusmiti en VRQ eykur það (það hefur ekki verið rannsakað enn í hversu miklum mæli, en verður vonandi gert í rannsókninni okkar). Það er svipað með AHQ/ARQ-kind. En talsvert minna næm er hins vegar kind með samsetninguna AHQ/AHQ („arfhreint“ AHQ).

En það er einfaldara að átta sig á tíðni eða hlutföllum ákveðinna breytileika innan stofnsins ef við skoðum bara annan helminginn, þ. e. aðra genasamsætuna („allele“ á ensku) – þess vegna gerum við það hér:

- Langalgengasta arfgerðin er „hreint“ ARQ, upprunaleg án frekari breytileika – í langflestum hjörðum á milli 70 og 90 prósent.
- H154 (-> AHQ), V136 (-> VRQ) og N138 eru á meðaltali innan við 10 prósent.
- R231R+L237L, C151 og T137 eru á meðaltali innan við 1 prósent, frekar 0,5 prósent eða minna.

Þetta þýðir að í venjulegum stikkprufum (á milli 10 og 30 sýni úr hverri hjörð) er vel hægt að finna H154, V136 og N138, en það er mjög tilviljunarkennt hvort hinir þrír breytileikar uppgötvast eða ekki: Að meðaltali þarf að taka u.þ.b. 200 sýni til að finna 0,5 prósent breytileika og meira að segja 1.000 sýni til að finna 0,1 prósent breytileika eins og T137! Enn eru eingöngu tvær kindur komnar fram með T137 og bara ellefu kindur með C151: Gola frá Uppsölum stutt frá Sveinsstöðum, fædd 2010, og Nökkvi frá Sunnuhlíð í Vatnsdal ásamt gimbri undan honum fundust síðast. Í Sunnuhlíð eru auk þess óvenju margar kindur með R231R+L237L, einnig á Heydalsá (Guðjón og Nicole).

Þannig að það var mikil heppni að við fundum T137 í þeim 20 sýnum sem voru tekin á Sveinsstöðum – og strax aðra kind með þennan breytileika í næstu 10 sýnum sem voru raðgreind í kjölfarið til að rekja uppruna þess. En ekkert fannst í 38 sýnum sem tekin voru þó þau væru úr náskyldum kindum.


Hins vegar getur einn stakur hrútur breytt hlutföllum breytileikanna í hjörðinni mjög hratt. Einungis kindur með hefðbundnu arfgerðirnar ARQ, VRQ og AHQ! Svipuð niðurstaða var hjá öðru fé á þessu svæði sem ekki er forystufé – aðeins fáar kindur með N138 (sem voru auk þess næstum allar á sama bæ) en ekkert annað. Á Ströndum fundum við hins vegar allt nema T137.

Þetta er athyglisvert þar sem á hvorugu svæðinu hefur riða komið upp – og þess vegna hefði í rauninni á hvorugu svæðinu verið „þörf“ fyrir aukabreytileika eða arfgerðir sem eru minna næmar fyrir riðu. Þannig að samkvæmt væntingum hefði samsetningin átt að vera mjög svipuð, nefnilega eins og á norðausturhorninu. Ef maður skoðar þetta betur þá er áberandi að á norðausturhorninu er næstum allt fé hyrnt, á meðan það er svo gott sem allt kollótt á Ströndum. Það eru sögusagnir um að kollótta genið sé upprunalega komið með innfluttu fé en hafi upphaflega ekki verið til hér á landi. Er þetta kannski skýringin? Ef kollóttu kindurnar komu til dæmis frá Englandi eða Þýskalandi þar sem riða hefur verið landlæg í nokkur hundruð ár þá væri rökrétt að þær hefðu verið að hluta til með einhvern aukabreytileika. Og viti menn, á bak við hluta af þeim fáu N138-kindum sem fundust á norðausturhorninu eru kollóttar kindur!


Þetta eru auðvitað getgátur en samt mikilvægar vangaveltur og þegar rannsóknin er komin aðeins lengra munum við væntanlega finna svör sem hjálpa til að skilja samhengið betur. Allavega er það staðreynd anna innan hjarðar mjög ef hann er með sjaldgæfa arfgerð. Ein riðuhjörð til dæmis þar sem við raðgreindum alla fullorðna einstaklinga var með næstum sjö sinnum fleiri C151-kindur en er að meðaltali. Þegar við skoðuðum ættirnar þá kom í ljós að allar kindurnar voru afkomendur hrúts sem hét Kári – hann hefur greinilega verið með C151. Hefði Kári frekar verið til þá hefði þessi hjörð verið dæmigerð.

Svo eru ættingjar hans enn til á Ströndum og víðar – hann var sonur Bolla frá Miðdalsgröf og við gátum fundið út að C151 er komið frá Bollu mömmu Bolla; Merida frá Miðdalsgröf, „barnabarnið“ hennar er með þessa arfgerð líka. Nýlega kom í ljós að Blær frá Húsavík er einnig með C151; Reynir í Miðdalsgröf og Matthías í Húsavík voru strax til í að reyna að búa til arfhrein C151-lömb.

Einnig var spennandi munur á líflambasölusvæðunum tveimur sem hafa verið rannsökuð til þessa – Strandir annars vegar og norðausturhornið hins vegar. VRQ er sjaldgæft á báðum svæðum, AHQ mjög svipað. Við höfðum áður séð raðir úr tæplega 100 forystukindum sem voru næstum allar úr þessu svæði og það var mjög áhugavert að sjá alls engan aukabreytileika þar, engin með N138 eða C151 eða svoleiðis.



Sara Björk og Gola frá Uppsölum (C151) Mynd / Hilmar Birgisson




Sjaldgæfir breytileikar á riðu-upphafssvæði

útskýringar bæjarpunktanna og bakgrunnskortið í nærsýn: sjá www.tinyurl.com/ridukort



Vaskur, Einar og Skafl frá Sunnuhlíð (R231R+L237L). Mynd / Unnur Erla Björnsdóttir



Hvernig erfist þetta? Tvö raunveruleg dæmi

Merida frá Miðdalsgröf (t.v.) og Blær frá Húsavík (t.h.) eru bæði arfblendin fyrir C151 – hin genasamsætan er „hreint“ ARQ. Markmið er að búa til lömb sem eru arfhrein fyrir C151. Hvað getur komið út næsta vor?








ARQ/ARQ 25 % líkur




C151/C151 25 % líkur




C151/ARQ 50 % líkur

Tryggð frá Sveinsstöðum (t.v.) er með T137/ARQ og Lómi frá Svínafelli 2 (t.h.) er með AHQ/ARQ. Markmið er að búa til hágæða lömb sem eru með T137 – og helst líka með AHQ. Hvað getur komið út næsta vor?









ARQ/ARQ 25 %



T137/AHQ 25 %



AHQ/ARQ 25 %




T137/ARQ 25 %

að stökkbreytingar í príonpróteini geta komið fyrir hvenær sem er, þær verða til í fóstri mjög snemma í þroskunarferlinu og mjög líklega þróast þeir frekar undir riðusmitpressu. Þess vegna er það líka rökrétt að „sérstakar“ hjarðir á borð við Kárdalstungu, Víðimýrarseli, Glaumbæ, Þorkelshól, Sunnuhlíð eða Sveinsstaði eru með aukabreytileika í meira mæli en á „venjulegum“ búum án smitpressu eða þeim sem hafa mikið notað sæðingar eða keypt fé.

Í næsta tölublaði munu fylgja fleiri niðurstöður – m.a. um ólíka samsetningu tveggja riðuhjarða og dreifing arfgerða meðal riðujákvæðra kinda.

Karólína í Hvammshlíð



Kæru bændur, viðskiptavinir og samstarfsfólk.
Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.
Siggi, Eygló og bílstjórar hjá Mælivöllum ehf.

RAFGEYMASALAN
GÓÐ ÞJÓNUSTA, GÆÐI OG GOTT VERÐ
GETUM ÚTVEGAÐ ALLAR TEGUNDIR LYFTARASELLA Á GÓÐU VERÐI
FÁÐU TILBOÐ
VIÐ LEYSUM ÞETTA SAMAN
Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is

YGG
YGGDRASILL CARBON
Áttu land sem hentar til skógræktar og vilt eignast skóg?
HAFÐU SAMBAND VIÐ OKKUR
Taktu þátt í ábyrgri kolefnisjöfnun í íslenskri náttúru með vottuðum kolefniseiningum.
Jafnaðu þig í alvöru - Yggdrasill Carbon

UTAN ÚR HEIMI



Haghpat-klaustrið var byggt skömmu fyrir árið 1000. Staðsetning og fáni Armeníu. Myndir /VH

Armenía:

Fyrsta kristna landið

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Armenía er landlukt ríki í Kákasus sem á landamæri að Georgíu, Aserbaídsjan, Íran og Tyrklandi. Flatarmál Armeníu er um ⅓ af flatarmáli Íslands og íbúar landsins eru um þrjár milljónir og þar af býr um ein milljón í höfuðborginni Jerevan.

Austurhluti landsins var á nítjándu öld hluti af rússneska keisaradæminu en vestari hlutinn undir stjórn Tyrkja. Armenía var eitt af stofnríkjum Sovétríkjanna en lýsti yfir sjálfstæði árið 1991 þegar sovéska ríkjasambandið liðaðist í sundur.

Af selebum sem eiga ættir sínar að rekja til Armeníu er Kardashian-slektið, söngkonan Cher, Garry Kasparov, einn besti skákmaður allra tíma, og listamaðurinn Rabo Karabekian, sem er abstrakt expressionisti og skáldsagnapersóna í bókunum Breakfast of Champions og Bluebeard eftir Kurt Vonnegut.



Zorats Karer steinaþyrpingin er talin vera frá því um 3500 fyrir Krist.



Mary Mirzakhanyan, staðaleiðsögumaður, Michaela Krejčová, fararstjóri, Gréta Björgvinsdóttir, Ingunn Ósk Sturludóttir, Ingibjörg Sigvaldadóttir, Þórður Geir Þorsteinsson, Þórdís Þorgeirsdóttir, Guðjón Gústafsson og Hovhannes bílstjóri.

Rík trúarhefð

Fyrr á öldum var armenska veldið mun stærra en það er í dag og var fjallið Ararat innan landamæra þess. Samkvæmt 8. kafla Fyrstu Mósebókar sigldi örkin hans Nóa í strand á Ararat og þar var dýrunum sleppt frá borði. Nóa leyst vel á sig við rætur Ararat enda landið frjósamt og „Nói gjörðist akuryrkjumaður og plantaði víngarð. Og hann drakk af víninu og varð drukkinn og lá nakinn í tjaldi sínu.“

Armenar eru stoltir af trúarlegum uppruna sínum sem nær til fyrstu



Hellabyggðin í Khndzoresk. Þegar mest var bjuggu um 15.000 manns í hellunum.

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Ávextir í Armeníu.



Kryddmarkaður í Jerevan.

aldar eftir Krist og telja margir Armeníu vera fyrsta landið í heimi sem gerði kristni að ríkistrú árið 301. Í dag teljast 93% þjóðarinnar til Armensku postulakirkjunnar sem er hluti Austurkirkjunnar. Ólík kirkjum víða er lítið sem ekkert um skraut í armenskum kirkjum og þær látlausar.

Víða er kirkjunum skipt í tvo sali. Inn í forsalinn mættu allir, meira að segja heiðingjar, til að hlýða á messur og söng en í innri salinn eða skipið þar sem messan fór fram máttu einungis þeir sem skírðir voru stíga. Bæði utan við og inni í kirkjunum eru grafir presta og heilagra manna en ólíkt því sem tíðkast víða þykir sjálfsagt í Armeníu að ganga á gröfunum og losa sig þannig við hluta syndabaggans sem sogast niður í grafirnar.

Falleg náttúra

Náttúra Armeníu er fjölbreytt og myndræn. Landið er fjöllótt og hæsti tindur þess, Gyamish, er í 3.724 metra hæð. Í dölum og sums staðar upp á fjallsbrún vaxa skógar með eik, beyki og ávaxtatrjám og meðal villtra dýra eru geitur, dádýr og svín.

Austanvert í landinu, skammt frá landamærum Aserbaídsjan, er Sevan-vatn. Árið 1933 var stærð vatnsins 1.360 ferkílómetrar og dýpt þess 95 metrar og líffræðileg fjölbreytni þess mikil. Á fjórða áratug síðustu aldar, undir stjórn Sovétríkjanna, var ákveðið að lækka yfirborð vatnsins með því að nota vatnið úr því í áveitur og til raforkuframleiðslu. Valhnetutrjám og eikum var plantað á nýjum lendum við bakka vatnsins og stórfellt eldi á framandi fisktegundum hafin. Ekki liðu mörg ár þar til íhlutun mannsins í vistkerfi vatnsins leiddi til hruns í lífkerfi þess. Frá 1953 hefur verið unnið markvisst að endurheimt vistkerfis Sevan-vatns, sem í dag er um 1.240 ferkílómetrar að flatarmáli.

Þjóðarmorð

Einn af hörmulegustu atburðum 20. aldar var skipuleg tilraun Ottóman-veldisins til að útrýma Armenum í Tyrklandi. Ríflega milljón Armenar voru drepnir á árunum 1915 til 1918 meðal annars með því að láta þá ganga allslausa í eyðimörkinni í Sýrlandi þar til þeir dóu úr hungri og þorsta. Skipum með armenskum flóttamönnum var sökkt og konur og

limtrevirnet.is

FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol



- Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook
HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS https://www.bbl.is/hladan



UTAN ÚR HEIMI



Til að vernda dýrmætustu rit Haghpat-klaustursins fyrir þjófum voru grafnar bókageymslur í gólf klausturkirkjunnar og lagðar hellur yfir.

börn voru neydd til að taka íslamska trú.

Talið er að af tveimur milljónum Armena í Tyrklandi hafi sex hundruð þúsund lifað af.

Klaustur frá því árið eitt þúsund

Haghpat-klaustrið klaustrið var byggt skömmu fyrir árið 1000. Sagan segir að Sanahin-munkar sem helguðu sig trú, vísindum, listum og bókum hafi reist klaustrið á gullöld menningar Lorikonungsveldisins.

Klaustrið var lengi ríkt og munkar þar frægið fyrir uppskriftir sínar á helgum bókum auk þess sem þar var lögð áhersla á stjörnufræði, lækningalist og tónlist. Með tímanum stækkaði bókasafnið í Haghpat og til að vernda dýrmætustu ritin voru grafnar bókageymslur í gólf klausturkirkjunnar og lagðar hellur yfir.

Stuðlabergið á Azat

Um 40 kílómetra frá Jerevan er gil sem kallast Azat og í því er að finna einhverjar þær fallegustu stuðlabergmyndanir sem ég hef séð. Bergið líkist einna helst pípuorgeli með steinpípum sem teygja sig um 100 metra til himins enda kalla Armenar kalla fyrirbærið sinfóníska steina eða basatorgelið.



Selin karavanserai, áningarstaður þar sem kaupmenn til forna áðu til að hvíla sig og burðardýr sín.



Skammt frá þorpinu sem kallast Noratus er kirkjugarður með miklum fjölda legsteina úr grjóti.

Zorats Karer

Í Armeníu er að finna, að talið vera frá um 3.500 fyrir Krist. Í þyrpingunni eru 223 steinar sem hefur verið raðað skipulega upp þannig að þeir mynda hring með krosslaga örmum til höfuðáttanna fjögurra. Steinarnir, sem í dag eru þaktir skófum, sem enn eru uppréttir eru frá hálfum og að þriggja metra háir og allt að tíu tonn að þyngd. Í um áttatíu af steinunum hefur verið gert hringlaga gat og án þess að vitað sé fyrir víst hver tilgangur steinagerðisins er hafa verið leiddar að því líkur að staðurinn hafi verið ætlaður til að skoða gang himintunglanna.

Selim karavanserai

Í Armeníu er karavanserai áningarstaður þar sem kaupmenn til forna áðu til að hvíla sig og burðardýr sín. Selin áningastaðurinn var byggður skömmu eftir 1330 og er í 2300 metra hæð frá sjávarmáli og liggur við eina af Silkileiðunum. Byggingin skiptist í tvennt, eins konar móttöku og aðalsal sem er 13 metra breiður og 26 metra langur. Eftir aðalsalnum miðjum er flór og sitt hvoru megin við hann voru básar fyrir burðadýrin, oftast úlfalda. Innan við básana voru jötur og út til veggja svefnaðstaða fyrir fólk.

Noratus kirkjugarðurinn

Skammt frá þorpin sem kallast Noratus er kirkjugarður með miklum fjölda legsteina úr grjóti. Elsti legsteinninn er talinn vera frá því seint á tíundi öld. Á marga steinana er búið að höggva krossgerð sem kallast khachkar eða armenski steinkrossinn og í kringum hann skreytingar, blóm og rósettur.

Satt best að segja er ótrúlegt þegar gengið er innan um steinana á stórgrýtu yfirborðinu að ímynda sér að um kirkjugarð sé að ræða og að yfirleitt hafi verið hægt að hola fólki þar niður. Allstaðar er grjót bæði grjót sem er í sínu náttúrulega umhverfi og aðflutta steina.

Samkvæmt einni sögu lét nítjándu aldar munkurinn Ter Karapet Hovhanesi-Hovakimyan grafa sig lifandi í garðinum. Hovakimyan sem var níræður þegar kviksetning hans átti sér stað það síðasta sem hann sagði var að hann væri búin að fá nóg og hræddist ekki dauðan og að aðrir ættu ekki að gera það heldur.



Khachkar eða tarmenski steinkrossinn.

Í dag er siður að brjóta flöskur með vatni eða vín við leiði munksins til að öðlast blessun.

Hobbitarnir í Khndzoresk

Af mannvistaleifum hellabúanna í Khndzoresk mætti ætla að frum Hobbitarnir hefðu búið í Armeníu. Í dag er hægt að heimsækja hellabyggðina Khndzoresk með því að fara eftir 160 metra langri hengibrú og er ganga eftir henni ekki fyrir lofthrædda.

Þegar mest var er talið að um 1500 manns hafi búið í hellum í við Khndzoresk en við upphaf tuttugustu alda var íbúafjöldinn um 1300 og síðust íbúarnir yfirgáfu hellan skömmu eftir miðja síðustu öld.

Húsnæðisskiptan var oftar en ekki þannig að loft eins hellis var gólfið hjá annarri fjölskyldu. Í samfélaginu sem lifði að mestu á búfjáreldi voru tvær kirkjur, skólar og að minnstakosti ein verslum.

Matur og vín


Auk fallegrar náttúru og áhugaverðra sögu er matur og vín í Armeníu gott í munn og maga. Dolma er til dæmis gómsætur réttur sem samanstendur af hökkuðu kjöti, lauk, hrísgrjónum og kryddi sem vafið er inn í vínviðarblöð. Topik eru hveitibögglar sem fylltir eru með kjúklingabaunum, kartöflum og sesamfræjamauki og dassi af salti og sykri.

Rauð- og hvítvín í Armeníu er gerjuð í leirkrukkum sem grafin eru í jörð og vegna aðferðarinnar öll þurr og þau sem ég smakkaði mjög góð. Armenar brugga gott koníak og eina landið í heimi utan Frakkland sem má kalla koníak koníak.

Bændasamtök Íslands
starfa í þágu landbúnaðarins í heild !

Bændur eru hvattir til þess að skrá veltu skv. framtali síðasta árs hið fyrsta inni á Bændatorginu. Veltuskráning þessi er forsenda fyrir félagsaðild í samtökin skv. samþykktum á síðasta Búnaðarþingi.

Þeir sem ekki klára skráningu sína og greiða félagsgjöld í Bændasamtökin fyrir árslok 2021 detta út af félagatali og missa í kjölfarið réttindi sín innan samtakanna.



Fyrir okkur öll

Það borgar sig að vera í Bændasamtökunum

Snúum bökum saman og stöndum vörð um íslenskan landbúnað

Hefur þú spurningar varðandi hvernig á að gerast félagsmaður?

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma.

Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið gudrunbirna@bondi.is.



Gróðursæld er víða mikil og landið frjósamt.



Leiddar hafa verið að því líkur að Zorats Karer steinaþyrpingin hafi verið ætlaður til að skoða gang himintunglanna.



Bergið líkist einna helst pípuorgeli með steinpípum sem teygja sig um 100 metra til himins.



Samkvæmt einni sögu lét nítjándu aldar munkurinn Ter Karapet Hovhanesi-Hovakimyan grafa sig lifandi í Noratus kirkjugarðinum.

Á bjargi aldanna

Árið 1976 sendi sér Árelíus Níelsson frá sér bók sem ber heitið Á bjargi aldanna og fjallar um armensku kirkjuna. Í bókinni er rakin saga armensku kirkjunnar og þjóðarinnar, sagt frá deilum um eðli Krists, helgivenjum og hjátrú Armena og þjóðarmorðinu árið 1915.

Í bókinni settur höfundur fram þá kenningu að mögulegt sé að armenskir flóttabiskupar, Pétur, Abraham og Stefán, hafi stundað trúboð á Íslandi 50 árum eftir kristnitöku og áhrif armensku kirkjunnar því snemma hér á landi.

PRONAR
Fjölplógar
í stærðum frá 1.35m til 4.0m



Plógur á mynd:
3.3m með 3p festingu og stjórnborði
Verð 1.290.000 kr. án/vsk

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ | Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími 480 0000 | sala@aflvelar.is | aflvelar.is

Bændablaðið
Fyrsta blað á nýju ári kemur út 13. janúar

RANDEX
RANDEX - VAGNAR
AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

• Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
• **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
• **Hagstætt verð**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Snorra Árnason
í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

LESENDARÝNI

Athugasemdir við:

DRÖG AÐ REGLUGERÐ

– um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu

Við lestur reglugerðarinnar læddist að manni sá grunur að reglugerðin hafa verið samin af aðilum sem ekki þekkja til íslenskra aðstæðna og stuðst hafi verið við – og meira og minna verið þýtt - beint úr erlendu skjali.

Notkun og þýðing á orðinu Akuryrkja er í engu samræmi við íslensku skilgreininguna á akuryrkju sem er „sú grein landbúnaðar sem fæst við að búa til akra og rækta korn“. Í reglugerðinni er Akuryrkja skilgreind sem: Land sem er nýtt til framleiðslu nytjajurta með íhlutun, svo sem sléttun, framræslu, áburðargjöf, jarðvinnslu, gróðursetningu, sáningu eða öðrum ræktunaraðgerðum. Nýting lands í alla árlega/einæra og fjölæra ræktun. Land þar sem ræktað er: matjurtir svo sem ýmsar korntegundir, baunir, rótarávextir, grænmeti; plöntur sem nýttar eru til iðnaðar, ávextir, blóm og fóðurjurtir, fræ og ungplöntur. Sú skilgreining sem virðist bætt við að átt sé einnig við „fjölæra ræktun, .. baunir .. ávextir..“ segir manni að þeir sem skrifuðu þessa reglugerð skildu ekki hvað reglugerðin átti að fjalla um. Akur er land þar sem ræktaðar eru, að jafnaði, einærar jurtir, að langmestu leiti korntegundir sem eru einærar - og akur er að jafnaði „ber“ (jarðvegur óvarinn – án gróðurs) hluta árs. Land sem er nýtt til framleiðslu nytjajurta með íhlutun, svo sem sléttun, framræslu, áburðargjöf, jarðvinnslu, gróðursetningu, sáningu eða öðrum ræktunaraðgerðum með fjölærum tegundum gengur undir heitinu tún. Ekki er reynt að skilgreina það sem þarna getur komið á milli – sem er áburðargjöf, gróðursetning og sáning í á óræktuðu landi undir formerkjum landgræðslu, en samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er það akuryrkja og ætti því að flokkst sem slík og fá umfjöllun undir „akuryrkju“.



Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor í landnýtingu – sérsvið beitarvistfræði.





Mynd 1. Grös með rótarkerfi tekin á Hólum sumarið 2021. Grös á mynd til vinstri tekin í hrossahólfi en grös til hægri eru tekin í friðaðri skógræktargirðingu þar sem birta nær niður í svörðinn. Tegundir grasa eru Poa pratensis og Festuca rubra.





Mynd 2. Skriður í Útkinn sem falla úr friðuðu landi – skógrækt/lúpína. Mynd / Landhelgisgæslan.

Landnýting

Þekkingaleysið og hin slæmu vinnubrögð við samningu reglugerðarinnar endurspeglast einnig í skilgreiningunni sem gefin er á orðinu „landnýting“ þar sem segir: Landnýting: Hverskonar nýting lands í þágu mannsins m.a. til beitar, akuryrkju, skógræktar, umferðar fólks og ökutækja og framkvæmda. Samkvæmt þessu ætti reglugerð sem ber það almenna heiti „um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra Landnýtingar“ að taka einnig til annarra þátta sem samkvæmt skilgreininunni eru landnýting, og í dag mun mikilvægari, umfangsmeiri og áhrifarmeiri en beit og „akuryrkja“, þe. skógrækt og umferð fólks og ökutækja sem og allar framkvæmdir. Við skoðun kemur hins vegar í ljós að aðeins lítillega er minnst á umferð fólks og ökutækja sem og framkvæmdir, en reglugerðin fjallar nær eingöngu um beit og akuryrkju. Athyglisvert er að skógrækt er alfarið sleppt.

Loftslagsmál

Í 2. gr. er minnst sérstaklega á loftslagsmál en þar segir:.. „að leggja mat á ástand og stöðu gróður- og jarðvegsauðlindarinnar hverju sinni, m.a. í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og vera í samræmi við ákvæði um losunarbókhald Íslands sbr. lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.“ Verður það teljast til furðu og að vera alvarlegur vankanti á reglugerð um landnýtingu að ekki sé einnig fjallað um skógrækt þar sem heiti reglugerðarinnar er „..leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu“ þar sem skógur og skógrækt hefur verið skilgreind af ráðuneyti Umhverfismála og Umhverfisráðherra sem lykillinn að sjálfbærri landnýtingu og lausnin til að mæta alþjóðlegum skuldbindingu Íslands í loftslagsmálum.

Þetta innra ósamkvæmi í reglugerðinni vekur furðu.

Beitarland

Við lestur 3. gr. – Orðskýringar vakna enn frekari efasemdir um vinnubrögð við vinnslu og skrif reglugerðarinnar. Við skilgreiningu á Beitarlandi er sagt að þar sé verið að tala um „graslendi“ og er í því sambandi vitnað í mjög gamlar og algjörlega úreltar skýrslur (IPCC 2003 og 2006) – hartnær 20 ára gamlar. Í beitarhlutanum eru þetta einu heimildirnar sem vitnað er í og vekur það upp ágengar spurningar um heimildaröflunina við vinnslu reglugerðarinnar.

Reglugerðinni er ætlað að ekki aðeins að vinna með mun nákvæmari flokkun lands (NI – vistgerðir), heldur einnig er skilgreint mun nákvæmari eining – kallað visteining- sem ekki á sér stoð í neinum skjölum, heimildum eða rannsóknum að séð verður, án allra heimilda. Þarna er aftur innar misræmi í reglugerðinni – skali við flokkun lands – þar sem á einum stað er notast við skilgreiningu sem flokkar meira og minna allt „opið“ land saman (sem graslendi) og svo á öðrum stöður þar sem talað er um að flokka land í minni einingar en vistgerðir; þe. visteiningar

Skilgreiningin á Landhnignun er góð og gild – þar sem nefnt er minnkandi frumframleiðni lands og minnkandi liffræðilegs fjölbreytileika. Hins vegar skín í gegnum alla reglugerðina algjört skilningarleysi á eðli og áhrifum beitar á gróður og vistkerfi og algjört þekkingarleysi á rannsóknum síðustu 30-40 ára. Í drögunum í heild sinni er gengið úr frá því að að beit leiði til minni frumframleiðni og líffræðilegs fjölbreytileika. Þessi grunn hugmyndafræði reglugerðarinnar er meira en hálfrar aldar gömul og hefur löngu verið kastað fyrir róða. Endurteknar rannsóknir síðari ára sýna, þvert á móti, að létt til miðlungsmikil beit leiði til meiri framleiðni og fjölbreytileika, bæði plantna og dýra en að friðun lands fyrir beit leiðir, til lengri tíma, til minni framleiðni og minni fjölbreytileika. Í viðauka beitarnýtingarkafla reglugerðarinnar er ekki vitnað í eina einustu heimild, þó að staðhæft sé „að mat á ástandi lands og sjálfbærni beitar skuli byggð á „viðurkenndum vísindalegum grunni“. Ekki er hægt að átta sig á því hvaða „vísindalegi grunnur“ það er sem þarna er vitnað í þar sem engin er heimildin. Staðhæfingin um að byggt sé á vísindalegum grunni án þess að vitnað sé í eina einustu vísindalegu niðurstöðu gerir það að verkum að trúverðuleiki fyrirhugaðar reglugerðar er enginn og nægir eitt sér til að reglugerðinni sé alfarið hafnað og að hún ætti að vera dregin til baka. Það er grundvallarkrafa við alla ákvarðanatöku og skipulagsgerð, eins og þeirrar sem hér er til umfjöllunar, að „vísindalegur“ trúverðuleiki sé til staðar og að sá vísindalegi grunnur sé viðurkenndur af fagaðilum. Sú viðurkenning er almennt fengin með birtingu í viðurkenndum, ritrýndum tímaritum. Þúsundir ritrýndra greina um áhrif beitar á gróður, framleiðni, vistkerfi ofan jarðar og neðan o.fl. er að finna á hinum alþjóðlega viðurkennda vef ISI. Enga rannsókn á skaðlegum áhrifum beitar á vistkerfi Íslands er þar að finna. Að byggja reglugerð á óritrýndum skýrslum með fullyrðingum á áhrifum beitar án beinna rannsókna á beit eru ekki aðeins slæm vinnubrögð heldur einnig skaðleg vinnubrögð.



Mynd 3 Skriða sem féll á Seyðisfjörð 2020 úr friðaðri lúpínubreiðu ofan við bæinn.

Nokkrar íslenskar heimildir um rannsóknir á beit á Íslandi er hægt að vitna í. Í grein Bryndísar Marteinsdóttur, núverandi verkefnastjóra GróLindar, Isabel C Barrio og Ingibjargar S Jónsdóttur „Assessing the Ecological Impacts of Extensive Sheep Grazing in Iceland „ frá 2017 kemur fram sú niðurstaða að: A better understanding of the ecological impacts of sheep grazing is required to inform sustainable grazing practices adapted to the local conditions of this region. Engar nýjar niðurstöður hafa verið birtar frá 2017 sem hafa auka þekkingu á áhrifum sauðfjárbeitar sem hægt er að nota sem grundvöll reglugerðar sem þeirra sem hér um ræðir.

Sú fullyrðing að betri þekking sé nauðsynleg til að hægt sé að meta áhrif sauðfjárbeitar á vistkerfi Íslands stendur því enn og því vekur það furðu að reglugerð eins og sú sem er hér til umfjöllunar skuli vera lögð fram með þeirri hugmyndafræði sem þar er lögð til grunna.

Frá 2017 hafa verið birtar niðurstöður tveggja rannsókna sem skoðuðu áhrif beitar á uppgræðslur á afréttum á miðhálendinu – báðar á yfirstandandi ári. Báðar þessar rannsóknir komast að sömu niðurstöðu – að beit hafi ekki neikvæð áhrif á uppgræðslur. Mulloy o.fl. 2021 fundu engan mun á friðuðu og beittu vel grónu og lítt grónu landi „grazing exclusion alone had no effect in either habitat“ . Í nýbirtri rannsókn Sigríðar Jónsdóttur (2021) „Beittar uppgræðslur á hálendi Íslands“ kemur fram að beitin hafi, ef eitthvað, fremur jákvæð áhrif á uppgræðslur á afréttum. Þá má einnig benda á rannsóknir undirritaðrar, Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur

og Jóns Guðmundssonar á magni kolefnis í jarðvegi á Íslandi (yfirstandandi – óbirt gögn) sem gefa sterklega til kynna að beitiland sem hefur verið friðað um tíma (>30 ár) hefur minna kolefni í jarðvegi en beitt land. Er sú niðurstaða reyndar í samræmi við fjölmargar erlendar rannsóknaniðurstöður sem hafa verið að birtast á seinni árum.

Þá hafa margendurteknar erlendar rannsóknir á beit sýnt að beit er ekki aðeins nauðsynleg til að viðhalda graslendi, heldur einnig að þétta svörðinn og auka uppskeru með aukinni sportamyndun grasanna og umfangi róta – sjá meðfylgjandi mynd 1.

Í viðauka beitarhluta reglugerðardraganna er gerð grein fyrir mat á ástandi lands og sjálfbærni beitar. Þar virðist gert ráð fyrir því að með friðun aukist hlutfall æðplantna. Hvað a rannsóknir eru lagðar til grunna þessari ályktun? Fjöldi rannsókna á beit á norðurslóðum, t.d. á hreindýraslóðum í Skandinavíu, sýnir, þvert á móti, að með friðun fyrir beit minnkar hlutfall æðplantna í sverði – en mosi tekur yfir. Það er alþekkt í túnum sem ekki eru slegin (beit og sláttur hafa nokkuð svipuð áhrif) að hlutdeild mosa í sverði eykst með tímanum. Þekking á byggingu og lífeðlisfræði grasa og skýrir þetta, þar sem klipping og beit hvetur til sprotamyndunar og þéttingar plöntunnar (sjá t.d. mynd 1). Þá þola mosi og fléttur illa traðk og láta undan við beit sem eykur hlutdeild grasa og annarra æðplantna í sverðinum á kostnað mosa og fléttna.

Þessa þekkingu á byggingu og lífeðlisfræði grasa er líka mikilvægt að hafa í huga þegar metið er hvaða land eigi beita og hvað eigi ekki að beita. Í reglugerðardrögunum kemur fram að ekki skuli beita í hallandi landi og að á svæðum með >30° halla eigi ekki að leyfa beit – að það land skuli friða fyrir beit. En hvað þýðir þessi krafa um friðun fyrir beit í halla fyrir stöðuleika vistkerfa fjallshlíða? Það er nokkuð óumdeilt að við friðun eykst hlutdeild mosa í sverðinum. Mosi hefur ekki eiginlegar rætur og liggur því að mestu ofan á jarðveginum, og hefur einnig mikla getu til að safna í sig vatni (eiginleiki notaður td. í ylrækt). Hærri hlutdeild mosa í halla eykur því verulega hættuna á jarðskriði og jarðsigi í fjallshlíðum. Vegna þessa er mun meiri hætta á aurskriðum í friðuðu landi en beittu, þar sem hlutdeild grasanna er meiri og rótarmassinn þéttari (sjá mynd 1). Hér er vert að benda á að þær jaðrvegsskriður sem féllu td. í Kinn og Útkinn (sjá mynd 2) í októberbyrjun síðastliðnum féllu úr friðuðu eða nær friðuðu landi, en engar skriður féllu á Flateyjardal handan við, enda þar nokkuð jafnbeitt afréttarland. Fyrir nokkrum árum féllu líka skriður í Kinn – þær komu úr Kinnafjalli sem hefur verið friðað til áratuga. Hið sama gildir um skriðurnar sem féllu í Seyðisfirði á síðasta ári– þær komu úr friðuðu landi með lúpínusáningum (sjá mynd 3).

Miklar rannsóknir eru fyrirliggjandi um aðferðir til að styrkja svörð í halla, rannsóknir sem oft eru gerðar vegna ýmissa framkvæmda sem skilja eftir mjög hallandi land, t.d. við vega- og virkjanagerð (sjá td. lista yfir heimildir aftast). Þegar þessar rannsóknir eru skoðaðar er ljóst að þær plöntur sem verið er að nota til að styrkja svörð í halla eru grastegundir.

Eins og að fram kemur að framan styrkist grassvörðurinn við beit. Í Hollandi eru varnargarðar þaktir með grasi og beittir markvisst til að styrkja svörðinn og varnargarðana. Sú hugmynd sem kemur fram í reglugerðardrögunum – að friða skuli land í halla (>20-30°) til að varna jarðvegsrofi sýnir algjört skilnings- og þekkingarleysi á eðli og vistfræði jarðvegs, gróðurs og beitardýra.

Í reglugerðinni er tekið upp nýtt hugtak, Visteining. Visteining er þar skilgreind sem: Samfellt einsleitt landsvæði sem hefur ákveðna eiginleika þannig að það sker sig úr öðrum visteiningum hvað varðar landform og í svörun sinni við landnýtingu. Visteining getur samsvarað eða verið hluti af svæði sem telst til ákveðinnar vistgerðar. Visteiningar skulu kortlagðar í mælikvarðanum 1:12.000 – 1:100.000. Við lestur þessarar skilgreiningar vaknar sú spurning hvort höfundar reglugerðar hafi yfir höfuð skoðað náttúru Íslands, hvað þá að þeir hafi nokkra þekkingu á því sem þeir eru að setja á blað. Það sem einkennir helst og er ein af sérstöðu Íslenskra vistkerfa og vistgerða eru mósaík – það er mjög mikil fjölbreytni á litlum skala. Mér er stórlega til efnis að hægt sé að finna einsleitt landsvæði – svokallað visteiningu - sem hægt væri að kortleggja í 1:100.000, nema helst ef að kortleggja ætti jökla landsins. Hvar eru fyrirliggjandi rannsóknaupplýsingar um „svörum tiltekinna visteininga“ – eða „einsleits lands sem sker sig úr“ – við landnýtingu? Hvaða landnýtingu er átt við? Skógrækt, ferðaþjónustu? Vistgeta lands er sögð, í reglugerðardrögunum, ráðast af loftslagi, jarðvegi og landslagi. Hér virðist stuðst við löngu úreltar vistfræðihugmyndir kenndar við Clements sem voru afskrifaðar þegar á síðustu öld. Nú vita menn að landnýting fyrri tíma er oft afgerandi (historical legacy) um hvað kemur á eftir. Hvað með uppgræðslur (áburðargjöf) og trjáplantekrur eða skógrækt og vistgetu lands? Hér vantar verulega á að unnið sé með „viðurkenndan vísindalegan grunn“ sem þó er sagt að matið eigi að vera byggt á. Hér er verið að vinna með heimatilbúnar, óljósar og óskilgreindar hugmyndir sem hvergi er hægt að finna neina vísindalega stoð fyrir, en byggja á huglægu, óskilgreindu mati.

Fram kemur í reglugerðinni að ætlunin er að kortleggja svokallaðar „visteiningar“ í skalanum 1:12.000 –1:100.000 og að Landgræðslan komi til með að sjá um þjálfun og réttindi úttektaraðila. Hér virðist ætlunin vera að búa til kerfi með kostnaði sem áætla má að hlaupi á tugum, ef ekki hundruðum milljóna árlega. Ekki aðeins þarf að mennta og þjálfa úttektaraðila, heldur einnig að standa að mjög umfangsmikilli kortlagningu um allt land. Og hér virðist Landgræðsla ríkisins eiga að sitja öllu megin borðsins - . Ekki aðeins virðist Landgræðslan hafa unnið, að meira eða minna leiti, þá reglugerð sem fyrir liggur heldur á Landgræðslan einnig að sjá um bæði framkvæmd og úttekt á öllu verkefninu. Samkvæmt stjórnsýslulögum getur ekki sami aðili komi að máli á öllum stigum – og alls ekki vera úttektaraðili á sjálfum sér. Landgræðslan er framkvæmdastofnun og það er sett verulegt spurningarmerki við það hlutverk að „þjálfa“ og „viðurkenna“ úttektaraðila á þeim verkefnum sem Landgræðslan stjórnar. Að ráðuneyti Umhverfismála leggi slíka stjórnsýslu til, með vitund og vilja Umhverfisráðherra, er til skammar fyrir báða aðila. Almenningur í landinu verður að geta treyst því að ráðuneyti og ráðamenn virði og haldi stjórnsýslulög.

Niðurstaða greiningar á „Drögum að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu“ er að reglugerðardrögin í heild sinni eru til skammar fyrir ráðuneyti og ráðherra vegna þess þekkingarleysis og þeirra slæglegu vinnubragða sem hún endurspeglar. Virðast reglugerðardrögin helst til þess gerð að færa ótakmarkað vald og fjármagn á borð Landgræðslunnar á komandi áratugum - með einbeittu broti á stjórnsýslulögum.

Vegna þessa er það eðlileg krafa að reglugerðardrögin séu dregin til baka í heild sinni.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir,
Cand,agr., MSc., PhD
prófessor í landnýtingu
– sérsvið beitarvistfræði
annagudrun@holar.is







LÍF & STARF

Þróun á ull sem fylliefni í sængur sló í gegn hjá Ístex og nú er fataframleiðandi farinn að nýta ullina í útivistarflíkur:

Eigandi Icewear telur að íslenska ullin muni slá í gegn sem fylliefni í útivistarfatnaði

– Ágúst Þór Eiríksson, segir mikil tækifæri felast í þessu fyrir sauðfjárbúskap á Íslandi

Ágúst Þór Eiríksson, eigandi Icewear, er bjartsýnn á að nýting á íslenskri ull í útivistarfatnað eigi eftir að verða lyftistöng fyrir íslenskan sauðfjárbúskap. Hann telur að sérstakir eiginleikar íslensku ullarinnar beri af öðrum tegundum einangrunarefnis í flíkur eins og polyesters og gæsadúns.

Icewear hefur um áratuga skeið unnið mikið með íslenska ull í sínar prjónavörur og þann 1. desember setti það á markaðinn fyrstu útivistarflíkurnar með glænýju einangrunarlagi sem inniheldur íslenska ull.



Ágúst Þór Eiríksson, eigandi Icewear, spáir því að nýting á íslenskri ull sem einangrun í útivistarfatnað muni slái í gegn á markaðnum og skapa mikil tækifæri fyrir íslenska sauðfjárbændur. Mynd / HKr.

Hófst með þróun Ístex á ull sem fylliefni í sængur

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri ullarvinnslufyrirtækisins Ístex, segir að allar hugmyndir um að nýta betur þá annars flokks ull sem til fellur á Íslandi séu af hinu góða. Hann segir að Ístex hafi gert ýmiss konar tilraunir á liðnum árum í þróun á efnum til ýmissa nota og fylliefni í sængur hafi komið þar mjög vel út.

„Það eru um 200 til 300 tonn sem falla til af slíkri ull á ári sem möguleiki væri á að búa til efni úr eins og Icewear er að nota í sinn fatnað. Þeir tóku bæði hvíta og mislita annars flokks ull í sína framleiðslu.“

Annars flokks ull er ekki á háu skilaverði til bænda svo til nokkurs er að vinna ef það tekst að auka verðmæti hennar.

„Við erum að borga bændum 80 krónur fyrir kílóið af þessari ull sem er nokkur veginn það sem við fáum fyrir hana annars staðar. Aukin eftirspurn eftir þessari ull ætti því að geta leitt til hærra verðs.“

Sigurður segir að fram til þessa hafi stór hluti af annars flokks ullinni farið í gólfteppaframleiðslu. Hugmyndin að notkun á henni í líkingu við það sem Icewear er að gera hafi komið úr þróun Ístex á fylliefni í sængur.

„Við settum sængur á markað með ullarfyllingu fyrir þremur árum og þetta einangrunarefni í flíkur er í raun áframhaldandi þróun af því. Kosturinn við svona efni er að það hefur léttleikann en um leið innri styrk þannig að það heldur sér vel. Það lyktar ekki þótt það blotni og það er alveg óhætt að þvo það á 40 gráðu hita.“

Icewear að gera góða hluti

Sigurður segir að Icewear sé greinilega að gera góða hluti með nýtingu á ullinni á þennan hátt. Hann segir öruggt að mikil tækifæri muni liggja í þessu í framhaldinu.

„Það er ekki spurning, og við hjá Ístex erum að reyna að koma koma því þannig að við vinnum ullina sem mest eftir að hún er þvegin og náum þannig meiri virðisauka til okkar og bænda.

Eftir hrun í ullarviðskiptum í fyrra, þá lítur þetta betur út. Hins vegar er verð enn mjög lágt, en munurinn nú og í fyrra sé að ullin er að seljast. Verðið batnaði fyrir sumar, en hefur síðan nánast staðið fast. Þá er stór hluti af þessari hækkun á ullarmörkuðum komin vegna hækkandi flutningsverðs frá Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Suður-Ameríku. Því sé samstarfið við Icewear mikilvægt. Hér er verið að nota 100% íslenska ull fyrir aðila sem sjá tækifæri í íslenskri hágæða ull, en ekki bara hvaða ull sem er.

Sængur- og sængurullarsalan hefur skipt okkur miklu máli. Það fóru um 50 tonn af ull í ár í sængurull og fleiri verkefni. Þessi nýting hefur því verið að vaxa mjög hratt ásamt aukningu í handprjónabandinu. Þá er verið að þróa band sérstaklega úr sængurullinni.



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri ullarvinnslufyrirtækisins Ístex. Mynd / HKr.

Ullarsala til annars en við erum sjálfir að nýta fór niður í 9% af heildartekjum í fyrra miðað við nær 25% á árunum 2011–2015.

Salan í sængur, sængurull og Lopaloft einangrun fyrir Icewear er því að auka þetta hlutfall mikið.“

– Eruð þið þá að sjá fram á skort á ull frá bændum á komandi árum?

„Varðandi framleiðslu á handprjónabandi verður vöntun á lambsull og ull í sauðalitunum. Enn fellur þó nóg til af fyrsta og annars flokks ull. Mestur vöxtur í okkar framleiðslu hefur verið í handprjónabandinu og þar gætum við farið að horfa fram á skort á fyrsta flokks ull eftir tvö ár ef áframhaldandi þróun heldur áfram. Þá þurfum við að leita til bænda að finna góða ull í öðrum flokki. Vissulega erum við nú að upplifa mjög skrítna tíma, en þessi verkefni með sængurull og afurðir af henni eru að vaxa mjög hratt sem lofar góðu. Ull er gull!“

Sigurður fagnar framtaki Icewear með að nota Lopaloft einangrun í þeirra útivistarflíkur og það sé bara snilld ef þeim tekst að skapa sér sérstöðu á markaði með nýtingu á íslensku ullinni.

„Bylting fyrir útivistarfólk“

„Þetta er í raun nýsköpun byggð á gömlum grunni sem mun færa ullariðnaðinn inn í framtíðina, en um leið bylting fyrir útivistarfólk sem vill vistvænni kost en um leið góða virkni við mismunandi aðstæður,“ segir Aðalsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Icewear, um nýju útivistarlínu Icewear.

„Hér erum við að uppfæra nútíma útivistarfatnað með gömlum og vistvænum grunni sem íslenska ullin sannarlega er. En það sem skiptir máli er að íslenska ullin gefur góða öndun og jafnan varma með einstökum eiginleikum sínum eins og við Íslendingar þekkjum öll.“

Ullareinangrun í stað gæsadúns og polyester

Ágúst Þór Eiríksson segir að fyrir þremur árum hafi þeir uppgötvað möguleikana á því að nota íslenska ull í stað þess að nota eingöngu polyester eða gæsadún eins og gert hafi verið.

Fyrir tveimur árum hafi menn svo byrjað að þróa þetta frekar.

Hráefnið er annars flokks ull (M2) sem ekki er hægt að nota í framleiðslu á garni og lítil verðmæti hafa verið í. Telur Ágúst að með því að nýta þessa ull eins og Icewear er nú að gera megi örugglega auka verðmæti þessarar ullar fyrir bændur.

„Íslenska ullin er þvegin hjá Ístex á Blönduósi og síðan send út og unnin fyrir okkur í Þýskalandi og Belgíu. Þar er henni blandað saman við polyester og búnir til úr þessu strangar sem eru 1,5 metrar á breidd og í mismunandi þykkt. Þá eru það ýmist 100 grömm af ull í fermetra eða 200 grömm. Þykkra efnið er einkum hugsað fyrir vetrarflíkur. Strangarnir eru síðan sendir til Kína þar sem flíkurnar okkar eru saumaðar.

Þetta nýja efni kemur algjörlega í staðinn fyrir dún og polyester fyllingarnar sem við höfum verið með. Þá er þetta ekki mikið þyngra en dúnn,“ segir Ágúst.

Ullin heldur einangrunareiginleikum þótt hún blotni

– Hvað ef flíkur með þessu efni blotna, fer einangrunin þá ekki í kekki eins og hætta er á með dúninn?

„Nei, hún gerir það ekki, þar sem ullin hrindir frá sér vatni. Ef þetta blotnar þá tapar flíkin ekki heldur einangrunareiginleikum sínum. Ástæðan er hversu einstök íslenska ullin er með sitt tog og þel og hversu loftkennd hún verður. Þetta gefur mikið einangrunargildi. Þessa eiginleika hefur íslenska sauðféð þróað með sér í glímunni við rysjótta veðurfarið sem hér er.“

Ágúst Þór segir að þetta sé í fyrsta skipti sem íslenska ullin er notuð á þennan hátt. Möguleikarnir séu mjög miklir, en nú falli til um 400 tonn af annars flokks ull. Í fyrstu umferð keypti Icewear fjóra 40 feta gáma af þessari ull, eða um nálægt 20 tonnum.

„Síðan við byrjuðum að kynna þetta hefur áhuginn verið mjög mikill og ég er bjartsýnn á að eftirspurnin eigi eftir að vaxa í veldisvexti í framhaldinu. Ég er sannfærður um að fólk sem prófar þetta einu sinni muni ekki velja neitt annað í framhaldinu.“

– Þú vilt þá meina að þið séuð að marka ykkur sérstöðu á markaðnum með nýtingu á íslensku ullinni?

„Já, alveg örugglega. Icewear var stofnað árið 1972 og verður 50 ára á næsta ári. Fyrirtækið byrjaði sem saumastofa fyrir Álafoss og Hildu, þannig að á næsta ári má segja að Icewear og íslenska ullin eigi gullbrúðkaup.

Nú eru örfáir dagar síðan við settum þetta á markað og ég er algjörlega sannfærður um að flíkur með þessu efni munu slá í gegn. Við erum búin að framleiða úr þessu efni úlpur, vettlinga, húfur og galla fyrir börn. Miðað við reynslu þeirra sem hafa prófað þessar flíkur þá mun eftirspurnin vaxa mjög hratt, ekki síst vegna góðrar afspurnar.“

Upphafið að nýjum búskaparháttum

– Mun þetta þýða verðmætaaukningu til bænda fyrir sölu á annars flokks ull?

„Ég spái því að þetta verði upphafið að nýjum búskaparháttum. Að það verði mögulegt að rækta sauðfé í miklu meira mæli til ullarframleiðslu en gert hefur verið. Þótt öll ullin sem til fellur í dag í þessum flokki yrði nýtt, þá dugar hún ekki nema í eina milljón úlpur. Það er bara dropi í hafið á markaði fyrir yfirhafnir í heiminum. Lopapeysurnar og garnframleiðslan mun halda sínu, en það er mun sérhæfðari og þrengri markaður.“

Ágúst Þór segir að það megi líkja sérstöðu íslensku ullarinnar við Beluga kavíarinn. Þegar fólk kemst á bragðið vilji það ekki sjá annað. Þegar vara fær slíka ímynd þá sé hægt að fá mun hærra verð en hægt er að fá fyrir svipaðar vörur.

„Það er því mín spá að íslenskir bændur muni í framtíðinni hafa meiri hag af framleiðslu á ull en kjöti. Þá spornar frekari nýting á íslenskri ull líka gegn plastmengun, en polyester er vinsælasta einangrunarefnið í úlpum í dag. Dúnninn er vissulega vinsæll líka, en hann hefur galla. Hann fer í köggla ef hann blotnar og á það til að leka út í gegnum flíkurnar eins og menn þekkja. Bleyta hefur engin áhrif á ullarefnið. Flíkin er jafn góð þegar búið er að þurrka hana.“

Fleiri nýta ull í útivistarfatnað en enginn annar íslenska ull

Ágúst Þór segir að vissulega séu fleiri samkeppnisaðilar í heiminum að nota ull í sína framleiðslu, en ekkert þeirra geti boðið upp á íslensku ullina með sína einstöku eiginleika. Hann telur að í því liggi ávinningurinn fyrir Íslendinga. */HKr.*

ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI



LSB Lífeyrissjóður bænda

Samband íslenskra loðdýraræktenda
Icelandic Fur breeders Association

BV

Búnaðarsamband Eyjafjarðar – Stofnað 1932

BÚNAÐARSAMBAND SKAGAFJARÐAR

Æðarræktarfélag Íslands

Búnaðarsamband Suðurlands – 1908

AUÐHUMLA

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Landbúnaðarháskóli Íslands

Búnaðarsamband Kjalarnesþings



BÆKUR & MENNING

Þrekvirki

– Snjóflóðin í Súðavík og Reykhólasveit 1995

Út er komin bókin Þrekvirki - Snjóflóðin í Súðavík og Reykhólasveit 1995 eftir Egil St. Fjeldsted.

Bókin er e.t.v. sérstök fyrir þær sakir að hún er að stórum hluta byggð á viðtölum við fólk sem lenti í snjóflóðunum og missti börn, systkini, foreldra og allar sínar eigur. Með öðrum orðum þá segir nákvæmlega frá því sem gerðist hinn örlagaríka morgun og öllu björgunarstarfinu.

Annað sem er kannski áhugavert er að sumt af því fólki sem Egill talaði við hefur aldrei viljað ræða þennan atburð, jafnvel ekki við sína nánustu vini. Í öðrum tilvikum hefur fólk ekki veitt viðtal síðan 1995.

Umfjöllunarefnið er afskaplega viðkvæmt, bæði er varðar snjóflóðið sjálft og afleiðingar þess fyrir fólkið í Súðavík. Egill hefur áður tekist á við svipað umfjöllunarefni í bókinni Krapaflóðin á Patreksfirði 1983 og kom út 2020. Þar var höfundur jafnvel í meira návígi þar sem hann var fæddur og uppalinn á Patreksfirði. Honum tókst þó að setja þann atburð á blað af einstaklega mikilli nærgætni. Hann bjó því að þeirri reynslu við að skrásetja sögu fólks sem upplifði snjóflóðin í Súðavík og í Reykhólasveit sem hefur örugglega tekið á bæði höfund og viðmælendur.

Egill veitti Bændablaðinu góðfúslega leyfi til að birta hér brot úr þessari nýju bók sinni til að gefa lesendum blaðsins smá innsýn í um hvað viðfangsefni hans snýst.



Egill St. Fjeldsted.





Alvaran skín úr andlitum björgunarmanna á leiðinni til Súðavíkur með Haffara ÍS.
Mynd / Halldór Sveinbjörnsson



Í mörgum tilvikum hreinsaði snjóflóðið allt innan úr húsunum við Túngötu og bar brakið í gegnum næsta hús fyrir neðan.
Mynd / Halldór Sveinbjörnsson

Túngata 5

Hjónin Hafsteinn Númason og Berglind María Kristjánsdóttir bjuggu þar ásamt börnunum Hrefnu Björgu (1987–1995), Kristjáni Núma (1990–1995) og Aðalsteini Rafni (1992–1995).

Heimilislífið gekk sinn vanagang í byrjun nýs árs. Berglind María var ein heima með börnin og Hafsteinn var heima einn dag í viku á meðan landað var úr Bessa ÍS. Tvö atvik frá þessum tíma sátu lengi í þeim hjónum sem þeim þóttu eftir á hafa verið fyrirboði válegra atburða. Nóttina áður en Hafsteinn fór í síðasta túrinn, áður en snjóflóðið féll á heimilið, urðu þau vör við að Hrefna Björg, 7 ára, bylti sér og lét ófriðlega í svefni en hún hafði aldrei áður fengið martröð. Eftir dágóða stund náðu þau að vekja hana og hún var þá viti sínu fjær af hræðslu og sagði: „Mig dreymdi að allir gluggarnir í húsinu væru brotnir, allt inni væri brotið, vatn væri um allt og ég gat ekki fundið ykkur“. Einnig fannst þeim einkennilegt að tveimur dögum fyrir flóðið, þegar Berglind María var að koma inn með börnin, sagði Kristján Númi, 4 ára, við hana: „Ég er að fara.“ Fannst Berglindi Maríu þessi orð einkennileg og spurði drenginn hvert hann væri að fara, því þau hefðu rétt í þessu verið að koma inn. Svaraði hann þá: „Ég er að fara til hinnar mömmu minnar.“ Stóð móðir hans eftir í ganginum og horfði á eftir honum hlaupa inn að leika sér og hugsaði: „Um hvað er drengurinn að tala?“

Venju samkvæmt, eins og önnur kvöld, burstuðu börnin tennurnar og fóru síðan í herbergin sín. Hrefna Björg svaf ein í hornherbergi sem vísaði í átt að fjallshlíðinni, fyrir ofan hjónaherbergið, sem lá við hlið herbergis bræðranna Kristjáns Núma og Aðalsteins Rafns. Þar sem rafmagnið hafði slegið reglulega út setti Berglind María til öryggis kerti í stóra glerskál sem hún setti á gólfið í ganginum áður en hún fór að sofa svo börnin sæju til ef þau þyrftu að nota baðherbergið.

Um nóttina rumskaði Berglind María reglulega við vindhviður sem skullu á húsinu með slíkum látum að hún bjóst við að þakið færi af í heilu lagi. Kristján Númi vaknaði einnig við þessi læti og skreið upp í rúm til móður sinnar. Þegar snjóflóðið nálgaðist húsið glaðvaknaði hún hins vegar við gelt í heimilishundinum og við hrikalegar drunur og taldi víst að þakið af húsinu fyrir ofan götuna, Túngötu 6, hefði rifnað af og væri að koma á húsið hennar. Kom síðar í ljós að það hús fór ásamt snjóflóðinu í gegnum heimili hennar. Augnabliki áður en það gerðist reis hún upp á hnén í rúminu og horfði á herbergið, fataskáp og allt annað í kringum sig springa. Síðan hreinsaðist húsið af gólfplötunni svo aðeins stóð eftir lítið veggbrot af öðrum gaflinum. Því næst var eins og hún væri inni í tromlu í þvottavél á meðan hún veltist um í flóðinu sem bar hana 25–30 metra niður að Aðalgötu. Á leiðinni börðust margs konar hlutir utan í hana sem brutu beinið í efri tanngómi og stóran hluta af tanngarðinum. Auk þess brotnaði hægra viðbeinið og allur líkaminn skarst og marðist illa. Þegar flóðið stöðvaðist loks hélt Berglind að hún væri stödd í vondri martröð á meðan hún fann fyrir ólýsanlegum sársauka um allan líkamann. Nánast samstundis áttaði hún sig á að hún var undir þungu braki sem hún náði að lyfta upp og losna undan með því að nota alla sína krafta. Á meðan hljómaði í höfði hennar: „Nei, nei, þetta getur ekki verið að gerast!“ Þegar hún náði að standa upp áttaði hún sig á að hún var ein, berskjölduð í náttfötunum og berfætt úti í stórhríð. Það eina sem hún sá þegar hún leit í kringum sig var daufur bjarmi af ljósum á höfninni og við Shellsjoppuna. Ekkert í umhverfinu var eins og það átti að vera. Húsin voru farin, húsþök stóðu upp á endann og bílar lágu sundurtættir á hvolfi uppi á snjóhaugum. Grámi og hryllingur var alls staðar, eins og stór sprengja hefði fallið á þorpið.



Snjóflóðið sem féll úr Traðargili klukkan 20:35 hinn örlagaríka dag sópaði efri hæðinni af húsinu við Aðalgötu 46 í sjó fram svo aðeins neðri hæðin stóð eftir. Húsið til hægri, Aðalgata 44, skemmdist einnig í þessu sama flóði, líkt og Aðalgata 48.
Mynd / Halldór Sveinbjörnsson



Enginn bjó á Túngötu 1 þegar snjóflóðið féll. Leikskólinn og Nesvegur 1 í bakgrunni.
Mynd / Berglind María Kristjánsdóttir.

Berglind María byrjaði á því að leita í örvæntingu að börnunum, lyfta upp sófasetti, borði og öllu öðru lauslegu sem varð á vegi hennar. Í þessum óraunverulegu aðstæðum sagði hugur hennar að hún gæti allt og reyndi hún meðal annars að lyfta upp húsgafli þótt hún væri illa slösuð. Eftir að hafa gengið, en þó meira skriðið, um svæðið gerðist hið óhjákvæmilega í kuldanum, hún örmagnaðist og velti sér ofan í holu þar sem hún gafst upp og grét. Á milli ekkasoga hrópaði hún út í myrkrið: „Hvar eru börnin mín! Hvar eru börnin mín!“ Hún hugsaði að kannski væru allir farnir og hún væri ein eftir í þorpinu því hvergi var líf að sjá eða ljós þar sem hús áttu að standa. Það helltist yfir hana yfirþyrmandi einmanaleiki.

Á meðan hún beið þess sem koma skyldi var óvænt kallað á hana og þegar hún leit við sá hún Þorstein Örn Gestsson (1967), nágranna sinn frá Túngötu 4, sem fyrir tilviljun hafði heyrt hrópin í henni. Þegar hann kom niður í holuna sagði hún: „Við verðum að athuga hvort húsið hennar Helenar Drafnar systur minnar, Túngata 9, standi enn og hringja á hjálp.“ Því næst skreið hún af stað í áttina þangað en fann hvernig kuldinn sagði til sín. Með hverjum metra fann hún hvernig hreyfingarnar urðu hægari og erfiðari. Á meðan hugsaði hún til þess að hafa heyrt að það að deyja úr kulda væri ekki svo kvalafullt en nú þegar hún var að upplifa það á eigin líkama fékk hún að vita hið sanna. Að krókna úr kulda var hræðilega sársaukafullt. Þegar hún var komin örlítið áleiðis stoppaði Þorsteinn Örn hana af og sagði að þau gætu komist í síma í Shellsjoppunni sem foreldrar hans ráku.

Til að finna leiðina að sjoppunni notuðu þau ljóstíru sem birtist þar þegar rofaði til milli veðurhryðjanna. Þegar þangað kom reyndi Þorsteinn Örn að brjóta rúðu í aðalinnganginum, en það gekk ekki fyrr en Berglind María rétti honum ruslatunnu sem stóð þar hjá. Vildi þá svo illa til að um leið og hann braut rúðuna skar hann sig á púls, djúpt og alveg inn að beini. Til að forða þeim frá frekari meiðslum settu þau bylgjupappír úr tunnunni yfir rúðubrotin í miðri hurðinni um leið og þau stigu upp á hana til að komast inn. Í birtunni sáu þau hvernig blóðið spýttist úr sárinu í allar áttir. Þorsteinn Örn fann fljótt sjúkrakassa sem í voru sárabindi

Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, gekk á milli allra syrgjenda í lok minningarathafnarinnar í íþróttahúsinu á Torfnesi. Hér talar forsetinn við Hafstein Númason sem missti þrjú börn í snjóflóðinu. Í fylgd forseta var Davíð Oddsson forsætisráðherra. Mynd / Halldór Sveinbjörnsson

sem Berglind María notaði til að binda um sárið og stöðva mestu blæðinguna. Næst tíndu þau til lopapeysur, samfesting, ullarsokka, stígvél og inniskó. Fljótlega eftir að Berglind María fór í peysuna fann hún svolítinn yl færast um líkamann en til að komast í skóna þurfti hún fyrst að setjast niður og tína glerbrot úr fótunum.

Á skrifstofunni í sjoppunni fletti Berglind María upp símanúmerinu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og hringdi þangað. Vegna brotnu tannanna var hún óskýr í máli þegar hún sagði í símann: „Ég er í Súðavík og við verðum að fá strax hjálp! Sendið mannskap hingað, hvern sem er sem getur hjálpað!“ Símtalið kom svo flatt upp á konuna sem svaraði að hún tók ekki mark á því og lagði á. Löngu síðar frétti Berglind María að hún hefði talið ölvaða konu vera að gera símaat. Næst hringdi hún í miklu óðagoti í Dagbjörtu Sigrúnu Hjaltadóttur (1955) hálfsystur sína, sem bjó í húsinu Tröð við Aðalgötu 32, og bað hana að senda eiginmanninn, Guðjón Martein Kjartansson (1954–2021), til að hjálpa sér því snjóflóð hefði fallið á húsið hennar. Síðan skellti hún á. Heimili hjónanna var nokkru innar í þorpinu og þau urðu einskis vör þegar snjóflóðið féll. Guðjón Marteinn taldi mágkonu sína því vera að tala um litla snjóspýju, en ekki stórt snjóflóð, og gekk af stað með skóflu í hönd eins og síðar verður rakið.

Eftir símtölin var Berglind María staðráðin í að fara aftur út að leita að börnunum en komst hvorki út um dyrnar þar sem rúðan var brotin né bakdyrnar. Ástæðuna mátti rekja til öryggislæsinga sem Sveinn Gunnar Salómonsson (1946–1995), rekstraraðili sjoppunnar, hafði nýlega sett og voru þannig útbúnar að ekki var hægt að opna nema með lykli. Eina leiðin út var því yfir glerbrotin í hurðinni en yfir þau treysti hún sér ekki. Hún varð því að bíða aðgerðalaus þar til hjálp bærist sem var óbærilegt. Skömmu síðar birtist maður út úr sortanum í appelsínugulum galla sem hún taldi vera björgunarsveitarmann. Hljóp hún þá að brotnu rúðunni og hrópaði: „Þú verður að finna börnin mín! Þú verður að finna börnin mín!“ Þegar maðurinn kom nær sá Berglind María að hann var jafn skelfingu lostinn og hún. Hélt hann síðan áfram för sinni í hraðfrystihúsið.

Berglind María er þess fullviss að Þorsteinn Örn hafi bjargað lífi hennar þegar hann kom til hennar og beindi henni í skjól í sjoppunni. Að öðrum kosti hefði hún reynt að skríða til systur sinnar í Túngötu 9, sem var í jaðri flóðsins, þar sem lítið var leitað í byrjun. Þar hefði trúlega fennt yfir hana með þeim afleiðingum að hún hefði látist.

Hið sama segir Þorsteinn Örn um Berglindi Maríu, ef hún hefði ekki veitt honum fyrstu hjálp hefði honum án efa blætt út.







AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Hækkum rána í íslensku kynbótastarfi

Um nokkurt skeið hafa íslenskir kúabændur tekist nokkuð á um hvernig skuli lækka framleiðslukostnað í íslenskri mjólkurframleiðslu.

Helst var rætt um hvort flytja ætti inn erlent kúakyn, kynbótastarf víða erlendis var komið nokkru lengra en hérlendis og meðalafurðir íslenskra mjólkurkúa voru jafnan lakari en hjá stöllum þeirra t.d. í nágrannalöndum okkar. Eftir margra ára umræður sættust bændur á að halda í íslenska kúakynið en fullljóst var að gefa þurfti verulega í í innlenda kynbótastarfinu.

Skipulagt kynbótastarf, bætt þekking og aðbúnaður hafa skilað framförum en framleiðsla íslensku meðalkýrinnar hefur tvöfaldast á síðustu 30 árum, en betur má ef duga skal. Stærsta stökk íslenska kynbótastarfsins hingað til hefur að öllum líkindum verið þegar sæðingastarfsemi hófst á Íslandi um miðja síðustu öld. Næsta stóra stökk í kynbótastarfi íslenskrar nautgriparæktar er handan við hornið þar sem að grillir í að erfðamengisúrval verði að veruleika.


Erfðamengisúrval tekið upp

Talsverð reynsla er komin á erfðamengisúrval erlendis á öðrum kúakynjum og er reynslan sú að aðferðin skilar gríðarlegum erfðaframförum. Öryggi kynbótamats eykst með erfðamengisúrvali og framfarirnar gerast hraðar þar sem að ættliðabilið styttist verulega og fer t.d. ættliðabil nautsfeðra mögulega niður í 2 ár ef vel til tekst en það er um 6-7 ár í dag. Talið er að miðað við núverandi skipulag geti þessi aðferð skilað verulegri aukningu á erfðaframförum, mismiklum eftir eiginleikum. Framkvæmd verkefnisins felur í sér aukinn kostnað en ávinningur af erfðaframförunum verður gríðarlegur. Þegar heildardæmið er reiknað, ávinningur og kostnaður, er talið að ávinningurinn nemi um 40 milljónum króna á ári í minnkuðum framleiðslukostnaði fyrir mjólkuriðnaðinn í heild.

En íslenskar rannsóknir sýna að aukning á öryggi kynbótamats skilar sér ekki í gripum sem ekki hafa verið arfgreindir og því er nauðsynlegt að allir gripir sem á að reikna erfðamengiskynbótamat fyrir verði arfgreindir. Til að viðhalda öryggi og marktækni erfðamatsins er nauðsynlegt að halda áfram að framkvæma arfgerðargreiningar og því er stefnt að því að arfgreina allar ásettar kvígur.

Sýnatökur í höndum bænda

Stefnt er að því í upphafi nýs árs að hefja sýnatökur úr öllum kvígum



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

og að bændur framkvæmi sýnatökuna um leið og kvígukálfar eru einstaklingsmerktir. Gefnar verða út greinargóðar leiðbeiningar og reynt verður að hafa framkvæmdina sem einfaldasta fyrir bændur. Við merkingu á kvígum verða notuð eyrnamerki með sýnatökuglösum sem verða merkt sama númeri og eyrnamerkið. Box ætluð til að safna sýnum í verða send til bænda bráðlega. Boxin á að festa upp í mjólkurhúsi þar sem að mjólkurbílstjórar munu safna sýnunum um leið og þeir ná í mjólk á kúabú landsins og koma þeim svo áfram í arfgerðargreiningu.

Við stöndum á spennandi tímamótum en erfðamengisúrval er eitthvert stærsta framfarastökk sem íslensk nautgriparækt mun taka. Ég gleðst mjög yfir að verkefnið sé loks að verða að veruleika en öll greinin hefur unnið saman að verkefninu; bændur, RML, fagráð í nautgriparækt, LK, BÍ og mjólkuriðnaðurinn. Nú megum við bændur ekkert gefa eftir.

Hækkum rána

Ávinningurinn verður meiri því betri sem þátttakan verður. Til þess að hámarka árangur nýs kynbótaskipulags þurfum við að bæta okkur á fleiri vígstöðum, auka þarf notkun sæðinga með því að minnka heimanautanotkun og bæta má þátttöku í skýrsluhaldi. Ég hvet alla kúabændur til að taka þessum breytingum vel og taka þátt í sýnatöku. Framfarir mjólkurframleiðslunnar hafa verið miklar á Íslandi undanfarin ár en fljótlega fáum við nýtt verkfæri í hendurnar sem gerir okkur kleift að sækja lengra í kynbótaframförum íslenska kúastofnsins. Ef allir leggja hönd á plóg getum við farið að segja þetta gott í hástökkinu, hækkað rána og farið að reyna við stangastökk í íslensku kynbótastarfi um leið og við fáum verkfærið í hendurnar.

Herdís Magna Gunnarsdóttir
formaður kúabænda

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LÍF & STARF



Í Símonarskógi verður fyrsti „Súrefnisskógurinn“ en þar er ætlunin að rækta á að minnsta kosti 20 hekturum lands. Þar mun verða jöfn blanda af sitkagreni og alaskaösp.

Súrefni nýtt fyrirtæki í kolefnisjöfnun

Í Símonarskógi verður fyrsti „Súrefnisskógurinn“ en þar verður ræktað á að minnsta kosti 20 hekturum lands. „Markmið okkar er að efla gróðurlendi jarðarinnar, græða landið og binda í leiðinni kolefni,“ segir Egill Örn Magnússon, kynningarstjóri Súrefnis, í fréttatilkynningu frá félaginu.

„Símonarskógur er skógur sem Símon Oddgeirsson í Dalsseli undir Eyjafjöllum færði Skógræktinni að gjöf árið 2018. Símon lést í hárri elli á síðasta ári en Símonarskógur er við þjóðveg 1 rétt vestan Markarfljóts. Samstarf Skógræktarinnar við Súrefni hjálpar til við að ljúka verki Símonar með myndarlegum hætti,“ segir Egill. Súrefnisskógarnir sem hann nefnir svo, munu koma til með að vera jöfn blanda af sitkagreni og alaskaösp.

Aukið magn gróðurhúsalofttegunda áhyggjuefni

Aukið magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu er mikið áhyggjuefni enda veldur það hlýnun í neðri lögum andrúmsloftsins og eru afleiðingarnar afar alvarlegar, meðal annars stórfelld bráðnun jökla. „Hugmyndafræði okkar og stefna snýst um að nýta þann aflgjafa sem öflug kolefnisbinding með skógrækt er og gera viðskiptavinum okkar kleift að nýta hana til ábyrgrar kolefnisjöfnunar, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga.“

Grænt bókhald æ mikilvægara

„Mikil gróska er í þessum iðnaði og fyrirtæki vilja í auknum mæli hefja ferli kolefnisjöfnunar á kolefnisspori sinnar starfsemi. Grænt bókhald fyrirtækja verður æ mikilvægara og hefur ríkisstjórn Íslands lýst yfir að Ísland verði kolefnishlutlaust land fyrir árið 2040. Súrefni kolefnisjöfnun getur hjálpað lögaðilum að taka réttu skrefin. Í samstarfi við ReSource verkfræðistofu komum við til með að geta boðið okkar viðskiptavinum upp á heildstæða lausn, allt frá útreikningi til bindingar.“



Egill Örn Magnússon, kynningarstjóri Súrefnis. Mynd / Súrefni

Engar skyndilausnir eru til

„Í kolefnisjöfnun sem bera raunverulegan árangur eru engar skyndilausnir til. Að hefja ferli kolefnisjöfnunar er framtíðarfjárfesting. Öll gróðursetning og kolefnisbinding sem Súrefni selur verður að trjám sem gróðursett verða, komin ofan í jörðina og byrjuð að hreinsa loftið á innan við tveimur árum frá kaupum.

Eftir örfá ár geta þessi tré farið að gefa af sér það sem kallast „kolefniseiningar í bið“, en það er eins konar loforð um að tíu árum frá gróðursetningu er þessi skógur byrjaður að gefa af sér kolefniseiningar sem hægt er að nýta í grænu bókhaldi. Það stærsta sem tefur fyrir bindingu í skóginum er að bíða með ræktunina. Við hvetjum því alla til að byrja sem fyrst,“ segir Egill.

Samningur við Hringrás og HP Gáma

Súrefni hefur þegar gert samninga við ýmsar gerðir af rekstri og þar er samningur við Hringrás og HP Gáma, sem gerður var í nóvember síðastliðinn, einna stærstur.

„Hringrás og HP Gámar skrifuðu undir 5 ára samning og munum við koma til með að kolefnisbinda alla starfsemi bifreiða- og vélarflota fyrirtækisins,“ segir Egill.

Súrefni styðst við vottunarferli kolefnisbindingar með skógrækt samkvæmt gæðakerfinu Skógarkolefni og vinnur í nánu samstarfi við Skógræktina.

„Reglulegar vísindalegar mælingar á skógrækt hérlendis undanfarna áratugi gerir okkur kleift að spá með áreiðanlegum hætti fyrir um væntanlega kolefnisbindingu í nýskógrækt á Íslandi. Stefnt verður síðan á að allir þættir ferlisins verði teknir út og vottaðir af alþjóðlegum vottunaraðila til að tryggja gæðin.

Skógurinn skal standa í að minnsta kosti 50 ár en í öllum áætlunum Skógræktarinnar er gert ráð fyrir að skógur verði til frambúðar þar sem hann er á annað borð ræktaður. Stefnt er á að öll verkefni Súrefnis verða skráð í nýstofnaða Loftslagsskrá Íslands (ICR) og að úr þeim verði til vottaðar kolefniseiningar,“ segir Egill að lokum. Á vef Súrefnis, surefni.is er hægt að nálgast frekari upplýsingar um málið. */HKr.*

LESENDARÝNI

Sýnum fyrirhyggju – metum áhrif stafafuru og sitkagrenis

Ein af fimm helstu ógnum við líffræðilega fjölbreytni í heiminum í dag er ágengar framandi lífverur. Þetta kemur fram í mjög svartri og umfangsmikilli skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa (IPBES) um stöðu vistkerfa sem kom út árið 2019.

Samkvæmt 65. gr. náttúruverndarlaga skal sá sem ber ábyrgð á dreifingu lifandi lífvera gæta sérstakrar varúðar til að koma í veg fyrir að dreifingin dragi úr líffræðilegri fjölbreytni lífríkisins sem fyrir er.

Hafa skal í huga að það er langeinfaldast og langódýrast að eiga við mögulega ágengar tegundir áður en þær fara í veldisvöxt og auðvitað væri langbest að flytja mögulega ágengar tegundir yfirhöfuð ekki á milli landa. Hafa ber varúðarregluna í huga og horfa til nágrannalanda sem hafa ratað í vandræði með ágengar tegundir í vistkerfum sínum.

Tilfinningaþrunginn ágreiningur

Ljóst er að uppi eru mjög mismunandi skoðanir á því hvort gróðursetning og dreifing nokkurra trjátegunda hér á landi muni draga úr líffræðilegri fjölbreytni og skaða þannig okkar viðkvæmu náttúru þegar fram líða stundir. Ágreiningurinn er ekki aðeins bundinn við einstaklinga sem hafa áhuga á náttúruvernd og landbótum eða fræðimenn á sviði skógræktar og líffræði, heldur nær hann einnig til stofnana ríkisins. Ágreiningurinn hvílir sem skuggi á umræðu um uppgræðslu og endurheimt vistkerfa.

Ég er sjálfur áhugamaður um skógrækt og landgræðslu, hef gróðursett framandi trjátegundir undanfarna áratugi og talið þær afar gagnlegar. Með vaxandi þekkingu um hugsanleg neikvæð áhrif þeirra finnst mér nauðsynlegt að staldrað sé við til að hlusta á raddir aðila sem hvað mesta þekkingu hafa á náttúru landsins. Ég skil að þetta viðhorf valdi tilfinningalegu uppnámi hjá ræktunarfólki sem kann að meta kosti margra framandi tegunda. En getum við leyft okkur að hunsa vísindin?

Brýnt að fá leiðbeiningar

Áform um endurheimt vistkerfa eru umfangsmeiri nú en áður og meira fjármagni er ráðstafað úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þessa mikilvæga viðfangsefnis, bæði til að binda kolefni og bæta landkosti. Þetta er eitt áhersluatriða í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Við þessa endurheimt er áformað að nýta fjölmargar erlendar tegundir, til að mynda bæði stafafuru og sitkagreni, sem hafa reynst öflugar tegundir til skógræktar á Íslandi.



Tryggvi Felixson.

Aldrei hefur því verið brýnna að afla skýrra leiðbeininga um notkun framandi tegunda sem hugsanlega eru ágengar, leiðbeininga sem byggja á bestu vísindalegri þekkingu og varúðarreglunni. Hér þarf að beita vísindalegri þekkingu og allir málsaðilar þurfa að koma upp úr skotgröfunum. Leiðarstefið ætti að vera opið og fordómalaust samtal um líffræðilega fjölbreytni.

Þetta er viðfangsefni sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér að leysa. Í nýlegum stjórnarsáttmála er áréttað að endurskoða þurfi stefnu um líffræðilega fölbreytni.

Beitum vísindunum

Ísland á aðild að gagnagrunninum NOBANIS sem var stofnaður fyrir tilstuðlan Norrænu ráðherranefndarinnar. Þar er sitkagreni skilgreint sem ágeng tegund í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og mögulega ágeng tegund á Írlandi. Stafafuru hefur verið lýst sem einni ágengustu trjátegund jarðar og í NOBANIS er hún er skilgreind sem framandi ágeng tegund í Danmörku og Svíþjóð og sem mögulega ágeng tegund á Írlandi, Noregi og á Íslandi. Ymsar aðrar rannsóknir og reglur sem beitt er erlendis styðja þá tilgátu að framangreindar tegundir geti verið ágengar. Ný rannsókn Pawel Wasowicz, grasafræðings hjá Náttúrufræðistofnun, ber að sama brunni.

Leysum ágreining

Stjórn Landverndar telur, að í ljósi þess að fram hafa komið rökstuddar ábendingar um að stafafura og sitkagreni kunni mögulega að verða ágengar í íslenskri náttúru, sé bæði gagnlegt og nauðsynlegt að setja fram leiðbeinandi reglur um notkun þeirra.

Stjórn Landverndar hefur því sent erindi til stjórnvalda með ósk um að þau beiti sér fyrir því að stafafura og sitkagreni, verði tekin til umfjöllunar og mats hjá sérfræðinganefnd um innflutning og ræktun útlendra plöntutegunda og hjá Umhverfisstofnun. Jafnframt er mælst til þess að nefndin greini hvort tilefni sé til að setja skilyrði fyrir ræktun stafafuru og sitkagrenis og í kjölfarið vinna leiðbeinandi reglur um notkun þeirra.

Við erum sannfærð um að viðfangsefnið sé vel leysanlegt. Yfirveguð ákvörðun sem byggð er á vísindum er lykillinn að ásættanlegri lausn fyrir alla aðila.

Tryggvi Felixson,
formaður Landverndar

Íslenskar gjafagrindur

20 ára VIG

Bendum á söluaðila okkar um land allt, www.vig.is

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í 20 ÁR.

Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. Vatnsenda Flóahreppi
vig.is - vig@vig.is - S: 486 1810



Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K970
15,5 cm sögunardýpt



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna®

MHG VERSLUN

Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Víkurhvarfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Áberandi framsækni er hjá framleiðendunum, ekki síst hinum smærri.

Matarhandverk garðyrkjubænda fyrir jólin

Færst hefur í vöxt að íslenskir grænmetisframleiðendur stundi úrvinnslu afurða sinna og bjóði neytendum nýstárlegar vörur. Í raun er alveg ótrúlegt hversu mikil gróskan er.

Bæði stærri og smærri framleiðendur og fyrirtæki taka þátt í þessari þróun, oft í samvinnu við listræna hönnuði umbúða og vöruframsetningar. Óþarft er að benda á hversu hentugar þessar vörur eru í jólapakkana.

Smáframleiðendur í fararbroddi

Áberandi framsækni er hjá framleiðendunum sjálfum, ekki síst hinum smærri. Þeir hafa sýnt að þeir eru færir um að útbúa margar og frumlegar afurðir úr sinni ræktun sem styður við afkomu þeirra og eykur áhuga neytenda. Nokkrir þeirra hafa komið sér upp aðstöðu sem uppfyllir allar kröfur heilbrigðisyfirvalda en aðrir fá inni í vörusmiðjum þar sem viðurkennda aðstöðu er að finna. Þróunarvinna bak við vörur sem þessar er tímafrek og getur verið kostnaðarsöm. Aukning í framleiðslu á unnum afurðum garðyrkjubænda sýnir í verki hvers þeir eru megnugir, þar er engan bilbug að finna og jákvæðar móttökur neytenda hvetja þá til enn frekari dáða.

Nýjar söluleiðir og framsetning á matarhandverki

Vefverslun er leið sem framleiðendur nota í auknum mæli. Hægt er að kaupa á netinu margar afurðir, bæði ferskt grænmeti en þó einkum þær afurðir sem hafa verið unnar samkvæmt hugviti og kunnáttu hvers framleiðanda. Aðrar og enn skemmtilegri leiðir eru einnig farnar til að koma vörum á markað.

Dæmi um skemmtilega nýbreytni er bíll smáframleiðenda á Norðurlandi vestra sem hópur framleiðenda notar til að koma sinni vöru til neytenda. Bæði er hægt að panta vörur á netinu og fá þær afhentar í bílnum sem hefur ákveðna viðkomustaði, eða kaupa vörur beint úr bílnum. Bíll smáframleiðenda verður til að mynda staðsettur á Ketilási í Fljótum 16. desember, á Hofsósi þann 17. og á Sauðárkróki og Varmahlíð í Skagafirði 18. desember. Sérverslanir með sælkeravöru leggja líka áherslu á að hafa til reiðu úrvalsvöru frá íslenskum matarframkvöðlum.

Samtök smáframleiðenda matvæla er félagsskapur sem vinnur að hagsmunamálum framleiðenda á öllum sviðum og koma fram fyrir þeirra hönd. Félagsmenn stunda margvíslegt matarhandverk, bæði úr ræktuðu grænmeti og villtum íslenskum jurtum, sem og fjölbreyttum kjöt- og mjólkurafurðum. Einnig er í boði villibráð, framandi og forvitnilegir sveppir og íslenskir villisveppir, fjallagrös, söl og hampvörur svo eitthvað sé nefnt. Samvinna og samheldni einkennir alla þessa frumkvöðlavinnu.

Vöruúrvalið vekur athygli

Þegar kemur að úrvali matarhandverks úr smiðju garðyrkjubænda vekur fjölbreytnin og frumleikinn sérstaka athygli. Hér eru nefndar nokkrar afurðir þeirra, en þó aðeins brot af því sem í boði er:

Kryddsmjör, smurostar með íslensku grænmeti, grænmetischutney, súrsað og mjólkursýrt grænmeti í ýmsum útfærslum, rabarbarasultur og rabarbarakaramellur, jarðarberja- og hindberjasultur, tómatsósur, rauðrófubuff, byggbuff og aðrar byggafurðir, tómatsúpa, blómkálssúpa, repjuolía, gúrkusalsa, hampte og hampbjór, chilisultur, grenisíróp, hunang, bývax og vörur unnar úr bývaxi, baðsalt, pestó af mörgum gerðum, pastasósur, tilbúin marinering á kjöt og fisk, jurtate, þurrkaðar kryddjurtir, grillsósur og kryddsósur af ýmsu tagi.

Ingólfur Guðnason
brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu
Garðyrkjuskóla LbhÍ
Reykjum, Ölfusi



Á FAGLEGUM NÓTUM



Lely Exos er alsjálfvirkur sláttu- og hirðingabúnaður sem keyrir sjálfkrafa inn í fjós og gefur kúnum ferskt grasið.

Mannlaus mjólkurframleiðsla

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Bændur sem byggja fjós nú til dags, í norðurhluta Evrópu og helstu löndum þar sem velmegun er allgóð, horfa oftar en ekki til töluverðrar sjálfvirknivæðingar. Fyrstu dæmi um sjálfvirkni í fjósum eru líklega mjaltatækin, en þau voru fundin upp fyrir nærri 150 árum síðan þó svo að einkaleyfi fyrir hugmyndinni um sogskipti hafi ekki komið fram fyrr en fyrir rétt rúmum 100 árum en þá voru mjaltir í raun í fyrsta skipti sjálfvirkar.

Bændur þurftu vissulega að setja tækin á kýrnar og taka af þeim aftur, en þar á milli sá tæknin um mjaltirnar. Síðan þá hefur sjálfvirkninni fleygt fram en næsta stökkið fyrir kúabændur í sjálfvirkni í fjósum var líklega þegar sköfukerfi komu fram og gátu hreinsað flórinn nánast hjálparlaust og þegar sjálfvirk stýring kom á viftur til að halda loftslagi í fjósum góðu.

Svona mætti lengi telja upp atriði eins og tilkomu aftakara á mjaltatæki fyrir rúmum 50 árum, komu mjaltaþjónanna fyrir tæplega 30 árum, skítasköfuróbótanna fyrir nærri 20 árum, sjálfvirku fóðursópanna fyrir nærri 15 árum, alsjálfvirku fóðrunarkerfanna fyrir um 10 árum og sjálfvirku skítasafnaranna fyrir nærri 5 árum síðan.

Aukningin í sjálfvirkninni hefur snarminnkað álag á kúabændur og hvert ársverk í fjósi að skila um og yfir 1 milljón lítrum mjólkur þar sem best lætur. En er hægt að halda endalaust áfram í sjálfvirknivæðingu? Ef lesið er yfir helstu tímaritsgreinar um þessi málefni má ætla að svo sé.

Hvað er eftir?

Þó margt sé orðið sjálfvirkt í dag þá er ótal margt eftir í raun, t.d. krefst mest af útivinnunni enn þess að mannshöndin stjórni, en dráttarvélar og nútímatæki eru þó vissulega orðin afar sjálfvirk og fullkomin. Þannig nýtast tölvukerfi og stýringarbúnaður til þess að hálfstýra vélum og tölvubúnaður auðveldar bændum alla vinnu við t.d. áburðargjöf og heyskap svo dæmi sé tekið. Útivinnan er þó ekki orðin alsjálfvirk enn, en það er þó ýmislegt sem bendir til þess að næstu stóru skrefin í sjálfvirknivæðingu sé einmitt fóðuröflun fyrir gripina.

Ef horft er innan fjóssins þá eru ýmsir hirðingaþættir enn þess eðlis að þeir krefjast mannshandar svo sem við básaþrif, sjúkdómagreiningar og -meðhöndlun, klaufskurð, sæðingar og fleira mætti nefna. Hér sjást þó líka merki um sjálfvirknivæðingu og sérstaklega þegar kemur að bústjórnarþáttum, þ.e. atriðum í búskapnum sem bændur þurfa að taka afstöðu til og bregðast við eða fyrirbyggja. Í dag eru þannig komin afar fullkomin tölvu- og vöktunarkerfi fyrir fjós, en þessi kerfi fylgjast með bæði atferli gripanna og daglegri framleiðslu og geta svo tengt saman upplýsingar um t.d. át, hreyfingu, mjólkurframleiðslu, efnainnihald mjólkurinnar og fleiri atriði sem tengjast kúnum. Tölvukerfin geta því notað gögnin til þess að gefa álit á því sem gera þurfi og það sem meira er þá eru nýjustu kerfin þannig að þau nota algrími til þess að „læra“ af reynslunni og verða því betri og betri.

Margir um hituna

Þegar mjaltaþjónatæknin kom fyrst fram fyrir 30 árum síðan var í fyrstu einungis eitt fyrirtæki sem vann að tækninni, síðan komu önnur í kjölfarið og í dag eru til mjaltaþjónar frá a.m.k. 7 mismunandi framleiðendum í heiminum. Nú má sjá svipaða þróun eiga sér stað með sjálfvirknibúnað fyrir fóðuröflun og almennt fyrir „utandyravinnu“.

Fyrir um áratug voru ekki margir að vinna markvisst að þessu, en í dag eru ótal fyrirtæki bæði komin með tæknibúnað sem er alsjálfvirkur eða eru við það að koma með slíkan búnað. Líklega hefur þróunin verið mest í tæknibúnaði fyrir garðyrkju, þar sem alls konar þjarkar eru komnir á markað bæði fyrir gróðurhús og utandyraræktun, en nú má þó sjá aukningu í sjálfvirkum búnaði fyrir jarðrækt búa í búfjárhaldi og verða hér nefnd til sögunnar þrjú dæmi.

Exos, alsjálfvirkur sláttu- og hirðingabúnaður

Hollenska fyrirtækið Lely hefur lengi verið leiðandi þegar kemur að notkun þjarka í mjólkurframleiðslu en hingað til hefur fyrirtækið mest haldið sig við sjálfvirknivæðingu innan fjóssins. Þó hefur Lely sótt út fyrir fjósið m.a. með þjarka sem færir sjálfvirkt rafmagnsgirðingu fyrir kýr á beit svo dæmi sé tekið.



Mynd 2. AutoAgri er norskur þjarkur sem er með bæði framandi útlit og áhugaverða hönnun.



Mynd 3. Jarðvinnuþjarkinn AgXeed frá fyrirtækinu AgBot. Þessi þjarkur getur bæði plægt, herfað, sáð og valtað og það án a.m.k. mikillar aðstoðar bóndans.

Nú hefur fyrirtækið svo kynnt alsjálfvirkan sláttu- og hirðingabúnað sem kallaður er Exos, sjá mynd 1, en þetta er búnaður fyrir kúabú sem stunda svokallaða núllbeit.

Þessi búnaður er reyndar enn sem komið er einungis notaður í tilraunum í Hollandi en er alsjálfvirkur, þ.e. tækið keyrir út á tún þar sem það slær grasið og safnar því beint með sópvindu upp í sig og þegar búið er að slá nóg eða fylla fóðurgeymsluna keyrir tækið heim í fjós og gefur beint út á fóðurganginn! Vissulega ekki tækni sem hægt er að nota á Íslandi yfir háveturinn en engu að síður einkar áhugaverð tækni sem getur mögulega nýtt ferskfóðrunartímabil kúabúa verulega betur með tilheyrandi sparnaði enda ferskt gras með 10-20% meira næringargildi en hefðbundið vothey.

AutoAgri, norskur þjarkur

Þróun þjarka til að vinna utandyra er hröð og fer fram víða, m.a. í Noregi þar sem þjarki frá fyrirtækinu AutoAgri hefur verið í prófun, sjá mynd 2. Þessi þjarki er nokkuð nýstárlegur því flestir þjarkar í dag eru mjög sérhæfðir, þ.e. hannaðir til að leysa ákveðin verkefni. Þessi þjarkur er aftur á móti hannaður sem fjölhæf lausn við alls konar vinnu og verkefni á búum. Hann er með burðargetuna á milli hjóla og getur verið notaður til að flytja hluti en einnig að vinna hefðbundin störf eins og við heyskap.

AgXeed, hollenskur vinnuþjarkur

Önnur fyrirtæki hafa horft til þess hvernig vinna megi flög með þjörkum og með því létta álagið á jarðveginn og gera þá vinnu á búum sem er mjög einsleit sem mest sjálfvirka. Líklega er það fyrirtækið AgBot sem er komið einna lengst á þessu sviði, en það hefur þegar þróað þjarkann AgXeed, sjá mynd 3. Þessi þjarki er með rúmlega 150 ha mótor og getur tekist á við alla helstu flagvinnu í allt að 20 klukkustundir samfleytt. Þá er AgXeed ekki nema 6 tonn, og búinn beltum, svo álagið á jarðveginn verður lítið. Þessi þjarkur getur bæði plægt, herfað, sáð og valtað og það án a.m.k. mikillar aðstoðar bóndans!

Mannlaus mjólkurframleiðsla?

Það mætti auðveldlega taka til fleiri dæmi og tegundir um þjarka sem hannaðir eru fyrir nútíma búskap enda mikið úrval þó hér hafi einungis verið rétt drepið niður fæti. Hvað sem tækninni líður sem í boði er í dag eða er í þróun er dagljóst að mjólkurframleiðslan verður aldrei að fullu gerð sjálfvirk. Það ætti þó að vera öllum ljóst að hvert ársverk í fjósi mun á komandi árum geta sinnt mun meiri framleiðslu en ársverkið skilar í dag með tilkomu síaukinnar tækni og sjálfvirkni.

Víða erlendis miða afkastamiklir kúabændur við að ársverkið í fjósi skili a.m.k. 1 milljón lítrum eins og hér að framan greinir. Mér kæmi ekki á óvart að innan fárra ára yrði þetta viðmið komið í 1,5 milljónir lítra, sérstaklega þegar horft er til þeirrar tækni sem þegar er komin og er fram undan.

Frekara lesefni:
„Fjós framtíðarinnar“ í 24. tbl. Bændablaðsins 2020.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Z STÁLGRINDARHÚS
Þaulreynd hús við Íslenskar aðstæður
BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 571-3535
VEFFANG www.bkhonnun.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Líftræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

ORÐAÞRAUTIR · VÖLUNDARHÚS
LITABÓK OG MARGT FLEIRA
Þrautabók Stúfs
- Orðaþrautir
- Finndu 13 villur
- Völundarhús
- Litaðu myndir
- Skrifaðu sögu
bókabeitan.is

LESENDARÝNI

Hugleiðingar á aðventu

Kæri lesandi.

Nú þegar líður að jólum þá kvikna svo margar minningar tengdar þessum göldrótta árstíma þegar sólin dregur sig í hlé og gefur myrkrinu eftir sviðið að mestu. Á síðari tímum hafa orðið til minningar sem margar tengjast löngum setum í þinghúsinu við Austurvöll. Það er alltaf eitthvað hátíðlegt við störfin í þinghúsinu á þessum tíma og orðaskak þingmanna á einhvern hátt innilegra og blíðara þótt hart sé oft tekist á.

Fyrir mér eru jólin líka nátengd dýrum. Er ég þá ekki sérstaklega að vísa til fjóssins sem frelsarinn fæddist í heldur til íslensku sveitarinnar. Ég hef notið þeirrar gæfu að alast upp í sveit á Íslandi og sjálfur alið mín börn upp í þeim hlýja faðmi. Minningar mínar um jólin eru því margar tengdar bústörfum og lífinu í sveitinni.

Mér er á þessum árstíma alltaf hugsað til þeirra sem vinna um jólin. Þau eru mörg sem sinna mikilvægum hlutverkum í samfélaginu sem eru ekki heima hjá



Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráherra og formaður Framsóknarflokksins.

sér um jólahátíðina. Þau sinna mikilvægum störfum sem snúast um aðhlynningu og þjónustu við samfélagið. Um margra ára skeið sinnti ég starfi sem á stóran hlut í hjarta mínu: Dýralækningum. Í starfi mínu sem dýralæknir kom fyrir að ég þyrfti að standa upp frá jólasteikinni til að sinna bráðum veikindum dýra eða því sem er ánægjulegra: Fæðingu nýs lífs. Það er eftirminnilegt þegar ég var kallaður út á jólanótt til að framkvæma keisaraskurð hjá tík í sveitinni. Þetta var ein eftirminnilegasta jólanótt sem ég upplifað og sérstaklega ánægjuleg minning.

Það var mér aldrei sérstök kvöð að vera kallaður til dýralæknastarfa um hátíðarnar. Það var heiður að hafa svo mikilvægt starf með höndum. Það var líka dýrmætt að fá að upplifa hvernig heimili, sem ég hafði stundum heimsótt oft áður, klæddust í jólabúning og tíminn leið einhvern veginn hægar. Það varð allt hátíðlegt.

Jólin eru fyrst og fremst hátíð barnanna. Við sem fullorðin erum skulum hjálpast að við að gera þau sem hátíðlegust og ævintýralegust til að skapa börnunum okkar hlýjar minningar.

Ég óska þér, lesandi góður, gleðilegrar hátíðar.

***Sigurður Ingi Jóhannsson**, formaður Framsóknar.*

Gleðilega hátíð

Bændasamtök Íslands óska bændum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.
Megi nýja árið verða ykkur farsælt og gjöfult.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bændablaðið



Kemur næst út 13. janúar

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Bændur og þjóðaröryggi



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ.

Í skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi, sem kom út fyrr á þessu ári, er fjallað með ítarlegum hætti um innlenda matvælaframleiðslu, innflutning matvæla og aðfanga og mikilvægi þess að stjórnvöld móti stefnu um fæðuöryggi landsmanna. Í skýrslunni er fjallað um veikleika íslenskrar matvælaframleiðslu og lagt mat á áhrifin ef upp kæmi skortur á aðföngum sem eru nauðsynleg fyrir framleiðsluna.

Innlend matvælaframleiðsla stendur fyrir stórum hluta fæðuframboðs á Íslandi og þá sérstaklega próteini. Garðyrkjan sér fyrir um 43% af framboði grænmetis, búfjárrækt um 90% af kjöti, 96% af eggjum og 99% af mjólkurvörum en aðeins um 1% í korni til manneldis. Framleiðslan er þó mjög háð innfluttum aðföngum, sérstaklega eldsneyti og áburði, en einnig fóðri og sáðvöru.

Hækkanir á áburði án hliðstæðu

Í umsögn sinni um frumvarp til fjárlaga 2022, 1. mál benda Bændasamtökin á þá grafalvarlegu stöðu sem nú er á áburðarmarkaði. Síðustu mánuðir hafa einkennst af hækkunum á áburðarverði sem eiga sér vart sögulega hliðstæðu og fátt bendir til annars en að fóður ásamt öðrum aðföngum muni hækka umtalsvert á næstunni líkt og kemur fram í skýrslu WASDE (The World Agricultural Supply and Demand Estimates) um þróun á hráefnisverði á heimsmarkaði. Það er álit samtakanna að heimildir séu til staðar fyrir stjórnvöld að grípa inn í ef talið er að fæðuöryggi sé ógnað vegna verðhækkana á þessum aðföngum. Norðmenn hafa gripið til ráðstafana gagnvart landbúnaðinum þar í landi um aðgerðir sem nú virðast hafa verið of bjartsýn. Samtökin fylgjast vel með stöðunni í löndunum í kringum okkur og hafa átt samtal við ráðuneyti landbúnaðarmála og ráðherra nú í tvígang vegna þessarar óvissu.

Aðrir þættir sem áhrif hafa á fæðuöryggi

Náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, farsóttir, einangrun landsins og fleiri hættur geta ógnað fæðuöryggi. Í áhættumatsskýrslu sem utanríkisráðuneytið lét vinna kemur fram að staða Íslendinga sé veikari en nágrannaþjóða þegar kemur að fæðuöryggi, þrátt fyrir að stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum sé hluti af þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland og þar sé tekið mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum. En það er vissulega jákvætt skref í rétta átt að stjórnvöld tali fyrir fæðuöryggi þjóðar og stefna að því að efla tækifæri innlendrar matvælaframleiðslu til fulls, en þá þarf jafnframt að huga að framkvæmdinni.

Á þingmálaskrá innanríkisráðherra fyrir 152. löggjafarþing, má finna frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008. Um er að ræða frumvarp þar sem m.a. verða lagðar til breytingar á rýni í kjölfar almannavarnaástands vegna óveðursins í desember 2019, skýra hugtök og valdheimildir. Samtökin brýna fyrir ráðherra að áður en frumvarpið verður lagt fram á þingi, verði jafnframt hugað að öðrum viðeigandi ráðstöfunum, t.a.m. birgðahaldi á aðföngum sem nauðsynlegt er að tryggja fyrir meirihluta innlendrar framleiðslu í einhvern tíma, háð framleiðslugreinum. Einnig er nauðsynlegt að efla framleiðslu á korni, bæði sem fóður fyrir búfé og til manneldis, útiræktun grænmetis og innlenda áburðarframleiðslu með bættri nýtingu hráefna. Þá ber við töku ákvarðana um landnotkun að hafa fæðuöryggi þjóðarinnar að leiðarljósi til að tryggja að það land sem hentugast er undir ræktun tapist ekki undir aðra starfsemi. Því þarf að liggja fyrir skýr stefna um landnotkun og flokkun landbúnaðarlands af hálfu stjórnvalda og frá sveitarfélögum.

Hlutverk stjórnvalda

Fæðuöryggi og heilbrigðisöryggi eru á allra vörum. Hlutverk stjórnvalda er að setja fram viðbragðsáætlanir sem tryggja fæðu- og matvælaöryggi, sjálfbærni í matvælaframleiðslu og birgðageymslu matvæla. Stjórnvöld þurfa því að huga að matvæla-, fæðu-, neysluvatns og fráveitukerfi sem þjóðhagslega mikilvægum innviðum til jafns á við fjarskipta-, samgöngu- og orkukerfi landsins.

Árið 2020 lokuðu margar þjóðir landamærum sínum fyrir fólksflutningum. Veruleg hætta var á samdrætti matvælaframleiðslunnar vegna minni umsvifa í flestum samfélögum og takmörkunum á flutningi vinnuafls milli landa. Röskunin sem þetta leiddi af sér hefur hækkað verð á ýmsum matvælum síðasta árið, m.a. vegna þess að u.þ.b. þrjátíu ríki settu útflutningstakmarkanir á matvæli, þar á meðal stór útflutningslönd á korni.

Það kemur svo sem ekki á óvart að bændur og þeir sem starfa í frumframleiðslu matvæla og hráefna voru ekki í forgangi til bólusetningar, þrátt fyrir að fæðuöryggi landsmanna teljist hluti af þjóðaröryggisstefnu landsins. En að starfa í framlínu þýðir víst ekki það sama og að starfa í framlínu. Heilbrigðisstarfsmenn og viðbragðsaðilar starfa í framlínu, um það verður ekki deilt. Aftur á móti er afar brýnt að þeir aðilar sem jafnframt bera ábyrgð á ómissandi innviðum á grundvelli þjóðaröryggisstefnu, t.a.m. fæðuöryggi þjóðarinnar, séu skilgreindir sem hluti af forgangshópi. Í landbúnaðartengdum greinum væru þetta bændur og frumframleiðendur matvæla, aðilar sem starfa við eftirlit í matvælaframleiðslu, ráðunautar sem leiðbeina bændum og dýralæknar.

Tvisvar sinnum á rúmlega tíu árum hafa samtökin þurft að svara ráðherrum hvort nægur matur sé til í landinu. Það er því mikil ábyrgð sem stjórnvöld fela þeim sem starfa í íslenskum landbúnaði og hafa með höndum framleiðslu matvæla komi til þess að innflutningur á aðföngum til landsins stöðvast. Því er mikilvægt að endalausn stjórnvalda sé skýr og til staðar sé aðgerðaráætlun um hvernig fæðuöryggi þjóðarinnar verður treyst.

Vigdís Häsler

JÓL & JÓLAMENNING



Stofugreni sem jólatré

Stofugreni hentar vel sem borðjólatré eða sem jólatré þar sem pláss er lítið. Mynd / www.chicagomag.com

Öll jólatré þurfa ekki að vera eins. Í dag njóta lifandi jólatré með rót vinsælda og þá er upplagt að fá sér stofugreni, Araucaria, og skeyta það með jólakúlum, seríu og englahári.

Stofugreni er fallegt, sígrænt og upprétt barrtré með gisnum greinakrönsum og mjúku barri. Selt sem pottaplanta og ágætlega harðgert við hentug skilyrði og nýtur sín best þar sem það stendur eitt og sér. Plantan getur orðið ansi há í náttúrulegum heimkynnum sínum en yfirleitt selt um 30 sentímetra há með fjórum eða fimm greinakrönsum.

Hentar vel sem borðjólatré eða sem jólatré þar sem pláss er lítið. Best er að nota LED-seríu á tréð þar sem barrið getur sviðnað undan seríu sem hitnar.

Plantan er upprunnin á Norfolk-eyjum í Kyrrahafi og barst þaðan til Evrópu 1793 og varð fljótlega vinsæl pottaplanta. Í bókinni Stofublóm í litum, sem Ingimar Óskarsson þýddi og staðhæfði úr dönsku og kom út 1964, segir að stofugreni hafi verið vinsælt í ræktun fyrir 50 árum en sé nú fágætara.

Dafnar best í góðri birtu en ekki mikilli sól og þolir að vera á svölum stað. Yfirleitt er nóg að vökva stofugreni einu sinni í viku yfir vetrartíma en tvisvar í viku á sumrin og gott er að úða umhverfis plöntuna reglulega.

Stofugreni er langlíf planta sem vex hægt og líður ágætlega í litlum potti með hefðbundinni pottamold og hæfilegt er að umpotta á þriggja til fjögurra ára fresti.

/VH



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
s. 896 9565
loftur@fasteignasalan.is

Þarft þú að selja fasteign?
Persónuleg þjónusta
Fagleg vinnubrögð

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is

EYJALIND
Varahlutir i VOLVO
Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

VÉLVIRKI ÓSKAST VÉLVIRKI ÓSKAST VÉLVIRKI ÓSKAST

Vélvirki á verkstæði
/ experienced mechanic

Rúko leitar að öflugum vélvirkja á verkstæði fyrirtækisins.
Leitað er að vönum vélvirkja með góða reynslu af viðgerðum og standsetningu á vélum og tækjum. Fjölbreytt verkefni í góðu starfsumhverfi. Góð laun í boði fyrir réttan starfskraft.

Helstu verkefni og ábyrgð
– Viðgerðir og viðhald á vélum og tækjum
– Standsetningu nýrra véla

Menntunar- og hæfniskröfur
– Iðnmenntun
– Reynsla af störfum á verkstæði



Rúko er umboðs- og þjónustuaðili fyrir fjölda þekktra vörumerkja.
Þar má helst nefna vélar og krana frá Liebherr, Yanmar smágöfur, Himoinsa rafstöðvar, Kaeser loftpressur og Weber jarðvegsþjöppur.

RÚKO Vinnuvélar

ruko@ruko.is | ruko.is | 534 6050



Lely Center Ísland Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Metin falla

– Nokkur orð um lambaskoðun 2021

Eyþór Einarsson
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is



Ævintýralegasta vænleikaár sögunnar er að baki. Fallþungi lamba hækkaði um hálft kíló á milli ára og óhætt að fullyrða að hópurinn sem var mældur og stigaður hefur aldrei verið betri. Í þessum pistli verður farið stuttlega yfir helstu tíðindi úr lambaskoðunum haustsins.

Þátttakan góður varnarsigur

Í haust voru skoðuð 60.311 lömb, samkvæmt skráningum í Fjárvís. Þar af voru 12.119 lambhrútar. Skoðuðum lambhrútum fjölgar á milli ára en hins vegar fækkar gimbrunum aðeins. Miðað við þann samdrátt sem hefur verið í framleiðslunni á síðustu árum verður þátttakan þó að teljast ágætur varnarsigur.

Lömbin voru vissulega vænni en áður, þó þessi mikli munur á vænleika milli ára komi kannski ekki eins skýrt fram í lambadómunum og í sláturhúsinu. Ástæðan liggur væntanlega m.a. í því að lömbin hafa verið mun jafnari en áður og lakari hlutinn tekur stærri skref upp á við. Stökk í fallþunga á milli ára getur skýrst af nokkrum þáttum. Fyrst er að nefna frábærlega hagstætt árferði fyrir sauðfé. Síðan má reikna með einhverjum áhrifum af fækkun fjár en sums staðar hefur rýmkast nokkuð í högum. Þá mjakast gæðin áfram með markvissum kynbótum og má þar þakka eljusemi bænda og almenns áhuga á ræktunarstarfinu.

Efstu lambhrútarnir

Hæststigaði lambhrútur haustsins er Sólskær 21-365 (L1016) frá Húsavík á Ströndum. Þessi hrútur hlaut hvorki meira né minna en 93 stig og er það hæsti lambhrútadómur sem fallið hefur, a.m.k. í seinni tíð. Faðir þessa hrúts er Kornelíus 19-315 frá Miðdalsgröf. Kornelíus er einn af trompum Miðdalsgrafarbúsins en ættir rekur hann m.a. í Heydalsá 1 og Broddanes 1. Annar í röðinni með 92,5 stig er Kubbur 21-276 (L175) frá Broddanesi 1. Kubbur er sonur Greifa 20-061 frá Broddanesi 1 og er sá sonarsonur Glæsis 16-081 sem hefur verið einn aðal kynbótahrútur Broddanesbúsins síðustu ár. Tveir hrútar hlutu í haust 92 stig og mældust báðir þessir hrútar með 40 mm bakvöðva. Annar þeirra er Broddaneshrútur, 21-275 (L169) sonur Hnikils 18-053 frá Broddanesi 1 sem einnig er út af áðurnefndum Glæsi. Báðir þessir Broddaneshrútar eru nú til heimilis að Þambárvöllum. Hinn 92ja stiga hrúturinn er einnig af Ströndunum, en það er Seðill 21-040 (L130) frá Klúku. Seðill er sonarsonur Dúlla 17-813 frá Miðdalsgröf. Seðill er nú til heimilis á Skagaströnd.

Í töflu 2 má skoða betur stigin á þessum gripum en þar er birtur listi yfir 5 efstu lambhrúta hverrar sýslu. Þegar hrútunum er raðað er fyrst horft til heildarstiga, síðan samanlagðra stiga fyrir frampart, bak og afturpart. Ef einhverjir eru enn jafnir er þykkt bakvöðvans látin ráða, síðan fitan og að lokum sker lögun vöðvans úr um röðun.

Betra bak

Það er óhætt að segja að bakvöðvinn hafi mikið lagast í fénu frá því byrjað var að velja fyrir þykkari vöðva með hjálp ómsjármælinga. Um aldamótin síðustu þóttu það vel viðunandi ásetningsgripir sem náðu 27 mm bakvöðva en allt yfir 30 mm mjög gott. Í dag þykir 37 mm bakvöðvi úrval og gripir sem ná því geta hlotið einkunnina 10 fyrir bak. Á hverju hausti hefur þó slurkur af lömbum verið að mælast með um og yfir 40 mm vöðva. Í haust var þetta allstór hópur, eða um 180 lömb. Þykkasti bakvöðvinn hefur í nokkur ár verið 45 mm og örfáir gripir náð því ár hvert en þar hefur „þakið“ legið. Í haust kom síðan fram hrútur sem rauf þetta þak en hann mældist með 47 mm bakvöðva. Það var hrúturinn Mási 21-133 (2675) frá Mýrum 2 í Hrútafirði en hann er jafnframt hæststigaði hrúturinn í Vestur-Húnavatnssýslu. Ás 18-160, faðir Mása, er sonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum og dóttursonur Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum.

Miðað við hversu mörg lömb eru farin að ná þessari miklu bakvöðvaþykkt og hvað einstaka gripir geta farið hátt yfir markið, sem var viðmið fyrir einkunnina 10, er örugglega tímabært að endurskoða kröfurnar sem settar eru fram í dómstiganum. Jafnframt þarf að taka fullt tillit til fitunar og fínstilla kröfur um lágmarks fitu. Þetta þarf allt að skoða í samhengi við bragðgæðin, þannig getum við sannarlega búið til betra bak.

Gleðileg jól



Masi á Mýrum

1. Tafla. Meðaltöl lambhrúta


Ár	Fjöldi	Þungi (kg)	Bakvöðvi (mm)	Fituþykkt (mm)	Fótleggur (mm)	Lærastig	Stig alls
2021	12.119	48,8	31,4	3,3	108,5	17,8	85,2
2020	11.795	48,5	31	3,2	108,5	17,8	84,9

	Uppruni	Lambsnr.	Nafn	Faðir	Þungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fótleggur	Haus	Háls+herðar	Bringa+útlögur	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Stig alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla																			
1	Kiðafell	0061		19-857 Fennir	63	35	5,6	4,5	110	7,5	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**88,5**
2	Kiðafell	0283		20-003	56	35	6,1	4,5	112	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Kiðafell	0121		20-002 Búi	55	36	4,9	4,5	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
4	Kiðafell	0038	Grímar	19-857 Fennir	59	35	4,8	4,0	109	8,0	9,5	9,0	9,0	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**87,5**
5	Miðdalur	0170	Ylur	19-848 Glitnir	57	32	4,1	4,5	110	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,0**
Borgarfjarðarsýsla																			
1	Hrísar	2009	Kross	17-844 Viðar	51	36	5,6	5,0	108	8,0	9,5	9,0	9,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,5	**90,0**
2	Hægindi	0007		20-107 Fáli	54	39	3,2	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
3	Bjarteyjarsandur	0238	Sjón	20-508 Stampur	54	41	4,0	5,0	110	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Hægindi	0173		19-109 Elfur	57	39	3,4	5,0	112	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**89,5**
5	Höll	0005		16-824 Breki	62	38	2,9	5,0	112	8,0	9,5	9,0	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
Mýrasýsla																			
1	Höll	0118		20-237	51	41	2,9	4,5	108	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,0	**89,5**
2	Bakkakot	1112	Alvar II	18-845 Glóinn	46	39	2,4	5,0	107	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**89,5**
3	Melur	0020	Glói	18-845 Glóinn	47	37	2,9	5,0	103	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**89,0**
4	Gilsbakki	0089		19-857 Fennir	61	31	3,0	5,0	113	8,0	9,5	9,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**89,0**
5	Höll	0025		17-844 Viðar	49	34	2,5	5,0	105	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	18,5	7,5	8,0	8,5	**88,5**
Snæfells- og Hnappadalssýsla																			
1	Hraunhálsi	0044		20-438 Grjóthóll	57	40	4,2	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	8,5	**90,5**
2	Máfahlíð	0049	Bubbi	19-002 Bolti	52	34	3,0	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,5**
3	Hraunhálsi	0082		20-438 Grjóthóll	51	38	3,2	5,0	112	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
4	Máfahlíð	0055	Bassi	19-002 Bolti	60	38	4,6	4,5	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**89,5**
5	Haukatunga syðri	0502	Loki	20-337 Bjargarstein	54	37	2,0	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,5	8,0	8,5	**89,5**
Dalasýsla																			
1	Rauðbarðaholt	0005	Magni	17-844 Viðar	57	36	3,6	5,0	101	8,0	9,5	9,5	9,5	10,0	19,5	7,5	8,0	8,5	**90,0**
2	Vatn	0019		20-090 Svarti Smái	64	38	3,4	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	7,5	8,0	9,5	**89,5**
3	Vatn	0379	Demant	19-085	47	40	2,7	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
4	Hlíð	0022	Áhrifava	16-829 Stapi	62	36	2,9	4,5	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Svalbarð	0265		19-636 Siggi feiti	54	35	2,0	5,0	106	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
Barðastrandarsýslur																			
1	Árbær	0114		20-036 Týndur	55	39	3,2	5,0	109	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	9,0	7,5	9,0	**91,0**
2	Árbær	0111	Jaki	20-036 Týndur	55	37	3,7	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	10,0	20,0	9,0	7,0	9,0	**90,5**
3	Kambur	0204		17-280 Heydalur	53	36	2,5	5,0	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
4	Kambur	0012		20-292 Bósi	50	35	3,6	4,5	110	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Brjánslækur 1	0048		20-232 Elvis	58	35	6,2	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
Ísafjarðarsýslur																			
1	Þjóðólfstunga	1006		18-855 Tónn	59	33	5,0	4,5	109	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,5**
2	Kirkjuból	0877		17-137 Prins	56	36	4,1	4,5	116	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	8,5	**89,0**
3	Minni-Hlíð	1187	Angantý	18-223 Ljóni	49	33	3,0	4,5	108	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
4	Minni-Hlíð	1054	Forseti	20-201 Mánabaugu	48	35	5,6	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
5	Ketilseyri	0316	Sjóður	20-055 Þröstur	52	33	3,7	4,0	113	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
Strandasýsla																			
1	Húsavík	1016	Sóls	19-315 Kornelí	51	39	2,7	5,0	111	8,0	9,5	9,5	10,0	10,0	19,5	9,0	8,0	9,5	**93,0**
2	Broddanes 1	0175	Kub	20-061 Greifi	52	44	6,3	5,0	105	8,0	9,5	10,0	10,0	9,5	20,0	8,0	8,0	9,5	**92,5**
3	Broddanes 1	0169		18-053 Hnikill	49	40	1,5	5,0	105	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,5	8,0	9,5	**92,0**
4	Klúka	0130	Seð	19-209 Dúddi	65	40	4,5	5,0	111	8,0	9,0	10,0	10,0	9,5	19,5	9,0	8,0	9,0	**92,0**
5	Broddanes 1	0082		20-063 Somi	53	40	3,9	5,0	107	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,5	**91,5**
Vestur-Húnavatnssýsla																			
1	Mýrar 2	2675	Mási	18-160 Ási	56	47	4,0	5,0	113	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,5	**91,5**
2	Syðri-Urriðaá	0340		16-825 Glámur	51	41	4,4	5,0	106	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	7,5	8,0	9,5	**91,0**
3	Bergsstaðir	0128	Felix	19-305 Fáni	53	39	2,7	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,5	**91,0**
4	Mýrar 2	2111	Clinton	20-221 Nixon	59	39	3,5	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	19,0	8,0	8,0	9,5	**91,0**
5	Grafarkot	432A		20-594 Bjartur	58	43	3,4	5,0	107	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,5	**91,0**
Austur-Húnavatnssýsla																			
1	Sölvabakki	0001	Elli	17-844 Viðar	61	41	3,6	5,0	105	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,5**
2	Sölvabakki	0021		19-849 Kostur	59	39	4,7	5,0	104	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Stóra-Búrfell	0003	Freyr	19-465 Prestur	59	35	4,2	4,5	104	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Stekkjardalur	0128		19-664	53	39	4,0	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
5	Sölvabakki	0045	Neisti	16-837 Blossi	54	36	5,4	5,0	105	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
Skagafjarðarsýsla																			
1	Árgerði	0343	Týr	20-343 Sikill	55	38	3,6	5,0	110	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,5	8,5	8,0	9,0	**91,5**
2	Árgerði	0028	Glampi	20-343 Sikill	57	38	3,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,5	**91,5**
3	Ytri-Hofdalir	0207	Þróttur	18-522 Þristur	56	37	3,9	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
4	Árgerði	0014	Töggur	19-857 Fennir	52	35	4,2	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	9,5	**90,0**
5	Ríp 1	0835		20-246 Hylur	50	34	3,5	4,5	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
Eyjafjarðarsýsla																			
1	Kjarni	29A	Fengur	18-856 Þristur	44	34	4,0	4,5	107	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
2	Ytri-Bægisá 2	######	Kögull	17-772 Skalli	51	35	4,0	5,0	107	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
3	Staðarbakki	######	Stjóri	20-100 Sörli	61	36	5,4	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
4	Garðsá	27		17-831 Amor	56	34	2,5	4,5	112	8,0	9,5	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
5	Möðruvellir	79		20-755 Jóki	50	32	2,1	4,5	111	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,5**
Suður-Þingeyjarsýsla																			
1	Stóru-Tjarnir	######	Hringur	16-096 Kopar	57	37	3,6	5,0	113	8,0	10,0	9,5	10,0	9,5	19,5	7,5	7,5	8,5	**90,0**
2	Héðinshöfði 2	######	Úði	20-110 Vari	48	37	3,5	4,5	108	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**90,0**
3	Hrifla	65B	Tappi	19-848 Glitnir	52	38	1,8	5,0	113	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,5	8,5	8,0	8,5	**90,0**
4	Skarðaborg	######	Aðall	20-113 Máttur	50	36	3,7	4,5	105	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,5	**90,0**
5	Bergsstaðir	26	Kassi	16-869 Kapall	48	38	3,1	5,0	110	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,5**
Norður-Þingeyjarsýsla																			
1	Sveinungsvík 1	71		20-201 Kæstur	50	37	3,2	5,0	107	8,0	9,0	9,5	10,0	10,0	18,5	8,5	8,0	9,5	**91,0**
2	Sveinungsvík 1	######		19-151 Gáttur	48	38	3,2	5,0	111	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Sveinungsvík 1	######		20-207 Döner	46	35	2,7	4,5	101	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Sveinungsvík 1	######		19-252 Hnokki	47	37	2,7	5,0	107	8,0	9,5	9,0	10,0	9,0	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
5	Brekka	######		17-242 Penni	52	40	2,3	5,0	110	8,0	9,0	9,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
Norður-Múlasýsla																			
1	Melar	20A	Toppur	20-117 Björn	47	35	3,2	5,0	104	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**91,0**
2	Rauðholt	2		18-845 Glóinn	58	35	2,6	5,0	108	8,0	9,5	9,5	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,5**
3	Melar	69A	Bossi	19-111 Prjónn	51	31	5,3	4,5	109	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
4	Rauðholt	######	Gul Fita	16-840 Muninn	59	38	2,8	5,0	106	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Fremri-Víðivellir	######		20-022 Gumpur	47	36	2,1	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
Suður-Múlasýsla																			
1	Hjartarstaðir 1	######	Fáni	20-001 Fálki	51	39	3,2	5,0	104	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	8,5	**90,5**
2	Lundur	25	Lurkur	19-858 Lurkur	66	39	3,7	5,0	106	8,0	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**90,0**
3	Víkingsstaðir	16		17-844 Viðar	50	34	3,0	5,0	103	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	9,0	**90,0**
4	Víkingsstaðir	5		18-856 Þristur	48	38	3,7	5,0	107	8,0	9,0	8,5	10,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,0**
5	Hjartarstaðir 1	7	Þorri	18-856 Þristur	55	37	6,0	5,0	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	9,0	**90,0**
Austur-Skaftafellssýsla																			
1	Setberg 1	######	Ábóti	18-834 Rammi	54	35	4,8	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,5	8,0	8,0	9,0	**89,0**
2	Setberg 1	######		14-504 Lómur	58	30	4,0	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
3	Setberg 1	######	Ómur	14-504 Lómur	55	32	4,5	4,0	106	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
4	Hnappavellir 7	47	Hamar	17-842 Börkur	50	38	3,0	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
5	Setberg 1	######	Stramm	18-834 Rammi	63	41	4,1	5,0	110	8,0	8,5	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
Vestur-Skaftafellssýsla																			
1	Úthlíð	######		19-518 Bjössi	60	35	0,5	4,5	104	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
2	Úthlíð	######		20-562 Bassi	52	35	1,8	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**
3	Úthlíð	######		20-568 Soldán	53	33	3,6	4,5	106	8,0	9,5	9,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,5**
4	Skammidalur 2	67	Frosti	15-243 Djöfsi	57	35	4,0	4,0	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**88,5**
5	Úthlíð	######		20-565 Spói	55	31	3,8	4,0	109	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
Rangárvallasýsla																			
1	Kaldbakur	######		20-110 Svalur	54	42	3,8	5,0	107	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
2	Teigur 1	######	Hringur	18-834 Rammi	57	39	2,7	5,0	106	8,0	9,5	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**89,5**
3	Teigur 1	######	Melur	20-302 Mörður	56	38	3,0	5,0	106	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4	Kirkjulækur 2	######		19-404 Hersir	61	37	2,9	4,5	106	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
5	Kaldbakur	84		17-831 Amor	60	37	4,3	4,5	111	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
Árnessýsla																			
1	Holt	######	Bjartur	20-009 Rosti	54	39	3,7	5,0	108	8,0	9,5	9,0	9,5	9,5	19,5	8,5	8,0	9,0	**90,5**
2	Holt	######		20-009 Rosti	56	43	4,4	5,0	107	7,0	9,5	9,5	9,5	9,5	20,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
3	Brattsholt	8	Möttull	20-009 Rosti	50	39	2,3	5,0	106	8,0	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	8,0	**89,5**
4	Hruni	11	Emanúe	20-355 Bastían	47	41	3,0	5,0	106	8,0	9,0	9,0	10,0	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,5**
5	Holt	######		17-831 Amor	54	36	3,6	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**

BÆKUR & MENNING

Af einskærri sumargleði:

Sögur frá litríkum skemmtanaferli



Ómar Ragnarsson þekkja allir landsmenn, hvort heldur í hlutverki fréttamanns, skemmtikrafts, náttúruverndarsinna, flugmanns eða annars, enda litríkur og skemmtilegur maður sem fer vart fram hjá neinum.

Ómar, sem hefur verið á ferð og flugi um landið, áratugum saman segir hér í nýútgefinni bók sinni, „Af einskærri sumargleði“ frá árunum 1971-1985 er hann, ásamt Ragnari Bjarnasyni ferðuðust um landið og héldu uppi stuðinu með úrvali tónlistarmanna, söngvara og leikara undir nafninu Sumargleðin.

Einnig rekur Ómar upphaf ferils síns og segir á lifandi og skemmtilegan hátt frá skemmtanalífinu á Íslandi áður fyrr eins og honum einum er lagið. Revíurnar, héraðsmótin og ekki síst samferðafólk hans er allt glætt gleði og glaum.

Þarna er á ferð sannkölluð stemningsbók sem á eftir að gleðja bæði þá sem muna gamla daga og allt áhugafólk um tónlist, bíla, flugvélar og fortíðina en í henni er fjöldi áður óbirtra mynda, söng- og sviðstexta.

Ómar hefur einnig samið lag í tilefni útgáfu bókarinnar um sögu Sumargleðinnar og má finna geisladisk með samnefndu efni, Sumargleðin hjá Öldu Music.

Lopapeysubókina á hvert heimili

Lopapeysubókin eftir Grétu Sörensen kom út nú á dögunum, en í henni má finna uppskriftir að peysum fyrir börn frá sex mánaða aldri og upp í stærðir fyrir fullorðna.

Bókin inniheldur víðtækan fróðleik um prjónaskap, lopa sem hráefni, samsetningu lopalita, frágang og mismunandi útfærslur lopapeysunnar samkvæmt íslenskri hefð. Lesendum er til að mynda kennt á einfaldan hátt að prjóna peysu og hentar bókin þannig bæði byrjendum og þeim sem eru lengra komnir og vilja ef til vill skapa sínar eigin útfærslur.

Eins og kannski einhverjir vita er Gréta Sörensen einnig höfundur Prjónabiblíunnar sem notið hefur mikillar hylli og var m.a. tilnefnd til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna. Er sú bók afar yfirgripsmikil eins og nafnið gefur til kynna og þar má finna alla almenna grunntækni sem lýtur að prjóni.

Gréta er menntaður prjónahönnuður, vefnaðar- og textílkennari og hefur lokið prófum bæði úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands af textílbraut auk þess að ljúka mastersgráðu á textílbraut Konstfack, Listaháskóla Stokkhólms, þar sem hún sérhæfði sig í prjónahönnun.


Lopapeysubókin er eign inn á hvert heimili, en hún er gefin út bæði á íslensku og ensku og gæti því reynst þeim vel er áhuga hafa á íslenskum hefðum þegar kemur að gerð slíks handverks.



Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA


Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is


Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



Til sölu
Notaðar rotþrær til sölu

Umhverfis- og mannvirkjasvið óskar eftir tilboðum í 4 stk.af notuðum rotþróm.
Þær eru 20.000 lítra.
Leyfilegt er að bjóða í hverja rotþró fyrir sig.

Nánari upplýsingar um rotþrærnar eru gefnar í gegnum netfangið jbg@akureyri.is

Tilboðum skal skilað rafrænt á netfangið umsarekstur@akureyri.is fyrir kl. 13.00, miðvikudaginn 11. janúar 2022.

Akureyrarbær
Umhverfis- og mannvirkjasvið

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is

Hestamúslí
EQUIFIRST
hágæða bætiefni fyrir hesta



"Ég hef náð frábærum árangri með mína hesta með Equifirst bætiefnunum. Mæli með þeim fyrir alla hestaeigendur"
Þórarinn Eymundsson, þjálfari og hrossaræktandi

Herbs & Fibre Mix
Trefjaríkt og lystugt múslí, án hafra. Inniheldur selen og E-vítamín, vítamín, snefil- og steinefnabætt. Hentar afar vel fyrir hesta með viðkvæman meltingarveg og fyrir matvanda hesta.

Vital Mix
Alhliða múslí án hafra, inniheldur allt sem hesturinn þarfnast, vítamín, snefil- og steinefnabætt, án hafra. Ódýr og góður valkostur.


Linamix
Orkubomba, frábært viðbótarfóður fyrir hross. Inniheldur að mestu leyti pressuð hörfræ. Frábær orkugjafi án þess að hafa áhrif á skapið, heldur sveiflum á blóðsykri í lágmarki.

Lítið unnið fóður

KB BÚREKSTRARDEILD

Upplýsingar og verð á www.kb.is Borgarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is

SKEMMUR



Stærðir frá 40 m², fást með og án einangrunar. Erum að bóka hús og uppsetningu fyrir vor og sumar 2022.

BOGAHÚS



Boghúsin fást óeinangruð og nú einnig einangruð. Breiddir frá 12m og upp í 20m. Erum að bóka hús og uppsetningu fyrir vor og sumar 2022.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

TÖLVUPÓSTUR
sala@bkhonnun.is
SÍMI
571-3535
VEFFANG
www.bkhonnun.is



Hér sér yfir Hallormsstað.

Þorsteinn Valdimarsson:

Skáld gróandans og gleðinnar

Það var um fagurt sumarkvöld í byrjun aldarinnar sem ungur maður sté fæti sínum inn fyrir gróinn svörð Hallormsstaðaskógs og ákvað að þarna í trjálundi skyldi hann dvelja í tjaldi sumarlangt.

Sumrin urðu fleiri en eitt og fleiri en tvö, árin liðu og ungi maðurinn óx úr grasi en hélt ávallt þeim vana sínum að heimsækja skóginn sinn. Bjartar næturnar fönguðu hjarta hans og á þessum stundum orti hann sín fegurstu ljóð, þar sem tilfinningarnar fengu að njóta sín óhindrað. Þessi ungi maður bar nafnið Þorsteinn Valdimarsson, sem í minningargrein var kallaður skáld gróandans og gleðinnar, eitt besta ljóðskáld okkar Íslendinga og einn af frumkvöðlum íslenskrar limru.

Þorsteinn fæddist á Brunahvammi í Vopnafirði á þrítugasta og fyrsta degi októbermánaðar, árið 1918, elsti sonur hjónanna Péturs Valdimars Jóhannessonar og Guðfinnu Þorsteinsdóttur. Þorsteinn varð snemma skáldmæltur enda átti hann ekki langt að sækja sköpunargáfuna. Móðir hans var afar skáldhneigð, ljóð og tungumál voru henni snemma hugleikin og eftir hana liggja falleg verk, bæði frásöguhættir og ljóðabækur undir nafninu Erla skáldkona.

Árið 2013 var verkum hennar safnað saman og útgefið, fimm binda ritsafn sem telur yfir nítján hundruð blaðsíður.

Guðfinna, ásamt manni sínum, Pétri Valdimar Jóhannessyni hóf búskap á heiðarbýlinu Brunahvammi, en eftirfarandi vísu, Kvöld í sveit, orti Guðfinna á býlinu sínu og má gera sér í hugarlund þá hugarró og tilfinningar er bærðust innra með henni.

Hofsá rennur hægt að sævi,
hvamminn fyllir nið.
Fuglakvak í kjarri rýfur
kvöldsins þögn og frið.

Önnur vísa, laglega með farin og myndræn þó stutt sé:


Sólin skín á sundin blá,
senn er mál að rísa.
Við mér blasa víð og há
veldi morgundísa.

Á Brunahvammi fæddist þeim hjónum barnahópur sem flest voru bæði hagyrt og næm á umhverfi sitt og upplifanir. Guðrún Valdimarsdóttir, næstelst systkinanna og þeirra langlífust býr stálslegin og ern á Eyrarbakka – en hún gaf út ljóðabókina Bláklukkur 91 árs að aldri. Bláklukkur innihalda ljóð og lausavísur af fegurstu gerð þó ekki hafi Guðrún flíkað skáldagáfu sinni, en hún hefur ort kvæði og vísur síðan um ellefu ára aldur.

Þorsteinn bróðir hennar, sem gaf út fyrstu bók sína, Villta vor, árið 1942, var af mörgum talinn hefðbundið og snjallyrt skáld, hlotinn styrkri málkennd en þó með rómantísku ívafi. Í þessari fyrstu bók brá þó við tilfinningasömum geðsveiflum ungs manns, bæði þunglyndislegum sem glaðværum.

Limruháttur

Þorsteinn var óhræddur við að bregða á leik og er einn þeirra fyrstu íslensku skálda er ruddu brautina þegar kom að limruforminu. Árið 1965 gaf Þorsteinn út ljóðabók sína Limrur og mátti sjá nýjan brag á kveðskap hans. Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna voru öll kvæðin undir því sem kallast limruháttur, fimm lína bragarháttur þar sem skop og háð er haft í fyrirrúmi. Eru limrur Þorsteins engin undantekning og er kveðskapurinn „Fríháls“ gott dæmi:





Ég aðhefst það eitt sem ég vil
og því aðeins að mig langi til.
En langi þig til
að mig langi til
þá langar mig til svo ég vil

Helstu ljóðabækur Þorsteins eru annars upptaldar með ártali; Villta vor 1942, Hrafnamál 1952, Heimhvörf 1957, Heiðnuvötn 1962, Limrur, 1965, (endurútg. 1981 og 1988), Vegastafrófið (barnavísur) 1966 og endurútg. 1968, Fiðrildadans 1967, Draumvísa 1969 og Yrkjur 1975. Þegar hann lést árið 1977 hafði hann að fullu búið til prentunar ljóðabók er hann nefndi Smalavísur.

Smalavísurnar áttu að koma út á afmælisdegi móður hans, 26. júní, en vegna tafa hjá útgáfu fór það svo að almenningur leit þær ekki augum fyrr en í lok septembermánaðar sama árs. Þorsteinn hafði sjálfur haft ríka hönd í bagga er viðkom helst öllu hvað varðaði bókina sína, hafði sterkar skoðanir á bæði umbroti, leturgerð og stærð, tegund pappírs bæði á síðum og bókarkápu.

Í minningargrein er eftir því tekið að honum var órótt þegar líða tók á haustið og átti það til að hvessa sig vegna seinagangs þeirra sem að útgáfunni komu. Virðist liggja á þó fáir viti af hverju, slíkt er ólíkt honum, en sjálfur ræðir hann ekki sín hjartans mál. Útgáfuna hafði hann enn í sínum höndum er hann lést aðeins 59 ára gamall, en Smalavísur komu út haustið 1977, nokkrum vikum eftir dauða hans.

Árið 1976 hafði verið ákveðið að stofna Erlusjóð til minningar um Guðfinnu Þorsteinsdóttur, móður hans, sem átti að þjóna hvers konar líknar- og menningarmálum. Útgáfa Smalavísna var til styrktar þessum sjóði og þarna jafnframt hinsta kveðja Þorsteins.

Samkvæmt dagblaðinu Tímanum, árið 1977, var Þorsteinn auk þess að vera skáld, gífurlega afkastamikill þýðandi m.a. á söngleikja- og óperutexta sem margir hverjir eru hrein meistaraverk að mati kunnáttumanna. Einnig þýddi hann ógrynni sönglaga fyrir kóra og einstaklinga og auk þess er til ógrynni af lausavísum eftir hann sem ef til vill aldrei eiga eftir að komast í bók. Til viðbótar má geta þess að hann þýddi einn frægasta texta Bob Dylans um tímana sem breytast. (´The times they are a-changin')...

Te & hunangsdrykkja

Þorsteinn var þekktur fyrir gestrisni sína sem og örlátur veitandi allra handa þó hann væri nokkur einfari að eðlisfari. Hann bauð gjarnan upp á te og hunang til drykkjar ef gestkvæmt var auk þess að kveikja ætíð á kertaljósi, jafnvel þó bjart væri af degi og rafmagnsljós í lofti. Eftir honum er haft að „best væri að hafa lifandi ljós líka og hafa það hjá okkur“.

Hann hélt sér jafnan utan við alfaravegi lífsins, var barnlaus og ókvæntur en á allan hátt þekktur fyrir ljúfmennsku og hrifnæmi og þótti kært að vera til liðs þegar á þurfti.

Þú veist í hjarta þér, kvað vindurinn
að vegur drottnarans er ekki þinn.
Hann er þar sem gróanda þytur fer
og menn þerra svitann af enni sér
og tár af kinn og tár af kinn.
Þú veist í hjarta þér kvað vindurinn
að varnarblekking er dauði þinn.
Engin vopnaþjóð er að vísu frjáls
og að vanda sker hún sig fyrr á háls
en óvin sinn, en óvin sinn.
Þú veist í hjarta þér, kvað vindurinn
að vald og ríki´ er ekki manngrúinn.
Hvað þarf stóra þjóð til að segja satt
til að sólarljóð hennar ómi glatt
í himininn, í himininn.

Þorsteinn var tíður gestur í Hallormsstaðaskógi Austurlands eins og áður sagði og bera ljóð hans mörg hver vitni um ást hans á náttúrunni. Þó hefur eitt þeirra verið helgað baráttu herstöðvaandstæðinga enda var Þorsteinn bæði friðarsinni og með öllu andvígur hernaði. Ljóðið sem hér um ræðir heitir „Þú veist í hjarta þér“ og samið árið 1976.

Þennan fallega texta tók hljómsveitin Hjálmar upp á arma sína á plötunni Ferðasót sem gefin var út árið 2007 og hefur lagið hlotið mikið lof í útsetningu þeirrar hljómsveitar. Færri vita þó að söngvari og textasmiður Hjálma, Þorsteinn Einarsson, ólst upp í grónu umhverfi Hallormsstaðar – einnig þekktur fyrir fallega og oft angurværa texta þess, sem viðkvæmni náttúrunnar hefur alið frá unga aldri.

Þorsteinn Valdimarsson liggur nú í sinni hinstu hvílu í Hallormsstaðaskógi og hefur verið reistur minnisvarði honum til heiðurs í trjálundinum fagra þar sem hann hafði fyrir venju að slá upp tjaldinu sínu.

Í minningargrein um hann kemur fram að á Hallormsstað hafi enginn frekar átt heima, umvafinn kyrrð og hlýju náttúrunnar, skáldið tilfinningaríka sem var í senn eldhugi og öðlingur í öllu sínu lífi. */SP*



BÆKUR & MENNING

Kortlagning heimsins:

Frá Grikkjum til Google maps


Hvers vegna lítur kort af heiminum út eins og það gerir? Hví er norður upp og Ameríka vinstra megin? Af hverju er Evrópa miklu stærri hlutfallslega á korti en á hnettinum?

Í bókinni Kortlagning heimsins ferðumst við aftur til fornaldar og skoðum fyrstu kortin af alheiminum til að svara þessum spurningum og fleirum.

Í bókinni rekur Reynir Finndal Grétarsson sögu kortagerðar í gegnum aldirnar, hvernig ný lönd og ný landamæri bætast á kortið, uns við sjáum loks þá mynd sem við þekkjum í dag. Saga kortanna er uppfull af hetjudáðum og ævintýrum, gríðarlegum afrekum unnum í nafni guðs, þjóðar eða ósköp venjulegra eiginhagsmuna. Einnig sögum af dauða, skelfingu og fávisku, en umfram allt, skemmtilegum sögum.

Kortlagning heimsins er í stóru broti sem gerir myndirnar í henni enn áhugaverðari auk þess sem textinn er lipur og skemmtilegur. Auk sögu kortagerðar í heiminum er stiklað á heimsmynd fornra menningarþjóða og sagðar eru sögur af sjófarendum og kortagerðarmönnum. Í bókinni er sér kafli um kortlagningu Íslands með myndum af gömlum Íslandskortum og sagt frá tilurð þeirra.

Samkvæmt höfundi er babýlónska heimskortið, frá sjöttu öld fyrir Krist, talið vera elsta varðveitta kortið. „Kortið sýnir flatan disk, sem er jörðin. Í miðju hennar er þríhyrndur flötur, Babýlón sjálf. Heimili kortagerðarmannsins er miðdepill heimsins.“



Fjölda mynda af kortum er að finna í bókinni, þar á meðal fágæt kort úr safni höfundar. Reynir hefur áður sent frá sér bókina Kortlagning Íslands. Útgefandi er Bókaútgáfan Sögur.

/VH



Búminjasafnið Lindabæ, Skagafirði óskar gestum, velunnurum og styrktaraðilum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum heimsóknir og gjafir á árinu.

Kveðja, Sigmar og Helga

BÚMINJASAFNIÐ Lindabæ

Kæru bændur, vinir og ættingjar!
Guð gefi ykkur, gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
Bestu þakkir til viðskiptavina minna á árinu sem er að líða.
Megi árið 2022 færa ykkur öllum gæfu og frið.
Með kærri þökk fyrir góðar stundir.

Jólakveðja
Ásta Veðramóti.



» Þvottasnúrur
» Hlið
» Brýr
» Prílur
» og fleira!

Vönduð íslensk smíði fyrir íslenskar aðstæður

VIG
Vélsmiðja Ingvars Guðna
www.vig.is - vig@vig.is - Sími 486 1810


Sendum félagsmönnum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þökkum fyrir árið sem er að líða.

STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530 1400 eða í gegnum netfangið fasteignir@rikiskaup.is

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



SÆLINGSDALUR 2, 371 BÚÐARDALUR.
EINBÝLISHÚS Á LEIGULÓÐ

Ríkiskaup kynna fyrrum íbúðarhús ríkisjarðarinnar, Sælingsdalur í Dalabyggð, sem boðið er til sölu á sér 10.856 m² leigulóð, og fengið hefur nafnið, Sælingsdalur 2. Nánar tiltekið er um að ræða 192 m² einbýlishús, með sambyggðum 33 m² bílskúr, samtals 225,7 m², byggt árið 2007.

Tilboð verða ekki opnuð fyrr en kl. 12:00, föstudaginn 17. desember 2021.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: *www.rikiskaup.is.*

Verð: 25,9 m

Bændablaðið
Kemur næst út 13. janúar

LESENDARÝNI

Kolviður 15 ára

Kolviður hefur bundið kolefni fyrir fyrirtæki og einstaklinga í 15 ár. Um 150 fyrirtæki og félög og yfir 1.000 einstaklingar binda losun sína í samstarfi við Kolvið.

Starfsemi Kolviðar hófst árið 2006 en Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stóðu að stofnun Kolviðar og fengu til þess stuðning frá þáverandi ríkisstjórn.

Kolviður er sjóður sem er ekki ætlað að vera hagnaðardrifinn en lögð er áhersla á að framlög fyrirtækja og einstaklinga fari til bindingar á kolefnislosun viðskiptavina með nýskógrækt.

Starfsemin tók vel við sér í upphafi með þátttöku stórra fyrirtækja og ríkissjóður sýndi gott fordæmi og batt það kolefni sem ríkisstofnanir losuðu við brennslu jarðeldsneytis.

Síðan kom fjármálakreppan 2008 með miklum samdrætti og ári síðar dró þáverandi ríkisstjórn sig út úr verkefninu og lagði kolefnisgjald á eldsneyti sem sumir túlkuðu þannig að með því væru þeir búnir að leggja sitt af mörkum, það jók því ekki á viljann til frekari bindingar á losun.

Svo kom Parísarfundurinn 2015 með mikilli umræðu um loftslagsmálin og í framhaldi af honum hafa mörg fyrirtæki og einstaklingar lagt áherslu á að binda losun sína.

Áhugaverðir þættir í Ríkissjónvarpinu um áhrif loftslagsbreytinga hafa vakið marga til meðvitundar um það hvað við höfum gert og hvað við getum gert, ber að þakka það.

Óttast hefur verið að Covidfaraldurinn dragi úr getu fyrirtækja til að binda losun sína en ánægjulegt er að sjá að það er ekki reyndin fyrir árið 2020 og þetta ár en á móti hefur dregið úr losun hjá mjög mörgum.

Áhugavert verður að sjá hver áhrifin verða af loftslagsráðstefnunni í Glasgow, líklega ýtir hún á breytta hegðan í neyslu, losun og bindingu. Kolviður er undirbúinn til samstarfs við alla þá sem vilja binda losun sína með nýskógrækt.

Til að binda kolefni með nýskógrækt þarf land og er Kolviður nú með samninga um land á Geitasandi, Úlfljótsvatni, Skálholti, Reykholti í Borgarfirði og Húsavík.



Reynir Kristinsson.

Kolviður leitar áfram eftir samstarfi við landeigendur um land undir kolviðarskóga og landeigendur eignast skóginn þegar bindingu er náð.

Ekki er nægjanlegt að hafa land það þarf einnig góða framleiðendur skógarplantna og samstarfið við Sólskóga og Kvista, nú Kvistabæ hefur verið mjög gott.

Til gróðursetningar hefur Kolviður gert verktakasamninga við Skógræktarfélag Íslands og skógræktarfélögin á þeim stöðum þar sem gróðursetning á sér stað.

Kolviður hefur gert samning við Rannsóknarmiðstöð Skógræktarinnar á Mógilsá um mælingar á kolefnisbindingu í kolviðarskógum og rannsóknir á ræktunarmöguleikum m.a. á Mosfellsheiði.

Unnið er að því að fá vottun á starfsemi Kolviðar samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2 á árinu 2022.

Kolviðarskógar eru nú yfir 500 ha og rúmlega 200 þús. tonn CO_2 í bindingarferli.

Framtíðarsýn Kolviðar bendir til þess að fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja binda losun sína muni fjölga og þessir aðilar taka markmiðið um hlutleysi 2040 alvarlega og vilja leggja sitt af mörkum.

Reynir Kristinsson
stjórnarformaður Kolviðar



Stafafura í Hallormsstað.



Stafafura í Höfða í Fljótsdal.

Ólíku saman að jafna

Hún er undarleg minnimáttarkennd Íslendinga. Annars vegar teljum við okkur vita allt mest og best sjálfir. Hins vegar teljum við alla þekkingu sem kemur frá útlöndum miklu betri en okkar eigin. Þannig er með afstöðu fyrrverandi landgræðslustjóra og fyrrverandi fagmálastjóra Landgræðslunnar sem kom fram í grein þeirra í Bændablaðinu 4. nóvember sl. um hvað stafafura sé stórhættuleg trjátegund og hætta ætti notkun hennar til að bjarga landslaginu frá glötun.



Hörður Sigurbjarnarson.

Það er nefnilega þannig að á Nýja-Sjálandi er stafafura meðal plöntutegunda sem þarlendir hafa ákveðið að sé illgresi og hægt er að fá borgað fyrir að uppræta hana á vissum stöðum. Það hlýtur þá að vera fyrirmynd sem við eigum að fylgja, úr því að útlendingar vita miklu meira um aðstæður hér á landi en við aumingjans molbúarnir.

Hvað liggur að baki þeirri gróðurpólitík að stafafura teljist illgresi á Nýja-Sjálandi vitum við ekki, en helgast örugglega af aðstæðum þar. Ólíklegt er að aðstæður á Íslandi hafi þar á nokkurn hátt verið lagðar til grundvallar. Annar okkar (Hörður) átti þess kost að ferðast um Nýja-Sjáland fyrir fáum árum síðan og upplifa loftslag og gróður bæði á Norður- og Suðureyju. Ísland og Nýja-Sjáland eiga það sameiginlegt að gróðri var gjörbreytt á stórum svæðum með sauðfjárbeit. Á Nýja-Sjálandi gerðist það með gríðarlegum fjölda fjár á tiltölulega skömmum tíma. Á Íslandi með tiltölulega fáum kindum á mun lengri tíma. Að öðru leyti er himinn og haf á milli landanna (bókstaflega og að öllu öðru leyti).

Það dylst engum sem ferðast um Nýja-Sjáland að þar er allt annað og mun mildara loftslag en hér. Jafnvel á kaldasta svæði þeirra syðst á Suðureyju er meðalhitinn 4-5° hærri en á láglendi Íslands, bæði sumar og vetur. Vaxtartímabilið er lengra eftir því, öll framleiðsla gróðurs mun meiri og gróðurframvinda mun hraðari en hér.

Ekki er heldur líku saman að jafna varðandi útbreiðslu stafafuru. Vel má vera að hún sé að breiðast út á Nýja-Sjálandi á stöðum þar sem fólk vill ekki hafa hana, t.d. vegna mikils fjölda sérstæðra (einlendra) tegunda í flóru landsins. Það þekkja Nýsjálendingar betur en við. En þeirra gróðurpólitík er ekki hægt að heimfæra á Ísland, þar sem vantar mikið upp á gróðurþekjuna og ekki finnst ein einasta einlend plöntutegund. Hér skapar stafafura enga ógn og er ekki líkleg til að gera það í fyrirsjáanlegri framtíð. Það þekkjum við betur en þeir.

Því ber að fagna að stafafura sé það vel aðlöguð íslensku loftslagi að hún þrífist hér, ekki síður en öllu því innflutta grasfræi sem þeir Andrés og Sveinn létu dreifa til að græða upp land á vegum Landgræðslunnar. Þeir hvetja nú til þess að rífa upp stafafuru, en á þá ekki að sama skapi að rífa upp allt gras af erlendum uppruna? Hvort tveggja er auðvitað fásinna.

Vel má vera að þeir Andrés og Sveinn hafi smekk fyrir grasi frekar en trjám í landslaginu. En það er síður en svo náttúrulögmál að gras af erlendum uppruna sé á einhvern hátt betur viðeigandi í landslaginu en tré. Það er ekki heldur náttúruverndarmál, því líffræðileg fjölbreytni skóga innfluttra trjátegunda, þ.m.t. stafafuru, er mun meiri en í graslendi innfluttra grasa. Og ekki er það landgræðslumál því tré vernda og byggja upp jarðveg betur en gras. Það er bara þeirra smekkur fyrir ákveðinni ásýnd lands. Gott og vel. Okkar smekkur er fyrir skógi vöxnu landi með fjölda trjátegunda, ekki bara grónu landi heldur vel grónu og fjölbreyttu landi.



Stafafura í úr Dalsmynni (Fnjóskadal / Ljósavatnsskarði).

Hörður Sigurbjarnarson og Sigurjón Benediktsson

Bændasamtök Íslands auglýsa eftir framboðum til formannskjörs

Samkvæmt 6. gr. samþykkta Bændasamtaka Íslands, skal skila inn framboðum til formanns samtakanna eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir Búnaðarþing. Allir félagsmenn sem teljast fullgildir í samtökunum frá og með 31. desember 2021 geta boðið sig fram til formanns.

Framboðsfrestur er til miðnættis 30. janúar 2022 og skal framboðum skilað inn á netfangið kjorstjorn@bondi.is.

Frambjóðendur skulu gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og búgrein. Einnig skal hver og einn frambjóðandi skila ljósmynd og allt að 200 orða kynningartexta með framboði sínu.
Efnið verður notað til að kynna framboðið.

Frambjóðendum er að auki heimilt að láta fylgja með ferilskrá og senda með hlekki inn á heimasíðu, samfélagsmiðla og annað sem tengist framboði þeirra.

Kjörstjórn er skipuð af eftirfarandi aðilum:
Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, formaður
Guðrún Birna Brynjarsdóttir
Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Bændahöllin Hagatorgi 1, 107 Reykjavík

ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI



LímtréVírnet

LANDSTÓLPI

Bústólpi
VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

FLÓRA GARÐYRKJUSTÖÐ

VHE 50 YEARS OF ENGINEERING EXCELLENCE
VHE
HUGVIT Í VERKI

VÍKURVAGNAR EHF.

FÉLAG ÍSLENSKRA HÚKRUNARFRÆÐINGA

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

REYKJABÚIÐ
- SÍÐAN 1947-

Röggi ehf.

V&Þ VAGNAR & ÞJÓNUSTA

SFG Sölufélag garðyrkjumanna
Íslenskt grænmeti
Þú veist hvaðan það kemur

VÉLAVAL
www.velaval.is

FRAKTLAUSNIR

Sprettur
ÁBURÐUR

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

RAG
import - export

DRONEFLY
VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

matís

N1

ÍSFUGL

LÍFLAND



HÁTÍÐARMATURINN Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Ljúffengar jólasnittur og hunangsgljáð andabringa

Hér eru stórkostlegar crostini-áleggshugmyndir, með hátíðarbrag. Þessir ómótstæðilegu veislubitar hafa allt; fallegir á borði, með jólabragði, auðvelt að gera þá í stórum skömmtum og eru hagkvæm lausn við stressi í undirbúningi jóla.



Crostini-brauð

Crostini-brauðið er hægt að gera með nokkurra daga fyrirvara.

- 30 sneiðar baguette (0,5 sentimetra þykkar sneiðar skornar á ská)
- 3 msk. extra virgin ólífuolía
- salt
- 1 hvítlauksgeiri, skorinn í tvennt

Reyktur lax með dill rjómaosti

- 250 g rjómaostur
- 2 tsk. sítrónubörkur
- 2 msk. sítrónusafi
- 1 tsk. salt og pipar
- 1/3 búnt dill, smátt saxað
- 500 g reyktur lax, skorinn
- 75 g kapers
- 30 dillgreinar og jafnvel eplasneiðar og kryddjurtaspírur, til skrauts

Aðferð

Blandið saman rjómaosti, sítrónuberki, sítrónusafa, dilli, salti og pipar. Smyrjið á crostini, brjótið síðan laxabitana ofan á. Toppið með 3 kapers og kvisti af dilli. Berið fram!

Álegg, egg og ostur

- 160 g ostur að eigin vali
- þurrverkað álegg eins og salami
- 2 stk. harðsoðin egg, má hræra eggjarauðuna með majónesi og sprauta aftur í til hátíðarbrigða
- 2 msk. hunang
- 2 tsk. fersk timjanlauf

Aðferð

Smyrjið crostini með osti, áleggi og eggi. Dreifið hunangi yfir rétt áður en borið er fram og stráið timjanblöðum yfir.

Lambatartar með sinnepi

- 180 g saxað úrvals lambakjöt (fínt saxað)
- Tvær tsk. heitt enskt sinnep, eða meira ef þú ert hugrakkur!
- 16 kryddjurtalauf, til skrauts

Aðferð

Smyrjið crostini með eins miklu ensku sinnepi og þú þorir, svo er kjötið saxað og kryddað (hrátt) lambakjötið er sett á brauðið, toppið með kvisti af kryddjurt eða salati.

Balsamik og hunangsgljáð andabringa

Andabringur er fullkominn hátíðarmatur, nógu flottur til að heilla en nógu einfaldur svo þú eyðir ekki öllu kvöldinu við eldavélina.

- 2 andabringur
- 50 g (1/4 bolli) valhnetur eða hnetublanda
- 1/2 lítið hvítkál, fínt rifið
- 2 msk. hunang
- 4 msk. balsamicedik
- 30 g (2 msk.) smjör
- 1 epli, skorið í 1 cm teninga
- Salt og pipar







Aðferð

Skerið í andabringurnar og svo aftur á ská í fituna í krossmynstur, u.þ.b. 0,5 sentimetra og gætið þess að skora aðeins í fituna og skera ekki í gegnum holdið. Þurrkið síðan fituna vandlega.

Hitið tvær steikarpönnur, eina með loki en báðar við meðalháan hita.

Kryddið öndina með salti og pipar.

Þegar pönnurnar eru orðnar heitar, bætið smjörinu og einni matskeið af balsamik út í eina og bætið svo öndinni á aðra pönnuna með skinnhliðinni niður. Pannan fyrir öndina á að vera þurr.

Bætið kálinu á seinni pönnuna, lækkið hitann í miðlungs og setjið lokið á.

Prófið að láta öndina vera á fitunni í 5 mínútur, það þarft að skoða öðru hvoru til að vera viss um að hún brenni ekki og það sé réttur hiti.

Eftir fimm mínútur er öndinni snúið við og leyft að eldast í 5-6 mínútur í viðbót eða þar til innra hitastigið nær 50 gráðum, sem miðast við hvernig mér finnst öndin mín best elduð en það eru frekari leiðbeiningar hér fyrir neðan.

Þegar öndin hefur náð réttum hita, takið hana af pönnunni og leyfið að hvíla í fimm mínútur, á þessum tíma ætti innra hitinn að ná 55 gráðum.

Á meðan öndin hvílir, bætið við eplunum við kálið ásamt salti eftir þörfum og hrærið.

Tæmið megnið af fitunni af andapönnunni og bætið svo hunanginu og balsamikediki sem eftir er út í og sjóðið saman til að mynda síróp.

Bætið valhnetunum og öndinni út í sírópið þegar það hefur hvílt og hellið yfir sírópið til að hjúpa, sneiða og bera fram.

Eldun á andabringu

Mér finnst kjötið mitt best bleikt. Það skiptir þig engu máli, eldaðu kjötið þitt eins og þú vilt.

Maður á að njóta matar og engin ástæða til að dæma aðra fyrir það hvernig eldun þeir vilja á sínum mat.

Þess vegna eru hér nokkrar hitaleiðbeiningar til að elda öndina þína fyrir þessa hunangsgljáðu andabringu. Þeir tákna innra hitastig eftir að andabringur hefur verið leyft að hvíla.

Ef þið pönnusteikið önd eins og þessa, þá er rétt að gera ráð fyrir hækkun um 5-8 gráður á innra hitastigi á hvíldartímanum sem er 5-7 mínútur.

Miðlungs lítið eldað (medium rare):

› **55 gráður**

Meðalsteikt:

› **62 gráður**

Vel steikt (well done):

› **67 gráður**

Steiktir Jerúsalem ætiþistlar og kartöflur með vetrarjurtum

› 1 kg kartöflur
› 600 g Jerúsalem ætiþistlar, afhýddir og skornir í helming ef þeir eru stórir
› 4 msk. ólífuolía
› 6 hvítlauksrif, óafhýdd
› 6 stk. timjan greinar
› 4 stk. rósmaríngreinar

Forhitið ofninn í 190 ˚C stórum steika skúffu, blandið kartöflunum og ætiþistlunum saman við olíuna. Kryddið og steikið í 30 mínútur. Bætið hvítlauknum og kryddjurtunum saman við og hvolfið olíunni yfir. Notið sterka stálkrús eða litla pönnu til að merja hverja kartöflu og ætiþistla örlítið, fletjið þær út og bakið gullbrúna í ofninum í 30 mínútur, snúið hálfa leið þar til það er gullið og stökkt á brúnunum.

Óreglulegt laufabrauð með sultu

Það eru ekki allir sem hafa þolinmæði að skera út laufabrauð þótt það sé frábær skemmtun. Það getur líka verið lausn að djúpsteikja deigið og nota sem snakk og smyrja með sultu og ostum eða gefa með lambatartar – eða að sjálfsögðu hangikjöti.

› 100 g nýmjólk
› 35 g vatn
› 12 g ósaltað smjör
› 170 g köku/brauðmjöl
› 50 g maís sterkja
› 2 g lyftiduft
› 7 g sykur
› 2 g salt

Til steikingar:

› sólblómaolía eða mjög ljós ólífuolía

Búið til deigið.

Sigtið hveitið í meðalstóra skál, setjið til hliðar.

Bætið sykrinum saman við saltið og lyftiduftið. Blandið saman með hjálp spaða.

Hellið mjólkinni saman við vatnið og smjörið í pott. Setjið við meðalhita og látið standa þar til smjörið bráðnar, en án þess að sjóða.

Takið af hellunni og hellið þurrefnunum yfir. Blandið saman innihaldsefnum með spaða.

Byrjið að hnoða, blandið deiginu saman með höndunum.

Flytjið yfir á hreint vinnuborð og byrjið að hnoða. Ef þið takið eftir því þegar þið hnoðið að deigið er mjög þurrt er hægt að bæta nokkrum dropum af vatni við, en án þess að hafa of blautt. Deigið ætti að vera örlítið þurrt við snertingu, en það gerir okkur kleift að vinna með það án þess að það springi.



Við vinnum deigið þar til það er einsleitt, nánast slétt. Það mun taka um 5-7 mínútur.

Lokið með filmu og látið standa í 10 mínútur.

Skiptið deiginu og teygið.

Fjarlægið filmuna af deiginu. Notið beittan hníf og skiptið stykkinu í 15 jafna hluta. Á meðan við vinnum á hverju stykki til að teygja það, hyljið restina með filmu til að koma í veg fyrir að það þorni. Þetta er mjög mikilvægt.

Takið einn skammtinn og teygið aðeins með fingurgómunum.

Fletjið út með kökukefli mjög þunnt, næstum gegnsætt. Geymið með bökunarpappír milli laga.

Endurtakið ferilinn með restinni af bitunum.

Fyllið meðalstóran pott af nægri olíu til að hægt sé að steikja brauðin.

Setjið við meðalhita eða um 175 gráður.

Takið úr pottinum, hellið af og setjið á eldhúspappír.

Ef þið viljið er hægt að bæta möluðum kúmenfræjum, eða því kryddi sem fólk er vant, saman við.

Gott með ýmsum mat sem forréttur eða snittur.

Heitt súkkulaði á priki

Súkkulaðikrem sem hægt er að leysa upp í heitri mjólk til að framleiða ríkulegt, rjómakennt heitt súkkulaði! Þetta er sannarlega nammi sem er líka hægt að borða eintómt, en þetta gæti líka verið gjöf sem hægt er að móta í pinna eða önnur form, vefja í glært plast eða gjafaumbúðir.

› 1/2 bolli rjómi
› 1 dós sætt mjólk
› 3 bollar hakkað mjólkursúkkulaði
› 3/4 bolli hakkað dökkt súkkulaði

Setjið hakkað mjólkur- og dökkt súkkulaði í stóra hitaþolna skál.

Hellið rjómanum og sætu mjólkinni í meðalstóran pott og þeytið þar til það hefur blandast saman.

Setjið pottinn yfir meðalhita. Látið suðuna koma upp og hrærið svo að mjólkin brenni ekki á botninum á pönnunni.

Þegar vökvinn er að malla, hellið heita rjómanum yfir saxaða súkkulaðið og látið standa í eina mínútu til að mýkjast. Byrjið að hræra rjóma og súkkulaði saman þar til súkkulaðið er bráðið og gljáandi, slétt blanda.

Hellið súkkulaðinu á tilbúna pönnuna og sléttið úr því í jafnt lag. Leyfið því að sitja og stífna yfir nótt, eða í 3 til 4 klukkustundir í kæli (eða notið plastform sem hægt er að fá fyrir kökupinna).

Auðvelt er að mála inn í formin ýmis munstur.

Þegar súkkulaðið er orðið stíft skuluð þið nota stóran, beittan hníf til að skera hann í tuttugu og fimm bita (fimm raðir og fimm dálkar). Eða taka úr plastformunum.

Setjið fallegan pinna til að gera kakópinna.

Þetta snjalla nammi er frábær gjöf og þið getið búið til endalaus afbrigði. Bætið stórum marshmallows við heitt súkkulaðispjótið, veltið fudge-kubbunum upp úr mulinni piparmyntu eða kakói eða dýfið þeim með hvítu súkkulaði áður en þeim er pakkað.

Leiðbeiningar um heitt súkkulaði

Til að búa til heitt súkkulaði skuluð þið hita bolla af mjólk (vatn virkar ekki vel í þessu tilfelli) og bæta við súkkulaðibita. Leyfið því að sitja og mýkjast í eina mínútu, hrærið síðan kröftuglega þar til það er uppleyst.



Barnaþrautir



Um síðustu jól héldum við að jólin 2020 yrðu algjörlega einstök sökum óvenjulegra aðstæðna út af heimsfaraldri Covid-19. Því hefði trúlega sjaldan verið mikilvægara að finna upp á einhverju skemmtilegu að gera. Nú lítur út fyrir að jólin 2021 geri sömu kröfur til fólks vegna kórónuveirufaraldursins sem enn geisar um allar jarðir.

Eins og áður býður Bændablaðið því upp á þrautir til að glíma við fyrir jólin eftir snillinginn Braga Halldórsson.


Fyrsta barnaþrautin sem fullorðnum er að sjálfsögðu líka heimilt að glíma við er tiltölulega einfalt púsluspil. Önnur þrautin er kannnski ekki alveg jafn auðveld og hún sýnist og reynir þar á rökhugsun. Þriðja þrautin er stafarugl sem reynir dálítið á heilastarfsemina.

Lausnirnar er að finna á bls. 98, en það er auðvitað harðbannað að kíkja áður en reynt er við þrautirnar.

Jólakrossgáta Bændablaðsins er svo vegleg að vanda. Lausnin á henni verður birt í fyrsta blaði ársins 2021 sem væntanlegt er 14. janúar.


1

Hvaða tveir af hálfu hringjunum, ef þeir eru lagðir saman, eru eins og heili hringurinn efst?



2

Getur þú reiknað út fyrir hvaða tölustafi dýrin þrjú standa?



3

Getur þú fundið 10 dýranöfn í þessu stafarugli?

H	O	G	K	Ý	G	A	K	É	L	G	A	O	Ú	X	Ú	U	K	B	K
H	E	A	P	P	J	Ý	K	B	T	F	M	G	U	R	T	U	H	Ó	V
Ú	R	S	R	Á	V	L	L	Ö	Á	Ý	T	G	K	Á	Í	P	J	Ý	Ú
É	Ý	F	T	Ó	Ó	É	D	D	T	Y	N	V	R	Đ	G	F	Í	S	E
F	Ý	X	E	U	D	I	U	U	D	T	Ý	J	R	Ý	R	O	X	S	Đ
M	Á	X	H	F	R	X	Ó	N	J	G	U	A	F	Ú	I	T	Í	Ý	Í
Đ	V	Ó	Đ	S	A	S	I	V	Ý	M	E	R	X	K	S	O	R	O	M
Ý	M	Á	X	L	R	K	R	L	P	Í	N	B	Đ	V	D	F	S	J	G
Ó	Ó	S	D	U	U	É	P	R	Ó	J	N	F	G	V	Ý	H	Í	P	U
L	K	S	D	I	M	G	X	Á	I	S	R	B	Ó	E	R	Y	B	L	M
H	R	N	Đ	P	D	R	F	R	J	Ý	L	F	R	H	Ý	E	N	A	L
J	U	E	T	L	L	Í	Á	L	R	Ó	A	Á	I	M	H	H	F	Đ	Á
H	N	N	L	R	X	J	S	G	V	B	I	B	L	I	U	E	U	Í	Á
M	F	Á	S	Á	Á	I	Ó	D	Ú	R	O	É	L	Ó	Í	X	V	J	Ó
R	B	Ý	D	G	T	Ú	S	N	Ó	Ú	L	H	A	K	Í	S	V	Í	N



Lyktin af kanil minnir á jólin enda kanill mikið notaður í jólabaksturinn, til dæmis piparkökur.

Jólakrydd

Íslendingar eru vanir að gera vel við sig í mat og drykk um jólin, gefa gjafir og gleðjast. Fólk fagnar fæðingu Krists og upprisu ljóssins. Mesta skammdegið er liðið og sólin farin að hækka á lofti.

Flestir eiga sínar matarhefðir um jólin en aðrir breyta til og prófa eitthvað nýtt um hver jól.

Krydd af ýmsu tagi eru ómissandi í matreiðslunni og í marga jólarétti eru höfð krydd sem ekki eru hversdags á boðstólum. Dæmi um það sem má kalla jólakrydd eru einiber, negull, engifer, múskat, kardimomma, allrahanda, stjörnuanís, vanilla og jafnvel kanill. Allt bragðmikil krydd sem gefa matnum sérstakan keim.



Einiber

Einir vex víða á norðurhveli og meðal annars hér á landi. Bragðið af einiberjum er sætt og með vott af barri.

Á heimasíðunni Íslenskt lambakjöt segir að marin einiber séu góð til að krydda villibráð og að þau eigi því vel við ýmsa norður-evrópska lambakjötsrétti, ekki síst í kryddlegi og sósum með rauðvíni, lárviðarlaufi, hvítlauk og blóðbergi.

Berin fara einnig vel með rósmaríni, marjoram, pipar, kúmeni og sellerífræi.

Þurrkaðar einigreinar gefa jólalykt séu þær brenndar.



Allrahanda eða negulpipar

Ólík því sem ætla mætti er kryddið allrahanda ekki blanda af allra handa kryddum því það er unnið úr beri Pimenta dioca og stundum kallað negulpipar og því hrein kryddtegund.

Bragðið minnir á blöndu af negul, múskati og kanil og þaðan er nafnið dregið. Kryddið er vinsælt í Evrópu og notað í pylsur, til að krydda þurrkað kjöt og til að bragðbæta svína- og hænsnakjöt. Auk þess sem það er notað við pæklun grænmetis. Auk þess sem það er talsvert notað við bakstur.



Negull

Óneitanlega minnir útlit neguls á nagla og kryddið því oft kallað negulnaglar. Gott er að stinga negulnöglum í mandarínur og appelsínur og kalla þannig fram jólailm.

Negull er mikið notaður í lambakjötsrétti í Arabalöndunum og hann er sagður fara vel með kanil, allrahanda, múskati, kardimommum, engifer, chili, kóríanderfræi, fennikufræi og lárviðarlaufi.



Múskat

Ilmurinn af múskati er mjög afgerandi en bragðið eilítið sætt. Kryddið er notað til að bragðbæta kökur, sælgæti, búðinga, kjöt og sósur, ýmiss konar drykki eins og eggjapúns og expressókaffi, einnig gott í kartöflurétti. Múskat fer vel með öðru kryddi eins og kanil, kardimommum, negul, engifer, pipar, blóðbergi, kóríander og broddkúmeni.

Til að fá sterkt múskatbragð er best að kaupa heilar múskathnetur og raspa þær rétt fyrir notkun.



Engifer

Vinsældir engifers hafa aukist hratt undanfarin ár og er það hluti af daglegri fæðu fjölda fólks hér á landi. Fersk rifin engiferrót er bragðsterk og góð í súpur, í jólaglögg og með núðlum. Þurrkað engiferduft er bragðminna og hentar því tvímælalaust betur í jólabaksturinn.

Engifer fer vel með ferskum chili, sítrónu- og límónusafa, sojasósu, vorlauk, hvítlauk, myntu, túrmerik og þurrkuðu kryddi eins og kanil, kardimommum, negul, múskati, papriku, pipar og saffrani.



Stjörnuanís

Ilmríkt krydd með lakkrískeim. Aldinið er eitt af undirstöðukryddum í kínverskri, asískri og indverskri matargerð og mikið haft með svínakjöti og önd og í Norður-Afríku er það algengt í lambakjötsréttum.

Fer vel með chili, kanil, fennikufræi, kóríander, hvítlauk, engifer, sítrónugrasi og sojasósu.



Vanilla


Flestir þekkja bragðið af vanillu og þykir gott. Þrátt fyrir það hafa margir aldrei smakkað náttúrulega vanillu þar sem yfir 90% af vanillu á markaði er bragðefni sem er að mestu unnið úr trjákvoðu.


Vanillubragðefni, hvort sem það er náttúrulegt eða vanillulíki, er mikið notað til að bragðbæta drykki og matvörur auk þess sem það er notað sem lyktarefni í snyrtivörur. Vanilluís er feikilega vinsæll auk þess sem vanilla er algengt íblöndunarefni í súkkulaði, karamellum, kaffi og kökum.




Kanill

Í huga margra minnir lyktin af kanil á jólin enda kanill mikið notaður í jólabaksturinn, til dæmis piparkökur. Auk þess sem kanill er ómissandi út á grjónagraut. Í Arabalöndunum eru kanilstangir notaðar til að krydda lambakjötsrétti. /VH







Bændablaðið Jólakrossgáta 2021

VÉLABÁSINN

Nýr Mitsubishi Eclipse Cross



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Laugardaginn 4. desember kynnti Hekla h/f við Laugaveg nýjan Mitsubishi Eclipse Cross, rafmagns/bensínbíl sem er aðeins minni og styttri en Mitsubishi Outlander sem hér í þessum prófunarpistlum var tvisvar kosinn bíll ársins.

Eftir kynninguna fékk ég eina útgáfuna af þremur Mitsubishi Eclipse Cross til prufu.

Gafst upp vegna veðurs í miðjum prufuakstri

Veðrið á laugardeginum var eins fallegt og hugsast getur á desemberdegi og keyrði ég bílinn aðeins innanbæjar og lofaði aksturinn góðu. Daginn eftir var veðrið eins vont og hugsast gat til prufuaksturs, yfir 20 metra vindur, rigning og ef farnir voru fáfarnir vegir var hálkan þar of mikil fyrir ónegld vetrardekkin sem undir bílnum var.

Eftir rúman 90 km akstur varð ég að játa mig sigraðan, veðrið var einfaldlega ekki með mér þennan dag, náði ekki að prófa eyðsluna í langkeyrslu og ekki á holóttum malarvegi.

Þrátt fyrir vont veður náði ég að taka hávaðamælingu, en því miður var ég búinn með rafmagnið fyrir mælinguna og því eingöngu hægt að mæla bílinn á 90 km hraða á bensínmótornum sem mældist vera 67,3db.

Kraftmikil vél, en fljótur að klára rafmagnið

Mitsubishi Eclipse Cross eru boðnir í þremur mismunandi útgáfum, Invite, Intense og Instyle. Verðið er frá 5.490.000 upp í 6.290.000, en eftir næstu áramót munu þessir bílar hækka um yfir 900.000 vegna breytinga á virðisauka.

Allir bílarnir eru með sama vélbúnaðinn, bensínvél og rafmagn sem skilar 204 hestöflum, eingöngu er sjálfskipting í boði.

Uppgefin bensíneyðsla er 1,7 lítrar á hundraðið miðað við bestu aðstæður og fullhlaðna rafhlöðu fyrstu 100 km.

Það tók mig ekki langa stund að klára endanlega drægnina í rafmagninu. Þegar ég fékk bílinn eftir að einhverjir viðskiptavinir Heklu höfðu prófað bílinn yfir daginn var uppgefin drægni á rafmagninu 11 km, en uppgefin hámarksdrægni á rafmagninu einu er 45 km við bestu aðstæður. Því fór nánast allur aksturinn fram á bensínmótornum.

Eins og áður sagði var ekki boðlegt veður til að fara út fyrir bæinn og því fór allur aksturinn fram innanbæjar, en í lokin sagði aksturstölvan að ég hefði verið að eyða 11,6 lítrum á hundraðið í rokinu og vatnsveðrinu sunnudaginn 5. desember.

Lofar góðu þrátt fyrir vont veður í prufuakstrinum

Að keyra bílinn er fínt, kraftur góður og snerpan í bílnum mjög góð (næstum of góð því ég stóð mig nokkrum sinnum að því að vera kominn á ólöglegan hraða eftir start eða beygju).

Bíllinn var fljótur að hitna að innan og ef sætishitarinn er settur á hærri styrkinn er hann innan við mínútu að hita sætið of mikið fyrir minn smekk.

Sætin eru góð og gott að ná til allra stjórntækja. Hægt er að velja á milli fimm mismunandi stillinga til að keyra bílinn í, Tarmac, Gravel, Snow, Normal og Eco. Mér fannst skemmtilegasta snerpan í bílnum þegar stillt var á Tarmac, en rafmagnsmótorinn hélst lengst á ef stillt var á Normal eða Eco.

Eins og í flestum rafmagns/bensínbílum er ekkert varadekk í bílnum, en það er þó rafmagnspumpa, felgulykill og tjakkur í þessum bíl.

Ekki var hægt að prófa hvernig hann var á malarvegi vegna veðurs og klaka, en fjöðrunin er ágæt sé tekið mið af fjölmörgum hraðahindrunum á götum Reykjavíkur.

Breyting á virðisaukaskatti væntanleg

Lokaorðin frá mér er að þetta sé ágætis bíll, hefði þó viljað prófa hann betur.

Eins og áður sagði þá er væntanleg hækkun á virðisaukaskatti á hybrid bílum, en Hekla á nokkra bíla sem eru tilbúnir til afgreiðslu strax og fást þá á rúmlega 900.000 lægra verði en þeir verða á eftir áramót.

Annars var ég sáttur við bílinn í alla staði fyrir utan að mér finnst nauðsynlegt að vera með varadekk, verðið er gott, bíllinn kraftmikill og þægilegur í akstri.




Helstu mál og upplýsingar

Lengd	4.545 mm
Hæð	1.685 mm
Breidd	1.805 mm

Mitsubishi Eclipse Cross Intense.

Myndir / HLJ



Í vali eru fimm mismunandi aksturstillingar.



Á rafmagninu byrjaði ég sem var fljótt að klárast.



Í dýrasta bílnum er 220 volta tengill aftur í bílnum.



Ekkert varadekk, en pumpa, felgulykill og tjakkur.



Þurfti ekki að hugsa um afturljósin, þau voru alltaf kveikt.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Desember er mánuður kerta og ljósaskreytinga

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Þann 1. desember síðastliðinn var dagur reykskynjarans, á þeim degi er mælst til þess að farið sé yfir hvort reykskynjarar heimilisins virka og séu í lagi.

Til að kanna hvort reykskynjari sé í lagi er á þeim lítill hnappur sem maður ýtir á og á þá reykskynjarinn að gefa frá sér hljóð. Í öllum hefðbundnum reykskynjurum á að skipta um rafhlöðu einu sinni á ári (á mínu heimili er það ákveðinn dagur sem hefur hingað til ekki gleymst). Hins vegar eru líka komnir á markað reykskynjarar sem eru með innbyggða rafhlöðu sem á að endast í tíu ár. Að þeim tíma loknum er einfaldlega skipt um reykskynjara.

Svo eru það slökkvitækin, en utan á öllum slökkvitækjum er lítill límmiði sem segir til um hvenær á að yfirfara slökkvitækið næst, en flest lítil slökkvitæki sem eru á heimilum á að yfirfara árlega.

Ljósaseríur utandyra eru almennt mikið augnayndi. Þeir sem eru með margar seríur þurfa að gæta vel af tengingum, framlengingarsnúrum, því ef of mikið álag er í rafmagninu getur það myndað hita og að endingu eldsvoða. Síðan er það vatnsveðrið og vindurinn sem getur myndað skammhlaup og útslátt af rafmagni sem oft getur verið erfitt að finna.



Það tekur ekki nema um 30 sek. fyrir þurrt jólatré að verða alelda.



Til að kanna hvort reykskynjari sé í lagi er á þeim lítill hnappur sem maður ýtir á og á þá reykskynjarinn að gefa frá sér hljóð. Í öllum hefðbundnum reykskynjurum á að skipta um rafhlöðu einu sinni á ári.

Margir eldsvoðar hafa orsakast af kertaskreytingum

Desember er sá mánuður sem oftast er kveikt á kertum, en við notkun kertaljósa er margt að varast. Þegar kveikt er á kertum er ágætt að hugsa um hvað getur hugsanlega eða í versta falli orðið til þess að þetta kerti valdi eldsvoða?

Eitt atriði er vanmetið og sjaldan hugsað út í þegar kveikt er á kertum, en það eru heimilisdýrin, hundar og kettir. Heimilisdýrin eru ekki alltaf meðvituð um hættuna og köttum er gjarnt að nudda sér utan í hluti og ef það er kerti sem fellur á hliðina á eitthvað auðbrennanlegt þarf ekki að líða langur tími þar til að eldurinn verður óviðráðanlegur.

Hundar eru meiri varðdýr og ef dyrabjallan hringir eða bankað er á útihurð sprettur hundur stundum upp úr sínu bæli með svo miklum látum í átt að útihurð að gusturinn af honum getur hæglega hent niður logandi kerti.



Slökkvitæki eiga að vera til á hverju heimili og staðsett þar sem gott aðgengi er að þeim. Margar gerðir slökkvitækja eru til, þ.e. duft-, kvoðu-, vatns- og kolsýrutæki. Best er að fá ráðleggingar frá sérfræðingum um hvaða slökkvitæki séu heppilegust á hverjum stað. Slökkviteppi er líka mikilvægt að hafa við höndina þegar verið er að steikja upp úr feiti.

Alltaf að byrja á að hringja í 112

Allir á heimilinu ættu að hafa ákveðið hlutverk ef upp kemur eldur. Börnum allt niður í 4-5 ára er hægt að kenna brunavarnir, en númer eitt, alltaf byrja á að hringja í 112 og síðan að forða sér út eins fljótt og hægt er.

Á veraldarvefnum er mikið til af kennslumyndböndum hvernig eigi að bregðast við eldsvoða. Svona myndbönd er gott að sýna börnunum sínum og að lokinni sýningu segja frá hvernig þau eigi að bregðast við á þínu heimili.

Sorgleitt að heyra brunafréttir rétt fyrir jól

Fátt finnst mér dapurlegra en að heyra fréttir af fjölskyldum sem missa allt sitt í bruna rétt fyrir jól. Jólin er sá tími sem nánast allir hlakka til, en til að forðast bruna út frá jólatré, aðventuskreytingum eða einhverju öðru, farið varlega með eld.

Það tekur ekki nema um 30 sek. fyrir þurrt jólatré að verða alelda (sjá skjáskot úr forvarnarmyndbandi á 22. sek. á mynd). Fyrir nokkru horfði ég á forvarnarmyndband á fréttasíðunni www.ladbible.com, en þar var sett skeiðklukka í hornið á myndbandinu og eftir 30 sek. var tréð brunnið og það sem var næst trénu byrjað að brenna.

Þar sem að þetta er síðasta Bændablaðið fyrir jól vil ég misnota aðstöðu mína hér og óska lesendum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þarftu að halda fuglum frá?

Hentar m.a. fyrir fiskiskip, löndunarbryggjur og fiskeldi

Fuglafælurnar frá Scarecrow eru mannúðleg og vistvæn lausn sem halda fuglum varanlega frá.

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013

fuglavarnir.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



				165	Ó	ILLFYGLI / BURÐAST	ÁLAG	SKRAPI	FÉLAGI	L	SLAGA	ARMA	UMBER	VEISLA
				MANG	H	R	O	S	S	A	K	A	U	P
				HVIÐA	R	O	K	A	ÁLÍTA	G	R	U	N	A
				KK NAFN	Æ	G	I	R	EIN-HVERJIR / TUNGUMÁL	S	U	M	I	R
				ÁTT / LEIÐ	S	A	ÆÐA / DÁLKAR	G	E	I	S	A	SYNJA	T
MÖGLA		VÆTA	GLÖGG / Í RÖÐ	G	I	S	K	I	N	ÁLITINN	S	SKÓLI / HINDRA	H	Í
K	U	R	R	A	Í RÖÐ / GAGN	T	U	HÖKTA	S	T	A	M	A	INN-PRENTA
VISTA	N	E	S	T	A	HIRÐA / RÓTLEYSI	T	A	K	A	ÓVISSA / LOK	E	F	I
TVEIR EINS	G	G	ÁVINNA / FLEKKUR	A	F	L	A	EINSAMALL / REYTA	A	L	E	I	N	N
SKYNSEMI	A	N	S	HÍM / LANGAR	N	O	R	P	ÚT / FJÁÐ	I	N	N	A	N
	H	DÆLD / MEST	K	V	O	S	JARÐEIGN / KVK NAFN	L	E	N	D	A	TÓNLIST	R
ANDÚÐ	Ó	B	E	I	T	FÖLNI / ÞREYTA	D	O	F	N	I	BÝLI / SMÁBITI	B	Æ
SKAÐI	P	E	L	L	HJÁLP / TVEIR EINS	L	Í	K	N	VAPP / NÓTA	R	Ö	L	T
ÓREIÐA	U	S	L	BRÚSKUR	D	Ú	S	K	U	R	HAFGOLA	G	Ú	A
ERGI-LEGUR	R	T	A	N	D	I	EINUNGIS	A	Ð	E	I	N	S	

HÖFUNDUR RH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Hleðslutæki
Jólatilboð!



20% Afsláttur

Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: www.skorri.is

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Ábúendurnir í Galtastöðum ytri, Stefán Bragi Birgisson og Helga Leifsdóttir, kynntust í búfræðinámi á Hvanneyri árið 2018.

Stefán tók við búinu af ömmu sinni og afa árið 2019 en Helga kemur frá Selfossi og flytur í Galtastaði um sumarið og hefst þá þeirra búskapur.

Býli: Galtastaðir ytri.

Staðsett í sveit: Galtastaðir eru utarlega í Hróarstungu, Múlaþingi.

Ábúendur: Ábúendur eru Stefán Bragi Birgisson og Helga Leifsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Á Galtastöðum ytri búa Stefán og Helga ásamt eins árs syni þeirra, Halldóri Braga. Minkahundarnir Krulli og Rokkó.

Stærð jarðar? 1.250 hektarar.

Gerð bús? Sauðfjárbú, grindahús, troðfull hlaða af þurrheyi og öllu gefið á jötu.

Fjöldi búfjár og og framleiðslumagn? 355 ær, 14 hrútar og 5 hænur. Við framleiddum 8,4 tonn af lambakjöti og settum 52 gimbrar á.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Vinnudagar eru ekki mjög hefðbundnir á þessum bæ. Á haustin þegar rúningur byrjar gefur Stefán á morgnana og fer síðan í rúning um sveitirnar og gefur síðan á kvöldin. Hann er í því flesta daga til miðs desember. Þetta endurtekur sig aftur í snoðrúningnum. Síðan á vorin er hann á minkaveiðum fyrir sauðburð og eitthvað fram á sumar. Svo á sumrin og haustin fer hann í ýmsa íhlaupavinnu hér og þar.

Helga er heimavinnandi eins og er og sinnir barninu sem fer á leikskóla á hverjum degi hér í sveitinni.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Bóndanum finnst skemmtilegast í heyskap í góðri austfirskri sumarblíðu að moka inn heyi í hlöðuna. Skítmokstur og að skafa járnmottur eru leiðinlegustu störfin.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipað margt fé, en búið að auka afurðirnar á því sem hver gripur skilar, vonandi breyta fjárhúsunum, og rækta upp slatta af túnum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara? Hætta að selja erlent kjöt hvort sem



það er fersk eða frosið, þá eykst salan á því kjöti sem er framleitt hér.

Þeir sem meðhöndla og selja lambakjöt í dag þyrftu að selja kjötið í meira mæli eins og ungt fólk í dag vill kaupa það, án fitu og beins en ekki eins og gamli skólinn vill hafa það, frosið í poka, spikfeitt, með beinum.

Það þarf auðvitað að vera í boði líka en við höldum að ef það væri hægt að framreiða og bjóða lambakjöt án beins og fitu í svipað neytendavænum pakkningum eins og t.d. kjúkling myndi salan á því aukast.

Einnig höldum við að það þurfi að auka framleiðslu á lífrænt ræktuðu lambakjöti því við höldum að neysla á slíku kjöti sé að fara stóraukast á næstu árum, og ég tala nú ekki um ef það væri kolefnisjafnað líka.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, rjómaostur og egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Gúllassúpa að hætti Helgu.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Við fengum okkur myndavélar í fjárhúsin síðasta vor og er þetta ein mesta snilld sem hefur verið keypt í fjárhúsin, vinnusparandi og síðan getur maður fylgst með öllu sem þar fer fram.





JÓLAMATURINN – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Spínatfyllt lambalæri eða hryggur og steiktar rauðrófur með geitaosti

Að rúlla lambinu upp með fyllingunni er sérlega hátíðleg leið til að elda lambalærið – eða hrygginn – og það þýðir að þið fáið frábært bragð í hverjum bita. Til að fá besta bragðið skuluð þið fylla lambið daginn áður en þið steikið það. Skreytið lambakjötið með nokkrum af sömu kryddjurtunum úr fyllingunni, ef vill. Gott er að nota úrbeinað kjöt.



Spínatfyllt lambalæri eða hryggur

- ⅓ bolli ferskt eða frosið spínat
- 3 meðalstór hvítlauksrif, afhýdd
- 1 bréf fersk steinseljublöð
- ½ bréf fersk myntulauf
- 1 msk. saxað ferskt rósmarín
- 1 msk. Dijon sinnep
- salt og nýmalaður svartur pipar
- 3 msk. extra virgin ólífuolía
- 1 stk. beinlaust lambalæri eða úrbeinaður hryggur
- 1 bolli kjúklingasoð
- ¼ bolli þurrt hvítvín

Forsjóðið spínatið og setjið strax í kalt vatn. Látið kólna í fimm mínútur. Kreistið allan vökva úr.

Blandið við fínt saxaðan hvítlauk, steinselju, myntu, rósmarín, sinnep, ¾ tsk salt og ¼ tsk svartur pipar. Bætið ólífuolíu út í og vinnið í þykkt deig. Leggið kjötið flatt og þurrkið með pappírshandklæði. Klippið umframfitu af. Ef það eru hlutar sem eru miklu þykkari en aðrir, jafnið þá þykktina út með hnífi. Bankið kjötið létt með kjöthamri, ef þarf, til að jafna það enn frekar og gera það nokkurn veginn ferhyrnt í lögun. Kryddið létt með salti og pipar.

Smyrjið kryddjurtamaukinu yfir lambið og notið fingurna til að vinna það inn í hvaða rifur sem er. Byrjið að rúlla lambinu þétt upp og passið að rúlla kjötinu svo sneiðar skerist þvert yfir. Bindið rúlluna



þétt með eldhúsgarni, með eins tommu millibili, eða stingið með grillspjótum til að halda öllu saman. Til að fá þéttara form, bindið steikina eftir endilöngu með tvinna. Ef eitthvað er eftir af kryddjurtum á vinnuborðinu, nuddið því utan á lambið. Pakkið lambinu vel inn í plastfilmu og kælið í að minnsta kosti 8 tíma og allt að sólarhring.

Látið lambið standa við stofuhita í um klukkustund áður en það er steikt. Á meðan er grind sett í miðju ofnsins og hann hitaður í 180 gráður.

Takið lambið og setjið á litla, eldfasta steikarpönnu og steikið þar til hitamælir sem stungið er í miðju kjötsins sýnir 58-63 gráður sem er bleikt en gerið ráð fyrir að hitinn geti hækkað um allt að 10 gráður. Eldunin ætti að taka 45



til 80 mínútur, en byrjið snemma að athuga hitann. Flytjið yfir á skurðbretti, tjaldið yfir með álfilmu og látið hvíla í 20 til 30 mínútur.

Á meðan, blandið kjúklingasoðinu og víninu saman á steikarpönnunni. Látið malla við meðalhita, skafið upp alla pönnuskánina og hrærið oft þar til vökvinn hefur minnkað aðeins, í um það bil fjórar mínútur.

Skerið lambakjötið í þykkar sneiðar, klippið garnið í burtu og setjið á fat. Bætið safanum sem eftir er á skurðarbrettinu á steikarpönnuna. Sigtið sósuna og kryddið eftir smekk með salti og pipar. Berið lambið fram með soðinu eða jólasósunni.

Steiktar rauðrófur með geitaosti og kryddjurtum

Sætar ristaðar rófur passa saman við bragðmikinn geitaost og kryddjurtir í þessu glæsilega salati. Prófið að nota ýmsar rófur – það gerir diskinn miklu fallegri og rétturinn mun líka bragðast betur.

- 6 stk. rauðrófur (300 g)
- 1 tsk. saxað ferskt timjan
- 1 tsk. saxaður ferskur graslaukur
- 2 msk. extra virgin ólífuolía
- Salt og nýmalaður pipar
- 100 g ferskur geitaostur, mulinn

Forhitið ofninn í 200 gráður.

Vefjið rófunum inn í álpappír – hverri fyrir sig – og steikið þar til þær eru mjúkar þegar gaffli er stungið í þær í um klukkustund.

Þegar þær hafa kólnað, afhýðið og setjið í skál.

Blandið saman timjan, graslauk og ólífuolíu í sérstakri skál. Dreypið ólífuolíu- og jurtablöndunni yfir rófurnar, kryddið með salti og pipar og toppið með muldum geitaostinum. Berið fram strax.

Súkkulaði í rjómasprautu

Þessi súkkulaðimús er léttari en loft, búin til með aðeins fjórum hráefnum og sett í rjómabrúsa.

Súkkulaði er oftast brætt í vatnsbaði, það er skál sem er sett yfir sjóðandi vatn þannig að gufan ein hitar botninn á pönnunni. Þessi mús er ekki gerð með þeim hætti, þar sem töluverðum vökva er bætt við súkkulaðið til að búa hana til.

- 227 grömm 54% súkkulaði, smátt saxað
- 113 grömm af kaffi, við stofuhita
- 113 grömm af vatni
- 43 grömm af sykri
- Stafræn eldhúsvog
- 1 lítra rjómaþeytari
- 1 N20 (nituroxíð) hleðslutæki (gasáfylling)

Búið til ísbað með því að fylla stóra skál af ís og vatni.

Bætið nægu vatni í steikarpönnu þannig að um þrír sentímetrar nái upp á hliðina. Látið suðuna koma upp við meðalhita.

Blandið súkkulaðinu, kaffinu, vatni og sykri saman í miðlungsstóra málmskál og setjið yfir sjóðandi vatnið. Hrærið af og til þar til súkkulaðið er næstum alveg bráðið og sykurinn er uppleystur, í fjórar til fimm mínútur. Takið af hellunni og setjið skálina í ísbaðið. Þeytið þar til blandan nær 30 gráðum og er eins og þungur rjómi, í tvær til þrjár mínútur. Hellið blöndunni í rjómaþeytarann. Ekki fara yfir hámarksfyllingu.

Fyllið rjómaþeytarann með einu hleðslutæki. Hristið lóðrétt 16 til 20 sinnum. Setjið til hliðar í eina mínútu. Hvolfið og dreifið í litlar skálar eða martini-glös. Berið fram strax.

HANNYRÐAHORNIÐ

Kósí peysa í vetur

Grófar prjónaðar peysur eru mjög vinsælar núna.

Þessi peysa er fljótprjónuð og kósí að vera í. Prjónuð ofan frá og niður, úr tveimur þráðum af **DROPS Air** eða einum þræði DROPS Wish eða Snow. Drops Air og Drops Wish er á 30% afslætti til áramóta hjá Handverkskúnst.

DROPS Design: Mynstur ai-274

Stærðir: S (M) L (XL) XXL (XXXL)

- Yfirvídd: 92 (102) 110 (118) 130 (142) cm

Garn: allar þessar tegundir færðu hjá okkur á www.garn.is

DROPS AIR: Drappaður nr 26

- 350 (400) 450 (500) 550 (600) g

Eða notið:

DROPS WISH: Grábeige nr 08

- 400 (450) 500 (500) 600 (650) g

Eða notið:

DROPS SNOW: Ljósdrappaður nr 47

- 550 (600) 650 (700) 800 (850) g

Prjónfesta: 10 lykkjurx14 umferðir = 10x10 cm.

Prjónar: Sokkarprjónar nr 9 og hringprjónar 40 og 80 cm, nr 8 og 9

ÚTAUKNING: Aukið út í hvorri hlið á framstykki og bakstykki. Lykkjufjöldinn á ermum er sá sami (= 34 (34) 37 (37) 40 (40) lykkjur í stroffi á ermum). Ekki auka út í lykkjuna, heldur um þráðinn á milli 2 lykkja.

Aukið út um 3 lykkjur á eftir lykkju með prjónamerki (þ.e.a.s. í skiptinguna á milli hægri ermi og framstykkis og í skiptinguna á milli vinstri ermi og bakstykkis) þannig: Prjónið 1 lykkju slétt um þráðinn á milli lykkju með prjónamerki og næstu lykkju (= 1 umferð niður), prjónið 1 lykkju slétt um þráðinn á milli lykkju með prjónamerki og næstu lykkju 2 umferðir niður (passið uppá að draga lykkjuna það langa að hún herði ekki á hæðina), prjónið 1 lykkju slétt um þráðinn á milli lykkju með prjónamerki og næstu lykkju 3 umferðir niður (passið uppá að draga lykkjuna það langa að hún herði ekki á hæðina). Nú hefur verið prjónuð 1 lykkja um hverja og eina í síðustu 3 umferðum (= 3 lykkjur fleiri).

Aukið út um 3 lykkjur á undan lykkju með prjónamerki (þ.e.a.s. í skiptingunni á milli framstykkis og vinstri ermi og í skiptingunni á milli bakstykkis og hægri ermi) þannig: Prjónið fram að lykkju með prjónamerki, prjónið 1 lykkju slétt um þráðinn á undan lykkju með prjónamerki 3 umferðir niður (passið uppá að draga lykkjuna það langa að hún herði ekki á hæðina), prjónið 1 lykkju slétt um þráðinn á undan lykkju með prjónamerki 2 umferðir niður (passið uppá að draga lykkjuna það langa að hún herði ekki á hæðina), prjónið 1 lykkju slétt um þráðinn á undan lykkju með prjónamerki frá fyrri umferð. Nú hefur verið prjónuð 1 lykkja í hverja og eina af síðustu 3 umferðum (= 3 lykkjur fleiri).



ÚRTAKA (á við um ermar): Prjónið þar til 4 (3) 3 (3) 3 (3) lykkjur eru eftir á undan lykkju með prjónamerki í/prjónamerki á milli lykkja, prjónið 2 næstu lykkjur slétt saman (= 1 lykkja færri), prjónið næstu 5 (2) 2 (2) 2 (2) lykkjur, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykkja slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir (= 1 lykkja færri).

AFFELLING: Til að koma í veg fyrir að affellingarkanturinn verði stífur þegar fellt er af, er hægt fella af með grófari prjónum. Ef kanturinn er enn stífur, er hægt að slá einu sinni uppá prjóninn á eftir ca 4. hverja lykkju jafnframt því sem fellt er af (uppsláttur-inn er felldur af eins og venjuleg lykkja).

PEYSA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Kantur í hálsi og berustykki er prjónað í hring á hringprjón. Síðan skiptist stykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar. Fram- og bakstykki er prjónað í hring í sléttprjóni. Ermar eru prjónaðar í hring á stuttan hring-prjón/sokkaprjóna í stroffprjóni.

KANTUR Í HÁLSI: Fitjið upp 48 (48) 52 (52) 56 (56) lykkjur á stuttan hringprjón nr 8 með 2 þráðum Air eða 1 þræði Snow eða 1 þræði Wish. Tengið í hring og setjið prjónamerki í byrjun á umferð. Prjónið stroff (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) alls 11 cm. Næsta umferð er prjónuð þannig:

UMFERÐ 1: *Prjónið 1 lykkju slétt, sláið 1 sinni uppá prjóninn, 1 lykkja brugðið*, prjónið frá *-* yfir næstu 22 (22) 24 (24) 26 (26) lykkjur (= 11 (11) 12 (12) 13 (13) lykkjur fleiri), 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið (= miðjulykkja á framstykki/bakstykki). Endurtakið 1 sinni til viðbótar í umferð = 70 (70) 76 (76) 82 (82) lykkjur.

UMFERÐ 2: *Prjónið 1 lykkju slétt, prjónið uppsláttinn snúin brugðið, 1 lykkja brugðið*, prjónið frá *-* 11 (11) 12 (12) 13 (13) sinnum, 1 lykkja slétt, sláið 1 sinni uppá prjóninn, 1 lykkja brugðið (= miðjulykkja á framstykki/bakstykki), sláið 1 sinni uppá prjóninn. Endurtakið 1 sinni til viðbótar í umferð (= 4 lykkjur fleiri í umferð) = 74 (74) 80 (80) 86 (86) lykkjur. Skiptið yfir á hringprjón nr 9. Hengið 1 prjónamerki í miðjulykkju að aftan, berustykkið er nú mælt frá þessu prjónamerki.

BERUSTYKKI:

Setjið 4 prjónamerki í stykkið. Setjið eitt prjónamerki í hvern uppslátt frá fyrri umferð (= 1 prjónamerki í lykkju hvoru megin við miðjulykkju). Það eru 34 (34) 37 (37) 40 (40) lykkjur fyrir hvora ermi og 3 lykkjur á framstykki og bakstykki. Prjónið nú stroff (= 1 slétt, 2 brugðið) yfir 34 (34) 37 (37) 40 (40) lykkjur fyrir ermi í hvorri hlið (fyrsta og síðasta lykkjan á ermi er 1 lykkja slétt) og prjónað er sléttprjón yfir 3 lykkjur á framstykki og bakstykki (uppslátturinn er prjónaður snúinn slétt svo að ekki myndist gat).

Þegar prjónaðar hafa verið 4 umferðir byrjar útaukning í hvorri hlið á framstykki og bakstykki – sjá ÚTAUKNING.

Aukið svona út í 4. hverri umferð alls 6 (6) 7 (8) 9 (10) sinnum = 146 (146) 164 (176) 194 (206) lykkjur. **Útaukningu í stærðum (XL) XXL (XXXL) er nú lokið.**

Í stærðum S (M) L er nú aukið út þannig: Aukið út um 1 lykkju í hvorri hlið á framstykki og bakstykki með því að slá 1 sinni uppá prjóninn innan við lykkju með prjónamerki (= 4 lykkjur fleiri í umferð). Aukið svona út í annarri hverri umferð alls 1 (2) 1 sinnum = 150 (154) 168 lykkjur. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt svo ekki myndist gat. Prjónið síðan nýjar lykkjur í sléttprjóni.

Allar stærðir: Haldið síðan áfram með sléttar lykkjur yfir sléttar lykkjur og brugðnar lykkjur yfir brugðnar lykkjur þar til stykkið mælist 20 (21) 23 (24) 25 (27) cm frá prjónamerki í miðjulykkju aftan í hnakka.

Næsta umferð er prjónuð þannig: Setjið fyrstu 34 (34) 37 (37) 40 (40) lykkjurnar á þráð fyrir ermi og fitjið upp 5 (8) 8 (8) 8 (8) nýjar lykkjur á prjóninn (= í hlið undir ermi), prjónið sléttprjón yfir næstu 41 (43) 47 (51) 57 (63) lykkjur (= framstykki), setjið næstu 34 (34) 37 (37) 40 (40) lykkjur á þráð fyrir ermi og fitjið upp 5 (8) 8 (8) 8 (8) nýjar lykkjur á prjóninn (= í hlið undir ermi), prjónið sléttprjón yfir næstu 41 (43) 47 (51) 57 (63) lykkjurnar. Prjónið síðan fram- og bakstykki og ermar hvert fyrir sig. HÉÐAN ER NÚ MÆLT!

FRAM- OG BAKSTYKKI: = 92 (102) 110 (118) 130 (142) lykkjur. Prjónið sléttprjón hringinn þar til fram- og bakstykki mælist 24 (25) 25 (26) 26 (26) cm. Skiptið yfir á hringprjón nr 8. Prjónið stroff (= 1 slétt, 1 brugðið) hringinn alls 4 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur – sjá AFFELLING. Peysan mælist ca 54 (56) 58 (60) 62 (64) cm frá öxl og niður.

ERMAR: Setjið til baka 34 (34) 37 (37) 40 (40) lykkjur af þræði í annarri hlið á stykki á sokkaprjóna/stuttan hringprjón nr 9 og prjónið að auki upp 1 lykkju í hverja og eina af 5 (8) 8 (8) 8 (8) lykkjum sem fitjaðar voru upp undir ermi = 39 (42) 45 (45) 48 (48) lykkjur. Setjið prjónamerki mitt undir ermi. Í stærð S er prjónamerki sett í miðju slétta lykkju undir ermi. Í stærð (M) L (XL) XXL (XXXL) er prjónamerki sett mitt á milli miðju 2 lykkjur brugðið. Prjónið stroff (= 1 slétt, 2 brugðið) hringinn eins og áður. Þegar stykkið mælist 4 cm, fækkið um 2 lykkjur undir ermi – sjá ÚRTAKA. Fækkið lykkjum svona með 11 (8) 6 (6) 6 (6) cm millibili alls 4 (5) 6 (6) 6 (6) sinnum = 31 (32) 33 (33) 36 (36) lykkjur. Haldið síðan áfram með sléttar lykkjur yfir sléttar lykkjur og brugðnar lykkjur yfir brugðnar lykkjur þar til ermin mælist 45 (45) 43 (43) 43 (42) cm – eða að óskaðri lengd (styttra mál í stærri stærðum vegna lengra berustykkis). Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur – munið eftir AFFELLING. Prjónið hina ermina alveg eins.

Prjónakveðja,

mæðgurnar í Handverkskúnst, www.garn.is



Létt

3			4		9	2		6
9		8	7				1	3
			6	8		7		5
	1		9	6			5	
7	5			3			4	9
	8			5	7		6	
5		2		7	1			
6	3				2	9		8
8		7	3		6			1

Miðlungs

	1	4					6	5
7				5		2	8	
4		3				9	1	
		1			9		7	
6		8	3		2	5		9
	4		5			8		
	6	7				4		3
	8	5		2				6
9	2			3	1			

Þung

8					6			
5			4	3				
2				1		6	9	5
		8					5	
6	3						1	7
	5					4		
4	9	7		8				2
				2	5			4
			7					1

Þyngst

9				7		4		
			5					3
	1		8				7	2
1		9			2			
	7						9	
			4			3		6
6	9				8		4	
4					6			
		2		1				5

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Mikill dýravinur

Sara Hlín er kát og skemmtileg stelpa. Hún er mikill dýravinur og finnst skemmtilegt að prjóna og föndra.



Nafn: Sara Hlín Sigurðardóttir.

Aldur: 10 ára.

Stjörnumerki: Meyja.

Búseta: Ég bý í Grafarvoginum í Reykjavík.

Skóli: Rimaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Textíll.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Fíll, en af heimilisdýrum þá er það köttur og hundur. Svo hef ég gaman af hestum.

Uppáhaldsmatur: Sushi.

Uppáhaldshljómsveit: Billie Eilish.

Uppáhaldskvikmynd: Cruella.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var fjögurra ára og fékk bangsa frá mömmu og pabba.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta með Fjölni og spila á þverflautu.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Kennari sem kennir textíl.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Man ekki eftir neinu.


Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt um jólin? Ég ætla að vera heima með fjölskyldunni og hafa það notalegt.

Næst » Ég skora á Albert Hellsten Högnason að svara næst.

BÆKUR & MENNING

Þórir Baldvinsson, arkitekt og frumkvöðull í anda funksjónalisma:

Kynnti nútímavæðingu útihúsa í sveitum



Þórir Baldvinsson.



Mjaltabás í Þrándarholti, sá fyrsti sem tekinn var í notkun hér á landi.



Fjósið í Þrándarholti.

Þann 20. nóvember gaf Sögumiðlun út bók um Þóri Baldvinsson (1901-1986) arkitekt. Þann dag voru liðin 120 ár frá fæðingu Þóris en helsta starf hans var að veita Teiknistofu landbúnaðarins forstöðu á árunum 1938-1969. Þáttur hans í nútímavæðingu sveitanna var gríðarstór, bættur húsakostur sem hélst í hendur við vélvæðingu.

Þórir Baldvinsson var í senn framúrstefnumaður í arkitektúr og hugsjónamaður í baráttu fyrir bættum húsakosti til sveita. Hann varð fyrstur íslenskra arkitekta til að kynna nýjar húsnæðislausnir í anda funksjónalisma og var frumkvöðull í gerð slíkra bygginga hér á landi, eins og samvinnuhúsanna svokölluðu við Ásvallagötu í Reykjavík og við Helgamagrastræti á Akureyri. Þar kynnti Þórir fyrstur manna til sögunnar forskölun í húsbyggingum hér á landi.

Þórir teiknaði einnig fjölmargar opinberar byggingar; héraðsskóla, kaupfélagshús, samkomuhús og verksmiðjuhús vítt og breitt um landið og þekktar byggingar í Reykjavík eins og Alþýðuhúsið við Hverfisgötu og Mjólkurstöðina við Laugaveg sem nú hýsir Þjóðskjalasafnið. Hér gefur að líta í fyrsta sinn yfirlit verka Þóris ásamt æviágripi hans. Ólafur J. Engilbertsson ritstýrir bókinni en auk hans skrifa greinar Árni Daníel Júlíusson, Jóhannes Þórðarson, Ólafur Mathiesen og Pétur H. Ármannsson, sem jafnframt tekur saman verkaskrá Þóris. Úlfur Kolka sér um útlit bókarinnar en hana prýðir fjöldi ljósmynda og teikninga.

Þórir fór til náms í Bandaríkjunum árið 1923, en veiktist alvarlega af lömunarveiki 1926 og fór þá að vinna á teiknistofu. Í kreppunni 1929 fór teiknistofan í þrot og hélt Þórir í kjölfarið til Íslands árið 1930. Er hér gripið niður í kafla í bókinni er tengjast störfum Þóris fyrir íslenskan landbúnað.

Teiknistofa landbúnaðarins

Fljótlega eftir heimkomuna gerðist Þórir starfsmaður Teiknistofu Byggingar- og landnámssjóðs, síðar Teiknistofu landbúnaðarins. Teiknistofan var sett á fót þann 11. júní 1938 í tengslum við hinn nýstofnaða Búnaðarbanka. Þrátt fyrir það á Teiknistofan sér eldri sögu, þar sem hún hafði starfað í tengslum við Byggingar- og landnámssjóð frá stofnun hans, 7. maí 1928, enda stóð í lögum um sjóðinn, í 18. grein: „Stjórn sjóðsins má, ef þörf krefur, ráða sér til aðstoðar sérstakan húsameistara...“. Raunar má segja að fyrsti vísir að Teiknistofunni hafi orðið til með stofnun Ræktunarsjóðs árið 1925, sem þá réð leiðbeinanda um húsagerð í þjónustu sína, og hélt sú starfsemi áfram þótt gerðar hafi verið ýmsar lagabreytingar um nöfn og ytra form.

Verkefni Teiknistofunnar voru frá öndverðu að sjá bændum fyrir uppdráttum að hvers konar húsum og mannvirkjum, sem og að veita lánasjóðum Búnaðarbanka Íslands tæknilega þjónustu og aðstoð vegna lánveitinga. Teiknistofa nýbýlastjórnar var svo stofnuð með lögum frá 1936, Teiknistofa Búnaðarbankans ári síðar og loks Teiknistofa landbúnaðarins samkvæmt lögum frá 1938. Jóhann Franklín Kristjánsson hafði yfirumsjón þessara mála frá byrjun og til 1938, en frá þeim tíma og til 1969 var Þórir Baldvinsson forstöðumaður Teiknistofunnar. Jóhann Franklín vann áfram með Þóri að húsateikningum og ráðgjöf og þeir félagar unnu því saman í mörg ár að því að bæta húsakost sveitanna.



Nútímavæðing útihúsa

Þórir ritaði grein um gripahús í Frey í febrúar 1948. Þar tilgreinir hann nokkur höfuðatriði sem hann segir vera til leiðbeiningar þeim sem ráðgera að reisa gripahús. Hann segir ástæðu til að menn athugi þetta mál vel þar sem smíði gripahúsa hafi mistekist á margan hátt og þau þurfi að vanda betur.

Þórir segir í greininni allt fyrirkomulag gripahúsa vera á tilraunaskeiði og það sé breytingum undirorpið. Það eigi líka við um verkun heysins. Súgþurrkun hafi margt til síns ágætis en sé dýr í framkvæmd. Votheysverkun hafi lengi tíðkast hér á landi en með frumstæðri tækni og það hafi unnið gegn þeirri verkun sem sé þó á mikilli uppsiglingu meðal grannþjóðanna. Ýmislegt bendi til að votheysverkun geti orðið ódýrasta verkunin og segir Þórir að bændur ættu að fylgjast með því sem þar sé að gerast. Nú sé helst hallast að því að best sé að geyma votheyið í háum 12-14 metra sívölum eða strendum turnum. Ekki megi þó gera of strangar kröfur um tækni við byggingu slíkra turna, þar sem þá væri hætt við að ekkert yrði af byggingu þeirra vegna gjaldeyrisskorts.

Þórir taldi að hægt væri að útiloka raka í fjósum með því móti að hafa þau ekki of hlý. En nú væru uppi tvær stefnur hvað þetta snerti. Sums staðar, þar á meðal í Rússlandi, væri talið heppilegra að hafa fjósin svöl, jafnvel að frostmarki og kálfar þrifust betur í svölum fjósum en hlýjum.

Íslensk lömb – Lambadagatal 2022 er komið út:

Lömbin ekki alltaf til í að standa kyrr og brosa

Íslensk lömb - Lambadagatal 2022 er komið út í áttunda sinn. Daga- talið er í A4 stærð og auðvelt að hengja það upp hvar sem hentar. Sem fyrr prýða dagatalið stórar andlitsmyndir af fallegum, marglitum, nýlega fæddum lömbum úti í náttúrunni.

„Allar myndirnar í dagatalinu voru teknar á sauðburði síðastliðið vor og það vor var skítkalt en þurrt og hægviðrasamt,“ segir Ragnar Þorsteinsson í Sýrnesi í Aðaldal, sauðfjárbóndi, útgefandi og höfundur lambadagatalsins. Hann segir bæði krefjandi og tímafrekt að taka myndir af lömbum eins og öðru ungviði. Þau eru sjálfstæð og á sífelldri hreyfingu, fylgjast vel með því sem er í gangi í kringum sig og eru stundum lítið til í að standa kyrr og brosa meðan myndavélinni er stillt upp. „Á þessum tíma er sauðburður í fullum gangi og því oft ekki mikill tími aflögu til annarra verka. Myndatakan er þó mjög skemmtileg og það er endurnærandi á sál og líkama að leggjast út á tún og taka myndir af lömbunum, knúsa þau og vinna traust þeirra. Megintilgangur útgáfunnar er að breiða út sem víðast, fegurð og fjölbreytni íslensku sauðkindarinnar og finna á þeirri vegferð, þá miklu velvild sem er meðal fólks til okkar sauðfjárbænda og íslensku sauðkindarinnar en hún hefur fætt okkur og klætt í gegnum aldirnar og án hennar værum við ekki til sem þjóð í dag,“ segir Ragnar í Sýrnesi. */MÞÞ*










Myndir / Ragnar Þorsteinsson

LAUSNIR Á GÁTUM

1 Hálfhringirnir númer 7 og 5




2 Dýrin eru þessar tölur



3 Dýranöfnin 10 eru:

tígrisdýr, hestur, fíll, svín, hýena, köttur, ljón, kind, górilla og hundur.



Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



HECHT Rafmagnsfjórhjól
Götuskráð. Verð 650.000 kr.



HECHT Rafskutla
Verð 420.000 kr.



HECHT Jarðvegsþjöppur
Frá 63 kg til 117 kg.



HECHT JEEP WRANGLER RUBICON
Rafmagnsbíll fyrir börn 3-8 ára.
Verð 51.000 kr.



HECHT Rafmagnsfjórhjól fyrir börn, allt að 65 kg. Verð 128.000 kr.



HECHT 9666 Snjóblásari á beltum
Verð 319.000 kr.



HECHT 9040 Snjóblásari, þráðlaus
Verð með battery og hleðslutæki 158.000 kr.

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502



Grænu Velferðargólfin. Næsta-sending í febrúar. Upplýsingar hjá Grétari Hrafni, dýralækni á Hellu, í síma 892-1480 eða á gretarhrafn@simnet.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og-iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatns-hitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet. www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Færanlegr mjaltavélar. Fyrir kýr, sauði og geitur. Verð frá kr. 168.880 +vsk. Vallarbraut.is. Sími 454-0050.




Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 83.000 m.vsk. (67.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sjö tonna Weckman sturtuvagn. Verð kr. 1.427.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.327.000 m/vsk. (kr. 1.071.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Taðklær 1,2m - 1,5m - 1,8m. Verð frá kr. 186.200 +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Varmadælur og sérhannaðir hitatankar fyrir varmadælur. Til húshitunar. Fyrir heita pottinn. 1 króna inn og þú færð 3-5 krónur í rafmagni. orkubaendur.com - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Haltu þér í formi í allan vetur. Öflugt hlaupabretti / göngubraut: kr. 159.000. topphjól.is - sími 661-1902. Sendum frítt um allt land til áramóta.



Toyota Land Cruiser 150 Series 33 tommu breyttir, bakkmyndavél. Nýir bílar. Verð: 11.990.000 kr. Skoðum öll skipti. Einnig til: svartur, hvítur og steingrár. Bílfang, s. 567-2000.



Hlaupahjólastandur einfaldur, frá 68.900 kr. og tvöfaldur frá 82.700 kr. Frí heimsending. www.leiktæki.is – s. 865-0077.



Til Sölu Caterpillar árg. 2015. Verð: 6.500.000 +vsk. Vinnustundir 3.300 tímar. Aukabúnaður: Sanddreifari sem nýr, vængjaskófla, snjótönn, CAT skófla, keðjur. Er á Akureyri. Leó sími 897-5300.

Útvegum dekk undir vinnuvélar og landbúnaðarvélar








Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Tokvam®
Styrkur og gæði frá Noregi
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur VT320
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- & sanddreifari
Verð frá: 649.500 kr + vsk
SMA510 / 150 cm / 3p tengi
SMA800 / 200 cm / 3p tengi
SMA1100 / 200 cm / 3p tengi
SMA1600 / 230 cm / 3p tengi



Snjóblásari F130H
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubreidd 240 cm
Þyngd 1.000 kg, 3p tengi.
Túða, drifskaft (f/ framan á vél)
Fyrir +70 hp vél.
Hægt að hafa að framan og aftan á vélinni.
Fjöldi aukahluta í boði
Verð frá: 1.850.000 kr + vsk



Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.
260 THS MONSTER
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Stálhurðir. Til sölu fjórar stálhurðir,- stærð 2,23 x 92 x 5,4. Hurðirnar voru smíðaðar 2018. Upplýsingar í síma 665-8910.



Talsvert magn af bílskúrshurðflekum til sölu á góðu verði. Margar lengdir, tvær hæðir, bæði sléttir og með fulningum. Allir flekarnir eru hvítir. Límtré Vírnet s. 412-5350.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Einangraður fyrir malbiksflutninga. Cramaro rafmagnssegl. ITAP stjórntölva og bakkmyndavél. Hardox 450/500 5mm botn og 4mm hliðar. Grind tvöföld og heitsprautu zinkuð undir málningu. Sturtutjakkur er 6 þrepa, sem gefur um 53 gr. halla. Til afhendingar fyrir áramót. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Sjálfsogandi dælur frá Japan(Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Rafstöð til sölu á kerru. Stöðin er 42 kW og er 312 tíma notkun á henni. Stöðin er 2018 árgerð og var settur stálkassi fyrr á árinu á beislið eins og sést á myndinni. Verð kr. 1.000.000 +vsk. Allar fyrirspurnir í síma 691-3007, Silli.



Til sölu Linde H50D vörulyftari árgerð 2018. Lyftarinn er í toppstandi, notkun 2.990 klst. Tilboðsverð 6.500.000 kr. án vsk. Uppl. í síma 496-4400.



EAE UK bílalyftur á lager. Tveggja pósta/skæralyftur. Eigum nokkrar 25 -30 kW rafstöðvar á grind á sérstöku tilboðsverði: kr. 799.000 +vsk. Varahlutaþjónusta. Sendum um allt land. Sími 435-6662 - www.holt1.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dísel hitarar, samsettir og lausir. 12v eða 24v. 5kW eða 8 kW. Verð frá kr. 48.900. Orkubaendur.com - Tranavogi 3, s. 888-1185.



Subaru Outback árg. 2017. Einn eigandi, ekinn aðeins 38.000 km. Sjálfskiptur, 4x4. Einn með öllu. Verð 4.190.000 kr. Uppl. í síma 691-0598.



Subaru Forester árg. 2008. Tilbúinn í vetrarfærðina, skoðaður, ekinn 170.000 km. 4WD sjálfskiptur, þverbogar, sumar- og vetrardekk á felgum. Ásett verð kr. 990.000. Uppl. í 848-6972 (Baldur, Kópavogi).



Silostop Max stæðuplast. Nú er rétti tíminn til að panta stæðuplastið á desemberverði. Silostop Max er þunnt og þægilegt, sterkt og með einstaka súrefnisheldni. www.silostop.com/uk/ - Allt til stæðugerðar, plast, netyfirbreiðslur, sandpokar og íblöndunarefni. Grétar Hrafn dýralæknir á Hellu, s. 892-1480, netfang: gretarhrafn@simnet.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.900 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1“ , 2“, 3“, 4“. Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hefur þú íhugað notagildi tveggja hjóla traktora og allra þeirra viðhengja sem eru í boði? Facebook grúbba: Tveggja hjóla traktorar.



Til sölu Claas Rolant 375 rúllusamstæða árg. 2019, notuð 1.720 rúllur. Verð 9 mill. kr. +vsk. Uppl. í síma 864-2484.

Við sendum í einum grænum

Harðskafi



Kurlari 6,5hp
Kr 198.400 m. vsk
Kr 160.000 án vsk



Dreifari
Kr 48.980 m. vsk
Kr 39.500 án vsk



Stubbatætari 15hp
Kr 272.800 m. vsk
Kr 220.000 án vsk



Hefiltönn 150cm
Kr 148.800 m. vsk
Kr 120.000 án vsk



Sláttuvél 175cm
Kr 365.800 m. vsk
Kr 295.000 án vsk



Kurlari 15hp EL
Kr 365.800 m. vsk
Kr 295.000 án vsk



Kurlari 10cm pto
Kr 297.600 m. vsk
Kr 240.000 án vsk



Kljúfur 230V
Kr 155.000 m. vsk
Kr 125.000 án vsk



Rafbörur 4x4
Kr 849.400 m. vsk
Kr 685.000 án vsk



Sturtuvagn 2T
Kr 564.200 m. vsk
Kr 455.000 án vsk



Kvísl 150cm
Kr 204.600 m. vsk
Kr 165.000 án vsk



Greip 120cm
Kr 341.000 m. vsk
Kr 275.000 án vsk



Greip 130cm
Kr 241.800 m. vsk
Kr 195.000 án vsk



Brettagaffall
Kr 192.200 m. vsk
Kr 155.000 án vsk



Rúlluspjót
Kr 117.800 m. vsk
Kr 95.000 án vsk



Steypuvél 300 ltr
Kr 595.200 m. vsk
Kr 480.000 án vsk



Gripkló
Kr 167.400 m. vsk
Kr 135.000 án vsk



Stauraborvél pto
Kr 229.400 m. vsk
Kr 185.000 án vsk



Plógur einskeri
Kr 167.400 m. vsk
Kr 135.000 án vsk



Hnífatætari 230cm
Kr 775.000 m. vsk
Kr 625.000 án vsk



Snjóskafa 170cm
Kr 341.000 m. vsk
Kr 275.000 án vsk



Snjóskafa 200cm
Kr 365.800 m. vsk
Kr 295.000 án vsk



Sáningarvél
Janúar 2022
Forsala



Smágrafa 1,2
Febrúar 2022
Forsala



Smágrafa hybrid
Janúar 2022
Forsala

www.hardskafi.is Desember 2021 Sími 555 6520 sala@hardskafi.is



Til sölu New Holland T6 165með-ámoksturtækjum Q56, árg. 2015 keyrður 6.000 tíma. Verð 8 mill. kr. +vsk. Til sölu McHale Fusion 3, árg. 2018 notuðu tæplega 6.000 rúllur, verð 9 mill. kr. +vsk. Staðsett á Suðurlandi. Upplýsingar í síma 862-4968.



Vantar þig tæki í sveitina? Viðsendum í einum grænum. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Þetta einstaka skrifborð vantarheimili við hæfi. Upplögð gjöf fyrir óðalsbóndann. Verð 350.000 kr. Upplýsingar í síma 898-3845.



Gamli gráni, Ferguson árg. 1956.4 cyl. dísel. Þarfnast uppgerðar, ástar og umhyggju. Verð: Tilboð. Uppl. í síma 892-3042.



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.700.000 m/vsk. 11tonna: verð kr. 1.870.000 m/vsk. 13 tonna: verð kr. 2.240.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Timbur í fjárhúsgólf. 32 x 100 mm L= 5,1 / 5,4 m. Verð kr. 430 lm. m.vsk. 38 x 100 mm. L= 4,5 / 5,1 m. Verð kr. 510 lm. m.vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. haukur@hhauksson.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Brettagaflar með Euro festingum. Burður 2,5 tonn: kr. 189.000 m/vsk. Burður 5,0 tonn: kr. 219.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m. vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Toyota Avensis árg. 2017. Bensín, ek. 103.000 km. Ný nagladekk. Verð 1.990.000 kr. Skoða skipti á ódýrari. Nánari uppl. í síma 895-1796, Ívar.



VW Touareg 3.0 TDI árg. 2015. Sjálfskiptur, dísel, leður, dráttarkrókur o.fl. Verð 5.990.000 kr. Skoða skipti á ódýrari. Nánar í s. 833-7002, Víðir.



Nissan X-Trail dísel 6 gíra, árg. 2016. Ekin 135.000 km. Sjö manna bíll með glerþaki. Sumar- og vetrardekk. Verð 2.790.000 kr. Skoða skipti á minni bíl. Nánar í síma 833-7002, Víðir.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á lið-léttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kia Sportage árg. 2017, dísel, sjálfskiptur, ekinn 129.000 km, sumar- og vetradekk, dráttakrókur, bakkmyndavél o.fl. Verð 2.890.000 kr. Nánar í síma 833-7002, Víðir.



Kúaburstar. Verð frá kr. 252.100 +vsk. Vallarbraut.is - sími 454-0050.



Heil og fín sæti í VW Caravellu á ég 2015. Isofix festingar fyrir barnastól. Uppl. gefur Friðrik í s. 896-4111.



Nissan Pulsar Tekna, sjálfskiptur 11/2017, ekin 42.000 km. Frúarbíll. Mjög vel með farinn. Verð 2.290.000 kr. Nánar í síma 895-1796, Ívar.



Glussadrifnir stauraborar á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Frábær búnaður fyrir búnaðarfélög. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is




Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Næsta Bændablað kemur út 13. janúar

Bændablaðið

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE


VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

PRONAR



Fjölplógar f/ smærri vélar
Breidd 1,5m, m/ 3p tengi
Verð: 586.000 kr.*
Breidd 2m, m/ 3p tengi
Verð: 690.000 kr.*



Fjölplógur PUV3300
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
Breidd 3,3m, án festiplötu
Verð: 875.000 kr.*



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 983.000 kr.*
3,3m Verð: 1.130.000 kr.*



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.390.000 kr.*
4,0m Verð: 1.490.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 55.000 kr.*

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr.*



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.450.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

Framúrskarandi fyrirtæki

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Nú er eigendum skylt að skrá íökutækjaskrá þær vinnuvélar sem ætlaðar eru til aksturs í almennri umferð. Nánari upplýsingar á vinnueftirlitid.is.



Rúlluvagn / flatvagn. Lengd á palli9 m. Verð kr. 2.460.000 m/vsk (kr. 1.984.000 án vsk). H. Hauksson ehf. s. 588-1130 .



Taðgreipar - Breidd 1,8 m. Verð kr.255.000 m/vsk. (kr.206.000 án/vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rússinn. RM 800. Allir litir til álager. Frábært verð: 1.820.000 kr. +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun aðbetri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

HÁ VERSLUN

HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf. Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. Sími 588-0028 og 897-3650. Netfang: haverslun@haverslun.is - Við erum líka á Facebook!



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrárri dufthúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. +vsk. Hákonarson ehf. Hafið samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.

Til sölu

Til sölu sambyggð trésmíðavél að gerðinni Scheppach afréttari, viktarhefill, borðsög, rennibekkur og fræsari. Á sama stað tjep naglabyssa. Uppl. í s. 861-0190 og 861-0180.

Timbur 6 stk. 50 x 200 mm L= 4,2 m. kr. 1.066 lm. 34 stk. 50 x 150 mm L= 4,5 m. kr. 800 lm. H. Hauksson ehf, s. 588-1130.

Góðan daginn, ég er með eitthvað af nokkuð stórum humar sem ég væri til í að skipta á íslensku lambakjöti. Kveðja, Óskar Þór, s. 696-5008.

Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl,má þarfnast lagfæringar. Skoða líka bíla í lagi á góðu verði. Skoða allt. Endilega hafið samband í s. 774-4441 sms eða hringja.

Vantar tvær fjaðrir fyrir kerru, sennilega úr Land Rover eða með sömu mál. Lengd gat í gat um 115 cm. breidd 6,5 cm. S. 664-2105.

Óska eftir jörð til kaups eða leigu á Austurlandi, skoða allt! Endilga hafið samband við Ask í tölvupósti: askurvaskur@gmail.com.

BÆKUR & MENNING

Moritz Halldórsson læknir:

Læknirinn í engla-verksmiðjunni

Lífshlaup Moritz Halldórssonar, læknis, var áhugavert en hefur lengi verið sveipað hulu. Inn í söguna fléttast mestu fjöldamorð í sögu Danmerkur, sjálfstæðisbaráttа Íslendinga, Vesturferðir, helstu ráðamenn þjóðarinnar og Kristján níundi Danakonungur.

Í Læknirinn í englaverksmiðjunni rekur Ásdís Halla Bragadóttir sögur fjölskyldu blóðföður síns, Moritz Halldórssonar læknis. Höfundur leitaði heimilda í fjórum löndum um lífshlaup Móritz sem átti sér stóra drauma og fjölskylduleyndarmálum sem aldrei áttu að verða afhjúpuð.

Moritz Fæddist 19. apríl 1854 en lést 9. október 1911. Hann þótti vel gefinn og tekinn inn annan bekk í Reykjavíkurskóla, lauk stúdentsprófi með fyrstu einkunn og læknisprófi frá Kaupmannahöfn 1882. Eftir það starfaði hann við spítala í Danmörku um tíma en flutti vestur yfir Atlandsála til Dakoda í Norður-Ameríku árið 1892. Þar tók Moritz aftur læknispróf og starfaði sem bæjarlæknir og heilbrigðismálastjóri til æviloka.

Í kynningu á bókinni segir að



þegar höfundur fór að forvitnast um fjölskyldu blóðföður síns var fátt um svör þegar hún spurðist fyrir um Moritz Halldórsson. Af hverju stafaði þessi þögn um íslenskan lækni sem starfaði í Kaupmannahöfn og Vesturheimi? Forvitni hennar var vakin og bókin skrifuð í framhaldi af því. */VH*

Dýrahald

Vantar þig hunda eða kattamat? Skrautfiska- eða fiskamat? Skoðaðu úrvalið á www.skeldyr.com.

Leiga

20 fm herbergi með salerni til leigu í Hólahverfi í Breiðholti. Uppl. í s. 897-3136.

Þjónusta

Framtöl - bókhald – verkefni Reynslumikill bókari og ferðaþjónustubóndi getur tekið að sér verkefni í vetur. Afleysingar, uppsöfnuð vanskil, framtöl, virðisauki, staðgreiðsla eða ársreikningar. Nánari upplýsingar í síma 842-8641 eða á netfangið, ragnhildurhjonsdottir@gmail.com. Ragnhildur Jónsdóttir.







Til sölu er fullbúin nýleg falleg neðri sérhæð í skemmtilegum lokuðum kjarna í La Florida hverfinu í Orihuela á Costa Blanca ströndinni á Spáni.

Í íbúðinni eru 2 svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum, 2 baðherbergi, gott eldhús og þvottahús. Öryggiskerfi og loftkæling. Íbúðin selst með húsgögnum og rafmagnstækjum, s.s. sjónvarpi og uppþvottavél. Bæði er verönd fyrir framan og aftan og því hægt að ná sólinni allan daginn. Íbúðin er í lokuðum kjarna þar sem finna má sameiginlega sundlaug og leiksvæði fyrir börn og fullorðna. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni.

Frábær staðsetning
Íbúðin er í göngufjarlægð frá þjónustukjörnum og í örstuttri akstursfjarlægð frá fjölbreyttum verslunum, veitingastöðum og afþreyingu. Um 7 mín. akstur er á ströndina og 5 mín. akstur er í La Zenia Boulevard verslunarmiðstöðina. Þá er örstutt er í iðandi mannlíf götumarkaði, vatnsrennibrautagarð og skemmtigarða.

Draumaíbúð golfarans
Orihuela hefur verið kölluð paradís golfarans en þar má nálgast þrjá fyrsta flokks golfvelli; Villa Martin Golf, Las Ramblas og Campoamor Golf.

Orihuela er rólegur og hreinlátur bær suður af Torrevieja. Nokkrar fallegar strendur eru steinsnar frá íbúðinni. Costa Blanca svæðið býr að á sögufrægum áfangastöðum, fallegri náttúru og besta veðurfari í allri Evrópu.

spánar heimili
Þitt annað heimili

Sími: 5 58 58 58
www.spanarheimili.is
info@spanarheimili.is

BÆKUR & MENNING



Við Miðgarðakirkjugarð í Grímsey. Frá vinstri Arna Björg Bjarnadóttir verkefnisstjóri, Inga Lóa Guðjónsdóttir og

Samið við Loftkastalann um smíði kirkju í Grímsey

Undirbúningur fyrir byggingu nýrrar kirkju í Grímsey er vel á veg kominn. Vinna við hönnun hennar stendur yfir. Á dögunum skrifaði sóknarnefnd Miðgarðakirkju undir samning við smíðaverkstæðið Loftkastalann um smíði nýrrar kirkju.

Þá hefur Hjörleifur Stefánsson arkitekt verið ráðinn byggingarstjóri og Arna Björg Bjarnadóttir verkefnisstjóri Glæðum Grímsey verið fengin til að hafa yfirumsjón með verkefninu. Allir þessir aðilar eiga það sameiginlegt að hafa komið að minjavörsluverkefnum og endurgerð gamalla húsa með einum eða öðrum hætti.

Nýja kirkjan mun hafa augljósa skírskotun til þeirrar eldri en verður aðeins stærri vegna nútíma krafna. Einnig er horft til þess að nýja kirkjan nýtist til fleiri athafna en helgihalds.

Áætlað er að smíða hana að hluta til í landi en reisa hana síðan í Grímsey í sumar.

Bygging nýrrar kirkju er viðamikið samfélagslegt verkefni sem Grímseyingar leggja nú allt kapp á að verði að veruleika.

Þegar hafa safnast fjármunir til byggingar hinnar nýju kirkju og eru eyjaskeggjar afar þakklátir öllum þeim sem verkefninu hafa lagt lið. Þeir standa þó frammi fyrir þeirri áskorun að enn vantar tölu-vert fjármagn til uppbyggingar-innar.

Þeir sem vilja leggja söfnun fyrir nýrri kirkju lið er bent á reikn-ing Miðgarðakirkju, 565-04-250731, kt. 4602692539. /HKr.

Þeir hreinu tónar:

- Ævisaga Oddgeirs Kristjánssonar

Hver er sagan að baki ungs drengs sem vex upp í Vestmannaeyjum, eitt margra barna fátækra foreldra, sker sig úr hópnum, gerist tónskáld og verður einn af vinsælustu dægurlagahöfundum landsins?

Í Þeir hreinu tónar er dregur Kristín Ástgersdóttir upp mynd af lífi og ævistarfi Oddgeirs Kristjánssonar, sem í gegnum brotsjó 20. aldarinnar, sóttir og styrjaldir samdi mörg sinna ljúfustu laga.

Oddgeir lifði á öfgatímum 20. aldarinnar, með tilheyrandi farsóttum, kreppum og heimsstyrjöldum. Þrátt fyrir erfiða tíð gleymdi fólkið í Eyjum ekki að skemmta sér, þegar djassinn dunaði, vísurnar flugu og lög urðu til.

Oddgeir var mikill hugsjónamaður og barðist fyrir réttlátu samfélagi þó svo að tónlistin væri alltaf hans ær og kýr. Hann starfaði sem tónlistarkennari, stjórnaði lúðrasveitum og samdi tónlist fyrir Þjóðhátíð í Eyjum.

Meðal af vinsælli lögum hans eru Bjartar vonir vakna, Ágústnótt, Heima og síðast en ekki síst Ég veit þú kemur, sem er ein skærasta perla íslenskrar dægurtónlistar fyrr og síðar.

Í bókinni er fjöldi ljósmundi sem tengjast ævi og starfi Oddgeirs. Útgefandi er bókaútgáfa Sögur. /VH



ELKA
Vefverslun: Khvinnufot.is
Frábærir kuldagallar frá Elka Rainwear! Mjög góð vatnsvörn, öndun og vindvörn.
Gallinn er á tilboðs-verði fram að jólum.
Frábær jólagjöf!
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!
Working Xtreme BY ELKA
Tilboðsverð: 19.900 kr.
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

ÁSCO
Alternatorar og startar í miklu úrvali
Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. *Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í 12V,* truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk *öryggi í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Þéttulinsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeilur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Rafþeymaskór.* Jafnsamband. Díóubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingsrinsar. Startarakol. *Legur í alternatora. Kol í alternatora.* Viftuhjól 0,65W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO BÍLARAFMAGN
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

Útvegum olíuverk og spíssa í flestar gerðir véla
Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Lely Center Ísland
KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

STERKIR Í STÁLGRINDARHÚSUM!

Við hjá Landstólpa erum stolt af verkunum okkar og hér stiklum við á stóru með myndum af verkum undanfarin tvö ár. Viljum við um leið pakka fyrir ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða og óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Jólakveðja,
Starfsfólk Landstólpa

CampEasy - Selvík 5 - Reykjanesbæ



Skrifstofu- og verkstæðishúsnæði

Vínbúðin - Stuðlaháls 2 - Reykjavík



Geymsluhúsnæði

Vaxa Life - Hellisheiði



Viðbygging við núverandi hús - 1.000m² stækkun.

Hagi - Fjós - Skeiða- og Gnúpverjahreppi







Stálgrindarhús ásamt innréttingum, steinbitum, Fullwood M2erlin mjaltaþjóni og öðrum tæknibúnaði.

Rifós - Lóni í Kelduhverfi - Kópaskeri







Á síðustu tveimur árum hefur Rifós fiskeldi keypt þrjú hús ásamt reisningu fyrir fiskeldi. Tvö hús að Lóni í Kelduhverfi og eitt á Kópaskeri.

Landsnet - Tengivirki - Lækjartúni








Verkið samanstendur af rofahúsi og spennarými ásamt vegagerð og frágangi lóðar.

Síldarvinnslan - Neskaupsstað




Stækkun á fiskimjölsverksmiðju.

Síldarvinnslan - Neskaupsstað



Stækkun á löndunarhúsi.

Hafnarskeið 20 - Þorlákshöfn



Fiskmarkaður, kælir, hleðslurými og kælivélaþjónusta.

LANDSTÓLPI